Auðnutittlingar tilheyra ættkvísl þriggja tegunda sem dreifast umhverfis norðurpól. Hrímtittlingar (*Achantis hornemanni*) eru hánorræn tegund og skiptast í tvær undirtegundir: *A. h. hornemanni* sem finnst einkum á norður Grænlandi og *A. h. exilipes* sem hefur útbreiðslu á norðurslóðum meginlands Evrópu, Asíu og Norður-Ameríku (fyrir utan Grænland). Auðnutittlingar (*Achantis flammea*) eru útbreiddir sunnan við útbreiðslu hrímtittlinga bæði í Ameríku og Evrasíu og skiptast í þrjár undirtegundir (*A. f. flammea*, *A. f. islandica* á Íslandi og *A. f. rostrata* á Grænlandi). Þriðja tegundin, birkifinkan (*Achantis cabaret*), finnst á Bretlandseyjum og við Norðursjó á meginlandi Evrópu. Flokkunarleg staða þessara fugla hefur verið á reiki í töluverðan tíma og ættkvíslanafnið hefur tekið breytingum, en fyrir nokkrum árum tilheyrðu þeir ættkvíslinni *Carduelis* en nú *Acanthis*, sem þeir tilheyrðu áður. Íslensku fuglarnir eru þekktir fyrir mikinn breytileika. Þannig ályktaði t.d. Herremans (1990) að þeir væru leiddir af *A. h. exilipes* og hefðu blandast með kynæxlun við grænlenska *A. f. rostrata*, sem eru algengir gestir á Íslandi. Rannsóknir á erfðabreytileika þessara tegunda, fyrir utan þá íslensku, bæði í hvatberaerfðaefni og í kjarna DNA, lýstu miklum breytileika innan tegundanna og sýndu enga skýra aðgreiningu milli þeirra (Marthinsen o.fl. 2008).

Rannsóknin á útlitsbreytileika auðnutittlinganna, þ.e. lit fjaðra, lengd nefs, vængja og leggja, studdi að hluta til aðgreiningu tegundanna en ekki aðgreiningu undirtegundanna. Það var frekar að tegundirnar sjálfar líktust aðskildum

undirtegundum innan einnar tegundar (Amouret o.fl. 2016a). Íslensku undirtegundinni svipaði mest til *A. h. exilipes* og *A. rostrata* og eins hjá Herremans (1990) sýndi hún merki um ákveðna endurröðun á eiginleikum þeirra m.t.t. vænglengda og fjaðraskora. Greining á erfðabreytileika innan og milli undirtegundanna sýndi svipaða niðurstöðu og útlitsbreytileikinn. Mesti munurinn var á milli *A. h. hornemanni* og *A. cabaret*, með *A. flammea* á milli þeirra (Amouret o.fl. 2015). Mikill erfðabreytileiki greindist einnig innan hópa líkt og í útliti og lítill tíðnimunur var á arfgerðum milli þeirra. Það er frekar eins og um aðgreiningu milli stofna innan tegunda sé að ræða en um aðskildar tegundir og að þeir stofnar hafi náð að æxlast saman. Íslenska undirtegundin var marktækt frábrugðin hinum undirtegundum *A. flammea*. Engin vísbending var um forna sögulega aðgreiningu í skyldleikatré milli undirtegunda eða tegunda, þar sem einn hópur væri einkennandi fyrir eina grein í trénu. Niðurstöðurnar gefa því ekki stuðning fyrir undirtegundum eða fyrir aðgreiningu tegundanna. Ítarlegri rannsókn á erfðamengi auðnutittlinga og hrímtittlinga (*A. h. exilipes*) gaf svipaða niðurstöðu; breytileiki erfðamarkanna skarast það mikið milli tegundanna að þær styðja ekki flokkun þeirra í ólíkar tegundir (Mason og Taylor 2015).

Svipuð niðurstaða fékkst við athugun á erfðafræðilegri aðgreiningu meðal undirtegunda sendlinga (Barisas o.fl. 2015) og meðal undirtegunda hjá auðnutittlingum. Þrátt fyrir að íslenska undirtegundin sé stærst og staðbundin við Ísland þá er aðgreining milli undirtegundanna lítil og svipar meir til aðgreiningu meðal nýlegra aðgreindra hópa innan tegunda en ólíkra þróunarlegra eininga eins og undirtegunda.

Rannsóknin á undirtegundum músarrindla snerist fyrst og fremst um greiningu á breytileika í DNA-röðum (Amouret o.fl. 2016b). Músarrindlar eru að mörgu leyti áhugaverðir fuglar en þeir hafa skýra óðalahegðun þar sem karlfuglinn ver óðal sitt kröftuglega og virðist dreifing þeirra milli svæða eða landa vera takmörkuð. Í þróunarlegu ljósi er músarrindillinn einnig áhugaverður, en fjölda undirtegunda hefur verið lýst. Þær eru oft bundnar við eyjar, t.d. á Alúteyjum í Kyrrahafi og í Skotlandi, Orkneyjum, Íslandi og Færeyjum þar sem dekkri og stærri músarindla má finna en á meginlandi Evrópu (Svensson o.fl. 2009). Nýlega hefur músarrindlum (*T. troglodytes*) verið skipt upp í þrjár tegundir: *T. troglodytes* í Evrasíu, og í tvær tegundir í Norður-Ameríku (*T. hiemalis* og *T. pacificus*) (AOU 1998). Meðal *T. troglodytes* má finna átta undirtegundir (Clements o.fl. 2014).

Samanburður á erfðabreytileika milli músarrindla frá Íslandi (*T. t. islandicus*), frá Færeyjum (*T. t. borealis*), hálöndum Skotlands (*T. t. indigenous*) og Skandinavíu (*T. t. troglodytes*) gaf skýra mynd af erfðafræðilegri aðgreiningu milli hópanna. Íslenska undirtegundin sýndi minnstan breytileika í samræmi við smæð og landfræðilega einangrun stofnsins og var hann ásamt færeysku undirtegundinni skýrt frábrugðinn hinum undirtegundunum og virðast þær hafa aðgreinst frá hinum undirtegundunum um lok síðustu ísaldar. Hóparnir virtust hafa aðskilist á eða við lok síðasta kuldaskeiðs og eftir það virðist ekki hafa verið mikill samgangur milli þeirra. Erfðafræðileg aðgreining stofnanna er há og mun hærri en hjá auðnutittlingunum, íslenska undirtegundin er mest frábrugðin hinum. Þrátt fyrir greinilegan mun milli undirtegundanna er stuðningur við sögulega aðgreiningu ekki skýr en ættartré byggð á DNA röðum fyrir einstök erfðamörk sýndu ekki sérstakar greinar eða þróunarlínur sem væru einkennandi fyrir undirtegundirnar þar sem stökkbreytingar skildu þær frá öðrum undirtegundum. Erfðafræðileg aðgreining hópanna gæti þannig hafa verið drifin áfram af tilviljunarkenndum sveiflum í litlum aðskildum hópum. Það er mögulegt að slíkar sveiflur geti skýrt útlitslega aðgreiningu hópanna, t.d. stærð íslensku músarrindlanna, en þær gætu líka hafa orsakast af náttúrulegu vali vegna sérstakra aðstæðna.

4. Nýir landnemar og landnám frá Ameríku og Evrópu

Landfræðilegur breytileiki mótast vegna ólíkra þátta, má þar nefna æxlunarlega einangrun í aðskildum hælum eins og í kuldaskeiðum ísaldar. Breytileikinn er einnig að miklu leyti háður dreifigetu lífveranna, sem getur verið bæði takmörkuð vegna landfræðilegra hindrana en einnig vegna líffræði tegundanna. Á síðustu árum hefur möguleiki á dreifingu margra tegunda stóraukist vegna aukinnar umferðar manna milli landa og getur það útskýrt aukið landnám tegunda á Íslandi. Nýlegt dæmi um slíka tegund er grjótkrabbinn (*Cancer irroratus*) sem nam land frá Norður-Ameríku líklega um síðustu aldamót, með kjölfestuvatni, en dreifigeta þessarar tegundar frá Ameríku til Íslands er takmörkuð bæði vegna fjarlægðar og lágs hitastigs þar sem norðurmörk tegundarinnar eru við Nýfundnaland. Grjótkrabbinn hér við land sýnir lítil sem engin merki um minni erfðabreytileika en stofnar við Norður-Ameríku og þrífst vel hér við land (Óskar Sindri Gíslason o.fl. 2013; Óskar Sindri Gíslason o.fl. 2014). Annað dæmi um nýlegan landnema er vorflugan straumbytta (*Potamophylax cingulatus*) sem barst til Íslands um miðja síðustu öld (1956) og hefur nú dreifst um allt land (Gísli Már Gíslason 1974). Ekki er vitað hvernig hún kom til landsins, en vorflugur hafa almennt litla dreifigetu og lifa stærsta hluta lífsferils síns sem lirfur í ferskvatni. Greining á breytileika í hvatberaerfðaefni tegundarinnar sýnir nánast engan breytileika á Íslandi og sömu arfgerðir og finna má í Færeyjum, en skýra aðgreiningu í ættartré milli þriggja meginstofna sem hafa verið flokkaðir til undirtegunda í Evrópu: 1) Vestur-Evrópu (þ.á.m. sýni frá Spáni, Bretlandi, Færeyjum, Íslandi og Noregi), 2) suðausturhluta Frakklands og 3) mið-austur Evrópu (Tékkland, Austurríki), og hefur aðgreining þessara þriggja greina átt sér stað fyrir um 1–3 milljónum árum mögulega á suðlægum svæðum (Gísli Már Gíslason o.fl. 2015). Hjá annarri vorflugutegund, lækjarbyttu (*Apatania zonella*) greindist hinsvegar mikill erfðabreytileiki innan Íslands sem virðist hafa blandast vel innan landsins (Snæbjörn Pálsson o.fl. 2016). Lækjarbyttan hefur útbreiðslu umhverfis norðurpól og niðurstöður á greiningu á landfræðilegum breytileika innan tegundarinnar sýnir að tegundin skiptist upp í tvo aðskilda hópa, einn í Norður-Ameríku og hinn í Evrópu og Asíu sem aðgreindust fyrir um 1,1–0,6 milljón árum eða um miðbik ísaldar. Einstaklingar frá báðum þessum hópum má finna á Íslandi og í Alaska þar sem útbreiðsla þeirra skarast. Rót ættartrésins er í Alaska og þaðan, eða frá Beringsundi, gæti tegundin hafa breiðst bæði austur yfir Ameríku og vestur yfir Asíu til Evrópu. Erfðagreiningin gaf einnig vísbendingu um aðflutning einstaklinga frá Íslandi til Eystribyggðar í suður Grænlandi. Velta má vöngum yfir því hvort Íslendingar hafi borið með sér þessa tegund milli landanna þegar þeir námu land þar og þá ómeðvitað með grjóti og drykkjarvatni. Með landnámi Íslendinga á Grænlandi lauk þannig ekki aðeins landnámi manna, eftir að þeir dreifðust út frá Afríku fyrir um 100–30 þúsund árum og Evrópumenn hittu fyrir íbúa Norður-Ameríku sem eiga uppruna sinn að rekja frá Asíu, skipaferðir milli Íslands og Grænlands leiddu mögulega einnig til þess að vorflugur frá gamla og nýja heiminum bárust hér á milli.

5. Grunnvatnsmarflóin lifði af jökulskeið ísaldar á Íslandi

Um síðustu aldamót fundust á Íslandi tvær áður óþekktar tegundir, grunnvatnsmarflærnar *Crangonyx islandicus* og *Crymostygious thingvallensis.* Báðar tegundirnar eru einlendar fyrir Ísland og sú síðarnefnda myndar nýja ætt, svo ólík er hún öðrum skyldum tegundum. Grunnvatnsmarflær eru bundnar við grunnvatn og því var ráðgáta hvernig þær gátu hafa komist til Íslands. Bjarni K. Kristjánsson og Jörundur Svavarsson, sem fundu fyrstu eintökin og lýstu tegundunum, settu fram þá tilgátu að tegundirnar hafi verið hér í grunnvatni frá því að Ísland myndaðist eða frá því að landbrú var milli forvera Íslands og Grænlands fyrir um 25 milljónum ára (Bjarni Kristjánsson og Jörundur Svavarsson 2007).

Erfðafræðileg greining á grunnvatnsmarflónni *Crangonyx islandicus* gaf allt annað mynstur en greinst hefur í öðrum tegundum á Íslandi og studdi tilgátuna (Kornobis o.fl. 2010, Snæbjörn Pálsson 2013). Aðgreining í erfðaefni einstaklinga milli sýna sem safnað var innan Íslands fylgdi landfræðilegri aðgreiningu sýnatökustaðanna og mynduðu þeir fimm aðskildar erfðafræðilegar einingar. Því lengra sem var á milli þeirra því lengra var um liðið síðan einstaklingar frá sýnatökustöðunum áttu sameiginlega formóður. Þannig var sameiginleg formóðir flóa frá uppsprettum í Þingvallavatni og við Heklu uppi fyrir um 660 þúsund árum, sameiginleg formóðir þeirra og flóa í Skaftafellssýslu fyrir um milljón árum, enn lengra síðan sem þeir áttu sameiginlega formóður í Suður-Þingeyjarsýslu eða fyrir um 1,3 milljónum ára og flær frá Norður-Þingeyjarsýslu greindust frá hinum fyrir tæpum 5 milljónum ára. Frekari greining á breytileika flónna sýndi að mesti breytileiki innan þessara fimm hópa var við flekaskilin og einnig var minnstur breytileiki fyrir neðan 100 metra hæð. Þessar niðurstöður benda því í fyrsta lagi til þess að aðgreining þessara stofna hafi orðið innan Íslands, þeir hafa ekki numið land út frá innbyrðis skyldleika stofnanna. Hár breytileiki við flekaskilin bendir til að þar hafi flærnar lifað af undir jökli, en þar eru mestu sprungusvæðin. Minni breytileiki á svæðum neðan við 100 metra bendir til að þau svæði hafi verið nýlega numin af landnemum frá svæðum við flekaskilin sem eru í meiri hæð. Sjávarstaðan undir lok síðasta kuldaskeiðs var 100 metrum hærri en nú og þá voru þessi svæði neðan sjávarmáls. Út frá þessum niðurstöðum ályktum við því að flærnar hafi lifað hér alla ísöld og líklega frá því Ísland varð til eftir að landbrú milli Íslands og Grænland rofnaði og grunnvatn þessara tveggja landa skildist að. Grunnvatnsmarflær finnast ekki í öðrum löndum sem voru hulin jökli á kuldaskeiðum ísaldar, nema þá í einstaka tilvikum þar sem þær gætu hafa numið land frá nálægum svæðum eins og í frönsku Ölpunum. Hér virðist sprungusvæði og jarðhiti hafa tryggt þessum lífverum nægileg skilyrði til að hafa lifað af í hæli undir jökli um þúsundir ára. Greiningar á bifdýrum og bakteríum í grunnvatni hraunanna benda til að þar þrífist fleiri lífverur (Ragnhildur Guðmundsdóttir o.fl. 2018) sem byggja tilvist sína á efnatillífandi bakteríum (Ragnhildur Guðmundsdóttir o.fl., send til birtingar). Nýleg dæmi frá suðurheimskautinu (Fraser o.fl. 2014) og frá rannsóknum á bakteríum undir Vatnajökli (Viggó Marteinsson o.fl. 2013) benda til að vistkerfi geti þrifist undir jökli þar sem jarðhiti er til staðar.

6. Umræða

Líffræðilegur breytileiki hefur mótast vegna kuldaskeiða ísaldar þar sem stofnar lífvera aðgreindust á ólíkum svæðum og þróuðust hver í sínu lagi. Eftir síðasta kuldaskeið hafa stofnar ólíkra tegunda numið land á norðurslóðum og þar á meðal á Íslandi. Margar þessarar tegunda sýna lítinn breytileika innan svæða en skörp skil á milli svæða sem endurspegla aðkomu stofna frá ólíkum svæðum. Breytileiki tegunda á Íslandi ber einnig merki þessarar sögu, en það er ekki einhlítt hver sú saga er og hér fyrir ofan hafa verið rakin nokkur ólík dæmi. Þannig geta tegundir á Íslandi sýnt mismikinn breytileika, sem endurspeglar landnám fárra einstaklinga líkt og hjá straumbyttunni eða margra einstaklinga eins og hjá grjótkrabba, merki um blöndun aðskildra stofna sem hafa aðgreinst annarsstaðar líkt og hjá lækjarbyttu frá Norður-Ameríku og Evrópu, eða jafnvel milli tegunda eins og hjá tegundum auðnutittlinga, birki og fjalldrapa (Ægir Þór Þórsson o.fl. 2010), eða hjá hvítmáfum og silfurmáfum (Freydís Vigfúsdóttir o.fl. 2008), og einnig skýra aðgreiningu sem hefur átt sér stað innan Íslands eins og hjá grunnvatnsmarflónni.

Sérstaða þeirra tegunda sem hér hefur verið skoðuð er því mismunandi. Aðgreining undirtegunda músarrindla jafnt sem auðnutittlinga og sendlinga virðist vera nýleg þar sem hún endurspeglar ekki forna skiptingu milli hópa sem hafa verið aðskildir á löngum tíma, t.d. á jökulskeiðum ísaldar. Mynstrin hjá þessum

þremur tegundum eru þó að mörgu leyti ólík. Meðal auðnutittlinganna og sendlinganna er lítil sem enginn erfðafræðileg aðgreining milli undirtegunda og jafnvel meðal þriggja tegunda innan ættkvíslar auðnutittlinganna. Þar virðist sem útlitslega aðgreiningin sé nýleg eða jafnvel bundin við fáein gen. Vegna nýlegrar aðgreiningar eða mikillar kynblöndunar sést því ekki aðgreining í þeim erfðamörkum sem hafa verið skoðuð. Erfðafræðilega mynda þessar undirtegundir auðnutittlinganna og tegundir innan ættkvíslarinnar því aðeins einn hóp eða tegund. Músarrindillinn sýnir hins vegar skýrt erfðafræðilega afmarkaða hópa sem hafa verið aðgreindir í þúsundir ára á ólíkum landssvæðum. Tegundin er frekar staðbundin, hóparnir eru litlir og því má búast við að þeir hafi þróast óháðir hvor öðrum. Hinsvegar hafa þeir ekki verið aðgreindir nægjanlega lengi til að einstaka stofnar eða undirtegundir hafi safnað stökkbreytingum sem einkenna alla einstaklinga innan þeirra frá einstaklingum annarra undirtegunda. Birtar og óbirtar rannsóknir, t.d. á sendlingum (Barisas o.fl. 2015) og öðrum undirtegundum fugla á Íslandi, hafa gefið svipaða mynd. Svo virðst sem aðgreiningin hafi fyrst og fremst átt sér stað eftir að síðasta kuldaskeiði lauk eða við landnám fuglanna á Íslandi. Einangrun landsins hefur gert ákveðnum hópum kleift að þróast frá hópum innan sömu tegunda á meginlandinu hvort sem það er vegna tilviljunar eða vegna sérstakra umhverfisskilyrða eða fárra tegunda, sem gæti hafa leitt til náttúrulegs vals, en tegundafábreytni á Íslandi hefur verið talin geta leitt til fjölbreyttari vistnýtingar meðal einstaklinga innan sömu tegundar en á svæðum þar sem meiri samkeppni er til staðar (Skúli Skúlason o.fl. 1996). Til að greina þar á milli þyrfti að greina hraða breytinga í útliti og mögulegan ávinning af slíkri þróun.

Erfðabreytileiki innan gunnvatnsmarflóarinnar *C. islandicus* styður eindregið þá tilgátu að tegundin hafi lifað af hér á landi frá því að landið myndaðist og hafi aðgreinst í stofna um milljónir ára og líklega hefur tegundin, ásamt *C. thingvallensis* verið lengur í grunnvatni Íslands en elsta þekkta berg landsins sem er um 16 milljón ára gamalt. Skýringin á þessu er sú að Ísland myndaðist þegar landbrú milli Skotlands og Grænlands rofnaði og sökk í sæ fyrir 10-25 milljónum ára, fyrst austan við landið og síðar vestar. Vegna landreks gliðnar rekbeltið um 1,9 mm á ári, eldri jarðlög færast frá miðju landsins og sökkva í sæ og nýtt land verður til við flekaskilin. Marflærnar lifa í hraunum á íslausum svæðum, en á jökulskeiðum er líklegt að búsvæði þeirra séu í sprungum fylltum af grunnvatni. Með tíma hafa aðeins lifað af þær tegundir eða stofnar sem hafa náð að halda sér á floti ofansjávar. Á svipaðan hátt hefur tilvist einlendra tegunda á hinum landfræðilega einangruðu Hawai-eyjum verið útskýrð. Aðgreining margra tegunda á Hawai-eyjum er mun meiri en aldur eyjanna og hefur það verið skýrt með því að eldri eyjar hafi færst undir yfirborð sjávar vegna landreks, nýjar eyjar hafa orðið til á flekamótunum þar sem einn fleki færist undir annan, og tegundirnar hafa náð að nema hinar nýju eyjar og halda sér þannig á lífi á hinu jarðfræðilega færibandi (Fleischer o.fl. 1998).

Ólíkt því sem mátti skilja af rannsóknum fyrri alda um sérstöðu íslenskra tegunda er ljóst að hér má finna tegundir og stofna með sérstaka sögu sem hafa mótast af aðstæðum á Íslandi, einangrun og blöndun ólíkra stofna. Jarðfræði Íslands myndar óvenjulegt búsvæði þar sem lífverur hafa náð að lifa af á jökulskeiði og það er því ekki ólíklegt að fleiri einlendar tegundir en grunnvatnsmarflær finnist í grunnvatni landsins.

HEIMILDIR

Amouret, Julien, Katja Steinauer, Gunnar Þór Hallgrímsson og Snæbjörn Pálsson. 2015. Evolutionary Status of Icelandic Redpolls *Carduelis flammea islandica* (Aves, Passeriformes, Fringillidae). *Journal of Ornithology* 56:1035–1048.

Amouret, Julien, Gunnar Þór Hallgrímsson, Yann Kolbeinsson og Snæbjörn Pálsson. 2016a. Morphological Differentiation of Icelandic Redpolls, *Carduelis flammea islandica* (Aves, Passeriformes, Fringillidae). *Bird Study* 63:37–45.

Amouret, Julien, Derek A. G. Barisas, Gunnar Þór Hallgrímsson, Ron W. Summers og Snæbjörn Pálsson. 2016b. Genetic Divergence of *Troglodytes troglodytes islandicus* from Other Subspecies of Eurasian Wren in Northwestern Europe. *Journal of Avian Biology* 47:26–35.

AOU 1998. *Check-list of North American Birds.* 7. útg. American Ornithologists' Union, Washington, DC.

Áslaug Geirsdóttir, Gifford H. Miller og John T. Andrews. 2007. Glaciation, Erosion, and Landscape Evolution of Iceland. *Journal of Geodynamics* 43:170–186.

Barisas, Derek A. G., Julien Amouret, Gunnar Þór Hallgrímsson, Ron W. Summers og Snæbjörn Pálsson. 2015. A Review of the Subspecies Status of the Icelandic Purple Sandpiper *Calidris maritima littoralis*. *Zoological Journal of the Linnean Society* 175:211–221.

Bjarni K. Kristjánsson og Jörundur Svavarsson. 2007. Subglacial Refugia in Iceland Enabled Groundwater Amphipods to Survive Glaciations. *The American Naturalist* 170:292–296.

Botero, Carlos A., Roi Dor, Christy M. McCain og Rebecca J. Safran. 2014. Environmental Harshness is Positively Correlated with Intraspecific Divergence in Mammals and Birds. *Molecular Ecology* 23:259–268.

Clements, J. F., T. S. Schulenberg, M. J. Iliff, D. Roberson, T. A. Fredericks, B. L. Sullivan og C. L. Wood. 2014. The eBird/Clements Checklist of Birds of the World. – Version 6.9.

Darwin, Charles. 1859. *The Origin of Species by Means of Natural Selection*, John Murray, London. [Gefin út af Hinu íslenska bókmenntafélagi 2004 í íslenskri þýðingu Guðmundar Guðmundssonar sem *Um uppruna tegundanna.*]

Downes, J. A. 1988. The Postglacial Colonization of the North Atlantic Islands. *Memoirs of the Entomological Society of Canada* 144:55–92.

Fleischer, R. C., C. E. McIntosh og C. L. Tarr. 1998. Evolution on a Volcanic Conveyor Belt. Using Phylogeographic Reconstructions and K–Ar-based Ages of the Hawaiian Islands to Estimate Molecular Evolutionary Rates. *Molecular Ecology* 7:533–545.

Fraser, Ceridwen I., AleksTerauds, John Smellie, Peter Convey og Steven L. Chown. 2014. Geothermal Activity Helps Life Survive Glacial Cycles. *Proceedings of the National Sciences* 111:5634–5639.

Freydís Vigfúsdóttir, Snæbjörn Pálsson og Agnar Ingólfsson. 2008. Hybridization of Glaucous Gull (*Larus hyperboreus*) and Herring Gull (*Larus argentatus*) in Iceland. *Philosophical Transactions of the Royal Society B* 1505:2851–2860.

Gísli Már Gíslason. 1974. Ný vorfluga (*Potamophylax cingulatus* (Stephens)) fundin á Íslandi. *Náttúrufræðingurinn* 44:129–139.

Gísli Már Gíslason, Elísabet R. Hannesdóttir, Sonia Sanz-Munos og Snæbjörn Pálsson. 2015. Origin and Dispersal of *Potamophylax cingulatus* (Steph.) (Trichoptera: Limnephilidae) in Iceland. *Freshwater Biology* 60:387–394.

Hafdís Hanna Ægisdóttir og Þóra Ellen Þórhallsdóttir. 2005. Theories on Migration and History of the North-Atlantic Flora. A Review. *Jökull* 54:1–16.

Herremans, Marc. 1990. Taxonomy and Evolution in Redpolls *Carduelis flammea–hornemanni*. A Multivariate Study of their Biometry. *Ardea* 78:441–458.

Hewitt, G. M. 2001. Speciation, Hybrid Zones and Phylogeography. Or Seeing Genes in Space and Time. *Molecular Ecology* 10:537–549.

Hewitt, Godfrey M. 2004 Genetic Consequences of Climatic Oscillations in the Quaternary. *Philosophical Transactions of the Royal Society B* 359:183–195.

Kornobis, Etienne, Snæbjörn Pálsson, Bjarni K. Kristjánsson og Jörundur Svavarsson. 2010. Molecular Evidence of the Survival of Subterranean Amphipods (Arthropoda) During Ice Age underneath Glaciers in Iceland. *Molecular Ecology* 19:2516–2530.

MacArthur, Robert H., og Edward O. Wilson. 1967. *The Theory of Island Biogeography*. Princeton University Press, Princeton NJ.

Maggs, A. C., R. Castilho, D. Foltz, C. Henzler, M. T. Jolly, J. Kelly, J. Olsen, K. E. Perez, W. Stam, R. Vainöla, F. Viard og J. Wares. 2008. Evaluating Signatures of Glacial Refugia for North Atlantic Benthic Marine Taxa. *Ecology* 89 (11 Supplement):S108–S122.

Marthinsen, G., L. Wennerberg og J. T. Lifjeld. 2008. Low Support for Separate Species within the Redpoll Complex (*Carduelis flammea–hornemanni–cabaret*) from Analyses of mtDNA and Microsatellite Markers. *Molecular Phylogenetics and Evolution* 47:1005–1017.

Mason, N. A. og S. A. Taylor. 2015. Differentially Expressed Genes Match Bill Morphology and Plumage Despite Largely Undifferentiated Genomes in a Holarctic Songbird. *Molecular Ecology* 24:3009–3025.

Óskar Sindri Gíslason, Halldór P. Halldórsson, Marinó F. Pálsson, Snæbjörn Pálsson, Brynhildur Davíðsdóttir og Jörundur Svavarsson. 2014. Invasion of the Atlantic Rock Crab (*Cancer irroratus*) at High Latitudes. *Biological Invasions* 16:1865–1877.

Óskar Sindri Gíslason, Snæbjörn Pálsson, N. J. McKeown, Halldór P. Halldórsson, P. W. Shaw og Jörundur Svavarsson. 2013. Genetic Cariation in a Newly Established Population of the Atlantic Rock Crab (*Cancer irroratus*) in Iceland. *Marine Ecological Progress Series* 494:219–230.

Pamilo, Pekka, og Oti Savolainen. 1999. Post Glacial Colonization, Drift, Local Selection and Conservation Value of Populations. A Northern Perspective. *Hereditas* 238:229–238.

Ragnhildur Guðmundsóttir, Etienne Kornobis, Bjarni K. Kristjánsson og Snæbjörn Pálsson. 2018. Genetic Analysis of Ciliates Living on the Groundwater Amphipod *Crangonyx islandicus* (Amphipoda: Crangonyctidae). *ActaZoologica* 99:188-198.

Rundgren, M., og Ólafur Ingólfsson. 1999. Plant Survival in Iceland during Periods of Glaciations? *Journal of Biogeography* 26:387–396.

Skúli Skúlason, Sigurður S. Snorrason, D. L. G. Noakes og M. M. Ferguson. 1996. Genetic Basis of Life History Variations among Sympatric Morphs of Arctic Char, Salvelinus alpinus. *Canadian Journal of Fisheries and Aquatic Sciences* 8:1807–1813.

Snæbjörn Pálsson, Thomas Källman, Jonas Paulsen og Einar Árnason. 2009. An Assessment of Mitochondrial Variation in Arctic Gadoids. *Polar Biology* 32:471–479.

Snæbjörn Pálsson 2013. Flær undir jökli. Elstu lífverur Íslands. *Náttúrufræðingurinn* 83:61–64.

Snæbjörn Pálsson, Hildur Magnúsdóttir, Sigrún Reynisdóttir, Zophonías O. Jónsson og Erla Björk Örnólfsdóttir. 2014. Divergence and Molecular Variation in Common Whelk *Buccinum undatum* (Buccinidae) in Iceland. A Trans-Atlantic Comparison. *Biological Journal of the Linnean Society* 111:145–159.

Snæbjörn Pálsson, Laurene A. Lecaudey og Gísli Már Gíslason. 2016 Phylogeographic Origin of *Apatania zonella* (Trichoptera) in Iceland. *Freshwater Science* 35:65–79.

Svensson, Lars, Killian Mullarney og Dan Zetterström. 2009. *Collins Bird Guide*. 2. útg. Harper Collins Publishers, London.

Taberlet, P., L. Fumagalli, A. G. Wust-Saucy og J. F. Cosson. 1998. Comparative Phylogeography and Postglacial Colonization Routes in Europe. *Molecular Ecology* 7:453–464.

Trimbos, Krijn B., Camiel Doorenweerd, Ken Kraaijeveld, C. J. M. Musters, Niko M. Groen, Peter de Knijff, Theunis Piersma og Geert R. Snoo. 2014. Patterns in Nuclear and Mitochondrial DNA Reveal Historical and Recent Isolation in the Black-Tailed Godwit (*Limosa limosa*). *PLoS ONE* 9(1):e83949.

Viggó Þór Marteinsson, Árni Rúnarsson, Andri Stefánsson, Þorsteinn Þorsteinsson, Tómas Jóhannesson, Sveinn H. Magnússon, Eyjólfur Reynisson, Bergur Einarsson, Nicole Wade, Hilary G. Morrison og Eric Gaidos. 2013. Microbial Communities in the Subglacial Waters of the Vatnajökull Ice Cap, Iceland. *The ISME Journal* 7:427–437.

von Troil, Uno. 1961. *Bréf frá Íslandi.* Menningarsjóður, Reykjavík.

Ægir Þór Þórsson, Snæbjörn Pálsson, Martin Lascoux og Kesara Anamthawat-Jonsson 2010. Introgression and Phylogeography of *Betula nana* (diploid), *B. pubescens* (Tetraploid) and their Triploid Hybrids in Iceland Inferred from cp-DNA Haplotype Variation. *Journal of Biogeography* 37:2098–2110.

Ævar Petersen. 1998. *Íslenskir fuglar*. Vaka-Helgafell, Reykjavík.

SUMMARY

'On the origin of species in Iceland. Impact of climate and geology'

Keywords: subspecies, variation, genetics, evolution, Ice Age

The biota of Iceland is characterized by few species and almost no endemic species. This has been explained by the short period since glaciers covered the whole island and the geographic isolation of the country. Several subspecies of birds restricted to Iceland and its neighbouring countries, including the Faroese Islands, and the existence of endemic species such as groundwater amphipods, indicates that unique features have evolved within several species. The existence of these unique variation of subspecies and species may have resulted from evolution within Iceland during the last 10–15 thousand years, or after the last cold period of Ice Age. The diversification could have been facilated by isolation from other populations of the same species and possibly be driven by natural selection due to low species diversity and special environmental settings within the country. An alternative explanation is that these patterns reflect an historical divergence which might have occurred before the populations colonized Iceland, possibly in refugia during the cold periods of Ice Age in southern refugia. In the article I present examples of genetic analysis from different species. Different patterns are observed among the different species but analysis of the bird subspecies support a diversification after the last glacial period. A unique pattern is observed within the endemic groundwater amphipod, *Crangonyx islandicus*, which is composed of several well distinct populations, or even cryptic species, which have diverged for millions of years. The genetic divergence of the populations increased with the geographical separation of the populations along the volcanic zone in Iceland,

indicating that they have diverged within Iceland. In addition, the genetic variation is highest at the tectonic plate boundary, pointing to subglacial refugias in fissures. This is the only example known of such a complex species which has survived in an active stage under a glacier on land. The amphipods may be survivors from a groundwater ecosystem which were once connected via landbridge between the Faroe Islands and Greenland.

ÚTDRÁTTUR

Lífríki Íslands einkennist af tegundafæð og fáum einlendum tegundum. Ástæður þessa hafa verið raktar til hversu stuttur tími er liðinn frá því að jöklar huldu allt landið og til hversu landið er einangrað. Fjöldi undirtegunda fugla sem eru bundnar við Ísland og nágrannalöndin þ.á.m. Færeyjar, og einlendar tegundir eins og grunnvatnsmarflær gefa til kynna að sérstök einkenni hafi þróast hér meðal nokkurra tegunda á síðustu 10 til 15 þúsund árum eða eftir síðasta jökulskeið ísaldar. Slík aðgreining gæti hafa orðið til hér á landi vegna einangrunar stofna frá stofnum sömu tegunda og mögulega vegna áhrifa náttúrulegs vals vegna minni samkeppni og sérstakra umhverfisaðstæðna hér á landi. Önnur möguleg skýring er að þessi sérstaða endurpegli eldri aðgreiningu stofnanna fyrir landnám Íslands, mögulega á syðri breiddargráðum þar sem tegundir lifðu af jökulskeið ísaldar. Í þessari grein fjalla ég um dæmi um erfðarannsóknir á uppruna nokkurra tegunda á Íslandi sem ég hef stýrt. Mismunandi mynstur greinast meðal hinna ólíku tegunda en greining á undirtegundum fugla styður aðgreiningu eftir síðasta jökulskeið. Einstakt mynstur greinist innan einlendu grunnvatnsmarflóategundarinnar, *Crangonyx islandicus*, sem samanstendur af skýrt erfðafræðilega aðskildum stofnum, eða jafnvel duldum tegundum, sem hafa aðgreinst innan Íslands um milljónir ára og bendir greiningin til þess að þeir hafi lifað af jökulskeið í grunnvatni á eldvirka hluta landsins. Erfðafræðileg aðgreining stofnanna fylgir landfræðilegum fjarlægðum milli þeirra og einnig er erfðabreytileiki hvers stofns hæstur við flekaskilin. Þetta er eina dæmið sem er þekkt um að svo flóknar tegundir í ferskvatni hafi lifað af undir jökli. Marflærnar eru að öllum líkindum tegundir úr vistkerfi grunnvatns sem eitt sinn var tengt við Grænland og Færeyjar en einangraðist hér á landi þegar landbrúin sem tengdi þessar eyjar sökk í sæ.

Snæbjörn Pálsson
Háskóla Íslands
snaebj@hi.is
http://www.hi.is/~snaebj

SIGRÍÐUR SIGURJÓNSDÓTTIR
EIRÍKUR RÖGNVALDSSON

Íslenska á tölvuöld

1. Inngangur

Samfélagsbreytingar allra síðustu ára hafa gjörbreytt málumhverfi Íslendinga. Af þeim breytingum ber snjalltækjabyltinguna og alþjóðavæðingu samtímans hæst en allar hafa þessar breytingar valdið aukinni notkun ensku í íslensku málsamfélagi. Enska er ráðandi tungumál á netinu, í tækni, ferðaþjónustu og afþreyingu og hún ryður sér til rúms í atvinnulífinu og á efri skólastigum. Í kjölfar þessara breytinga hefur staða íslenskunnar veikst og ýmislegt bendir til að framtíðarhorfur hennar séu nú óræðari en fyrr. Það stafar m.a. af því að það er unga fólkið sem mun skila tungunni áfram til næstu kynslóða og aukin enskunotkun í samfélaginu er líkleg til að hafa mest áhrif á málkunnáttu og málnotkun barna og unglinga. Þetta er bæði vegna þess að þau eru móttækilegust fyrir máli og vegna þess að þau hafa orðið fyrir mestum áhrifum af þessum breytingum.

Í þessari grein verður annars vegar rætt um stöðu og framtíð íslenskunnar á tímum stafrænna samskipta og snjalltækja, þar sem enskan er alls ráðandi, og hins vegar kynnt verkefnið *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis* (Modeling the Linguistic Consequences of Digital Language Contact, http://molicodilaco.hi.is), sem Rannsóknasjóður Íslands veitti þriggja ára öndvegisstyrk árið 2016 en höfundar þessarar greinar eru stjórnendur þess. Við höldum því fram að staða íslenskunnar hafi þrengst verulega undanfarið vegna ýmissa utanaðkomandi þátta sem hafa gerbreytt umhverfi og aðstæðum tungunnar á örfáum árum og munu halda því áfram á næstunni. Í þessu sambandi er sérstaklega hugað að hugsanlegum afleiðingum aukinnar enskunotkunar í íslensku samfélagi fyrir yngstu málnotendurna. Því er m.a. haldið fram að ef íslensk börn á máltökuskeiði heyri of litla íslensku talaða gæti afleiðingin orðið sú að íslenskt ílag (e. *input*) nægi ekki til að byggja upp sterkt íslenskt málkerfi og málkennd. Umfjöllunin verður sett í samhengi við rannsóknir á tvítyngi og lífvænleik tungumála.

Meginmarkmið verkefnisins *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis* er að rannsaka áhrif stafrænna miðla og snjalltækja, sem gjarnan bjóða upp á gagnvirk samskipti við notendur á ensku, á orðaforða, málkunnáttu og málnotkun Íslendinga og á stöðu og framtíð íslenskunnar. Snjalltækjabylting og alþjóðavæðing síðustu ára hafa haft í för með sér aukna enskunotkun víða um heim en í verkefninu verður íslenska notuð sem dæmi um tungumál sem er undir auknu álagi vegna aukinnar notkunar ensku í kjölfar samfélagsbreytinga undanfarinna ára. Vonast er til að í verkefninu verði hægt að afla upplýsinga og niðurstaðna sem síðan megi yfirfæra á önnur tungumál sem eru í svipaðri stöðu og íslenskan. Lýsandi og fræðilegum markmiðum verkefnisins verður lýst og m.a. rætt um nauðsyn þess að þróa nýjan mælikvarða til að meta lífvænleik tungumála, sem tekur tillit til stafræns tungumáladauða, þ.e. þess þegar tungumál lýtur í lægra haldi fyrir öðru tungumáli á netinu og í stafrænum samskiptum. Að lokum eru svo örfá lokaorð.

2. Staða og framtíð íslensku á tölvuöld

2.1 Utanaðkomandi aðstæður

Enginn vafi er á að íslenskt samfélag breytist ört um þessar mundir – einkum síðustu 5-8 ár eða svo. Þessar breytingar stafa bæði af efnahagslegum og tæknilegum ástæðum. Mikill uppgangur er í efnahagslífinu, ekki síst vegna gífurlegrar fjölgunar erlendra ferðamanna. Þessi uppgangur leiðir til skorts á vinnuafli sem er mætt með innflutningi fólks til starfa, einkum í byggingariðnaði og ýmsum þjónustustörfum.

Þetta hvort tveggja veldur því að útlendingar eru margfalt meira áberandi í íslensku samfélagi en nokkru sinni fyrr. Það leiðir aftur til þess að önnur tungumál en íslenska, og þá einkum enska, eru notuð við hlið íslensku, eða í stað hennar á ýmsum sviðum. Auglýsingar, verðmerkingar, matseðlar o.s.frv. eru meira á ensku en áður, á matsölustöðum og kaffihúsum er eins víst að maður fái þjónustu á ensku en ekki íslensku. Ýmsir menningarviðburðir fara nú fram á ensku til að draga að sér ferðamenn. Enska er orðin samskiptamál á mörgum vinnustöðum í ýmsum atvinnugreinum vegna erlendra starfsmanna. Erlendum skiptinemum í háskólum fer einnig fjölgandi og ásamt aukinni áherslu á þátttöku í hvers kyns fræðilegu samstarfi leiðir það til þess að kennsla á ensku eykst smám saman (sbr. Ara Pál Kristinsson og Harald Bernharðsson 2014).

Alþjóðavæðing undanfarinna ára hefur líka haft áhrif á viðhorf fólks. Breytt heimsmynd hefur leitt til þess að fólk er hreyfanlegra en áður og íslenskir unglingar sjá ekki framtíð sína endilega á Íslandi. Í nýlegri könnun kom fram að helmingur 15-16 ára unglinga á Íslandi vill búa erlendis í framtíðinni – var þriðjungur fyrir hrun („*Helmingur íslenskra unglinga vill helst búa erlendis*“ 2015). Ekki er ótrúlegt að þetta hafi áhrif á viðhorf unglinga til íslenskunnar sem þeir vita að gagnast þeim lítið erlendis.

Á tæknisviðinu er það snjalltækjabyltingin sem hefur langmest áhrif. Sú bylting hófst með tilkomu fyrsta snjallsímans árið 2007 og hefur síðan breiðst út á miklum hraða, einkum eftir 2010 eða svo. Hún hefur stóraukið notkun netsins enda getur fólk nú verið með netið í lófanum ef svo má segja frá morgni til kvölds. Samkvæmt könnun SAFT (Samfélag, fjölskylda og tækni) á netnotkun barna og unglinga frá 2013 byrja 62% íslenskra barna að nota netið á aldrinum fimm til átta ára, tæp 12% á aldrinum þriggja til fjögurra ára og 2% eru yngri en þriggja ára (*SAFT könnun á netnotkun barna og unglinga* 2013). Flest börn hafa nú aðgang að snjallsíma sem þau geta notað til að fara á netið, horfa á myndbönd, spila tölvuleiki o.s.frv. Vitað er að börn, allt niður í mjög ung, horfa mikið á myndbönd á ensku á YouTube og fleiri efnisveitum. Fjöldi fólks, ekki síst börn og unglingar, spilar gagnvirka tölvuleiki á ensku og er þar iðulega í samskiptum við erlenda spilara.

Þótt tæknibreytingar hafi þannig haft gífurleg áhrif á samfélagið á undanförnum árum eru enn meiri breytingar á döfinni. Á næstunni eru líkur á að hvers kyns tækjum verði stjórnað með því að tala við þau. Þessi þróun er þegar hafin, og margir þekkja þegar Siri í iPhone, leiðsögutæki í bílum, sjónvörp sem talað er við o.fl. Nýtilkomin bylting í gervigreind gæti hraðað þessari þróun og í raun gerbreytt samskiptum og notkun tungumálsins.

2.2 Áhrif samfélags- og tæknibreytinga á íslenskuna

Allar þessar samfélags- og tæknibreytingar breyta aðstæðum og umhverfi íslenskunnar. Breytingarnar eru þrenns konar. Í fyrsta lagi valda þær stórauknu enskuáreiti – við heyrum og sjáum mun meiri ensku en áður. Enskunotkunin er líka breytt – í stað þess að vera fyrst og fremst einhliða miðlun, þ.e. lestur og áhorf, er sífellt aukin krafa um gagnvirkni – að við getum talað og skrifað ensku, jafnvel við hversdagslegar aðstæður.

Í öðru lagi geta breytingarnar valdið því að íslenska verði beinlínis ónothæf við ákveðnar aðstæður. Það getur átt við um ákveðna vinnustaði eða atvinnugreinar þar sem starfsfólk er að hluta til eða öllu leyti erlent. En það gæti líka gerst á heilum sviðum, svo sem í samskiptum við tölvur og tölvustýrð tæki. Þessi tæki skilja ekki íslensku án sérstakra aðgerða. Vegna þess að viðbúið er að þau verði allsráðandi í umhverfi okkar innan fárra ára myndi það draga verulega úr notagildi íslenskunnar ef hún yrði áfram ónothæf á þessu sviði (sbr. Eirík Rögnvaldsson 2015a).

Í þriðja lagi gætu breytingarnar haft þau áhrif að börn á máltökuskeiði fengju minna íslenskt máláreiti í umhverfi sínu. Vitað er að gagnvirk samskipti eru grundvallaratriði í máltökunni – einhliða miðlun, t.d. sjónvarpsáhorf, dugir ekki til (Christakis o.fl. 2009). Ef börn, jafnvel frá fyrsta ári, eru mikið að horfa á sjónvarp og myndbönd, spila tölvuleiki o.s.frv., getur það dregið verulega úr magni íslensks máláreitis. Við það bætist sá möguleiki að foreldrarnir séu niðursokknir í eigin snjalltæki og sinni því ekki að tala nægilega mikið við börnin (sbr. Sigríði Sigurjónsdóttur 2016).

Áhrif þessa breytta umhverfis á tungumálið gætu verið margvísleg. Í fyrsta lagi má búast við beinum áhrifum frá ensku, t.d. á orðaforða og merkingu einstakra orða en einnig á setningagerð og hugsanlega beygingar og framburð. Í öðru lagi gæti skert notkunarsvið tungumálsins og alþjóðlegra hugarfar dregið úr virðingu fyrir málinu og áhuga á því – orðið til þess að íslenska þætti gamaldags og hallærisleg. Í þriðja lagi gæti minna íslenskuáreiti á máltökuskeiði leitt til þess að börn næðu ekki að byggja upp nægilega öflugt íslenskt málkerfi þannig að íslenskan stæði höllum fæti gagnvart enskunni og breytingar yrðu mun hraðari (sbr. Eirík Rögnvaldsson 2015b og 2016).

Allt eru þetta vangaveltur – enn sem komið er. Það eina sem við vitum með vissu er að enskan í umhverfi okkar, og ekki síst barna á máltökuskeiði, hefur stóraukist undanfarin ár. Breytingarnar á síðustu árum eru fordæmalausar og því þýðingarlaust að vísa til fyrri spádóma um erlend áhrif á íslensku. Enskan í málumhverfinu er meiri og á fleiri sviðum en nokkru sinni fyrr; enskt máláreiti nær til yngri barna en áður, bæði gegnum snjalltæki og sjónvarpsáhorf; og enskunotkunin er mun gagnvirkari en áður. Við vitum hins vegar ekki hvaða áhrif það gæti haft – eða hefur þegar haft. Til að reyna að komast að einhverju um það er þörf á ítarlegum rannsóknum.

2.3 Lífvænleiki íslensku – og hvernig á að meta hann

Undanfarin tvö ár eða svo hefur óvenju mikið verið rætt og ritað um stöðu íslenskunnar. Þar eru skoðanir mjög skiptar – ýmsir telja að íslenskan standi sterkt og hafi jafnvel aldrei staðið sterkar (sbr. t.d. Tryggva Gíslason 2015), en aðrir telja að málið sé þegar merkt dauðanum og eigi jafnvel ekki marga áratugi eftir (sbr. t.d. Gunnar Smára Egilsson 2015). Báðir aðilar færa ýmis rök fyrir skoðunum sínum en vandinn er sá að þau rök eru flest byggð á tilfinningu fremur en rannsóknum. Vissulega er íslenskan fullburða tungumál sem notað er á öllum sviðum þjóðlífsins – í stjórnkerfinu, í menntakerfinu, í verslun og viðskiptum, í fjölmiðlum, í menningarlífinu, á netinu, og í daglegum samskiptum fólks. Staða hennar í málsamfélaginu virðist því vera mjög sterk.

Hingað til hefur verið talið að sé íslenska borin að mælikvarða UNESCO um lífvænleik tungumála (*UNESCO Ad Hoc Expert Group on Endangered Languages* 2003) lendi hún þar í fimmta og efsta styrkleikaþrepi og sé örugg (e. *safe*). Kvarði UNESCO byggist á sex mælistikum sem eru:

(1) 1. Flutningur málsins milli kynslóða.
2. Fjöldi málhafa.
3. Hlutfall málhafa af heildaríbúafjölda.

4. Umdæmi (e. *domains*) eða svið sem málið er notað í.
5. Viðbrögð málsins við nýjum sviðum og miðlum.
6. Kennsluefni í máli og læsi.

Viðmið til að komast í efsta þrep hverrar mælistiku eru eftirfarandi:

(2) 1. Málið er notað af öllum aldurshópum, frá börnum og upp úr.
2. Útilokað að nefna tölu, en málsamfélög eru því viðkvæmari sem þau eru minni.
3. Allir nota málið.
4. Málið er notað á öllum sviðum og til allra þarfa.
5. Málið er notað á öllum nýjum sviðum.
6. Málið á sér stafsetningu, rithefð, málfræðibækur, orðabækur, texta, bókmenntir og fjölmiðla. Ritmálið er notað í stjórnsýslu og menntun.

Hér vakna tvær spurningar. Sú fyrri er hvort öruggt sé að íslenska nái enn efsta þrepi, sjá (2), á öllum mælistikum, sjá (1). Þeim íbúum Íslands sem ekki tala íslensku fer t.d. ört fjölgandi, og vísbendingar eru um að málið sé ekki alltaf notað á sumum sviðum, einkum nýjum sviðum innan tækninnar. Jafnframt hafa komið fram vangaveltur um hugsanlega truflun á máltöku vegna ónógs íslenskuáreitis, eins og nefnt er í kafla 2.2.

En önnur og ekki síður áhugaverð spurning er sú hvort kvarði UNESCO (og aðrir hliðstæðir kvarðar sem beitt hefur verið) dugi til að meta stöðu og lífvænleik tungumála í því umhverfi sem þeim, einkum smáþjóðatungumálum, er nú búið og hefur gerbreyst á fáum árum. Er víst að þær mælistikur sem þróaðar voru kringum aldamótin síðustu taki á öllu sem máli skiptir í hátæknivæddum heimi þar sem alþjóðahyggja fer vaxandi og stafræn landamæri eru að hverfa? Þetta þarfnast rannsókna.

3. Verkefnið: *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis*

3.1 Þátttakendur og yfirfærsla niðurstaðna

Eins og kom fram í inngangi hlaut þetta verkefni, sem höfundar þessarar greinar stýra, þriggja ára öndvegisstyrk frá Rannsóknasjóði Íslands vorið 2016. Með höfundum í verkefnisstjórn eru innlendu þátttakendurnir Anton Karl Ingason, lektor í íslenskri málfræði við HÍ, Ari Páll Kristinsson, rannsóknarprófessor á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Ásgrímur Angantýsson, dósent á menntavísindasviði HÍ, Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í ensku við HÍ, og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður Félagsvísindastofnunar HÍ.

Þátttakendur í verkefnisstjórn búsettir erlendis eru Charles Yang, dósent í málvísindum við University of Pennsylvania í Bandaríkjunum, Elín Þöll Þórðardóttir, prófessor í talmeinafræði við McGill University í Kanada, Joel Wallenberg, lektor í enskri málsögu við Newcastle University í Bretlandi, Laurel MacKenzie, lektor í málvísindum við New York University í Bandaríkjunum, og Noel P. Ó Murchadha, lektor í kennslu tungumála við Trinity College Dublin á Írlandi. Auk verkefnisstjórnarinnar vinna Iris Edda Nowenstein og Þorbjörg Þorvaldsdóttir, doktorsnemar í íslenskri málfræði við HÍ, Einar Freyr Sigurðsson, nýdoktor við HÍ, Ásrún Jóhannsdóttir, doktorsnemi og aðjunkt í ensku við HÍ, og nokkrir meistaranemar og BA-nemar í íslensku og almennum málvísindum við HÍ við verkefnið. Sigríður Mjöll Björnsdóttir, doktorsnemi við háskólann í Tromsø í Noregi, vann einnig við verkefnið á vormánuðum 2017.

Í verkefninu verður íslenska notuð sem dæmi um tungumál sem er undir auknu álagi vegna aukinnar notkunar ensku í tækniheiminum og víðar í kjölfar samfélagsbreytinga undanfarinna ára. Þessar breytingar hafa valdið stórauknu

enskuáreiti í umhverfi fólks víða um heim en með því að rannsaka íslensku, tungumál lítils málsamfélags þar sem upplýsingaflæði er greitt, er vonast til að hægt verði að afla upplýsinga og niðurstaðna sem hægt verði að yfirfæra á önnur tungumál sem eru í svipaðri stöðu og íslenskan. Við teljum íslenskt málsamfélag henta vel til slíkrar rannsóknar þar sem það er nógu stórt til að niðurstöður verkefnisins verði marktækar, og hægt sé að alhæfa út frá þeim, en einnig nógu lítið til að auðvelda rannsóknina sjálfa og leiða í ljós einkenni heils málsamfélags.

3.2 Meginmarkmið verkefnisins

Skipta má meginmarkmiðum verkefnisins í lýsandi markmið annars vegar og fræðileg markmið hins vegar. Lýsandi markmið verkefnisins eru að afla upplýsinga um enskt máláreiti og enskunotkun Íslendinga og áhrif enskunnar á málkunnáttu, málnotkun og viðhorf Íslendinga til íslensku og ensku. Í fyrsta lagi er ætlunin að fá yfirlit yfir notkun ensku og íslensku í íslensku málsamfélagi í dag þar sem magn og eðli ensks og íslensks ílags verður skoðað sérstaklega.

Í öðru lagi verður kannað hvort nú þegar séu komin fram máltilbrigði eða málbreytingar sem tengist nánu sambýli íslensku og ensku. Spurningin er sem sagt hvort aukin enskunotkun í samfélaginu hafi þegar haft áhrif á orðaforða, beygingar, setningagerð og framburð íslenskunnar þar sem form íslenskunnar breytist vegna áhrifa frá ensku. Sem dæmi má nefna orðalagið *Hann gaf ræðu*, sem eru undir greinilegum áhrifum frá ensku, sbr. *He gave a speech*, í stað íslenska orðalagsins *Hann flutti ræðu* eða *Hann hélt ræðu*.

Í þriðja lagi verður skoðað hvort notkunarsvið íslenskunnar hafi skerst þar sem málnotendur kjósi frekar að nota ensku en íslensku á ákveðnum sviðum, t.d. í tölvuleikjum, eða séu beinlínis neyddir til þess á sviðum þar sem íslenskan er ekki í boði, t.d. í margs kyns talstýrðum samskiptum við tölvur og tæki. Í fjórða lagi verður viðhorf Íslendinga til ensku og íslensku kannað en viðhorf til tungumáls skiptir mjög miklu máli fyrir stöðu þess og lífvænleik (*UNESCO Ad Hoc Expert Group on Endangered Languages* 2011:3).

Við lýsandi markmið verkefnisins verður lögð sérstök áhersla á yngri málnotendur en eins og rætt var um í 2. kafla er hægt að færa rök fyrir því að enskt máláreiti í samfélaginu í dag sé meira og nái til yngri barna og fleiri sviða en nokkru sinni fyrr vegna notkunnar stafrænna miðla og snjalltækja. Enskunotkun málnotenda er einnig mun gagnvirkari en áður þar sem málnotendur nota ensku til að eiga samskipti við tölvur og sín á milli á netinu. Í verkefninu verður sérstaklega hugað að því hvort þetta aukna enskuáreiti í samfélaginu hafi jafnmikil áhrif á leikskólabörn og börn í fyrstu bekkjum grunnskóla, sem eru enn á aðalmáltökuskeiði, og á eldri börn, unglinga og fullorðna. Máltökuskeið manna er talið ná fram að kynþroska en börn eru móttækilegust fyrir máli fyrstu sex til níu árin (Lenneberg 1967; DeKeyser og Larson-Hall 2005). Netnotkun og tölvuleikir, sem fara oftast fram á ensku, eru því líklegir til að hafa mest áhrif á málkunnáttu og málnotkun yngstu barnanna. Þar sem það eru börnin sem munu skila tungunni áfram til næstu kynslóða er það áhyggjuefni fyrir íslenskuna og framtíð hennar ef staða hennar veikist hjá þessum aldurshópi.

Ef börn alast upp við tvö tungumál á máltökuskeiði verða þau yfirleitt tvítyngd. Þótt tvítyngi sé jákvætt fyrir einstaklinga og samfélög og hafi yfirleitt enga hættu í för með sér fyrir þjóðtungur getur það verið neikvætt fyrir lítil málsamfélög með fáa málhafa, eins og það íslenska. Þetta er sérstaklega tekið fram í skýrslu UNESCO (*UNESCO Ad Hoc Expert Group on Endangered Languages* 2003) um lífvænleik tungumála. Tvítyngi getur nefnilega við ákveðnar málfélagslegar aðstæður verið fyrsta skrefið í tungumáladauða (Romaine 2013). Slíkar aðstæður geta skapast þegar viðhorf til málanna tveggja eru mjög ólík, t.d. þegar virðing fyrir þjóðtungunni minnkar vegna þess að hún er ekki nothæf á alþjóðavettvangi eða á

þeim sviðum samfélagsins sem helst höfða til ungs fólks. Sem dæmi um slíkar málfélagslegar aðstæður má t.d. nefna sambýli ísku og ensku á Írlandi þar sem íska hefur lotið í lægra haldi fyrir enskunni (sjá t.d. Murchadha og Migge 2017). Aukið enskuáreiti í málumhverfi barna á máltökuskeiði getur því leitt til þess að þjóðin verði tvítyngd eða það sem verra væri hálftyngd, ef börn fá hvorki nægilegt magn máláreitis á íslensku né ensku til að byggja upp sterkt málkerfi og málvitund á öðru hvoru málinu eða báðum (sjá Newport 1991; Lillo-Martin og Berk 2003; Pearson og Amaral 2014).

Fræðileg markmið verkefnisins eru m.a. að þróa breytileikalíkan Yangs (2002) um máltöku þannig að það taki tillit til málfélagslegra þátta og tvítyngis. Í grófum dráttum byggist máltökulíkan hans á því að málkunnátta málnotenda stjórnist af magni og dreifingu ílags á máltökuskeiði. Þannig hefur hann hannað reiknilíkan sem segir fyrir um hvernig málkunnátta næstu kynslóðar verður út frá málumhverfi barna í dag. Charles Yang er þátttakandi í verkefni okkar og mun hann taka þátt í að þróa máltökulíkan sitt þannig að það taki tillit til áhrifa stafrænna miðla á málumhverfi barna í dag. Þá er einnig vonast til að verkefnið geti varpað ljósi á þær kenningar sem uppi eru um lengd máltökuskeiðs manna og þá málfræðilegu þætti sem menn geta breytt í máli sínu á lífsleiðinni.

Einnig hefur verkefnið það markmið að þróa nýjan mælikvarða á lífvænleik tungumála sem tekur tillit til samfélags- og tæknibreytinga síðustu ára. Fimm þrepa mælikvarði UNESCO (*UNESCO Ad Hoc Expert Group on Endangered Languages* 2003) sem vísað var til í kafla 2.3 og fleiri mælikvarðar sem notaðir hafa verið til að meta lífvænleik tungumála eru komnir nokkuð til ára sinna og þróa þarf nýjan mælikvarða sem tekur mið af því stafræna alþjóðlega umhverfi sem málin búa nú við.

Í þessu sambandi verður reynt að leggja mat á merkingu og gildi hugtaksins „stafrænn tungumáladauði“ (e. *digital language death*, Kornai 2013) sem hefur nokkuð verið notað í umræðu um stöðu og lífvænleik tungumála upp á síðkastið. Með því er átt við að tungumál verði undir á netinu og í stafrænum samskiptum. Það er hins vegar óljóst hvort slíkur stafrænn dauði leiðir óhjákvæmilega til algers dauða tungumáls eða hvort tungumál getur lifað góðu lífi í raunheiminum þótt það verði undir í netheimi. Viðamikil könnun META-NET á stöðu 30 evrópumála árið 2012 (Rehm og Uzkoreit 2012) benti til að 2/3 þeirra mála sem könnunin tók til næðu ekki að halda í við öra þróun í máltækni og stafrænum samskiptum og ættu þar með á hættu að deyja stafrænum dauða (sjá *„Að minnsta kosti 21 Evrópumál á stafrænan dauða á hættu“* 2012). Íslenska var meðal þeirra Evrópumála sem virtust í hættu samkvæmt þessari könnun og stóð raunar næstverst allra málanna 30. Það er því mikilvægt að skoða stöðu hennar í ljósi áður nefnds hugtaks.

3.3 Aðferðafræði

Við munum kanna þessa þætti með því að leggja viðamikla netkönnun fyrir 5.000 þátttakendur með aðstoð Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands. Þátttakendum verður skipt í tíu aldurshópa þar sem sérstök áhersla verður lögð á að ná til barna og unglinga. Netkönnuninni er ætlað að veita yfirlit yfir lýsandi markmið verkefnisins. Ítarlegum málfarsupplýsingum verður síðan safnað frá 400 Íslendingum sem valdir verða úr þessum hópi. Málnotkun, málkunnátta, ílag og viðhorf hvers einstaklings verða greind og metin og tilteknir þættir málkunnáttunnar kannaðir með viðtölum og sérstökum prófum. Einnig er ætlunin að standa að 30.000 manna netkönnun með hjálp samfélagsmiðla sem yrði þá tilraun til að nýta aðferðir hópvirkjunar (e. *crowdsourcing*) í þágu málfræðirannsókna. Aðferðafræðin er enn í þróun þegar þetta er skrifað en fyrsti hluti netkönnunarinnar verður lagður fyrir sumarið 2017.

4. Lokaorð

Í fyrri hluta þessarar greinar var rætt um stöðu og framtíð íslenskunnar á tímum aukinnar enskunotkunar í íslensku málsamfélagi og stafræns sambýlis íslensku við ensku. Í framhaldi af þessu var öndvegisverkefnið *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis* kynnt en því er ætlað að kanna stöðu íslensku og ensku í íslensku málsamfélagi.

Eins og rakið hefur verið í þessari grein gætu áhrif samfélags- og tæknibreytinga undanfarinna ára á íslenskuna orðið margvísleg. Staða íslenskunnar hefur þrengst vegna aukins enskuáreitis í umhverfinu sem getur í fyrsta lagi haft bein áhrif á gerð eða form málsins, t.d. á orðaforða og setningagerð, í öðru lagi skert notkunarsvið íslenskunnar, þar sem það dregur úr virðingu fyrir málinu og áhuga á því, og í þriðja lagi valdið því að börn fái minna íslenskuáreiti á máltökuskeiði sem getur leitt til þess að þau ná ekki að byggja upp öflugt íslenskt málkerfi.

Allt eru þetta vangaveltur – enn sem komið er en til að reyna að komast að einhverju um það er þörf á ítarlegum rannsóknum. Það er einmitt meginmarkmið verkefnisins *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis* sem hafist var handa við 1. júlí 2016. Auk þess að varpa ljósi á stöðu og framtíð íslenskunnar, og annarra tungumála sem eru í svipaðri stöðu og íslenskan gagnvart ensku, er markmið verkefnisins m.a. að þróa nýjan mælikvarða til að meta lífvænleik tungumála, sem tekur tillit til stafræns tungumáladauða. Ef tungumál verður undir á netinu og í stafrænum samskiptum getur það haft afdrifaríkar afleiðingar í tæknivæddum heimi samtímans.

Fróðlegt væri að bera Ísland og Færeyjar saman í þessu samhengi. Íslenska hefur verið nær einráð á Íslandi – ekki átt í samkeppni við annað tungumál svo að heitið geti. Innrás enskunnar í íslenskt málsamfélag setur íslenskuna í varnarstöðu – tekur hugsanlega af henni einhver notkunarsvið. Við það lenda íslenskir málnotendur í aðstæðum sem eru þeim framandi vegna þess að þeir eru vanir að geta notað íslensku á öllum sviðum. Þessi alhliða notkun íslenskunnar hefur venjulega verið talinn einn helsti styrkur hennar (sbr. 2. kafla). En er hugsanlegt að þetta gæti reynst veikleiki, vegna þess að málsamfélagið kunni ekki að bregðast við skyndilegu sambýli við annað tungumál?

Færeyska hefur aftur á móti lengi verið í nánu sambýli og samkeppni við dönsku – kennsla í færeyskum skólum fór lengi fram á dönsku, sjónvarpsefni var mikið á dönsku o.s.frv. Færeyskir málnotendur eru vanir því að þurfa að nota annað mál en færeysku við ýmsar aðstæður. Þess vegna eru viðbrigðin sem innrás enskunnar veldur e.t.v. ekki eins mikil fyrir þá, auk þess sem hugsanlegt er að aukin enskunotkun í færeysku málsamfélagi skerði hlut dönskunnar ekki síður en færeyskunnar. Það má því e.t.v. segja að færeyska sé betur búin undir innrás enskunnar en íslenska vegna þess að hún hafi haft lengri aðlögunartíma – sé vön nánu sambýli við annað tungumál. En þetta er efni í aðra rannsókn.

HEIMILDIR

„Að minnsta kosti 21 Evrópumál á stafrænan dauða á hættu.“ 2012. Sótt af: http://www.meta-net.eu/whitepapers/press-release-is

Ari Páll Kristinsson og Haraldur Bernharðsson. 2014. Landerapport Island: Islandsk eller engelsk i islandsk universitetsvirksomhed? Frans Gregersen (ritstj.): *Hvor parallelt.* Om parallellspråkighet på Nordens universitet, bls. 427–486. Norræna ráðherranefndin, Kaupmannahöfn.

Christakis, Dimitri A., o.fl. 2009. Audible Television and Decreased Adult Words, Infant Vocalizations, and Conversational Turns: A Population-Based Study. *Archives of Pediatrics and Adolescent Medicine* 163(6):554–558.

DeKeyser, Robert og Jennifer Larson-Hall. 2005. What does the critical period really mean? Judith F. Kroll og Annette M. B. De Groot (ritstj.): *Handbook of bilingualism: Psychological approaches*, bls. 88-108. Oxford University Press, Oxford.

Eiríkur Rögnvaldsson. 2015a. Verður íslenska gjaldgeng í stafrænum heimi? *Hugrás*, vefrit Hugvísindasviðs Háskóla Íslands, 29. október. (http://hugras.is/2015/10/verdur-islenska-gjaldgeng-i-stafraenum-heimi/)

Eiríkur Rögnvaldsson. 2015b. Er hrakspá Rasks að rætast? *Hugrás*, vefrit Hugvísindasviðs Háskóla Íslands, 6. nóvember. (http://hugras.is/2015/11/er-hrakspa-rasks-ad-raetast/)

Eiríkur Rögnvaldsson. 2016. Um utanaðkomandi aðstæður íslenskrar málþróunar. *Skírnir* vor, bls. 17–31.

Gunnar Smári Egilsson. 2015. „Íslenskan er að deyja og samfélagið með.“ *Fréttatíminn* [vefsíða] 7. mars. (http://www.frettatiminn.is/islenskan-er-ad-deyja-og-samfelagid-med.)

„*Helmingur íslenskra unglinga vill helst búa erlendis*.“ 2015. (http://www.akureyri.net/frettir/2015/07/15/helmingur-islenskra-unglinga-vill-helst-bua-erlendis.)

Kornai, András. 2013. Digital Language Death. *PLoS ONE* 8(10): e77056. DOI: 10.1371/journal.pone.0077056

Lenneberg, Eric. 1967. *Biological Foundations of Language*. Wiley, New York.

Lillo-Martin, Diane og Stephanie Berk. 2003. Acquisition of Constituent Word Order under Delayed Linguistic Exposure. Barbara Beachley, Amanda Brown og Frances Conlin (ritstj.): *Proceedings of the 27th Annual Boston University Conference on Language Development*, bls. 484–495. Cascadilla Press, Somerville, Mass.

Murchadha, Noel P. Ó og Bettina Migge. 2017. Support, transmission, education and target varieties in the Celtic languages: An overview. *Language, Culture and Curriculum* 30(1):1-12.

Newport, Elissa. 1991. Contrasting Conceptions of the Critical Period for Language. Susan Carey og Rochel Gelman (ritstj.): *The Epigenesis of Mind*, bls. 111-130. Lawrence Erlbaum Associates, New Jersey.

Pearson, Barbara og Luiz Amaral. 2014. Interactions between input factors in bilingual language acquisition: Considerations for minority language maintenance. Johanne Paradis og Theres Grüter (ritstj.): *Input and Experience in Bilingual Development*, bls. 99-117. John Benjamins, Amsterdam.

Rehm, Georg og Hans Uzkoreit (ritstj.). 2012. *META-NET White Paper Series.* Springer, Berlín.

Romaine, Suzanne. 2013. Environment: Language Ecology and Language Death. Philippe M. Binder og Kenny Smith (ritstj.): *The Language Phenomenon: Human Communication from Milliseconds to Millennia*, bls. 217–234. Springer, Berlín.

SAFT könnun á netnotkun barna og unglinga. 2013. Lögð fyrir í maí-ágúst 2013 af Capacent Gallup fyrir Heimili og skóla, Reykjavík. (http://www.saft.is/fraedsla/)

Sigríður Sigurjónsdóttir. 2016. Snjalltækjavæðingin og máltaka íslenskra barna. *Hugrás*, vefrit Hugvísindasviðs, 18. ágúst. (http://hugras.is/2016/08/snjalltaekjavaedingin-og-maltaka-islenskra-barna/)

Tryggvi Gíslason. 2015. Dauði íslenskrar tungu – og máltækni. *Eyjan* [vefsíða] 10. desember. (http://blog.pressan.is/tryggvigislason/2015/12/10/daudi-islenskrar-tungu-og-maltaekni/)

UNESCO Ad Hoc Expert Group on Endangered Languages. 2003. Language Vitality and Endangerment. UNESCO, París. (http://unesdoc.unesco.org/images/0018/001836/183699E.pdf)

UNESCO Ad Hoc Expert Group on Endangered Languages. 2011. Language Vitality and Endangerment Methodological Guideline: Review of Application and Feedback since 2003. UNESCO, París. (http://www.unesco.org/fileadmin/MULTIMEDIA/HQ/CI/CI/pdf/unesco_language_vitaly_and_endangerment_methodological_guideline.pdf)

Yang, Charles. 2002. *Knowledge and Learning in Natural Language.* Oxford University Press, Oxford.

SUMMARY

'Icelandic in the computer age'

Key words: globalization and technical advances, increased use of English in Iceland, digital language contact, language vitality, digital language death

In the first half of this paper, we discuss the language situation in Iceland which has drastically changed in recent years. Increased globalization and the emergence of interactive technology, e.g. smartphones and tablets, contributes to English gaining more ground in the Icelandic language community. The new technology increases exposure to English and the exposure is more interactive and intense than before, particularly among children and adolescents. This new language situation – characterized by digital language contact – is much discussed in popular media, with anecdotal evidence of Icelandic children having entire conversations in English. However, the actual scope of this shift towards English remains unclear and no systematic accounts of digital contact effects exist so far.

The second half of the paper is a description of the goals and methodology of the research project *Modeling the Linguistic Consequences of Digital Language Contact* (http://molicodilaco.hi.is). This is a three-year project (2016-2019) financed by a Grant of Excellence from the Icelandic Research Fund awarded to the authors of this paper. The project aims to investigate and model the linguistic consequences of digital language contact, using the rise of English in the Icelandic language community as a test case. Although the focus is on Icelandic in this project, we are hoping that the results will be generalizable to other languages which face the same concerns as Icelandic does today, i.e. external pressure from English through digital media. The data is collected with an online survey reaching a randomized sample of 5,000 Icelandic speakers (stratified by age, 3-98 years old), of which 400 speakers will undergo more extensive testing.

The main empirical goal of the project is to construct a nationwide profile of the distribution and nature of English and Icelandic input and to assess the effects that increased English input may have already had on the vocabulary and linguistic knowledge of speakers. Moreover, we investigate attitudes towards Icelandic and English and map the use of both languages in different domains. The main theoretical goal is to extend Yang's (2002) Variational Model of language acquisition by taking sociological factors and bilingualism into account. Furthermore, we aim to develop a language vitality index which is designed for measuring effects of digital language contact. In this connection, we hope to shed

some light on the meaning and value of the concept “digital language death” which has recently been introduced in discussion on language vitality.

ÚTDRÁTTUR

Í þessari grein er rætt um stöðu og framtíð íslenskunnar á tímum stafrænna samskipta og snjalltækja þar sem enskan er alls ráðandi. Við höldum því fram að staða íslenskunnar hafi þrengst verulega undanfarið vegna ýmissa utanaðkomandi þátta sem hafa gerbreytt umhverfi og aðstæðum tungunnar á örfáum árum, og munu halda því áfram á næstunni. Í þessu sambandi er sérstaklega hugað að hugsanlegum afleiðingum aukinnar enskunotkunar í íslensku samfélagi fyrir börn og unglinga. Þær samfélags- og tæknibreytingar sem orðið hafa á undanförnum árum geta valdið því að börn heyri of litla íslensku talaða til að byggja upp sterkt íslenskt málkerfi og málkennd. Umfjöllunin er sett í samhengi við rannsóknir á tvítyngi og lífvænleik tungumála.

Í greininni er jafnframt kynnt verkefnið *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis* (http://molicodilaco.hi.is) sem Rannsóknasjóður Íslands veitti öndvegisstyrk árið 2016. Meginmarkmið verkefnisins er að rannsaka áhrif stafrænna miðla og snjalltækja, sem gjarnan bjóða upp á gagnvirk samskipti við notendur á ensku, á orðaforða, málkunnáttu og málnotkun Íslendinga og á stöðu og framtíð íslenskunnar. Með því að rannsaka íslensku, tungumál lítils málsamfélags þar sem upplýsingaflæði er greitt, er vonast til að hægt verði að afla upplýsinga og niðurstaðna sem síðan megi yfirfæra á önnur tungumál sem eru í svipaðri stöðu og íslenskan. Ætlunin er að fá yfirlit yfir notkun ensku og íslensku í íslensku málsamfélagi í dag og kanna hvort nú þegar séu komin fram máltilbrigði sem tengjast nánu sambýli ensku og íslensku. Viðhorf Íslendinga til málanna tveggja verður kannað og reynt að greina merkingu og gildi hugtaksins „stafrænn tungumáladauði“ sem hefur verið notað talsvert í umræðu um stöðu og lífvænleik tungumála upp á síðkastið.

Sigríður Sigurjónsdóttir
Háskóla Íslands
siggasig@hi.is

Eiríkur Rögnvaldsson
Háskóla Íslands
eirikur@hi.is

INGUNN HREINBERG INDRIÐADÓTTIR

Færsla þungs nafnliðar í íslensku og færeysku

1. Inngangur

Í hefðbundinni orðaröð í íslensku stendur beint andlag yfirleitt strax á eftir sögninni og á undan forsetningarliðnum í dæmum eins og (1a). Flestir íslenskir málhafar myndu líklega telja þessa setningu málfræðilega eðlilega en mun færri myndu þá sætta sig við setninguna í dæmi (1b):

(1) a. María las [bókina] [fyrir börnin].[1]
b. *María las [fyrir börnin] [bókina].

Setningagerðinni í (1b) má lýsa þannig að þar hafi andlagsnafnliðurinn *bókina* verið færður til hægri yfir forsetningarliðinn sem stendur í enda setningarinnar í (1a). Þótt þessi röð á andlagi og forsetningarlið sé ekki hefðbundin orðaröð í íslensku myndu flestir málhafar telja setningu (2b) mun betri en setningu (1b):

(2) a. María las [bókina um Línu Langsokk og sjóræningjana] [fyrir börnin].
b. María las [fyrir börnin] [bókina um Línu Langsokk og sjóræningjana].

Yfirleitt er þetta skýrt með því að nafnliðurinn í setningu (2b) hafi færst með „færslu þungs nafnliðar“ (héðan í frá FÞNL; sjá t.d. Kimball 1973), en samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu færir hún „þunga“ nafnliði til hægri yfir í enda setningar.

Orðaröð í færeysku er svipuð að þessu leyti. T.a.m. myndu flestir málhafar telja setningu (3a) hafa eðlilega orðaröð en fæstir myndu sætta sig við setningu (3b):

(3) a. Maria las [bókina] [fyri børnunum].
b. *Maria las [fyri børnunum] [bókina].

Ef við gefum okkur að hægt sé að færa nafnliði með FÞNL í færeysku, þá ættu málhafar hins vegar að vera mun hrifnari af setningu (4b) en setningu (3b):

(4) a. Maria las [bókina um Pippi Smokkulegg og sjórænararnar] [fyri børnunum].
b. Maria las [fyri børnunum] [bókina um Pippi Smokkulegg og sjórænararnar].

Ekki eru allir á einu máli um það hvort FÞNL virki eins í íslensku og færeysku. Því hefur t.d. verið haldið fram að í íslensku megi færa þunga nafnliði til hægri, hvort sem þeir eru frumlag eða andlag (Eiríkur Rögnvaldsson 1982, Höskuldur Þráinsson 2007), en að frumlög geti ekki færst í færeysku (Barnes 1992, Vikner 1995). Þá hefur því einnig verið haldið fram að færeyskir málhafar séu almennt tregari til að samþykkja setningar með færðum liðum en íslenskir málhafar og að liðirnir verði að vera „mjög þungir“ til að þeir geti færst yfirhöfuð (Höskuldur Þráinsson o.fl. 2012:240).

[1] Liðirnir sem fjallað er um í þessari grein eru afmarkaðir með hornklofa fyrir þæginda sakir. Setningar sem eru merktar með * þykja alla jafna slæmar og þær sem eru merktar ** þykja enn verri.

En hvað er það sem gerir nafnlið þungan, hvað þá mjög þungan? Er það orðafjöldi innan liðarins eða setningarformgerð hans? Skiptir fjöldi og gerð atkvæða einhverju máli eða jafnvel upplýsingagildi liðarins? Og er það aðeins þyngd nafnliðarins sjálfs sem skiptir máli eða hefur þyngd liðarins sem hann færist yfir líka einhver áhrif? Og ef ákveðin gerð færslu, eins og FÞNL, er leyfileg í tveimur náskyldum tungumálum, virkar hún þá nákvæmlega eins í báðum málum? Og samþykkja allir málhafar hvors tungumálsins setningar með FÞNL yfirhöfuð?

Þessi grein mun ekki svara öllum þessum spurningum en á næstu síðum verður fjallað um rannsókn sem er hluti af mun stærra verkefni í vinnslu. Rannsóknin sem hér verður lýst kannar FÞNL í íslensku og færeysku með tvær meginspurningar að leiðarljósi: Annars vegar verður kannað hvort bæði tungumálin leyfi færslu frumlags- og andlagsnafnliða og hvort allir málhafar rannsóknarinna, íslenskir og færeyskir, samþykki setningar með færslu af þessari gerð. Hins vegar verður kannað hvort svokölluð hlutfallsleg þyngd, þ.e.a.s. lengdarmunur á nafnliðnum og forsetningarliðnum sem hann „færist yfir“, hafi áhrif á það hvernig málhafar meta setningar með FÞNL og hvort hann hafi þá jafnmikil áhrif á mat færeyskra og íslenskra málhafa. Þessi atriði voru könnuð með því að biðja stóran hóp málhafa, 443 íslenska og 107 færeyska, að leggja mat á setningar með FÞNL, þar sem nafnliðirnir voru ýmist frumlög eða andlög og nafnliðurinn og forsetningarliðurinn sem þeir voru færðir yfir voru mislangir.

Greinin er sett upp á eftirfarandi máta: Í öðrum kafla er stutt yfirlit yfir helstu kenningar um þyngd nafnliða og um hlutfallsleg þyngdaráhrif á FÞNL. Í þriðja kafla er fjallað um það helsta sem sagt hefur verið um FÞNL í íslensku og færeysku. Í fjórða kafla verður niðurstöðum rannsóknarinnar lýst og í fimmta kafla verður samantekt og fáein lokaorð.

2. Þyngdaráhrif og færsla þungs nafnliðar

Þyngd liða hefur verið lýst með ýmsum ólíkum nálgunum. Ross (1967:41–56) og Chomsky (1975) kölluðu FÞNL „færslu flókins nafnliðar“ (e. *Complex NP Shift*) og héldu því fram að það væri ekki lengd nafnliðarins í orðafjölda sem gerði hann þungan, heldur setningarleg formgerð hans. Ross (1967:51) vildi meina að setning (5b) væri málfræðilega ótæk vegna þess að nafnliðurinn [the fire] hefur ekki flókna formgerð, ólíkt nafnliðnum í setningu (5c):

(5)a. He attributed [the fire] [to a short circuit].
b. *He attributed [to a short circuit] [the fire].
c. He attributed [to a short circuit] [the fire which destroyed most of my factory].

Það eru nokkur atriði við þessa skilgreiningu sem þarf að athuga nánar. Hvorki Ross né Chomsky gáfu nákvæma skýringu á því hvað það er sem gerir nafnlið flókinn. Verður hann t.d. að innihalda tilvísunarsetningu eins og nafnliðurinn í (5c)? Annað umhugsunarefni er að hvort sem nafnliðurinn í (5c) er flókinn eða ekki þá inniheldur hann líka mörg orð. Hvernig getum við verið viss um að það sé flækjustig nafnliðarins sem ræður förinni, frekar en lengd hans? Wasow og Arnold (2005) könnuðu setningar með sambærilegum setningagerðum í ensku og komust að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir að flóknir nafnliðir væru yfirleitt færðir væri ekki hægt að aðgreina flækjustig nafnliða frá lengd þeirra. Þriðja atriðið, og kannski það mikilvægasta, er að höfundarnir byggðu skilgreiningar sínar eingöngu á dæmum sem þeir sjálfir töldu ýmist málfræðilega tæk eða ótæk. Ross telur setningu (5b) málfræðilega ómögulega og gerir ráð fyrir að allir aðrir málhafar ensku séu sammála honum. Þessi nálgun hefur verið harðlega gagnrýnd af málfræðingum sem rannsaka tilbrigði í tungumálum. Rannsóknir sem taka mið af mati margra

málhafa hafa leitt í ljós að málhafar eins tungumáls hafa ekki allir sömu málfræði (sjá t.d. Wasow og Arnold (2005) og Höskuld Þráinsson o.fl. (ritstj.) (2013, 2015) og heimilda sem þeir vísa til). Það sem einum finnst fullkomlega eðlileg setning getur öðrum fundist ótækt. Það þýðir því lítið að spyrja einn Færeying hvað honum finnst um setningu (4b) og draga af svarinu almenna ályktun um orðaröð í færeysku.

Önnur algeng skilgreining á þyngd liðar er að hún sé mæld í orðafjöldanum sem hann inniheldur (sjá t.d. Kimball 1973). Helsti vandinn við þá skilgreiningu er að það er erfitt að tilgreina hversu mörg orð liðurinn þarf að innhalda til að teljast þungur og hvort það skipti þá máli hvernig orðin eru uppbyggð. Telst liður þungur ef hann inniheldur fjögur orð? Og skiptir þá máli hvort orðin eru samsett eða hafa mörg atkvæði? Ef sú er raunin ættu málhafar frekar að samþykkja setningu (7b) en setningu (6b).

(6) a. Ég las [bók um Jón Pál] [um daginn].
b. Ég las [um daginn] [bók um Jón Pál].

(7) a. Ég las [tímarit um framfarir nútímalæknavísinda] [um daginn].
b. Ég las [um daginn] [tímarit um framfarir nútímalæknavísinda].

Ýmsar rannsóknir á FÞNL í ensku hafa bent til þess að það sé ekki aðeins lengd nafnliðarins sem skiptir máli heldur einnig lengd liðarins sem hann færist yfir. Hawkins (1994) leitaði að setningum með FÞNL í textasafni og komst að þeirri niðurstöðu að nafnliðir færast sjaldan nema þeir séu a.m.k. fjórum orðum lengri en forsetningarliðurinn sem þeir færast yfir. Wasow (1997) og Wasow og Arnold (2005) komust að sambærilegum niðurstöðum með textasafnsleitum og dómaprófum. Stallings og MacDonald (2011) gerðu málframköllunarpróf þar sem málhafar bjuggu til setningar með FÞNL og niðurstöður þeirra sýndu að enskir málhafar eru mun líklegri til að færa nafnliði aftast í setninguna ef þeir eru a.m.k. fimm orðum lengri en forsetningarliðurinn.

Eins og sjá má hefur þyngdaráhrifum verið lýst á marga ólíka vegu en rannsóknir á þessu sviði hafa yfirleitt einblínt á eitt tungumál í senn. Það vekur þá spurningu hvort FÞNL virki eins í tveimur náskyldum tungumálum eins og íslensku og færeysku eða hvort hún sé yfirhöfuð til í báðum tungumálum. Nýlegar rannsóknir hafa gefið til kynna að skandinavísku málin hafi ólíkari setningagerð en áður var talið eins og rætt verður um í næsta kafla.

3. Færsla þungs nafnliðar í íslensku og færeysku

Holmberg og Platzack (1995) lýstu FÞNL í skandinavískum málum, en þeir töldu að grundvallarmunur væri á meginlandsskandinavískum málum, dönsku, norsku og sænsku, og skandinavísku eyjamálunum, íslensku og færeysku. Þeir héldu því fram að í eyjamálunum væri hægt að færa bæði andlög og frumlög með FÞNL en að ekki væri hægt að færa frumlög í meginlandsskandinavísku þar sem þau mál skortir beygingarlegt fall. Almennt er talið að hægt sé að færa frumlög með FÞNL í íslensku (sjá t.d. Eirík Rögnvaldsson 1982, Höskuld Þráinsson 2007), sbr. dæmi (8) og (9), en ekki eru allir á einu máli um að það sé einnig hægt í færeysku.

(8) a. Ég bakaði [brauð með ólífum og sólþurrkuðum tómötum] [í gær].
b. Ég bakaði [í gær] [brauð með ólífum og sólþurrkuðum tómötum].

(9) a. [Þúsundir erlendra ferðamanna] koma [til Reykjavíkur] árlega.
b. Árlega koma [þúsundir erlendra ferðamanna] [til Reykjavíkur].
c. Árlega koma [til Reykjavíkur] [þúsundir erlendra ferðamanna].

Vikner (1995:201) hélt því fram að alls ekki væri hægt að fresta frumlögum í færeysku (sjá einnig Barnes 1992:26–27) og notaði eftirfarandi dæmi því til stuðnings:

(10) *at tað hevur etið [hetta súreplið] [onkur drongur frá Danmark].

Það geta hins vegar verið ýmsar ástæður fyrir því að þessi setning telst vafasöm. HöskuldurÞráinsson o.fl. (2012:240–241) sýndu fram á að færeyskir málhafar samþykkja sjaldan setningar sem innihalda lepp (hér *tað*) og beint andlag. Setningin í dæmi (10) er af þeirri gerð og það gæti skýrt hvers vegna hún gæti þótt slæm. Þar að auki getur ein setning varla sagt okkur mikið um frestun frumlaga í færeysku almennt, eða um færeysku yfirhöfuð.

Höskuldur Þráinsson o.fl. (2012:240–241) héldu því fram að færeyskir málhafar samþykktu helst setningar með færðum frumlagsnafnliðum ef þeir eru „mjög þungir“, sbr. dæmi (11).

(11)a. Í fjør komu [nakrir málfrøðingar úr Íslandi] [til Havnar].
b. Í fjør komu [til Havnar] [nakrir málfrøðingar úr Íslandi].

Höfundarnir skilgreindu þó ekki frekar hvað telst vera „mjög þungur“ nafnliður en það má ætla að þeir hafi miðað við fjölda orða innan liðarins. Þetta þyrfti því að kanna nánar.

4. Rannsóknin

Könnunin sem lýst verður í þessum kafla hefur tvö meginmarkmið: Annars vegar að kanna hvort **hlutfallsleg** þyngd liða hefur áhrif á það hvernig íslenskir og færeyskir málhafar meta setningar með FÞNL (þ.e. hlutfallið milli þyngdar hins færða liðar og liðarins sem hann færist yfir) og hvort hlutfallsleg þyngdaráhrif séu mikilvægari í þessum málum en lengd nafnliðarins út af fyrir sig. Hins vegar verður athugað hvort hægt sé að færa bæði andlags- og frumlagsnafnliði í íslensku og færeysku. Þetta var gert með því að leggja dómapróf fyrir stóran hóp málhafa þar sem þeir mátu setningar með andlags- og frumlagsnafnliðum sem höfðu verið færðir yfir forsetningarliði og lengd liðanna var stjórnað. Með því að prófa marga málhafa er vonandi hægt að varpa ljósi á þá áhrifaþætti FÞNL sem eru mikilvægastir fyrir flesta málhafa íslensku og færeysku, hvort þeir þættir sem prófaðir voru hafi sömu árif á alla málhafa og hvort allir málhafar samþykki setningar með FÞNL yfirhöfuð.

4.1. Aðferð

Rannsóknin var í formi tveggja netkannana þar sem sambærilegar setningar voru lagðar fyrir íslenska og færeyska málhafa. 443 málhafar tóku þátt í íslensku könnuninni og 107 í þeirri færeysku. Málhafar voru beðnir að lesa setningar af skjánum og meta þær út frá eigin máltilfinningu. Þeir voru beðnir að miða svör sín ekki við það sem þeim hefur verið kennt að sé „rétt“ mál eða „rangt“ heldur það hvernig þeir nota málið sjálfir eða telja sig nota það. Þátttakendur gátu valið um þrjá valkosti þegar þeir mátu setningarnar, sbr. (12), en auk þess bauðst þeim að gera athugasemdir við hverja setningu ef þeim fannst eitthvað sérstakt athugavert við hana, t.a.m. málfar eða orðaforðinn sem notaður var í setningunni.

(12) Já = Eðlileg setning. Svona get ég vel sagt.
? = Vafasöm setning. Svona gæti ég líklega ekki sagt.
Nei = Óeðlileg setning. Svona get ég ekki sagt.

Færeysku málhafarnir mátu 28 setningar en íslensku málhafarrnir mátu 34. Prófsetningarnar birtust í handahófskenndri röð og fyrir hverjar tíu prófsetningar voru notaðar 30 fyllisetningar. Fyllisetningarnar voru notaðar í þeirri von að málhafar yrðu síður varir við setningagerðina sem í raun var verið að prófa. Sumar þeirra voru setningar sem flestir eða allir málhafar ættu að hafna og sumar ættu flestir eða allir málhafar að samþykkja sem eðlilegt mál.

Prófsetningarnar voru allar hannaðar eftir sömu formúlu. Nafnliðirnir voru allir með svipuðu sniði þannig að þeir fólu í sér nafnorð, lýsingarorð og jafnvel forsetningarliði. Nafnliðirnir innihéldu hins vegar ekki tilvísunarsetningar enda var ætlunin að nota eingöngu lengd liða út frá orðafjölda sem mælikvarða á þyngd þeirra en ekki setningarlegt flækjustig. Lengd nafnliðanna og forsetningarliðanna var stjórnað með formúlunni sem við sjáum í (13).

(13)a. NL: 6 orð, FL: 2 orð
b. NL: 2 orð, FL: 6 orð
c. NL: 6 orð, FL: 6 orð
d. NL: 2 orð, FL: 2 orð

Ef þyngd liða er mæld út frá orðafjölda innan liðarins er kannski óhætt að leggja til að nafnliður sem inniheldur sex orð sé þungur en að nafnliður sem inniheldur aðeins tvö orð sé það ekki. Eins og fjallað var um í kafla 2 sýndi Hawkins (1994) fram á að nafnliðir færast sjaldan nema þeir séu a.m.k. fjórum orðum lengri en liðurinn sem þeir færast yfir. Ef við göngum út frá því að þetta sé rétt og að hlutfallsleg þyngdaráhrif skipti máli, má búast við því að setning (12a), þar sem nafnliðurinn er sex orð en forsetningarliðurinn er aðeins tvö orð, sé fyrirmyndardæmi um FÞNL, en að setningu (12b), þar sem lengdarmuninum er öfugt farið, ættu fæsti málhafar að samþykkja.

(14)a. Sigríður les [á morgnana] [ýmiss konar nýleg tímarit um tísku].
b. Í fyrra fóru [á spennandi námskeið um vistvæna hugsun] [nokkrir nemar].

Þá má einnig ganga út frá því að málhafar samþykki frekar setningu (14a) en setningar (15a,b) þar sem nafnliðurinn og forsetningarliðurinn eru jafnlangir. Auk þess má búast við því að málhafar séu alls ekkert hrifnir af setningu (15b) þar sem nafnliðurinn inniheldur aðeins tvö orð.

(15)a. Listmálarinn málaði [á gamla veggi í úthverfum bæjarins] [stórar og fallegar myndir af tunglinu].
b. Ég geymi [fyrir börnin] [nokkrar kökur].

Á næstu síðum lýsi ég niðurstöðunum úr könnununum tveimur og rýni í það sem er sameiginlegt og ólíkt meðal íslenskra og færeyskra málhafa.

4.2. Íslensku niðurstöðurnar

Í þessum kafla lýsi ég niðurstöðunum úr íslensku könnuninni. Prófsetningunum er skipt í flokka eftir lengd liða í setningunum og mat málhafa á þeim er sýnt í töflum. Hverri töflu er skipt í tvo hluta: einn fyrir setningar með frumlagsnafnliðum og annan fyrir andlagsnafnliði.

Í *töflu 1* sjáum við mat málhafa á setningum þar sem nafnliðurinn er tvö orð og forsetningarliðurinn er jafnlangur.

Frumlag FL 2 NL 2	**Já**	**Nei**	**?**
a. Í sumar koma [á námskeiðið] [margir krakkar].	15%	**60,6%**	24,4%
b. Seinast mættu [á bjórkvöldið] [þrír nemendur].	36,6%	**38,2%**	25,1%
c. Um síðustu helgi flaug [til Marokkó] [gamall vinur].	17,5%	**62,9%**	19,6%
Beint andlag FL 2 NL 2	**Já**	**Nei**	**?**
d. Ég geymi [fyrir börnin] [nokkrar kökur].	36,4%	**41,9%**	21,7%
e. Mamma keypti [handa Sigga] [nýjar buxur].	34,6%	**46,3%**	19,1%
f. Ólafur skrifaði [í gær] [nokkur bréf].	36,4%	**39,2%**	24,4%

Tafla 1: Mat íslenskra málhafa á setningum með tveggja orða nafnliðum og tveggja orða forsetningarliðum.

Eins og við sjáum í *töflu 1* var öllum prófsetningunum í þessum flokki hafnað af meirihluta málhafa. Þegar betur er að gáð er þó svörum málhafanna dreift frekar jafnt, a.m.k. fyrir sumar setninganna. Þessi jafna dreifing sést t.d. vel á setningum a og b, en nokkurn veginn jafnmargir málhafar töldu þessar setningar algjörlega ótækar og þeir sem töldu þær fullkomlega eðlilegar. Dræmustu undirtektirnar fengu setningar a og 1c sem langflestir málhafar höfnuðu og fleiri töldu vafasamar en eðlilegar. Þessar setningar hafa báðar frestaða frumlagsnafnliði og því mætti kannski draga þá ályktun að íslenskir málhafar samþykki frekar setningar með frestuðum andlagsnafnliðum en frumlagsnafnliðum. Það útskýrir þó ekki hvers vegna setning b fékk mun dreifðari svör því setningarnar eru allar eins uppbyggðar. Svörin sem við sjáum í *töflu 2* eru talsvert frábrugðin svörunum í *töflu 1*.

Frumlag FL 6 NL 6	**Já**	**Nei**	**?**
a. Árlega fara [til heitra suðlægra landa í Evrópu] [sjö til átta hundruð íslenskir ferðamenn].	25,4%	20%	**54,6%**
b. Í fyrra leituðu [til félags íslenskra nema í útlöndum] [um sjötíu nemendur úr fimmtán skólum].	**57,9%**	22,2%	19,9%
c. Í síðustu viku mættu [á opna fundinn fyrir unga höfunda] [bæði virkir nemendur og starfandi skáld].	**52,6%**	10,7%	36,7%
Beint andlag FL 6 NL 6	**Já**	**Nei**	**?**
d. Ég eldaði [fyrir nokkra góða vini úr vinnunni] [heilt læri með fallegum rauðum paprikum].	26,3%	31,6%	**42,1%**
e. Foreldraráð keypti [fyrir alla krakkana í túunda bekk] [margar dýrar bækur og nýjar spjaldtölvur].	21,1%	21,2%	**57,6%**
f. Listmálarinn málaði [á gamla veggi í úthverfum bæjarins] [stórar og fallegar myndir af tunglinu].	**63,2%**	10,5%	26,3%

Tafla 2: Mat íslenskra málhafa á setningum með sex orða nafnliðum og sex orða forsetningarliðum

Hér er dreifing svaranna mun ójafnari en í *töflu 1* en þó er ljóst að mikill meirihluti málhafa telur setningarnar ekki óeðlilegar. Flestir málhafar sættu sig við setningar b,c,f og álíka mörgum fannst setningar 2a,d,e vafasamar. Það er engin augljós ástæða fyrir þessum misjöfnu viðtökum, en auðvitað getur ýmislegt annað en orðaröðin skýrt þær. T.a.m. gæti verið að málhöfum hafi fundist orðavalið skrýtið eða jafnvel uppbygging liðanna. Kannski fannst einhverjum óeðlilegt að sjá svona mörg lýsingarorð hlið við hlið. Tvær af þremur setningum sem fengu bestu viðtökurnar hafa frestuð frumlög og það hrekur þá tilgátu að íslenskir málhafar samþykki frekar setningar með frestuðum beinum andlögum. Niðurstöðurnar í *töflu 3* eru í samræmi við það.

Frumlag vs Beint andlag FL 2 NL 6	**Já**	**Nei**	**?**
a. Um helgina keppa [á mótinu] [ungir iðkendur frá Ármanni og Gróttu].	**70,4%**	7,5%	22,1%
b. Í fyrra komu [til bæjarins] [nokkrir litlir leikhópar frá öðrum löndum].	**63,7%**	10,5%	25,8%
c. Venjulega mæta [á fundina] [nokkur hundruð ungar konur úr hverfinu].	**72,2%**	1,5%	26,3%
Beint andlag FL 2 NL 6	**Já**	**Nei**	**?**
d. Sigríður les [á morgnana] [ýmiss konar nýleg tímarit um tísku].	**73,8%**	10,2%	15,9%
e. Við skoðuðum [á safninu] [fágætar gamlar styttur úr hvítum steini].	**62,6%**	9,2%	28,2%
f. Þjófarnir stálu [frá Ólöfu] [gömlum fallegum úrum og dýru skarti].	**67,4%**	10,5%	22,1%

Tafla 3: Mat íslenskra málhafa á setningum með sex orða nafnliðum og tveggja orða forsetningarliðum.

Hér er dreifing svaranna mjög jöfn, sérstaklega hjá þeim málhöfum sem samþykktu setningarnar. Allar setningarnar með tveggja orða forsetningarliðum og sex orða nafnliðum voru samþykktar af meirihluta málhafanna og engri þeirra var algjörlega hafnað af meira en rúmlega tíu prósentum. Ef við berum þesar niðurstöður saman við *töflur 1* og *2* getum við dregið þá ályktun að sé nafnliðurinn verulega miklu þyngri (í orðum talið) en forsetningarliðurinn sem hann flyst yfir þá sé útkoman tiltölulega góð. Hlutfallsleg liðanna skipti máli fyrir íslenska málhafa. En hvað gerist ef forsetningarliðurinn er þyngdur en nafnliðurinn ekki? Það er sýnt í *töflu 4*.

Frumlag vs Beint andlag FL 6 NL 2	**Já**	**Nei**	**?**
a. Á vorin synda [á litlu tjörninni í gamla miðbænum] [hvítir svanir].	26,3%	**46,8%**	26,8%
b. Á laugardaginn mættu [á árlega samkomu kvenna í listum] [margar konur].	5,5%	**61,4%**	33,1%
c. Í fyrra fóru [á spennandi námskeið um vistvæna hugsun] [nokkrir nemar].	0%	**64,2%**	35,8%
Beint andlag FL 6 NL 2	**Já**	**Nei**	**?**
d. Siggi eldaði [fyrir nokkra gamla vini úr skólanum] [þykkar steikur].	10,5%	41,8%	**47,7%**
e. Ólöf keypti [handa öllum fjórum litlu frænkum sínum] [fallega skó].	28,6%	34,6%	**36,8%**
f. Ég las [fyrir síðasta próf í sögu Evrópu] [margar bækur].	10,5%	**52,6%**	36,9%

Tafla 4: Mat íslenskra málhafa á setningum með tveggja orða nafnliðum og sex orða forsetningarliðum.

Niðurstöðurnar í *töflu 4* komu dálítið á óvart. Þótt flestir málhafar hafi hafnað setningunum með tveggja orða nafnliðum og sex orða forsetningarliðum eða talið þær vafasamar, voru mun fleiri málhafar sem samþykktu þær en búist var við. T.a.m. samþykktu tæp þrjátíu prósent málhafa setningar a og e og í öllum tilvikum fannst fleiri málhöfum setningarnar vafasamar frekar en ótækar. Þessar niðurstöður sýna að þótt flestir íslenskir málhafar samþykki frekar setningar með færðum liðum sem eru lengri en forsetningarliðurinn sem þeir færast yfir, finnst mörgum málhöfum í lagi að fresta nafnlið sem er aðeins tvö orð, jafnvel yfir forsetningarlið sem er töluvert lengri. En hvað skyldu færeyskir málnotendur segja um setningar af þessu tagi? Næsti undirkafli fjallar um það.

4.3. Færeysku niðurstöðurnar

Í *töflu 5* sjáum við mat færeyskra málhafa á setningum sem eru sambærilegar við þær sem íslensku málhafarnir mátu eins og sýnt er í *töflu 1*.

Frumlag FL 2 NL 2	**Já**	**Nei**	**?**
a. Seinasta vikuskiftið flugu [til Danmarkar] [gamlir vinir].	0,9%	**92,5%**	6,6%
b. Í summar fara [til Svøríkis] [nógvir dreingir].	4,7%	**86,8%**	8,5%
Beint andlag FL 2 NL 2	**Já**	**Nei**	**?**
c. Anna keypti [á útsølu] [nýggjar buksur].	17%	**62,3%**	20,8%
d. Eg fjaldi [fyri Beintu] [nakrar kakur].	15,1%	**68,9%**	16%

Tafla 5: Mat færeyskra málhafa á setningum með tveggja orða nafnliðum og tveggja orða forsetningarliðum.

Eins og íslensku málhafarnir höfnuðu flestir færeyskir málhafar setningum af þessari gerð en það er þó tvennt ólíkt með niðurstöðunum: Mun fleiri færeyskir málhafar hafna setningum af þessu tagi en íslenskir málhafar og færeysku málhafarnir eru augljóslega hrifnari af setningum með frestuðum andlagsnafnliðum en frestuðum frumlagsnafnliðum. Í *töflu 6* sjáum við sama mynstur, en þar eru bæði forsetningarliðirnir og hinir færðu nafnliðir lengri en þeir sem sýndir eru í *töflu 5*.

Frumlag FL 6 NL 6	**Já**	**Nei**	**?**
a. Í fjør komu [á almenna ráðstevnu um nýggja tøkni] [umleið hálvfjerðs næmingar úr fimtan skúlum].	17,9%	**52,8%**	29,2%
b. Í seinastu viku komu [á almennan fund fyri ungar høvundar] [bæði virknir limir og framfús listafólk].	30,2%	**39,6%**	30,2%
c. Hvørt ár flúgva [til sólríkar strendur í heitu londunum] [átta til níggju túsund íslendsk ferðafólk].	16%	**63,2%**	20,8%
Beint andlag FL 6 NL 6	**Já**	**Nei**	**?**
d. Eg borðreiddi [fyri nøkrum góðum vinum úr skúlanum] [ræstan fisk við saltaðum spiki afturvið].	35,8%	**46,2%**	17,9%
e. Foreldrini lósu [fyri øllum næmingum í fjórða flokki] [bókina um Hannibal og horvna hundin].	**45,3%**	35,8%	18,9%
f. Listakonan málaði [á gamlar veggir í Tórshavnar kommunu] [stórar og vakrar málningar av mánanum].	25,5%	**49,1%**	25,5%

Tafla 6: Mat færeyskra málhafa á setningum með sex orða nafnliðum og sex orða forsetningarliðum.

Þótt meirihluti færeysku málhafanna hafni setningunum í *töflu 6* (að undanskilinni setningu e) er mun meira samræmi í dreifingu þessara svara en við sáum í *töflu 2*. Færeysku málhafarnir eru greinilega hrifnari af setningum með sex orða nafnliðum og sex orða forsetningarliðum en af setningunum í *töflu 5* – það eru almennt almennt fleiri sem samþykkja þær og mun fleiri telja þær vafasamar en ótækar. Aftur sjáum við skýran mun á mati færeysku málhafanna á setningum með frumlags- og andlagsnafnliðum en sambærilegur munur kom ekki fram hjá íslensku málhöfunum í þessum flokki. Í framhaldi af þessu er forvitnilegt að skoða hvort hlutfallsleg lengd liðanna skiptir máli fyrir færeysku málnotendurna. Það er sýnt í *töflu 7*.

Frumlag FL 2 NL 6	**Já**	**Nei**	**?**
a. Vanliga renna [um summarið] [nakrar hundrað ungar kvinnur í Havnini].	27,4%	**58,5%**	14,2%
b. Um vikuskiftið spæla [í dystinum] [ung ítróttafólk úr Víkingi og TB].	10,4%	**63,2%**	26,4%
c. Í fjør komu [til Havnar] [nakrir kendir listamenn úr øðrum londum].	27,4%	**45,3%**	27,4%
Beint andlag FL 2 NL 6	**Já**	**Nei**	**?**
d. Beinta lesur [um morgnarnar] [øll møgulig stuttlig tíðarrit um móta].	**47,2%**	39,6%	13,2%
e. Vit sóu [á savninum] [avbera nógvar myndir av gomlum kirkjum].	30,2%	**40,6%**	29,2%
f. Tjóvarnir stjólu [úr handlinum] [átta gomul lummaur og fýra armbond].	38,7%	**41,5%**	19,8%

Tafla 7: Mat færeyskra málhafa á setningum með sex orða nafnliðum og tveggja orða forsetningarliðum.

Það kemur á óvart hversu svipaðar niðurstöðurnar í *töflu 7* og *töflu 6* eru. Mikill meirihluti íslensku málhafanna samþykkti setningar af þessari gerð og afar fáir höfnuðu þeim algerlega. Þær niðurstöður bentu til þess að hlutfallsleg þyngd sé mikilvægt atriði fyrir íslenska málhafa en *tafla 7* gefur til kynna að hún skipti færeyska málhafa minna eða jafnvel engu máli. Eins og áður fengu setningar með frestuðum andlagsnafnliðum betri viðtökur hjá færeyskum málnotendum en setningar með frestuðum frumlögum.

Að lokum sjáum við mat færeyskra málhafa á setningum með tveggja orða nafnliðum og sex orða forsetningarliðum í *töflu 8*.

Frumlag FL 6 NL 2	**Já**	**Nei**	**?**
a. Í gjár vóru [á spennandi skeiði um føroyska mentan] [nógvir danir].	5,7%	**86,8%**	7,5%
b. Um várið svimja [á lítlu tjørnini í gamla miðbýnum] [hvítir svanir].	14,2%	**70,8%**	15,1%
c. Leygardagin vóru [á fundi um umstøður teirra lesandi] [tjúgu mannfólk].	10,4%	**80,2%**	9,4%
Beint andlag FL 6 NL 2	**Já**	**Nei**	**?**
d. Turið keypti [í lítla nýggja handlinum í miðbýnum] [nýggjar skógvar].	12,3%	**66%**	21,7%
e. Eg las [til seinastu royndina í donskum máli] [nógvar bøkur].	15,1%	**66%**	18,9%
f. Jógvan stjól [frá einum góðum gomlum íslendskum vini] [nógvan pening].	17,9%	**56,6%**	25,5%

Tafla 8: Mat færeyskra málhafa á setningum með tveggja orða nafnliðum og sex orða forsetningarliðum.

Flestir færeysku málhafarnir höfnuðu setningum af þessari gerð en sumir þeirra töldu setningarnar fullkomlega eðlilegar. Hér er ekki grífurlegur munur á því hversu margir málhafar samþykkja setningar með andlags- og frumlagsnafnliðum en þó eru augljóslega færri málhafar sem telja andlagssetningarnar vafasamar en frumlagssetningarnar. Niðurstöðurnar eru því í samræmi við svörin í fyrri töflum: málhafar hafna síður setningum með frestuðum andlögum en frumlögum þótt þeir samþykki þær ekki fyllilega.

5. Samantekt og lokaorð

Niðurstöður kannananna tveggja eru að ýmsu leyti ólíkar og það helsta er dregið saman í (16):

(16)a. Það virðist ekki skipta íslenska málhafa neinu máli hvort frestaði nafnliðurinn er andlag eða frumlag en færeysku málhafarnir voru augljóslega hrifnari af frestuðum andlagsnafnliðum en frumlagsnafnliðum í öllum lengdarflokkum.

b. Hlutfallsleg þyngd liðanna hafði greinileg áhrif á mat íslensku málhafanna þegar nafnliðurinn var lengri en forsetningarliðurinn en lítil sem engin á mat færeysku málhafanna.

c. Málhafar beggja tungumála samþykkja setningar með stuttum nafnliðum sem hafa verið færðir yfir jafnlangan eða jafnvel lengri forsetningarlið

Eitt aðalmarkmið greinarinnar var að svara þeirri spurningu hvort hægt sé að fresta bæði andlögum og frumlögum í íslensku og færeysku og niðurstöðurnar sýna að svo er. Hins vegar er það ljóst að færeyskir málhafar eru almennt tregari en þeir íslensku til að samþykkja setningar með FÞNL og að þeir samþykkja setningar með frestuðum frumlögum síður en setningar með frestuðum andlögum.

Annað markmið greinarinnar var að kanna hvort hlutfallsleg þyngd skipti málhafa íslensku og færeysku máli þegar kemur að FÞNL. Íslenskir málhafar samþykkja frekar setningar með FÞNL ef nafnliðurinn er lengri en forsetningarliðurinn en færeyskum málhöfum finnst greinilega mikilvægast að nafnliðurinn sé langur, óháð lengd liðarins sem hann færist yfir. Það er þó vert að minna á að margir íslenskir málhafar samþykktu líka setningar með löngum nafnlið sem var færður yfir jafnlangan forsetningarlið. Það sýnir að þótt hlutfallsleg þyngd hafi áhrif á mat íslensku málhafanna þá er hún ekki skilyrði fyrir FÞNL.

Þrátt fyrir þetta er ekki síður athyglisvert að málhafar beggja tungumála samþykkja setningar með stuttum nafnliðum sem hafa verið færðir yfir jafnlangan eða jafnvel lengri forsetningarlið. Það þýðir að sumum málhöfum finnst allt í lagi að færa nafnliði sem geta varla talist þungir ef mælikvarði þyngdar er orðafjöldi innan liðar, jafnvel þótt forsetningarliðurinn sé töluvert lengri. Það er því ljóst að þótt ákveðnir þættir skapi „betra umhverfi“ fyrir FÞNL, þá er enginn þeirra skilyrði fyrir færslunni og nafnliðir þurfa ekki að vera þungir til að færast með FÞNL.

Markmið rannsókna af þessu tagi er að kanna hvernig málhafar skilja og nota tungumálið sitt og eins og niðurstöður þessarar rannsóknar sýna er oft töluverður breytileiki milli málhafa eins tungumáls. Ef við viljum svara spurningunni hvort FÞNL sé möguleg í íslensku og færeysku er ekki nóg að líta á hlutfall málhafanna sem samþykkja setningar af þessari gerð. Ef þrjátíu prósent málhafa samþykkir setningarnar þá þýðir það ekki að öllum málhöfum finnist setningar með FÞNL þrjátíu prósent eðlilegar heldur að þrjátíu prósent málhafa finnist setningar með FÞNL eðlilegt mál. Ef öðrum þrjátíu prósentum finnst sömu setningar málfræðilega ómögulegar, þá þýðir það að málhafar eins tungumáls hafa ekki allir sömu málfræði í höfðinu. Það er því til lítils að biðja einn færeyskan málhafa að meta setningarnar sem voru prófaðar í þessari rannsókn enda myndu svörin ekki segja okkur neitt um færeysku, ólíkt því sem oft er haldið fram.

Niðurstöður rannsóknarinnar sem hér er lýst hafa svarað þeim spurningum sem lagt var upp með en auðvitað er mörgum spurningum ósvarað. Ýmsir fleiri þættir en fjöldi orða og atkvæða innan liða og hlutfallsleg þyngd mæld á þann hátt gætu haft áhrif á FÞNL. Spurningunni um það hvaða þættir þetta eru verður vonandi hægt að svara með frekari rannsóknum.

HEIMILDIR

Barnes, Michael P. 1992. Faroese Syntax. Achievements, Goals and Problems. *The Nordic Languages and Modern Linguistics* 7, bls. 17–37. Føroya Fróðskaparfelag, Tórshavn. [Einnig birg í *Scripta Islandica* 43:28–43 og hjá Barnes 2001.]

Barnes, Michael P. 2001. *Faroese Language Studies*. Studia Nordica 5. Novus, Oslo.

Chomsky, Noam. 1975. *The Logical Structure of Linguistic Theory*. University of Chicago Press, Chicago. [Ritið er að stofni til frá 1955 en var ekki birt í bókarformi fyrr en síðar.]

Eiríkur Rögnvaldsson. 1982. *Um orðaröð og færslur í íslensku*. Kandídatsritgerð, Háskóli Íslands, Reykjavík. [Gefin út 1990 hjá Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.]

Hawkins, John A. 1994. *A Performance Theory of Order and Constituency*. Cambridge University Press, Cambridge.

Holmberg, Anders, og Christer Platzack. 1995. *The Role of Inflection in Scandinavian Syntax*. Oxford University Press, Oxford.

Höskuldur Þráinsson. 2007. *The Syntax of Icelandic*. Cambridge University Press, Cambridge.

Höskuldur Þráinsson, Hjalmar P. Petersen, Jógvan í Lon Jacobsen og Zakaris Svabo Hansen. 2012. *Faroese. An Overview and Reference Grammar*. 2. útg. Fróðskapur, Tórshavn og Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.). 2013. *Tilbrigði í íslenskri setningagerð I*. Markmið, aðferðir og efniviður. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.). 2015. *Tilbrigði í íslenskri setningagerð II*. Helstu niðurstöður. Tölfræðilegt yfirlit. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Kimball, John. 1973. Seven Principles of Surface Structure Parsing in Natural Language. *Cognition* 2:15–47.

Ross, John R. 1967. *Constraints on Variables in Syntax*. Óútgefin doktorsritgerð, MIT. [Gefin út síðar sem *Infinite Syntax* hjá Arlex Publications, Norwood, New Jersey, 1986.]

Stallings, Lynne M., og Maryellen C. MacDonald. 2011. It's not Just the "Heavy NP". Rlative Phrase Length Modulates the Production of Heavy-NP Shift. *Journal of Psycholinguistic Research* 40:177–187.

Vikner, Sten. 1995. *Verb Movement and Expletive Subjects in the Germanic Languages*. Oxford University Press, Oxford.

Wasow, Thomas. 1997. Remarks on Grammatical Weight. *Language Variation and Change* 9:81–105.

Wasow, Thomas, og Jennifer Arnold. 2005. Intuitions in Linguistic Argumentation. *Lingua* 115:1481–1496.

SUMMARY

'Heavy NP Shift in Icelandic and Faroese'

Keywords: Icelandic, Faroese, variation, word order, Heavy NP Shift

This paper presents the results of two large-scale surveys on Heavy NP Shift in Icelandic and Faroese. The goal of this study was to see whether both subjects and direct objects can be shifted in Icelandic and Faroese and whether relative weight of the constituents in question (measured by the number of words) affects the way speakers of these languages evaluate sentences of this kind. The participants in the surveys evaluated sentences with shifted subjects and direct objects. The NPs were all shifted across a VP-modifying PP and the length of the NP and the PP was controlled. The results show that Heavy NP Shift with both subjects and direct objects is acceptable to most Icelandic speakers and to some Faroese speakers, although Faroese speakers clearly prefer shifted objects to subjects. The survey also revealed that different factors contribute to how speakers of these two languages evaluate sentences with shifted arguments. For Icelandic speakers the examples improve if the shifted NP is relatively heavier than the PP it shifts across, whereas for Faroese speakers it is most important that the NP is long, regardless of the heaviness of the PP. Despite this, a number of speakers of both languages accept shifted NPs that cannot be considered long and are even relatively shorter than the PP. This tells us that for some speakers it is perfectly acceptable to shift NPs that would generally not be considered heavy at all. It remains to be determined, however, if other factors than length or heaviness (as defined here) play a role in Heavy NP Shift in these languages.

ÚTDRÁTTUR

Í greininni eru kynntar niðurstöður tveggja stórra kannana á færslu þungs nafnliðar í íslensku og færeysku. Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvort hægt sé að fresta bæði frumlags- og andlagsnafnliðum í íslensku og færeysku og hvort hlutfallsleg þyngd hafi áhrif á mat málhafa á setningum af þessari gerð. Þátttakendur rannsóknarinnar lögðu mat á setningar með færðum frumlags- og andlagsnafnliðum. Setningarnar innihéldu allar nafnliði sem voru færðir yfir forsetningarlið. Niðurstöðurnar sýna að flestir íslenskir og sumir færeyskir málhafar samþykkja setningar með færslu þungs nafnliðar hvort sem nafnliðurinn er frumlag eða andlag, en færeyskir málhafar samþykkja þó yfirleitt frekar frestuð andlög en frumlög. Þær leiddu einnig í ljós að ólíkir þættir hafa áhrif á málhafa þessara tungumála á setningum með færðum liðum. Íslensku setningarnar fengu besta dóma þegar nafnliðurinn var hlutfallslega þyngri en forsetningarliðurinn en það sem mestu máli skiptir fyrir færeyska málhafa er að nafnliðurinn sé langur. Þrátt fyrir þetta samþykktu sumir málhafar beggja mála setningar með stutta nafnliði sem voru færðir yfir jafnlanga eða lengri forsetningarliði. Þessar niðurstöður gefa til kynna að nafnliður þurfi ekki endilega að vera þungur til að færast með færslu þungs nafnliðar. Hins vegar er ókannað hvaða þættir aðrir en lengd eða þyngd (eins og hún er skilgreind hér) kunna að skipta máli í þessu sambandi.

Ingunn Hreinberg Indriðadóttir
Háskóla Íslands
ingunn@hi.is

ANNE-KARI SKARÐHAMAR

Naturkrefter i færøysk diktning

En komparativ studie av hvordan barns opplevelser av lys og mørke, hav og vind får uttrykk i et utvalg dikt og prosatekster av Christian Matras og William Heinesen

Innledning

Hvordan oppleves natur, oppvekstmiljø og hendelser av et barn? Problemet med å finne svar på dette spørsmålet er at det er ikke et barn som skriver, men voksne som husker og gjendikter inntrykk og erfaringer fra sin barndom. Selv ikke beskrivelser som eksplisitt bygger på forfatterens egne barndomsopplevelser, er autentiske, for en voksen kan ikke i ettertid objektivt beskrive sin barndom. Den voksne velger ut, omdikter og fortolker det utvalget en upålitelig erindring har foretatt.

Christian Matras (1900–1988)

Dikterens utgangspunkt: Oppvekst på randen av en avgrunn

Christian Matras vokste opp i bygda Viðareiði og bodde der til han som tolvåring reiste til Tórshavn for å gå på Færøernes Mellem- og realskole. I intervjuer og i artikler har han gitt uttrykk for at de natur-inntrykkene han mottok som barn har hatt stor betydning for hans diktning.

„Bygdin“

Den viktigste kilden til opplysninger om Christian Matras' oppvekstmiljø er hans artikkel „Et færøysk bygdehjem. „Handelen“ i Viðareiði“ (1953). Den ble skrevet for danske lesere, men ble omtrent tyve år etter publisert på færøysk med tittelen „Bygdin“ som en prosatekst i diktsamlingen *Á hellu eg stóð* (Matras 1972). Bygdin gir først og fremst en skildring og en tolkning av naturen på Viðoy. Bebyggelsen i Viðareiði var delt i grender, og i grenda Bakken lå huset Brekkumørk, der familien Matras bodde, ytterst på brinken ut mot havet i vest. Naturelementene sjø og vind var mer merkbare på Brekkumørk enn i andre deler av bygda:

> Vit, sum búðu á Bakkanum, mundu hava sjógvin við sínum ljóðum og skiftandi lag nærri upp at okkum enn nakað annað fólk í bygdini, og vesturættin var tíðum gestur, og hørð var hon í tøkum, so stríggið kundi vera hjá smáum fótum at ferðast uttandura (Matras 2004:160).

Bygdin innledes med en fortolkende beskrivelse av naturopplevelser fra barndommen:

> Fyrst er so nátturan. Skal eg í fáum orðum siga útlendinginum frá teirri náttúru, sum er uttan um lítilheimin hjá fólk her úti í havið, so verða orðini: hon var tað vandamikla, tað ræðiliga, tað magnmikla – og tað sum var blíðari og friðsælari enn alt tað sum hugurin fær loftað (Matras 2004:157).

Sentralt for innbyggerne i Viðareiði i Christian Matras' barndom var naturens to sider: den fryktelige og den idylliske: „For folkene i min hjembygd var *kyrra og brim* de vigtigste ord i sproget“ (Matras 1953:115). „Kyrra og brim vóru høvuðsorð í mál okkara“ (Matras 2004:158) Vind og brenningsforhold var avgjørende for om fiskebåtene kunne gå ut og komme i land igjen på *Hellu*, og dermed for bygdas

eksistens. I dette samfunnet lærte bygdefolket seg å betrakte havet „ikke for æstetikens skyld, men af den pure nødvendighed."

Vekslingen mellom havblikk og brenning danner motpolene i barnets erfaring av naturen. Som motsetning til farene i naturen står solskinnsstunder med havblikk, det dikteren kaller idylliske inntrykk. Slike stunder har den voksne dikteren lagret i minnet.

Det bratte berget og havets herjing representerte daglig livsfare for lekende barn. Christian Matras sa i en samtale i fjernsynsfilmen *Tríggir varðar* at han er vokst opp på kanten av en avgrunn, og i Bygdin formulerer han seg tilsvarende: „den engang daglige færden på afgrundens rand."

Foruten å beskrive sine egne opplevelser av naturen ga Christian Matras i „I et færøsk bygdehjem …" en forklaring på hvorfor naturen for færøyske kunstnere fikk en annen og mer grunnleggende betydning enn den estetiske:

> havets ubønnhørlige realitet og folkets dybe afhængighed af den har måske givet færøske kunstnere et handicap over for deres kolleger i mange andre lande: de vil aldrig kunde betragte havet blot med Æstetikerens øjne, aldrig helt kunde frigøre sig for den tanke, at havet er en naturkraft af hedensk og livsfjendsk vælde. Denne fordom tror jeg bliver den sidste, man kan udrydde af færingens sind. Men ligeså sikkert er det, at de dybe havbliksøjeblikke, man som barn oplevede ved strandkanten under de høje stejle kyster, for bestandig vil stå for en som den højeste og sandeste lykke, der kan forundes et menneske (Matras 1953).

Slike opplevelseskarakteristikker samsvarer med definisjonen av det *sublime*, som „sindets mægtige løftelse ved konfrontationen med det ufatteligt store i naturen" (Mortensen 1996:25).

For Christian Matras ble erfaringene av naturen der han vokste opp en eksistensiell grunnopplevelse. Den ga ham en livsfølelse som han i „Et færøsk bygdehjem … " betegnet som „kosmisk", en livsfølelse han forestiller seg at byboere mangler:

> Hjá mær var sjógvurin inni við land ikki øðrvísi enn byrjanin á hinum mikla endaleysa havi, og fjøll, sum máni og stjørnur, veittu huga mínum eina rúmdar- og endaloysiskenslu, sum eg sleppi ikki frá, men sum onkur kanska heldur var tað rama luksus nú á døgum. Er tað, tá ið saman um kemur, ikki ónýtt hjá manni í dag at hava slík magnandi spor standandi í huganum sum tey, ið nátturan merkti í eitt barn í eini bygd í Føroyum stutt eftir aldaskiftið? (Matras 2004:165).

Tre dikt

Tre dikt fra Christian Matras' andre diktsamling *Heimur og heima* (1933) viser hvordan naturkreftene hav og vind, lys og mørke virker på et barn. „Dunið, dunið av vestansjógv" skildrer bulderet av brenningen, som oppleves skremmende for en sårbar guttesjel, „ein veiklig dreingjarsál", den mørke kvelden.

DUNIÐ, DUNIÐ AV VESTANSJÓGV
Dunið, dunið av vestansjógv
stendur í kvøld upp um bakkatrom
– er sum ein ræðilig risarødd
uttan av havi kom.

Óttasligin og einsumøll
blaktrar ein veiklig dreingjarsál
– kennir sum myrkrið um allan heim
í kvøld hevur fingið mál.

Første strofe skildrer naturfenomenet, andre strofe skildrer guttens reaksjon på brenningsbulderet. Det har slik kraft at det bryter inn i det hjemlige og trygge og lyder som en fryktelig riserøst. Mennesket kjenner seg truet av makter sterkere enn seg selv. Guttens følelse av å være forlatt og overgitt utdypes. Det skjer en forskyvning fra brenningen til mørket. Gutten opplever at mørket lever og lyder, og universet er besjelet. Brenningen er en del av det omfattende mørkets stemme. For gutten dreier det seg ikke bare om bygda og vesthavet, men om hele verden og verdensrommet. Naturbeskrivelsen i diktet er ikke en estetisk betraktning, men en eksistensiell erfaring av havet som en hedensk og livsfiendsk kraft.

Et dikt som skildrer bevegelsen fra opplevelse av uhygge til ny trygghet og glede er „Undir hesum øgiseggjum“:

UNDIR HESUM ØGISEGGJUM
Undir hesum øgis-eggjum
stendur land við meitilveggjum
skapandi úr tómum lofti
ørsku-rúmd.

Streymbrátt hav í víðum fløtum
andar undir mannagøtum
– sum ein fyrndar-jøtuns ond.
Her er oyggjar ytsti endi.
– Leingi sólin bergið brendi,
áðrenn hon um eggjatremur
reis á síni mildu ferð
sum ein himinrúmsins fuglur
siglandi um alla verð
áðrenn barn í eiðis túnum
sær av nýggjum skapast verð.

Diktet beskriver de svimlende bratte bergveggene med strømvilt havs jotunånde nedenfor. I siste halvstrofe i diktet stiger sola over eggen og seiler som en himmelrommets fugl rundt hele verden. Og barnet i tunet ser verden nyskapes. Opplevelse av undergangs- og skapelseskrefter gir barnet en oppfatning av sammenheng i tilværelsen og en grunnleggende livsforståelse. Verden skapes på nytt idet dagen og sollyset sprenger natt og mørke.

Et tredje dikt som beskriver et barns opplevelse av mørke og lys, hav og vind er „Barnsligt minni“, som beskriver en opplevelse diktets subjekt ofte hadde før og etter en storm. Den første strofen skildrer krise og uro, opplevelsen av stormens overveldende kraft om natten, og den andre strofen skildrer forandringen fra storm til havblikk. I selve diktet er det ikke noe som tyder på at opplevelsene er et barns erfaringer, men tittelen viser at det dreier seg om barndomsminner.

Et „jeg“ er tydelig til stede i teksten. Den nattlige uroen over stormen er barnets, men den voksne dikteren har båret minnet med seg. Det ligger ingen vurdering i teksten som tyder på at den voksne ser barnets reaksjon som et tilbakelagt stadium. Mye tyder på det motsatte, siden han har bevart opplevelsen uten å distansere seg fra den erfaringen barnet gjør. Opplevelsen har fått betydning for den voksnes oppfatning og tolkning av tilværelsen.

BARNSLIGT MINNI
Eg vaknaði upp á mangari nátt
og kendi í myrkrinum veldigan mátt,
sum herjandi stóð um hábygda eið
og bendi alt lív á sínari leið.
Men rak burtur myrkur, og makaði hválv,
og tók hann úr sjónum illsku og gjálv,
tá lýsti ein heimur víð dýrasta logn,
og aftur var sæla í mínari ogn.

William Heinesen (1900–1991)
William Heinesen har gjennom sitt forfatterskap gitt uttrykk for opplevelsen av den umerkelige overlappingen av det lokale og det universale:

> Denne flække … kan tillige, som ethvert sted på kloden, hvor mennesker er født og vokset op, gøre krav på at være selve verdens navle. Her var det, sol og måne viste seg for første gang, her er stedet hvor nat og dag ble til (Heinesen 1967:105).

Parallellen mellom de to dikterne kan forklares ved impulsene fra den færøyske naturen der hav og himmel er dominerende elementer, og utsynet er vidt. Naturopplevelsene hos de to må likevel ha vært forskjellige. Bygdegutten Christian Matras vokste opp „på randen af en afgrund“ i en grisgrendt bygd der havet brølte utenfor stuedøren, mens den urbane William Heinesen vokste opp i en tettbygd gamlebydel i øylandets minihovedstad. En tilleggs-forklaring på parallellen i „kosmisk livsfølelse“ kan være vennskapet og de felles filosoferinger de to dikterne foretok i skoletiden i Tórshavn og ved brevveksling senere.

William Heinesens debutsamling fra 1921 har tittelen *Arktiske Elegier*, en tittel som skaper forventninger om kaldere og nordlige strøk enn dikteren beskriver. I Heinesens dikt er det mørke og storm, men lite frost og is som i arktiske områder. Atlantisk ville ha vært en mer dekkende tittel. Forlagsreklamen og anmeldere fremhevet „de mørke og barske øer“, „den vrede vind“, „stigende storm“ og „nattens uvejrsmur“.

Skildringer av barns erfaringer og barns tolkning av opplevelser er sentrale i William Heinesens prosaverker fra 1950-årene og framover. Erfaringene har gyldighet ut over fortellerens egne, for barn i William Heinesens tekster representerer mennesket. Den voksne fortelleren har bevart barndommen som en kilde til livskunst i voksenlivet. Erindringene fungerer som optiske trylleglass eller som et teleskop som både kan rettes utover mot stjernetåker og bakover i tiden. Han ser fragmenter fra fortiden som «lysende farvebilder i mørket» gjennom en fiktiv laterna magica eller gjennom «barndommens fortryllede øjenlinser», barns fabulerende virkelighetsfortolkning fremheves som en ressurs i spillet mellom dødskrefter og livskrefter.

I novellen „Det vingede mørke“ fra *Det fortryllede lys* (1957) er jenta Antonia ute en mørk høstkveld. Mørket og det ukjente utfordrer henne til å fantasere om det farlige som skjuler seg der. Angsten skaper myter om makter, men får også jenta til å nyte følelsen av uhygge og fabulere med en blanding av glede og gru. I William Heinesens forfatterskap skildres myteskapende barn. For disse barna er bevisstheten om makter i tilværelsen sterk, og ved å dikte og fabulere dannes forestillinger og myter om maktenes vesen. Det som berger mennesket i kampen mellom skapende og destruktive krefter, er den mytiske fabuleringsevnen som mange barn har.

William Heinesens femte diktsamling, *Den dunkle sol* (1936) har to deler, „Rejsebilleder og Parabler“ og „Barnet og sommerdagen“. Vektleggingen av mørke og lys er forskjellig i de to delene. En anmelder skrev at de ledende ord i diktsamlingen var „øde, natt, mørke, død“ og at William Heinesens dikt formidler fortvilelse, angst og hjemløshet. Christian Matras mente anmelderen ikke hadde forstått at de mørke sidene fungerte som kontrast til de lyse. Den andre avdelingen, „Barnet og sommerdagen“, viser tydelig at det finnes motkrefter til mørket. Diktet „Vuggevise“ har tilsynelatende ingenting med erindring og barndom å gjøre. Her lyder den voksnes stemme. Men en vuggevise synges helst for barn, og beskrivelsene av verden er gjerne tilpasset barns måte å tenke konkret på. Diktet beskriver en motsetning mellom trygghet og fare. Mørket hvelver seg over landet som en veldig dykkerklokke. Den gjør det mulig å overleve på store dyp. Ikke før i de tre siste versene i annen strofe beskrives det som er utenfor tryggheten og beskyttelsessfæren. Her er ingen landskapstilknytning med vinterstormer, brenning og mørke. Perspektivet åpnes mot universet og uendeligheten, der ville og ustyrlige krefter raser:

VUGGEVISE
Som en vældig Dykkerklokke
Hvælver Mørket sig om Landet,
Samler Livets Aande om os,
Lukker Død og Kulde ude.
Som en algod Rugehøne
Hviler Vaaren over verden.

Stille aander Jorden. Livet
Er den Haandfuld Modervarme,
Samlet paa en søvnig Klode
Under Vaarens Taageklokke.
Udenfor i Hvælvet vaager,
Fraadehvidt af Ildorkaner,
Universets Dødehav.

Diktet „Barnet og sommerdagen“ beskriver barndommens erfaringer, men diktet sier ikke noe direkte om et barn. Det er barnets inntrykk av en sommerdag som er motivet, og hvert utsagn er en liten fortelling. De inntrykkene barnet mottar, gjelder farge, lys og skygge, lyd og bevegelse. Besjeling forsterker fornemmelsen av at den som mottar inntrykkene, er et barn. Kilden pludrer og passer sitt, småørretene bor i mørket, sneglene sitter i dype tanker, og edderkoppen hygger seg og hviler etter maten. Diktet sammenstiller den voksnes og barnets opplevelser, et møte mellom erindring og gjenfremkalling av erindring. Det dreier seg om en følelse av uendelighet, av forundring og forventning, ensomhet og tålmodighet. Barndommens erfaringer beskrives, og de fungerer både som et grunnlag for den voksnes erfaring, og som et ledd i utviklingen av livsfølelse og refleksjon i den voksnes bevissthet. De erindrede opplevelsene fra barndommen får allment perspektiv og uendelighetsperspektiv:

BARNET OG SOMMERDAGEN
Uden Begyndelse er den evige Dag.
Engang i Tidernes Morgen var det Morgen.
Glade Mænd paa kaade vrinskende Heste
Red forbi en vaad og solblank Østgavl
Og blev borte i den rolige Blaanen.

Fugle fór forbi den samme Vej,
Skyggerne af deres vilde Vinger
Strejfede lynsnart
Hønsegaardens tindrende Grus.
Uden begyndelse og uden Ende
Er de evige, evige Sommermarker.
Dybt under Mosset i en stenet Lavning
Pludrer en Kilde og passer sit.
Smaa Foreller med fine dirrende Finner
Bor dernede i det brune Mørke.
Sorte Snegle sidder som i dybe Tanker
Paa de dunkle Kabbelejers Blade.
Edderkoppen gynger i sit Net,
Tung og mæt.
Mos og Timian dufter, Spover synger.
Nu og da et Sus i modent Græs.
Nu og da en skinnende Sky for Solen.
Saadan sejler den endeløse Dag
Med sin Fragt af Ensomhed og Taalmod.

Oppsummering

Vekslingen mellom havblikk og brenning er sentralt i Christian Matras' lyrikk. Naturens skiftninger mellom undergangskrefter og skapelseskrefter gir barnet en opplevelse av helhet og sammenheng, en grunnleggende livsforståelse. Etter det ødeleggende og truende kommer det livsbyggende („barndómurin við øllum tí sum uppi í honum er, var sum gandur og er tað enn" (Jens Pauli Heinesen 1984). Verden skapes på nytt når lyset sprenger natt og mørke.

I William Heinesens diktning opplever barnet forholdet mellom lys og mørke som et spill mellom døds- og livskrefter. Barnet overvinner angsten for mørket ved myteskapende fantasi og fabulerende virkelighetsfortolkning.

LITTERATUR

Heinesen, Jens Pauli. 1984. Kosmisk lívskensla. Skaldið Christian Matras. *Brá* 3(6):56–63.

Heinesen, William. 1921. *Arktiske Elegier og andre Digte*. Levin & Munksgaard, København.

Heinesen, William. 1936. *Den dunkle sol. Digte*. Levin & Munksgaard, København.

Heinesen, William. 1957. *Det fortryllede lys*. Gyldendal, København.

Heinesen, William. 1967. *Kur mod onde ånder*. Gyldendal, København.

Heinesen, William. 2000. *Samlede digte*. Gyldendal, København.

Matras, Christian. 1933. *Heimur og heima. Yrkingar*. S.n., Tórshavn.

Matras, Christian. 1953. „Et færøsk bygdehjem: „Handelen" i Viðareiði." Tove Clemmensen (red.): *Danske hjem ved århundredskiftet*, s. 114–126. H. Hirschsprungs forlag, København.

Matras, Christian. 1972. *Á hellu eg stóð. Gamalt og nýyrkt*. Bókagarður, Tórshavn.

Matras, Christian. 2004. *Yrkingar. Heildarsavn við yrkingum og týðingum*. Savnað, skipað og skrivað eftirskrift hevur Anne-Kari Skarðhamar. Føroya lærarafelag, Tórshavn.

Mortensen, Klaus P. 1996. *The Time of Unrememberable Being. Wordsworth og det sublime 1787–1805*. Litteraturkritik & romantikstudier, København. [Oversatt fra dansk av W. Glyn Jones som *The Time of Unrememberable Being. Wordsworth and the Sublime 1787–1805* og utg. av Museum Tusculanum Press, København. 1998.]

Skarðhamar, Anne-Kari. 2002. *Poetikk og livstolkning i Christian Matras' lyrikk*. Med et tillegg om Matras og færøysk lyrikk. Unipub forlag, Oslo 2002. [Særopplag utgitt i samarbeid med Føroya Fróðskaparfelag i serien Annales Societatis Scientiarum Færoensis. Supplementum XXXI.]

Skarðhamar, Anne-Kari. 2005. *Fyrvokteren ved verdens ende og hans laterna magica. Ti artikler om William Heinesens forfatterskap*. Unipub forlag, Oslo.

SUMMARY

'Forces of nature in Faroese poetry'

Keywords: Christian Matras, William Heinesen, Faroese poetry, forces of nature

This article is a comparative study of a child's experience of light and darkness, ocean and wind are described and interpreted in a selection of poems and texts in prose by the Faroese authors Christian Matras (1900–1988) and William Heinesen (1900–1991).

The shift between calm seas and breakers is central in the poetry of Christian Matras. The scenery is characterized by tall hills and steep cliffs leading to the sea where the surf breaks against the rocks while the child is standing on the edge of the abyss watching the pounding seas below. Through the roaring of the sea, the calm becomes sublime. These extremes have become the outer points of reference in the poet's understanding of life.

In William Heinesen's poetry and prose the child's experience of the shift between light and darkness is described as a shift between forces of life and death. The child manages to master his fear of the darkness by means of his creative imagination and mythical interpretation of life and death.

Anne-Kari Skarðhamar
Oslo Metopolitan University
anne-kari.skardhamar@oslomet.no

ÞORVARÐUR ÁRNASON

Landslag. Þar sem náttúra og maður mætast

Inngangur

Í nóvember 2015 tóku ný lög um náttúruvernd gildi á Íslandi. Þau byggðu að stofni til á störfum nefndar sem falið var að vinna að heildarendurskoðun á íslenskri löggjöf um náttúruvernd á árunum 2009–2011. Margvísleg nýmæli má finna í lögum þessum en hér verður fyrst og fremst horft til þess að þau marki veruleg tímamót í sögu landslagsverndar á Íslandi. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 eru þannig fyrstu íslensku náttúruverndarlögin sem fela í sér formlega skilgreiningu á hugtakinu „landslag“ og gera náttúrlegt landslag þannig að sérstöku viðfangi náttúruverndar hérlendis. Eldri löggjöf um náttúruvernd tók að nokkru leyti tillit til landslags en fjallaði þó ekki um nauðsyn þess að vernda landslag **sem landslag** – ýmis ákvæði eldri laga tryggðu náttúrlegu landslagi óbeina vernd (t.d. innan marka þjóðgarða þar sem náttúran – þar með talið landslag – skyldi varðveitt án meiriháttar umbreytinga af hálfu mannsins) en fjölluðu þó ekki að neinu marki um forsendur landslagsverndar sem slíkrar, þ.e. í hverju verndargildi landslags kunni að vera fólgið né hvernig eigi að varðveita slíkt gildi. Ein skýring á þessu kann að vera sú að landslag er ekki „dæmigert“ náttúrufyrirbrigði – það hefur mun nánari tengsl við skynjun og lifun manna en t.d. sjaldgæfar tegundir lífvera eða fágætar jarðminjar. Náttúrlegt landslag er þannig ávallt á mörkum hins náttúrlega og hins mannlega, þess hlutlæga og þess huglæga, hins einstaka og hins almenna.

Hér á eftir verður reynt að rekja sögu landslags í íslenskri náttúruverndarlöggjöf og um leið leitast við að varpa ljósi á þau einkenni og gildi sem gera náttúrlegt landslag að verðugu viðfangi fyrir slíka löggjöf. Hafa ber í huga að landslagsrannsóknir eru fremur ungt fræðasvið hérlendis og því fjölmargt sem bíður þess að vera skoðað og rætt mun nánar en hér er unnt að gera.

Náttúrlegt landslag á Íslandi

Landslag á Íslandi er um margt sérstætt, í það minnsta ef miðað er við nágrannalönd okkar á meginlandi Evrópu. Fjölbreytni þess er mikil en hana má að stærstum hluta rekja til síkvikra og mikilvirkra jarðfræðilegra ferla, svo og samverkunar ólíkra ferla. Náttúrlegt landslag má enn víða finna á Íslandi, ekki síst á miðhálendinu, en landslag sem ekki hefur verið varanlega umbreytt af mönnum verður æ sjaldgæfara á jörðinni.[1] Sumar algengar íslenskar landslagsgerðir eru jafnframt fágætar á heimsvísu, til að mynda jarðhitasvæði, jöklalandslag, víðáttumikil hraun og mosabreiður.[2] Náttúrlegt landslag á Íslandi þykir víða vera stórfenglegt, tignarlegt og fagurt – jafnvel ægifagurt. Ótal kvæði, frásagnir, málverk og ljósmyndir vitna um mikilvægi þess fyrir íslenska menningu og samfélag. Því mætti ætla að verndun náttúrlegs landslags hefði lengi verið forgangsmál í náttúruvernd á Íslandi. Landslag var þó ekki sérstaklega skilgreint í

[1] Þar sem þessi kafli fjallar um stöðu landslags sem viðfangs náttúruverndar á Íslandi miðast umræðan fyrst og fremst við náttúrlegt landslag.

[2] Nánari lýsingu á einkennum og sérstöðu náttúrlegs landslags á Íslandi má finna hjá Þóru Ellen Þórhallsdóttur o.fl. 2010. Þar má einnig finna ítarlegri umfjöllun um ýmis mál sem fjallað er um í þessari grein.

íslenskum náttúruverndarlögum fyrr en ný lög, nr. 60/2013, tóku gildi í nóvember 2015.[3] Skilgreiningin (töluliður 12, 5. gr.) hljóðar svo:

> *Landslag*: Svæði sem fólk skynjar að hafi ákveðin einkenni sem eru tilkomin vegna virkni eða samspils náttúrulegra og/eða mannlegra þátta.

Þessi skilgreining, sem sótt er til Evrópska landslagssamningsins (Council of Europe 2000), kann að koma lesendum nokkuð spánskt fyrir sjónir. Hún er vissulega talsvert frábrugðin þeim skilningi á hugtakinu „landslag“ sem lesa má út úr íslenskum orðabókarskilgreiningum, til dæmis í *Íslenskri orðabók* (2002:861): „heildarútlit landsvæðis, form náttúru á tilteknum stað“. Slíkar skilgreiningar vísa fyrst og fremst til hinnar fýsísku (þ.e. efnislegu og eðlisrænu) náttúru – til legu og lögunar lands. Orð eins og *útlit* og *form* í skilgreiningunni gefa samt vísbendingu um að landslag snúist ekki einvörðungu um náttúrufar svæða, heldur einnig – og ekki síður – um það hvernig slíkt náttúrufar orkar á okkur manneskjurnar sem skynjandi og merkingarleitandi verur (Þorvarður Árnason 1994).

Í daglegu tali erum við vön því að tengja landslag við ákveðna staði sem við **greinum frá** öðrum stöðum, ekki aðeins vegna legu þeirra eða lögunar, heldur einnig vegna minninga um reynslu eða atburði sem varða okkur persónulega. Landslag er í senn „eitthvað sem er þarna úti“ og „eitthvað sem er inni í mér“ – í landslagi mætast maður og náttúra, innra og ytra umhverfi; fyrirbærið landslag verður ekki hugtekið nema út frá þessum tvíeina veruleika.

Landslag er enn fremur bæði einstakt og almennt – landslag lýkst upp fyrir einhverri mannveru sem er stödd á ákveðnum stað á tilteknum tíma og við ákveðnar aðstæður. Hver landslagslifun er því að vissu leyti einstök og getur verið breytileg bæði milli ólíkra manna og þegar náttúrlegar aðstæður breytast (til dæmis birta, veðurfar eða árstíð). Náttúrufarið sjálft breytist þó ekki – jöklalandslagið er áfram til staðar þótt tungllaus nóttin eða rigningin byrgi okkur sýn til þess – það er „föst stærð“ hvort sem þúsund ólíkar manneskjur berji það augum eða engin. Skilningur á landslagi verður þannig til á mörkum hins einstaka og almenna. Reynsla og þekking sprettur af einstökum lifunum, en engin ein lifun er samt þess megnug að glæða heildarskilning á öllu sem viðkemur landslagi. Þá er algerlega óljóst hvort lifun landslags er í raun og veru eins breytileg milli einstaklinga og stundum er haldið fram – þvert á móti má allt eins ætla að til séu almennir drættir í lifun á tilteknum landslagsgerðum. Ekki er hægt að skera úr um það nema með því að bera saman lýsingar á landslagslifun og hvetja til þess að almenningur hugsi og tjái sig um slíkar lifanir á opinskáan og heiðarlegan hátt.

Ofangreindar tilraunir til að hugtaka landslag kunna ef til vill að hljóma nokkuð mótsagnakenndar. Slíkar mótsagnir helgast þó talsvert af því hvernig okkur er tamast að hugsa um náttúruna og jafnvel tilveruna sem heild, ekki síður en af viðfanginu sjálfu – landslagi – sem vissulega er margrætt og flókið. Þegar reynt er að skrifa um eðli eða inntak landslags rekst skrifarinn fljótt á margvíslega múra sem hugurinn nær ekki almennilega að klífa. Slíkir múrar tengjast gjarnan gamalgrónum andstæðupörum – svo sem hlutlægt/huglægt, staðreyndir/gildi, náttúra/menning, líkami/hugur – sem halda hugsuninni í „gíslingu“ í djúpum farvegum og leiða hana frá heildstæðum skilningi á því hvað landslag í raun og veru er. Sem dæmi má nefna þá hugsun að lifun fegurðar í náttúrunni sé alfarið undir þeirri mannveru sem upplifir hana komin og hafi því ekkert með hlutlæga eiginleika náttúrunnar sjálfrar að gera. Eða að náttúran – skilin sem hinn

[3] Hugtakið „landslag“ var fyrst skilgreint lögformlega á Íslandi í Skipulagslögum nr. 123/2010. Ekki var gert ráð fyrir þessari skilgreiningu í upphaflega stjórnarfrumvarpinu en henni var bætt við samkvæmt tillögu umhverfisnefndar Alþingis.

upprunalegi heimur – hljóti að vera andstæða alls sem maðurinn hefur skapað, jafnt í andlegu sem verklegu formi. Hugtakið „landslag“ eins og það er skilgreint í Evrópska landslagssáttmálanum storkar rótgróinni hugsun um heim sem byggður er upp af margvíslegum andstæðum tvenndum, en veitir þó takmarkaða leiðsögn um hvað gæti komið í staðinn. Sá sem þetta ritar kann enga töfralausn á þessum vanda, en í fljótu bragði virðist eina ráðið vera að reyna að skrifa sig frá tvíhyggjunni, viðbúinn því að árangurinn verði tæpast ásættanlegur, í það minnsta í fyrstu atrennu.

Landslag í náttúruverndarlögum

Fyrstu íslensku lögin um náttúruvernd tóku gildi árið 1956. Lögunum hefur oft síðan verið breytt en viðamestu efnislegu breytingarnar voru gerðar árin 1971, 1999 og 2013.[4] Áherslur og efnistök laganna endurspegla þróun í hugmyndafræði náttúruverndar yfir langt og umbyltingasamt tímabil, en samt sem áður má greina vissa „rauða þræði“ í umfjöllun um náttúrlegt landslag sem ná frá elstu lögunum til þeirra yngstu.[5] Hafa ber í huga að þar sem eldri náttúruverndarlög fjalla ekki um landslag sem sjálfstætt viðfang náttúruverndar þá er umræða þar um landslag sem slíkt ekki ýkja mikil og því verður víða að „lesa á milli línanna“; reyna að átta sig á því hvernig landslag var á hverjum tíma talið tengjast öðrum, skilgreindum verndarviðföngum eða verndargildi þeirra.

3.1 Landslag og fegurð – fyrstu náttúruverndarlögin

Setning fyrstu alsherjarlaga á Íslandi um náttúruvernd átti sér töluverðan aðdraganda.[6] Fyrsta frumvarpið af þessum toga var lagt fram af Magnúsi Jónssyni árið 1931. Það dagaði uppi á þingi, sem og fleiri frumvörp sem fylgdu í kjölfarið næstu árin. Ekki komst skriður á málin fyrr en 1948 þegar Alþingi samþykki þingsályktun sem fól ríkisstjórninni að undirbúa „löggjöf um verndun staða, sem eru sérstaklega merkir af náttúru sinni eða sögu.“ Vinna við frumvarpið hófst síðan haustið 1951 og var það fyrst lagt fyrir Alþingi fjórum árum síðar. Í lögum nr. 48/1956 kemur landslag fyrst fyrir í d-lið 1. gr. en þar segir:

> Heimilt er að friðlýsa landsvæði, sem eru ríkiseign og sérstæð eru um landslag, gróðurfar eða dýralíf, í því skyni að varðveita þau með náttúrufari sínu, og leyfa almenningi aðgang að þeim. […] Svæði, sem friðlýst eru samkvæmt þessum lið, eru nefnd þjóðvangar (þjóðgarðar).

Megináherslan hér er á verndun hins „sérstæða“ án þess að útskýrt sé í hverju það felist. Sama orðalag setur mark sitt á öll síðari lög. Mikilvægt er þó að hafa í huga að landsvæði sem friðlýst er sem þjóðgarður skuli varðveitt „með náttúrufari sínu“ – af því má ætla að hið sérstæða í landslagi sem verðskuldi verndun sé af náttúrlegum uppruna. Í 2. gr. laganna segir síðan:

---

[4] Í heimildaskrá er vísað á skjöl um sem varða einstök lög á vef Alþingis. Auk hins endanlega lagatexta má þar (í gegnum valmyndina) oftast finna önnur skjöl sem málið varðar, svo sem upphafleg frumvörp og nefndarálit. Skýringar á nýmælum í lögum er algengast að finna í athugasemdum sem fylgja framlögðum frumvörpum.

[5] Best færi auðvitað á því að skoða hugmyndir um landslagsvernd út frá almennum hugmyndagrunni náttúruverndar á hverjum tíma. Það er viðameira verkefni en hægt er að takast á við hér, enda kallast saga náttúruverndar á Íslandi á við margvíslega menningarlega og pólitíska strauma, bæði hérlendis og erlendis.

[6] Hér verður ekki rætt um eldri lagasetningu varðandi einstök svið náttúruverndar (svo sem fuglavernd) eða verndarsvæði (Þingvelli); um slíkt má lesa hjá Páli Líndal (1984).

> Nú veldur fyrirhuguð mannvirkjagerð eða jarðrask utan kaupstaða og kauptúna hættu á því, að sérkennilegt landslag breyti um svip eða merkum náttúruminjum sé spillt, og er þá skylt að leita álits náttúruverndarráðs, áður en framkvæmdir hefjast.

Hér er talað um „sérkennilegt“ landslag, fremur en sérstætt, en hin undirliggjandi merking (það sem gefur landslagi verndargildi) er þó trúlega sú sama. Verndunin virðist felast í því að koma í veg fyrir að slíkt landslag „breyti um svip“ en ekki er útskýrt nánar í hverju „svipur“ landslags sé almennt fólginn. Lögin eru fremur stuttorð um hina eiginlegu náttúruvernd – greinin um friðlýsingar, kjarna laganna, er til að mynda heldur styttri en greinin um fyrirkomulag berjatínslu innan friðlýstra svæða. Af þeim sökum er ekki auðvelt að ráða af lagatextanum einum saman hvaða forsendur höfundarnir miðuðu almennt við né hvaða augum þeir litu einkenni og gildi landslags. Í lögunum kemur fegurð aðeins við sögu í einni grein (a-lið 1. gr.) og þá í tengslum við friðlýsingu stakra náttúrumyndanna; slík fyrirbrigði mátti varðveita „sakir fræðilegs gildis þeirra eða þess, að þær séu fagrar eða sérkennilegar“.

Frumvarpið sem varð að lögum um náttúruvernd nr. 48/1956 var að stofni til samið af Ármanni Snævarr, prófessor í lögfræði, og Sigurði Þórarinssyni, náttúrufræðingi, að ósk Björns Ólafssonar, þáverandi menntamálaráðherra. Í fylgiskjali með frumvarpinu má finna skýringar höfundanna á helstu forsendum sem þeir lögðu vinnu sinni til grundvallar.[7] Eins og Edda Ruth Hlín Waage (2013) hefur bent á kveður þar sterkt að fegurðargildi náttúrunnar – náttúrufegurð er höfundunum greinilega ofarlega í huga sem forsenda fyrir náttúruvernd, þótt það verndarviðmið sé lítt áberandi í lagatextanum sjálfum. Í fylgiskjalinu (bls. 16) segir til dæmis að það sé „menningarleg skylda, sem stað á í fegurðarkennd manna, að reynt sé að varðveita fögur landsvæði og stuðla að góðri umgengni um náttúruna“. Einnig segja höfundarnir (bls. 18–19):

> Að því er fegurðarástæður varðar, er þess að geta, að hvarvetna um lönd eru gerðar ráðstafanir af hendi alsherjarvalds til að vernda sérstaklega náttúrufagra eða sérkennilega staði. Er brýn þörf á að hafa heimild í lögum til slíkrar friðlýsingar hér á landi, þar sem óvenju mikið er um fagrar og sérkennilegar náttúruminjar, er laða að sér ferðamenn, innlenda og erlenda, og eru héraðsbúum til yndis.

Af lestri fylgiskjalsins er einnig ljóst að náttúrlegt (þ.e. upprunalegt) landslag var höfundunum hugstætt sem viðfang náttúruverndar. Í upphafi greinargerðarinnar segja þeir að „ægivald manna yfir náttúrunni“ blasi hvarvetna við, mörgum spendýra- og fuglategundum hafi verið útrýmt, skógum eytt og „gróðri og landslagi […] verið gagnbreytt á mörgum stöðum“. Í skýringum við d-lið 1. gr. kemur fram að stofnun þjóðgarða grundvallist á „samfelldum svæðum með sérstæðu landslagi“. Höfundar vísa í löggjafarsetningu annarra landa og sækja þangað fyrirmyndir að friðlýsingarflokkum. Hvað flokkinn þjóðgarða (þjóðvanga) varðar greina höfundar á milli tveggja hlutverka, hins náttúrufræðilega og hins félagslega, en um fyrrnefnda hlutverkið segja þeir:

> Er ætlunin að varðveita allstór landsvæði, þar sem þjóðvangarnir eru, og koma í veg fyrir, að þeim sé raskað, þannig að svæði þessi fái að þróast á náttúrlegan hátt. Er það mikið náttúrufræðilegt hagsmunamál að varðveita á þennan hátt

[7] Skýringarnar í fylgiskjalinu kallast mjög á við texta greinarinnar „Náttúruvernd“ sem Sigurður birti í *Náttúrufræðingnum* árið 1950.

> dæmi um landslag og náttúru, sem ekki breytist fyrir tilverknað manna og njóti friðunar fyrir ágangi búfjár og annarra dýra.

Svipaða hugsun um mikilvægi náttúrlegrar þróunar má finna í umfjöllun um flokkinn friðlönd, þótt hann hafi verið hugsaður fyrir lífverur (tegundir eða stofna dýra og plantna) fremur en landslag. Um þann flokk segir í fylgiskjalinu (bls. 19): „Markmiðið með friðlöndum þessum er að varðveita náttúruna óspillta með óbreyttu náttúrufari sínu og leyfa henni að þróast með náttúrlegum hætti.“

Þótt frumvarpið hafi verið samið af fræðimönnum, virðist inntak þess hafa verið í ágætu samræmi við skilning stjórnmálamannanna sem lögðu það fram, eins og sjá má af orðum Páls Þorsteinssonar, þáverandi formanns menningarmálanefndar, í framsöguræðu hans á Alþingi 23. mars 1956:

> Íslenzka þjóðin getur notið þess í æ ríkara mæli, að hún á víðáttumikið land og fagurt. Hvert sem farið er, blasir við fjölbreytt landslag og náttúrufegurð. En umgengni manna við náttúru landsins er stundum þann veg, að ástæða er til, að löggjafinn veiti aðhald í þeim efnum. […] Það er menningarleg skylda, að reynt sé að varðveita fögur landssvæði, að stuðla að góðri umgengni um náttúru landsins, að koma í veg fyrir óþörf tiltæki og ósmekkleg, […] að friða jurtir eða dýr, sem miklu skiptir frá náttúrufræðilegu eða öðru menningarlegu sjónarmiði að ekki sé raskað, fækkað eða útrýmt.

3.2 Náttúrleg þróun – ný náttúruverndarlög 1971

Ný lög um náttúruvernd tóku gildi árið 1971, eftir nokkurra ára undirbúning. Frumvarpið var samið af nefnd fjögurra þingmanna en í henni sátu Birgir Kjaran (formaður), Benedikt Gröndal, Eysteinn Jónsson og Gils Guðmundsson. Guðmundur Sigvaldason jarðfræðingur og Ragnar Jónsson lögfræðingur aðstoðuðu nefndina. Þegar hann mælti fyrir frumvarpinu í annað sinn þann 1. apríl 1971 sagði Birgir Kjaran meðal annars:

> Náttúruvernd er nýtt hugtak, nýtt viðfangsefni, ný staðreynd, sem þjóð okkar þarf að horfast í augu við. Það þarf tíma til þess að kynna alþjóð náttúruverndarsjónarmiðin, gera henni ljóst, að náttúruvernd er engin spjátrungsleg sérvizka búin til á skrifpúltum lífsfirrtra lærdómsofvita með aðstoð tölvunnar, né heldur rómantískt hugsjónaskvaldur, heldur bláköld hagsmunastaðreynd veruleikans. Okkar kynslóð og sú næsta mun gegna og þurfa að gegna róttækum aðgerðum í náttúruverndarmálum.

Staða landslags breyttist lítið frá fyrri lögum – landslag er sem fyrr tengt orðunum „sérstætt“ eða „sérkennilegt“ og áfram er það „svipur“ landsins sem leitast er við að forða frá spjöllum eða stórfelldum breytingum. Í nýju lögunum eru samt ýmis ákvæði sem vörðuðu landslagsvernd þótt ekki væri rætt um hana berum orðum. Þar ber fyrst að nefna nýja grein í upphafi laganna (2. mgr. 1. gr.) um hlutverk náttúruverndar:

> Tilgangur þessara laga er að stuðla að samskiptum manns og náttúru, þannig að ekki spillist að óþörfu líf eða land, né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft.
>
> Lögin eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenzkrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess, sem þar er sérstætt eða sögulegt.
>
> Lögin eiga að auðvelda þjóðinni umgengni við náttúru landsins og auka kynni af henni.

Hér er vert að vekja sérstaka athygli á orðalaginu „lögin eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenzkrar náttúru eftir eigin lögmálum“. Lögin frá 1956 höfðu þann megintilgang að slá skjaldborg um íslenska náttúru, sérstöðu hennar og fegurð, en hér örlar á talsvert dýpri sýn sem felst í almennri verndun þeirra náttúrlegu ferla sem eru frumuppspretta allra náttúrugæða. Í athugasemdum við upphaflega frumvarpið sem lagt var fram á Alþingi veturinn 1969–70 segir um þessa grein laganna (bls. 9):

> Enda þótt orðið náttúruvernd sé flestum kunnugt og mikið notað, bæði í fjölmiðlum og manna á meðal, þá er ekki víst, að öllum sé það sama í huga, þegar um er rætt. Nefndin taldi því rétt að gera stuttlega grein fyrir því í inngangskafla lagafrumvarpsins, hvern hún teldi tilgang laganna, en það er jafnframt skilgreining nefndarinnar á hugtakinu náttúruvernd. Þessi grein er að því leyti þýðingarmikil, að þar er reynt að orðfæra þær hugmyndir, sem nefndin var sammála um að gera að leiðarljósi við samningu frumvarpsins.

Í lögunum er skerpt á greinarmun ólíkra friðlýsingarflokka; annars vegar verndun tegunda og náttúruvætta sem lýtur að stökum náttúrufyrirbærum og hins vegar stofnun friðlanda og þjóðgarða í þeim tilgangi að varðveita náttúrlegar heildir. Um friðlönd segir í athugasemdunum (bls. 17):

> Þau landsvæði eru mörg, stór og smá, þar sem náttúran er með svo sérstæðum hætti, að mikilvægt er að friða þau í heild sinni. Víða er samleikur lífrænnar og ólífrænnar náttúru í svo flóknu, en viðkvæmu jafnvægi, að veruleg röskun eins þáttar getur gereytt dýralífi eða grandað gróðri. […] Náttúruverndar-framkvæmdir, sem miða að verndun eða friðun náttúrukerfa (ecosystem), verða því að byggjast á vísindalegri fyrirhyggju. Hvert svæði hefur ákveðin sérkenni og náttúrufræðilega sérstöðu, sem taka verður tillit til í friðunarákvæðunum, og því geta reglurnar orðið jafnmargbreytilegar og náttúran sjálf.

Hér virðist vistfræðileg sýn á náttúruna greinilega gægjast fram – og þá í fyrst sinn í íslenskum náttúruverndarlögum. Vistfræði var fremur lítið þekkt á Íslandi þegar hér var komið sögu (Hjörleifur Guttormsson 1974) þótt vegur hennar færi hratt vaxandi í nágrannalöndum okkar, að hluta til vegna vaxandi áhuga almennings á umhverfis- og náttúruverndarmálum. Fyrir þessa umræðu hér er þó mikilvægast að hafa í huga að eftir gildistöku nýju laganna mátti vernda landslag í tveimur friðlýsingarflokkum, það er innan friðlands (24. gr.) eða þjóðgarðs (25. gr.):

> Landsvæði, sem mikilvægt er að varðveita sakir sérstaks landslags, gróðurfars eða dýralífs, getur Náttúruverndarráð friðað í heild, og nefnast þau landsvæði friðlönd. Má þar ekki spilla né breyta náttúrufari né gera mannvirki, sem raska svip landsins.
>
> Sé landsvæði sérstætt um landslag, gróðurfar eða dýralíf eða á því hvíli söguleg helgi, þannig að ástæða sé til að varðveita það með náttúrufari sínu og leyfa almenningi aðgang að því eftir tilteknum reglum, getur Náttúruverndarráð lýst það þjóðgarð, enda sé svæðið ríkiseign.

Ekki er hægt að segja skilið við lög nr. 47/1971 án þess að nefna ákvæði þeirra (28. gr.) um gerð náttúruminjaskrár. Tilgangur hennar var að ná saman yfirliti um þau náttúrufyrirbæri á Íslandi sem mikilvægast væri að vernda. Í athugasemdum með frumvarpinu (bls. 19) segir: „Á náttúruminjaskrá skal færa alla þá staði á landinu, sem Náttúruverndarráð telur ástæðu til að friðlýsa, hvort sem slík friðlýsing virðist

framkvæmanleg að svo stöddu eða ekki.“ Fyrsta náttúruminjaskráin kom út árið 1975 og var hún endurútgefin allmörgum sinnum. Alls voru 55 svæði sett á náttúruminjaskrá vegna landslags (Karen Pálsdóttir 2009:27).

3.3 Ósnortin víðerni – náttúruverndarlög 1999

Næsta efnislega endurskoðun á náttúruverndarlögum átti sér stað undir lok tíunda áratugar síðustu aldar. Hvað landslagsvernd snertir eru ýmis ákvæði laga nr. 44/1999 æði sérkennileg, þegar litið er á þau í „baksýnisspeglinum“. Nýjum kafla (V) var bætt við lögin undir heitinu „Landslagsvernd“ og samanstóð hann af tólf greinum. Engin þeirra fjallaði um eiginlega verndun landslags þótt nokkrar þeirra lytu að því sem kallað var „ásýnd [umhverfis]“ (34. gr.), „svipmót lands“ (35. gr.) og „heildarsvipmót lands“ (36. gr.). Í umfjöllun um þessi lög í *Náttúruvernd, hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands* (2011:136) segir: „Enda þótt yfirskrift fimmta kafla vísi til landslagsverndar hefur hann ekki að geyma bein ákvæði um það efni.“

Í V. kafla má einnig finna nýja grein (nr. 37) sem hefur ef til vill þótt gefa tilefni til kaflaheitisins. Þar er nýtt hugtak – „landslagsgerð“ – kynnt til sögunnar, en ekki þó skilgreint nánar sem slíkt. Í athugasemdum við frumvarpið (kafli IX, án bls.) segir meðal annars:

> Í frumvarpinu er lagt til að í fyrsta sinn verði stigið það skref í lögum að vernda tilteknar landslagsgerðir sem eru sérstaks eðlis og æskilegt má telja út frá náttúruverndarsjónarmiðum að njóti sérstakrar verndar.

Náttúruminjarnar sem féllu undir þessa grein voru: a) eldvörp, gervigígar og eldhraun, b) stöðuvötn og tjarnir, c) mýrar og flóar, d) fossar, hverir, heitar uppsprettur og hrúður og e) sjávarfitjar og leirur. Frá almennu náttúruverndarsjónarmiði voru það mikil og góð nýmæli að náttúrufyrirbæri af þessum toga skyldu njóta sérstakrar verndar. Helsti hvatamaður að þessari viðbót var Hjörleifur Guttormsson, en notkun orðsins „landslagsgerð“ í 37. grein verður þó að teljast óheppileg (sjá nánar Þóra Ellen Þórhallsdóttir o.fl. 2010, 1. kafli).

Tveimur árum síðar voru samþykkt lög (nr. 140/2001) um breytingu á náttúruverndarlögum nr. 44/1999 sem meðal annars kváðu á um eftirfarandi (7. gr.): „Í stað orðsins „landslagsgerðir“ í 1. mgr. 37. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur í viðeigandi falli: jarðmyndanir og vistkerfi.“ Í athugasemdum við upphaflega lagafrumvarpið (5. gr., án bls.) segir um ofangreinda breytingu:

> Í 37. gr. laganna eru talin upp í nokkrum liðum tiltekin náttúrufyrirbæri. Ekki þykir rétt að skilgreina þessi náttúrufyrirbæri sem landslagsgerðir þar sem landslag hefur verið skilgreint sem form og útlit náttúrunnar og tekur þannig til útlits og ásýndar lands, þ.m.t. lögunar þess, áferðar og lita. Hér er hins vegar um að ræða jarðmyndanir og vistkerfi.

Þrátt fyrir þessa breytingu var yfirskrift V. kafla höfð hin sama og áður þar til lögin féllu úr gildi. Ekki var gerð tilraun til að skilgreina hugtakið „landslag“ í lögunum sjálfum, þótt greina megi vísi að slíkri skilgreininu í orðunum sem vitnað er til hér að ofan. Þess var þá ekki heldur að vænta að verndarviðmið fyrir landslag væru sérstaklega tilgreind. Landslag naut eftir sem áður „óbeinnar verndunar“ sem hluti af skilgreindum þjóðgörðum eða friðlöndum, en hvergi segir þó berum orðum að landslag skuli vernda **sem landslag**.

Í lögum nr. 44/1999 var „ósnortið víðerni“ í fyrsta sinn tilgreint sem viðfang náttúruverndar á Íslandi.[8] Þetta nýmæli var afrakstur af vinnu starfshóps á vegum umhverfisráðuneytisins sem Kristín Halldórsdóttir var í forsvari fyrir (sjá nánari umfjöllun hjá Þorvarði Árnasyni o.fl. 2017). Hugtakið er þýðing á enska orðinu *wilderness*. Skilgreiningin er í 6. tölul. 3. gr. og hljóðar þannig:

> Landsvæði sem er a.m.k. 25 km^2 að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja á jörðu, er í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og þjóðvegum, og þar sem ekki gætir beinna ummerkja mannsins og náttúran fær að þróast án álags af mannlegum umsvifum.

Hvað landslagsvernd áhærir skiptir hér mestu máli sú framþróun íslenskra náttúruverndarlaga sem fólst í varðveislu stórra samfelldra náttúrusvæða vegna þess – og þess eins – að þau hafa haldið upprunalegum eiginleikum sínum. Stærstu víðerni Íslands eru á miðhálendinu og það sem mest einkennir náttúrufar þar eru fjölbreyttar jarðminjar og landslag. Milli náttúrlegs landslags og víðerna á Íslandi liggja því náin tengsl eins og bent er á í *Náttúruvernd, hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands* (2011:209): „Sérstaða íslenskra víðerna liggur líklega fyrst og fremst í fjölbreyttu og víða ákaflega óvenjulegu landslagi og svo í því að mörg þeirra hafa aldrei verið numin af mönnum: þar hefur aldrei verið varanleg búseta.“

3.4 Landslagsvernd – náttúruverndarlögin 2013

Lög nr. 60/2013 voru upphaflega samþykkt af Alþingi vorið 2013, en gildistöku þeirra var nokkrum sinnum frestað og því tóku þau ekki gildi fyrr en um miðjan nóvember 2015. Upphaflega frumvarpið byggði að verulegu leyti á *Náttúruvernd. Hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands* (2011) sem unnin var af nefnd á vegum umhverfisráðuneytisins. Í lögunum má finna ýmis nýmæli sem varða landslag. Fyrst er að geta breytingar á markmiðum laganna en 1. mgr. 1. gr. er nú svohljóðandi:

> Markmið laga þessara er að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. Þau eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum og verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt og einnig stuðla að endurheimt raskaðra vistkerfa og auknu þoli íslenskra vistkerfa gegn náttúruhamförum og hnattrænum umhverfisbreytingum.

Þessi nýja áhersla á „fjölbreytni“ endurómar síðan í 3. gr. laganna þar sem tilgreind eru verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni. Þar er meðal annars (liður d) rætt um „að varðveita landslag sem er sérstætt eða fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis“. Í VI. kafla laganna eru fimm greinar sem allar lúta að gerð nýrrar náttúruminjaskrár. Ein þeirra er 35. gr. þar sem sett er fram mun ítarlegri lýsing á mati á verndargildi náttúrlegrar fyrirbæra (þar með talið landslags) en í eldri lögum:

> Þegar verndargildi er metið skal m.a. leggja áherslu á auðgi, fjölbreytni, fágæti, stærð svæða og samfellu, upprunaleika og vísindalegt, menningarlegt, fagurfræðilegt og táknrænt gildi.

[8] Heiti þessa viðfangs var breytt í „óbyggt víðerni“ í núgildandi náttúruverndarlögum, sjá 18. tölul. 5. gr. laga nr. 60/2013.

Ef nýju lögin eru borin saman við þau eldri má segja að landslags- og náttúrufegurð hafi hér loksins hlotið „uppreisn æru“ – þau fegurðarrök sem nefnd voru í greinargerðum, ræðum og öðrum bakskjölum eldri laga eru hér loksins komin upp á yfirborðið. Þessi breyting sést glögglega á nýjum flokki friðlýstra svæða – „Landslagsverndarsvæði“ – sem lýst er í 50. gr. laganna:

> Friðlýsa má landsvæði til verndar landslagi sem:
> a. þykir sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis
> b. talið er sérstætt eða fágætt á svæðis-, lands- eða heimsvísu eða
> c. skipar mikilvægan sess í vitund þjóðarinnar.
> Friðlýsingin skal miða að því að varðveita sérkenni og einkenni landslagsins, fagurfræðilegt og menningarlegt gildi þess.

Í lögum nr. 60/2013 var flokkun friðlýstra svæða á Íslandi aðlöguð að kerfi Alþjóða náttúruverndarsambandsins (*International Union for Conservation of Nature*, IUCN) – lýsingum sumra eldri flokka var breytt og nýjum friðlýsingarflokkum bætt við, þar á meðal flokki Ib (e. *wilderness area*) og flokki V (e. *protected landscape/seascape*). Í athugasemdum við frumvarpið (50. gr., án bls.) er þessari breytingu hvað landslag varðar lýst á eftirfarandi hátt:

> Landslag hefur nokkra sérstöðu sem viðfang náttúruverndar því upplifun af landslagi er meira bundin persónulegu, huglægu mati en flestir aðrir þættir náttúrunnar. Þetta endurspeglast í skilgreiningu hugtaksins í 11. tölul. 5. gr. frumvarpsins.
>
> Íslenskt landslag er í senn fjölbreytt og óvenjulegt og sumt af því á sér óvíða og jafnvel hvergi hliðstæðu annars staðar á jörðinni. Í kafla 13.5 í hvítbók kemur fram að íslenskt landslag hafi talsverða sérstöðu miðað við landslag nágrannalanda okkar. Í þéttbýlum löndum, t.d. flestum löndum Evrópu, sé náttúrulegur gróður víða horfinn og mestallt land ræktað eða undir öðrum landbúnaðarnytjum eða þéttbýli. Landnýting og gróður séu nátengd og ráði mestu um lit, mynstur, form og áferð í landi. […] Andstætt þessu má segja að íslenskt landslag sé almennt mun tengdara jarðfræðilegum fyrirbærum og ferlum. Sérstöðu íslensks landslags verður að hafa í huga þegar friðlýsingarflokkur 50. gr. er borinn saman við flokk V hjá IUCN.

Að öllu samlögðu virðist því óhætt að fullyrða að lög nr. 60/2013 marki veruleg tímamót í landslagsvernd á Íslandi. Sú þróun sem rakin var hér að ofan í eldri lögum laut fyrst og fremst að breytingum í hugmyndafræði náttúruverndar almennt, ekki sérstaklega að landslagi sem slíku, og þess vegna er ekki um mikla samfellu þar að ræða varðandi landslagsvernd. Þessi tímamot birtast einkum í fjórum, samhangandi þáttum: Í fyrsta lagi er hugtakið „landslag“ í fyrsta sinn formlega skilgreint í íslenskum náttúruverndarlögum, í öðru lagi má finna ákvæði í lögunum um almenn markmið landslagsverndar, í þriðja lagi eru þar skilgreind verndarviðmið sem varða landslag og í fjórða lagi er gert ráð fyrir nýjum friðlýsingarflokki sem lýtur sérstaklega að verndun landslags. Þá má í skýringum við frumvarpið finna umræðu um einkenni og gildi landslags sem gefa leiðarljós um túlkun hinna ýmsu ákvæða sem varða landslagsvernd. Meginforsendurnar fyrir verndun landslags **sem landslags** voru því loksins til staðar – rétt um 60 árum eftir að fyrstu lög um náttúruvernd tóku gildi hér á landi.

Landslagshugtakið endurmetið

Eftir þessa yfirreið um náttúruverndarlögin og það sem þau segja – eða segja ekki – um landslag og landslagsvernd er rétt að huga aftur að skilgreiningu hugtaksins

„landslag“ sem nefnd var hér í upphafi.[9] Skilgreiningin í lögum nr. 60/2013 er sótt til Evrópska landslagssamningsins (e. *European Landscape Convention*) sem Ísland undirritaði árið 2012 en hefur enn ekki fullgilt. Hún hljóðar þannig á frummálunum tveimur (Council of Europe 2000):

> “Landscape” means an area, as perceived by people, whose character is the result of the action and interaction of natural and/or human factors
>
> «Paysage» désigne une partie de territoire telle que perçue par les populations, dont le caractère résulte de l'action de facteurs naturels et/ou humains et de leurs interrelations

Í íslenskri þýðingu hljóðar þessi skilgreining þannig: ‘Svæði sem fólk skynjar að hafi ákveðin einkenni sem eru tilkomin vegna virkni eða samspils náttúrulegra og/eða mannlegra þátta.’ Þótt þessi skilgreining sé ekki löng, þá má samt greina í henni að minnsta kosti fjögur ólík svið eða víddir sem allar gefa tilefni til nánari umræðu:

a. Landslag er **svæði** – það fyrirfinnst í einhverju tilteknu rými, sem getur hvort heldur verið náttúrlegt eða manngert.
b. Landslag er afurð **skyngreiningar** (e. *perception*) – það er háð mennskri lifun sem á sér stað innan tiltekins svæðis.
c. Landslag ber ákveðin **einkenni** – þau einkenni greina tiltekin svæði/lifun hvert frá öðru.
d. Landslagseinkenni verða til í gegnum **ferli** – náttúrlega eða mannlega virkni eða gagnvirkni þeirra beggja.

Fyrsta víddin er ef til vill ekki sérlega umdeilanleg. Landslag á sér ávallt einhverja fýsíska tilvist – það er til staðar utan okkar mannveranna. En hvar tekur eitt landslag við af öðru – á hvaða forsendum má „svæðisbinda“ landslag? Er eyjan Ísland kannski öll eitt og sama landslagið? Skilgreiningu landslagssamningsins má túlka á þann veg að svarið liggi í þeim víddum tveimur sem næstar eru nefndar til sögunnar.

Áherslan á skyngreiningu manna bendir glögglega til þess að afmörkun landslags þurfi í senn að skoða út frá fýsískum **og** skynrænum þáttum. Landslag verður ekki skilið eða afmarkað á sama hátt og einstök náttúrufyrirbæri (stök), svo sem eldfjöll, skriðjöklar, hraunbreiður eða stöðuvötn. Tilvist eldkeilunnar Öræfajökuls er ekki háð skyngreiningu manna þó svo að við mennirnir höfum gefið henni nafn, samið um hana ljóð og sögur, dáð hana eða hræðst. Um landslagið í hlíðum keilunnar og láglendinu í kring gegnir öðru máli – sá sem gengur um í því landslagi greinir á ferð sinni ákveðinn mun milli vestur-, mið- og austurhluta göngusvæðisins. Þessi munur þarf ekki endilega að vera mjög afgerandi, en helgast þó í senn af breytilegu náttúrufari innan þess rýmis sem gengið er um og því sem rúmast innan skynjunarinnar sjálfrar meðan á göngunni stendur. Ef leiðin liggur upp á eldkeiluna verður lifunin svipuð og af göngu í kringum fjallið, en þó með mun skarpari skilum á milli þess sem er nær (hlíðin fyrir framan og ofan mann) og þess sem er fjær (fjöll og haf eins langt og augað eygir). Skyngreiningin ræðst ekki einvörðungu af því sem skynfærin nema á göngunni, heldur einnig af þekkingu göngumannsins á náttúrufari svæðisins, sögu þess og menningu.

[9] Sjá einnig ítarlega umræðu um hugtakið „landslag“ í íslensku máli hjá Eddu Ruth Hlín Waage (2013). Styttri íslenska lýsingu eftir sama höfund (2012) má finna á Vísindavefnum.

Áherslan á greinanleg einkenni svæða gefur kost á „jarðtengingu“ lifunar við náttúrufarslega, skynræna og/eða menningarsögulega þætti sem eru breytilegir frá einu svæði til annars, eins og lýst var hér að ofan. Af þessu sprettur einnig sá möguleiki að **aðgreina** svæði – í það minnsta á almennum nótum – á grundvelli þess hversu lík eða ólík þau eru innbyrðis. Í náttúrufarslegu tilliti er eldfjalla- og jöklalandslag Öræfajökuls mjög frábrugðið landslagi úti á söndunum stóru, Skeiðarársandi og Breiðamerkursandi, sem lúra sitt hvoru megin við eldkeiluna. Sandarnir eru á hinn bóginn nokkuð líkir hvor öðrum og sama má segja um skriðjöklana tvo sem ganga fram á þá og fleiri stóra skriðjökla sem flæða niður af ísbreiðu Vatnajökuls. Djúpir firðir, hvort sem þeir fyrirfinnast á Vestur- eða Austurlandi, bera mörg sameiginleg einkenni sem þá um leið aðgreina þá í náttúrufarslegu tilliti frá söndum, skriðjöklum eða öðrum víðáttumiklum og tiltölulega flötum landsvæðum. Með kerfisbundnum athugunum og samanburði á skilgreindum einkennum má þannig leiða fram ákveðna flokkun á helstu gerðum náttúrlegs landslags sem fyrirfinnast á landinu (Þóra Ellen Þórhallsdóttir o.fl. 2010).

Fjórða og síðasta víddin sem greina má í landslagshugtaki Evrópska landslagssamningsins leggur annars vegar áherslu á virka mótun og þróun landslags og hins vegar á það að slík mótun geti átt sér stað bæði fyrir tilstilli náttúrunnar og manna, og stundum af beggja hálfu. Þótt síðara atriðið eigi vissulega við sumstaðar á Íslandi, þá á það samt mun betur við um landslag á meginlandi Evrópu sem ber víðast hvar ummerki aldarlangrar búsetu og nýtingar manna en á Íslandi þar sem náttúrlegt landslag er enn víða að finna. Hér verður jafnframt að hafa hugfast að landslagssamningnum er ætlað að ná utan um allt landslag í Evrópu – jafnt manngert sem náttúrlegt, venjulegt sem einstakt. Þennan hluta skilgreiningarinnar þarf því að túlka nánar í ljósi íslenskra aðstæðna, líkt og lagt er til með friðlýsingarflokkinn nýja, landslagsverndarsvæði. Jafnframt ber þó að varast að draga of skarpan greinarmun á milli þess sem er náttúrlegt og þess sem er menningarlegt – þar er á ferðinni lífseigt andstæðupar sem getur hæglega leitt menn í ógöngur þegar landslag á í hlut. Ein leið fram hjá slíkum vanda er að horfa á fyrra atriðið sem vikið var að hér að framan – það er á **ferlana** sem skipta mestu máli fyrir tiltekið landslag. Náttúrlegt landslag á Íslandi mótast fyrst og fremst af jarðfræðilegum og líffræðilegum ferlum. Verndun náttúrlegs landslags helst því náið í hendur við viðhald slíkra ferla. Skyngreining og lifun landslags er annað dæmi um virkan feril. Þess háttar ferlar valda þó ekki umbreytingu á hinni fýsísku náttúru og þeim öflum sem um hana leika, heldur njóta sín best í gagnvirkum tengslum hins náttúrlega og hins mennska.

Hvað er sérstætt við landslag?

Lýsingarorðið „sérstætt“, eða önnur orð keimlík því, tengist umfjöllun um landslag í íslenskum náttúruverndarlögum allt frá fyrstu tíð og virðist þá vísa til einhvers sem gefur landslagi (og öðrum náttúrufyrirbærum) gildi sem ástæða er til að varðveita. Hið sérstæða er erfiður mælikvarði á verndargildi því í orðinu felst að hið sérstæða hafi einhverja óvenjulega stöðu gagnvart **einhverju öðru**. En við hvað er þá miðað – hvað er „allt hitt“ sem væntanlega er þá ekkert sérstakt? Ef eitthvað er í raun og veru „sérstætt“ er þá yfirhöfuð hægt að miða það við eitthvað annað? Er verndargildi alls sem er sérstætt hið sama – sprottið af sömu rót – eða er það gildi jafn sérstætt og landslagið sjálft sem miðað er við hverju sinni? Eða, með öðrum orðum, er hægt að sjá einhverja almenna drætti í „sérstöðu“ sem gera okkur kleift að nota það sem verndarviðmið fyrir landslag?

Hugsanleg leið til að losna úr slíkum flækjum – sem spretta kannski meira af mælskulist en leitandi umhugsun – er að leyfa sér ákveðið „skáldafrelsi“ gagnvart hugtakinu. Reyna að átta sig á merkingunni sem reynt er að tjá, í stað þess að

einblína á bókstafinn. Hér er rétt að rifja upp skýringarnar sem voru gefnar varðandi fyrstu lagalegu skilgreiningu hugtaksins „náttúruvernd“ í lögum nr. 47/1971 – þar sögðust höfundar frumvarpsins hafa „reynt að orðfæra þær hugmyndir, sem nefndin var sammála um að gera að leiðarljósi“. Er mikil goðgá að ímynda sér að ýmis önnur lykilhugtök í náttúruvernd séu hugmyndir sem ekki séu enn fyllilega „orðfærðar“?

Hvers konar leiðarljós gæti þá mögulega falist í hugtakinu „sérstaða“? Tengsl við þrjú önnur orð koma fyrst upp í hugann: Fágæti, fjölbreytni og fegurð.

Fágæti – Tengsl sérstöðu og fágætis eru einföldust af þessum þremur, því bæði orðin vísa jú til einhvers sem sker sig úr, er frábrugðið hinu vanalega eða því sem mest er af. Ef við tökum sem dæmi tvær landslagsgerðir sem eru jafnar að gæðum að öðru leyti en því að önnur á sér fáa eða enga sína líka en hin fyrirfinnst á mörgum stöðum, þá gefur fágætið fyrrnefndu landslagsgerðinni ákveðið viðbótargildi umfram hina. Ef slíkri landslagsgerð væri varanlega spillt, þá má líkja því við „útrýmingu“ hennar – þessi tiltekna landslagsgerð væri ekki lengur til, hugsanlega hvergi í heiminum.

Fjölbreytni – Til að sjá þessi tengsl þurfum við fyrst að „súmma út“ og horfa á landslag á Íslandi í heild sinni. Á Íslandi finnast margir og ólíkar gerðir landslags á tiltölulegu litlu landssvæði; á landsvísu er fjölbreytni landslags því mikil, jafnvel óvenju mikil. Í löndum þar sem landslag er einsleitara er það hið óvenjulegu sem sker sig úr fjöldanum. Á Íslandi er landslag á hinn bóginn víðast hvar mjög „sundurleitt“ – ný landslagsgerð tekur stöðugt við af annarri þegar ferðast er um landið og fáar þeirra þekja mjög stór flæmi hverju sinni. Fjölbreytni landslags gefur Íslandi (sem heildarmengi alls landslags á eyjunni) því ákveðna sérstöðu á heimsvísu. Fjölbreytnin getur þó látið að sér kveða á fleiri en einum skala – sumar náttúrlegar landslagsgerðir á Íslandi (t.d. háhitasvæði) eru óvenju fjölbreyttar og hafa því sérstöðu í þeim skilningi. Ef fjölbreytni er viðurkennt verndarviðmið – og verndun náttúrlegrar fjölbreytni þess utan yfirmarkmið náttúruverndar á Íslandi, samanber 1. gr. núgildandi laga– þá ættu fjölbreyttar landslagsgerðir að skora hærra hvað þetta viðmið snertir en hinar sem einsleitari eru.

Fegurð – Eins og fram kom í umfjöllun um fyrstu íslensku náttúruverndarlögin var hugsun um varðveislu náttúrufegurðar mjög áberandi „undirlag“ í þeirri greinargerð sem fylgdi frumvarpinu. Af þeim sökum er freistandi að ímynda sér að orðið „sérstætt“ eins og það er notað í lögunum eigi sér fagurferðilega rót – að hugtakið sé tilraun til að „orðfæra“ hugmynd um kjarna þess sem gefur landslagi verndargildi.[10] Þetta eru auðvitað eintómar vangaveltur en þær opna samt möguleika á spurningunni **í hverju gæti sá kjarni þá verið fólginn**? Hvað er sérstætt við landslag á Íslandi í fagurferðilegu tilliti? Einfaldasta svarið er að fágætt og/eða óvenju fjölbreytt náttúrufar skapi möguleika á landslagslifun sem er verulega frábrugðin því sem almennt er völ á í öðrum nærliggjandi löndum. Möguleikinn á lifun ægifegurðar (e. *sublime*) í íslensku landslagi skiptir hér einnig töluverðu máli. Ægifegurð er gjarnan tengd náttúrlegu landslagi og fyrirbærum. Ægifegurð hefur meðal annars verið lýst sem „orkumikilli fegurð“ og „ógnvænlegri fegurð“ – fegurðarlifun sem sprettur af hinu „öfgafulla“ eða „framandi“ í náttúrunni. Ísland er einkar auðugt af ægifögru landslagi – landslagi „sem er sannarlega ekki hluti af hversdagslegu umhverfi flestra, þ.e. manngerðu og kunnuglegu umhverfi borga, bæja, sveita, skóga, stranda, akra og garða“ (Guðbjörg R. Jóhannesdóttir 2016:151–152).

[10] Hugtakið „fagurferði“ er nýyrði sem Guðbjörg R. Jóhannesdóttir (2016:144) lýsir á eftirfarandi hátt: „Fagurferði vísar [...] til skynjunar og mats fólks á fegurð og ljótleika, rétt eins og siðferði vísar til mats fólks á góðu og illu.“

Þessar ólíku hliðar „sérstöðunnar“ eiga sér allar ákveðinn samnefnara í óhaminni náttúrlegri þróun. Náttúrlegir ferlar hafa í senn skapað sérstætt landslag hér a landi og sjá um að viðhalda kynngimætti þess gagnvart skynjandi verum. Verndun náttúrlegs landslags þarf því að haldast náið í hendur við verndun „villtra“ náttúruferla. Þess vegna er það verðugt – og afar mikilvægt – markmið að tryggja „þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum“ eins og það er orðið í núgildandi lögum.

Niðurlag

Með gildistöku laga nr. 60/2013 hafa skapast veruleg tækifæri til að efla landslagsvernd á Íslandi. Þrátt fyrir augljóst mikilvægi landslags í náttúrufarslegu og menningarlegu tilliti hefur verndun þess hérlendis lengst af verið nokkuð „hornreka“, meðal annars vegna þess að skýr hugtök hefur skort til að ræða um einkenni þess og gildi. Tilkoma Evrópska landslagssamningsins árið 2000 – fyrsta fjölþjóðlega samningsins um landslag – varð hvati að margvíslegum nýmælum í rannsóknum, stefnumótun og lagasetningu í aðildarlöndum hans á meginlandi Evrópu. Áhrifa hans hefur einnig gætt hérlendis, t.d. í fyrstu lagalegu skilgreiningu hugtaksins „landslag“ í Skipulagslögum árið 2010 sem og í núgildandi náttúruverndarlögum. Nú þegar landslag hefur loksins fengið stöðu sem sjálfstætt viðfang náttúruverndar á Íslandi er brýnt að skilgreina mun nánar í hverju einkenni og gildi þess eru helst fólgin. Í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins um ný náttúruverndarlög sem lagt var fyrir Alþingi veturinn 2012–2013 segir (án bls.):

> Rannsóknir á íslensku landslagi og verndun þess eru stutt á veg komnar og er brýnt að styðja áætlanir um vernd með frekari rannsóknum, annars vegar heildaryfirliti um sjónræn einkenni, sérstöðu og flokkun landslags á landinu öllu og hins vegar mati á hinum óhlutbundnu verðmætum sem í landslagi felast, fagurfræðilegu, upplifunar- og tilfinningalegu gildi þess.

Óhætt er að taka undir þessi orð því afar brýnt er að skapa trausta fræðilega undirstöðu fyrir verndun landslags á eigin forsendum. Ljóst er að þær forsendur eru talsvert ólíkar þeim sem viðeigandi þykja fyrir önnur viðföng náttúruverndar, svo sem vistkerfisvernd og verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Kjarni málsins varðar þau náttúrlegu verðmæti sem brýnast að hlúa að og vernda hverju sinni. Þau verðmæti eru fjölbreytt og eiga sér ólíkan uppruna. Maðurinn kemur hvergi nærri þeim ferlum sem skapa náttúrlegan grundvöll fyrir líffræðilega eða jarðfræðilega fjölbreytni, fyrir þróttmikil vistkerfi eða þróun tegunda. Gildi slíkra viðfanga náttúruverndar er því ekki háð mannlegum atbeina fyrr en smíða þarf skilningsramma utan um það sem helst ber að vernda og hvernig það verði gert. Gildi landslags þarf að nálgast á annan hátt, því það verður ávallt til af samverkun tvenns konar ferla; annars vegar þeirra sem náttúran sjálf leggur til og hins vegar þeirra sem leiða af skyngreiningu manna.

Eins og nefnt var í athugasemdunum við lagafrumvarpið sem vísað var til hér að ofan er einna brýnast að þróa aðferðir til að greina og flokka landslag þannig að unnt sé að öðlast skýrari yfirsýn um þær náttúrlegu landslagsgerðir sem fyrirfinnast á Íslandi, svo og hver mörk þeirra eru. Önnur verðmæt náttúrufyrirbæri hérlendis hafa verið kortlögð og mikilvægt er að útbúa hliðsætt kort fyrir náttúrlegt landslag. Slíkar aðferðir þurfa í senn að taka mið af náttúrufarslegum eiginleikum og huglægum eiginleikum, einkum þá þeirra fjölbreyttu gilda sem tengjast landslagslifunum (Þóra Ellen Þórhallsdóttir o.fl. 2010; Guðbjörg R. Jóhannesdóttir og Edda R. H. Waage 2016). Einnig er brýnt að skilgreina hugtök og ákvæði Evrópska landslags-samningsins nánar m.t.t. landslags á Íslandi, svo og önnur fjölþjóðleg viðmið um landslagsvernd. Þá þarf að þróa verklag varðandi mat á

verndargildi náttúrufyrirbæra (ekki þá síst landslags) út frá þeim nýju viðmiðum sem skilgreind eru í 35. gr. laga nr. 60/2013, þ.e. „menningarlegt, fagurfræðilegt og táknrænt gildi“. Slík viðmið hafi ekki áður verið formgerð í íslenskum náttúruverndarlögum og því má ætla að takmörkuð fagþekking sé til staðar hérlendis um beitingu þeirra í verndaraðgerðum.

Af ofansögðu leiðir einnig að þær rannsóknir sem stunda þarf til þess að hugtaka gildi landslags verða að vera af fjölbreyttum toga. Þær kalla ekki aðeins á aðkomu margra ólíkra fræðigreina heldur einnig á náið samstarf á milli þeirra, svo og við þær opinberu fagstofnanir sem sinna landslagi og landslagsvernd. Þessi nýja hugsun í náttúruverndarlögum gefur því ekki aðeins tilefni til að sníða verndarviðmið í fyrsta sinn að einkennum og gildum landslags *sem landslags*, heldur einnig til nýrra og þverfaglegri vinnubragða í rannsóknum og verndaraðgerðum sem varða landslag á Íslandi.[11]

HEIMILDIR

Birgir Kjaran. 1971. http://www.althingi.is/altext/raeda/?lthing=91&rnr=1291 – Skoðað 30. júní 2017.

Council of Europe. 2000. European Landscape Convention. ETS No. 176. http://www.coe.int/en/web/conventions/full-list/-/conventions/treaty/176 – Skoðað 30. júní 2017.

Edda Ruth Hlín Waage. 2012. Hvað merkir hugtakið landslag? *Vísindavefurinn*, 7. maí 2012. http://visindavefur.is/svar.php?id=60713. Skoðað 30. júní 2017.

Edda Ruth Hlín Waage. 2013. *The Concept of Landslag: Meanings and Value for Nature Conservation.* Doktorsritgerð við Háskóla Íslands, Reykjavík.

Frumvarp til laga um nátúruvernd. Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969–70. 228. mál. https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-eftir-thingum/ferill/?ltg=90&mnr=228. Skoðað 30. júní 2017.

Frumvarp til laga um náttúruvernd. Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99. 528. mál. http://www.althingi.is/altext/123/s/0848.html. Skoðað 30. júní 2017.

Guðbjörg R. Jóhannesdóttir. 2016. Vá! – Undrun, fegurð og ægifegurð í upplifun af íslenskri náttúru. Björn Þorsteinsson (ritstj.): *Náttúran í ljósaskiptunum: Mannvera og náttúra í austrænni og vestrænni hugsun*, bls. 143–168. Heimspekistofnun, Reykjavík.

Guðbjörg R. Jóhannesdóttir og Edda R. H. Waage. 2016. Hvernig má leggja mat á fagurferðilegt gildi landslags? Helga Ólafsdóttir og Thamar M. Heijstra (ritstj.): *Rannsóknir í félagsvísindum XVII. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2016*, bls. 1–12. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Hjörleifur Guttormsson. 1974. *Vistkreppa eða náttúruvernd*. Mál og menning, Reykjavík.

Íslensk orðabók. 2002. Ritstj. Mörður Árnason. Þriðja útgáfa, aukin og endurbætt. Edda, Reykjavík.

Karen Pálsdóttir. 2009. *Scenic natural landscapes in Iceland: An analysis of their visual characteristics and relationship to other Icelandic landscapes*. MS-ritgerð við Háskóla Íslands, Reykjavík.

[11] Rammaáætlun og Skipulagsstofnun færi ég þakkir fyrir stuðning þeirra við rannsóknir á landslagi og víðernum. Hugleiðingarnar sem raktar eru í þessari greinar hafa flestar orðið til í samræðum við aðra fræðimenn. Sérstaklega vil ég þakka Þóru Ellen Þórhallsdóttur, Guðbjörgu R. Jóhannesdóttur og Eddu R. H. Waage fyrir gefandi samstarf á liðnum árum. Hugleiðingarnar sjálfar eru þó auðvitað alfarið á ábyrgð höfundar.

Lög nr. 48/1956. http://www.althingi.is/altext/75/s/0635.html. Skoðað 30. júní 2017.
Lög nr. 47/1971. http://www.althingi.is/lagas/119/1971047.html. Skoðað 30. júní 2017.
Lög nr. 44/1999. http://www.althingi.is/lagas/123b/1999044.html. Skoðað 30. júní 2017.
Lög nr. 140/2001. https://www.althingi.is/altext/127/s/0160.html. Skoðað 30. júní 2017.
Lög nr. 123/2010. https://www.althingi.is/altext/138/s/1499.html. Skoðað 30. júní 2017.
Lög nr. 60/2013. https://www.althingi.is/altext/141/s/0537.html. Skoðað 30. júní 2017.
Náttúruvernd. Hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands. 2011. Ritstj. Aagot V. Óskarsdóttir. Umhverfisráðuneytið, Reykjavík.
Páll Líndal. 1984. *Stríð og friður. Samantekt á víð og dreif um aðdragandann að setningu náttúruverndarlaga á Íslandi*. Náttúruverndarráð, Reykjavík.
Páll Þorsteinsson. 1956. http://www.althingi.is/altext/raeda/?lthing=75&rnr=806. Skoðað 30. júní 2017.
Sigurður Þórarinsson. 1950. Náttúruvernd. *Náttúrufræðingurinn* 20:1–12.
Þorvarður Árnason. 1994. Náttúrufegurð. Róbert H. Haraldsson og Þorvarður Árnason (ritstj.): *Náttúrusýn, safn greina um siðfræði og náttúru*, bls. 263–283. Rannsóknarstofnun í siðfræði, Reykjavík.
Þorvarður Árnason, David Ostman og Adam Hoffritz. 2017. *Kortlagning víðerna á miðhálendi Íslands: Tillögur að nýrri aðferðafræði*. Háskóli Íslands – Rannsóknasetur á Hornafirði, Höfn.
Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Þorvarður Árnason, Hlynur Bárðarson og Karen Pálsdóttir. 2010. *Íslenskt landslag. Sjónræn einkenni, flokkun og mat á fjölbreytni*. Háskóli Íslands og Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, Reykjavík.

SUMMARY

‘Landscape. Where nature meets man’

Keywords: landscape, nature conservation, legal status, environmental aesthetics, diversity

The article discusses landscape and its status within Icelandic legislation on nature conservation. As a subject matter of nature conservation, landscape is in an unusual position as its value does not derive solely from nature, but rather from the dynamic interaction of nature and the human mind. Landscape has not until recently been awarded direct conservation status in Iceland, even though its conservation is mentioned in the oldest nature conservation law from 1956, as well as in subsequent legislation. The first attempt to conserve landscape on its own merits is found in the current law which came into effect in November 2015 and this law thus constitutes a watershed. The article attempts to unearth the different understandings about landscape which have appeared in Icelandic nature conservation legislation over the years, as well as how these have evolved. It also discusses landscape as a concept and its main characteristics, including rarity, diversity and beauty.

ÚTDRÁTTUR

Í greininni er fjallað um landslag og stöðu þess í íslenskum náttúruverndarlögum. Landslag er nokkuð sér á báti sem viðfang náttúruverndar þar sem gildi þess sprettur ekki einvörðungu af náttúrunni sjálfri, heldur af kviku samspili náttúru og mannshuga. Landslag hefur til skamms tíma ekki notið beinnar verndunar á Íslandi, þótt svo að vikið sé að verndun þess í elstu náttúruverndarlögum frá 1956 sem og þeim lögum sem fylgdu í kjölfarið. Það er fyrst með núverandi lögum sem tóku gildi í nóvember 2015 sem leitast er við að vernda landslag **sem landslag** og því marka lögin mikilvæg tímamót. Reynt er að grafast fyrir um þann ólíka skilning á landslagi sem lesa má út úr helstu lagatextum og frumvörpum um náttúruvernd og þá þróun sem þar hefur orðið í gegnum árin. Jafnframt er rætt um hugtakið „landslag“ og helstu einkenni þess, þar á meðal tengsl þess við fágæti, fjölbreytni og fegurð.

Þorvarður Árnason
Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Hornafirði
thorvarn@hi.is

GUÐRÚN KVARAN

Nöfn birtu og myrkurs, veðurs og hafs

1. Inngangur

Yfirskrift Frændafundar 9 var „Lönd ljóss og myrkurs, hafs og vinda“ og umræðuefnið var hvernig kraftar náttúrunnar móta mannlíf og dýralíf, menningu og samfélag landanna í norðri og löndin sjálf. Í landi myrkra vetrarmánaða og bjartra sumarnátta, storma og stillna á víxl þar sem hafið, stundum slétt, stundum úfið, er alltumlykjandi kemur ekki á óvart að foreldrar grípi til nafna á börn sín sem lýsa því sem mikil áhrif hefur á daglegt líf þeirra, birtunni, dimmunni, vindinum, stillunni og hafinu. Elstu nöfn af þessari gerð eru samsett og tengjast sjónum eins og t.d. *Hafgrímur*, *Hafliði*, *Hafsteinn*, *Hafþór*, *Sæbjörg*, *Sæbjörn*, *Sæfinnur*, *Sæhildur* og *Sæmundur* sem öll koma fyrir í fornum ritum. Sum hafa verið notuð allt frá fyrstu byggð landsins, önnur eru mynduð með þau eldri að fyrirmynd, enn önnur eru ný og fylgja tískustraumum samtímans. Flest þeirra eru eiginnöfn en fáein teljast til svonefndra millinafna. Mörg þeirra nafna sem fjallað verður um eru nýleg í íslenskum nafnaforða og ný nöfn verða að fá samþykki mannanafnanefndar. Í greininni verður því fyrst rætt um mannanafnanefnd og hlutverk hennar, þá um heimildir til nafngjafar samkvæmt lögum og hvaða skilyrði eiginnöfn og millinöfn þurfa að uppfylla til þess að teljast hæf á mannanafnaskrá. Í síðari hlutanum verður síðan fjallað um nöfn sem á einhvern hátt tengjast birtu, myrkri, veðri eða hafi.

2. Eiginnöfn og millinöfn

Í þessum kafla verður ekki rakin saga íslenskra nafnalaga frá þeim elstu 1913 né þeirra frá 1925 heldur einungis rætt um breytingar á nafnalögum frá 1991 þegar ákvæði um mannanafnanefnd og mannanafnaskrá voru fyrst tekin inn. Ástæða þess að yfirvöld vildu láta vinna ný lög um mannanöfn var sú að enginn hafði raunverulegt eftirlit með lögunum frá 1925, þau voru margbrotin á hverju ári, einkum hvað varðaði ættarnöfn, og enginn hafði eftirlit með því að prestar, eða aðrir sem heimild höfðu til að skrá nöfn, samþykktu nöfn sem ekki féllu að lögunum. Um sögu íslenskra nafnalaga fram til endurskoðunar 1991 má t.d. lesa í inngangi bókarinnar *Nöfn Íslendinga* eftir Guðrúnu Kvaran og Sigurð Jónsson (1991:70–86). Nafnalög voru síðan endurskoðuð 1996 og er þau að finna á vef Alþingis.

2.1 Eiginnöfn

Samkvæmt lögunum frá 1996 er ekki unnt að velja nýtt áður ónotað nafn og fá það skráð á mannanafnaskrá án samþykkis mannanafnanefndar og því ætla ég áður en lengra er haldið rétt að víkja stuttlega að nefndinni og skrám þeim sem til eru yfir nöfn sem falla að lögum og reglum um eiginnöfn og millinöfn þar sem ég mun vísa til þeirra hér á eftir. Mannanafnanefnd starfar nú samkvæmt VIII. kafla laga um mannanöfn nr. 45 frá 1996. Hún fær óskir um að fjalla um nöfn sem ekki eru á mannanafnaskrá eða á millinafnaskrá og ýmist samþykkir þau eða hafnar þeim og styðst þar við fyrrnefnd lög. Mannanafnanefnd í Færeyjum starfar eftir sambærilegum nafnalögum og -reglum en það efni er ekki til umræðu hér.

Til að nafn komist á mannanafnaskrá þarf nafn að uppfylla ákveðin skilyrði samkvæmt lögum um mannanöfn. Þau eru:

(1) a. Eiginnafn skal geta tekið íslenska eignarfallsendingu eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli.
b. Nafnið má ekki brjóta í bág við íslenskt málkerfi.
c. Það skal ritað í samræmi við almennar ritreglur íslensks máls nema hefð sé fyrir öðrum rithætti þess.
d. Stúlku skal gefa kvenmannsnafn og dreng skal gefa karlmannsnafn.
e. Eiginnafn má ekki vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama.

Í a-lið er tekið fram að nafn, sem ekki taki eignarfallsendingu, skuli hafa unnið sér hefð í íslensku máli. Sama gildir um rithátt, sbr. c-lið. Hefðarhugtakið er ansi loðið og ekkert segir um það í lögunum hvað átt sé við. Mannanafnanefnd varð því að búa sér til vinnulagsreglur um það hvenær nafn eða ritháttur nafns teldist hefðaður þannig að hægt væri að úrskurða um nöfn sem ekki uppfylltu almenn skilyrði. Um er að ræða tvær reglur sem samþykktar voru skömmu eftir setningu laganna og hafa lítið breyst til þessa. Fyrri reglan er þessi: Ungt tökunafn telst hafa unnið sér hefð í íslensku máli ef það fullnægir einhverju eftirfarandi skilyrða:

(2) a. Það er nú borið af a.m.k. 15 Íslendingum.
b. Það er nú borið af 10–14 Íslendingum og hinn elsti þeirra hefur náð a.m.k. 30 ára aldri.
c. Það er nú borið af 5–9 Íslendingum og hinn elsti þeirra hefur náð a.m.k. 60 ára aldri.
d. Það er nú borið af 1–4 Íslendingum og kemur þegar fyrir í manntalinu 1910 eða 1920.
e. Það er ekki borið af neinum Íslendingi nú en kemur a.m.k. fyrir í tveimur manntölum frá 1703–1920.

Síðari reglan er þessi: Tökunafn getur verið hefðað, þó að það komi ekki fyrir í manntölum, ef það hefur unnið sér menningarhelgi. Nafn telst hafa unnið sér menningarhelgi komi það fyrir í alkunnum ritum, frumsömdum og þýddum, í nafnmynd sem ekki brýtur í bága við íslenskt málkerfi.

Hefðarreglunum var lítillega breytt 2006 þegar tekið var á því hvaða skilyrði maður þyrfti að uppfylla til þess að teljast Íslendingur samkvæmt þessum lögum:

> Með Íslendingum er í ákvæði þessu átt við íslenska ríkisborgara sem eiga eða hafa átt lögheimili hér á landi.

Önnur smávægileg breyting var gerð 2015 en þá var manntalið frá 1920 komið á vefinn og þótti sanngjarnt að hafa það með. Með þessar vinnulagsreglur að leiðarljósi hefur tekist bærilega að afgreiða þær beiðnir sem falla utan ákvæða laganna í (1). Skrá um mannanöfn er m.a. að finna á slóðinni island.is/mannanöfn og nýjustu vinnulagsreglur mannanafnanefndar eru birtar á slóðinni island.is/mannanöfn/upplýsingar um mannanöfn.

2.2 Millinöfn

Heimild til þess að taka upp millinöfn kom fyrst fram í lögunum frá 1996 en töluverð ásókn hafði verið í slík nöfn. Meginreglan um millinöfn er þessi:

(3) a. Heimilt er að gefa barni eitt millinafn auk eiginnafns þess eða eiginnafna.
b. Millinafn má hvort heldur er gefa stúlku eða dreng.
c. Millinafn skal dregið af íslenskum orðstofnum eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli en má þó ekki hafa nefnifallsendingu.

d. Nöfn, sem aðeins hafa unnið sér hefð sem annaðhvort eiginnöfn karla eða eiginnöfn kvenna, eru ekki heimil sem millinöfn. Þó er eiginnafn foreldris í eignarfalli heimilt sem millinafn.

Ekkert er getið um beygingu millinafna sem ýtir undir að þau séu notuð óbeygð.

Sama hefðarregla, sem áður var rætt um, gildir hér einnig. Mannanafnanefnd tekur saman skrá um þau millinöfn sem samþykkt hafa verið eða hefur verið hafnað rétt eins og um eiginnöfn og er hana að finna á sömu slóð. Í umfjölluninni hér á eftir er aðeins getið um nöfn sem færð hafa verið á skrána um samþykkt millinöfn.

3. Nöfn birtu og myrkurs, veðurs og hafs

Nú hefur verið fjallað um mannanafnalög, mannanafnanefnd og vinnulagsreglur nefndarinnar til þess að lesandi átti sig á því hvað ný og áður ónotuð nöfn þurfa að uppfylla til þess að unnt sé að samþykkja þau og skrá á mannanafnaskrá. Nöfn sem tengjast viðfangsefni ráðstefnunnar eru bæði ósamsett og samsett. Fyrst verða þau skoðuð sem tengjast birtu, síðan þau sem vísa til myrkurs, þá þau sem vísa til veðurs og að lokum þau sem vísa til hafsins. Ég mun fyrst og fremst fjalla um þau ósamsettu en vík aðeins að þeim samsettu ef ástæða er til. Þegar ég nefni þjóðskrá á ég við skrána 1. janúar 2016 sem nafnberatölur þjóðskrár miðuðust við þegar greinin var samin („Hve margir heita“.) Ég styðst einnig við aðra útgáfu bókarinar *Nöfn Íslendinga* (Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson frá Arnarvatni 2011).

3.1 Birtan

Birtan er okkur öllum lífsnauðsynleg og fjögur eiginnöfn hafa verið sótt til nafnorðsins *birta*. Kvenmannsnafnið *Birta* virðist hafa verið borið af einni konu á Snæfellsnesi þegar manntal var tekið 1801 (sjá manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands). Síðan virðist það ekki koma fyrir samkvæmt heimildum fyrr en eftir 1950. Á næstu 50 árum verður nafnið afar vinsælt og á þjóðskrá 2016 voru 450 konur skráðar með þessu nafni sem einnefni eða fyrra nafni af tveimur og 345 konur hétu svo að síðara nafni. Sum elstu tilvikanna gætu verið tökunöfn úr Norðurlandamálum eða þýsku þar sem *Birte* er stytting úr *Birgitte*, en á síðari áratugum er nafngjöfin ekki síður sótt til ljóssins, en nafnorðið *birta* merkir ‘ljós, skin’.

Þrjú nöfn eru leidd af nafnorðinu *birta* en þau eru *Birtingur, Birtir* og *Birtna*. *Birtingur* er myndað með viðskeytinu *-ing-*. Elst dæmi um það eru úr fornbréfum frá 15. öld og það var enn í notkun 1703 þegar fjórir karlar á aldrinum 21 til 34 ára í Rangárvallasýslu voru skráðir svo í manntali. Eftir það virðist nafnið ekki koma fyrir fyrr en einn karl var skráður svo í þjóðskrá 2008 að síðara nafni. Árið 2016 voru þeir tveir að síðara nafni. *Birtíngur* er nafn á sögupersónu og samnefndri bók eftir franska rithöfundinn Voltaire, *Candide ou l’optimisme*, sem Halldór Laxness þýddi 1945 og gaf heitið *Birtíngur*. Ef til vill hefur þýðingin átt þátt í að endurvekja nafnið.

Nafnið *Birtir* bar einn karl sem einnefni eða fyrra nafn samkvæmt þjóðskrá 2016 og tveir hétu svo að síðara nafni. Það er leitt af nafnorðinu *birta* og ef til vill lagað að kvenmannsnafninu *Birta* með viðskeytinu *-ir*.

Kvenmannsnafnið *Birtna* hefur vafist fyrir mér. Ein kona bar það að einnefni í þjóðskrá 2016 og ein að síðara nafni. Fyrri liðurinn er líklega sóttur til nafnorðsins *birta* en viðskeytið *-n-* er óvanalegt í myndun sem þessari. Eftir ráðstefnuna var mér bent á að stúlka að nafni *Birna*, sem er af þýskum ættum, hafi sjálf farið að skjóta *-t-* inn á milli *-r-* og *-n-* til þess að nafnið yrði af þýskum ættingjum borið fram nær framburði nafnsins *Birna*, þ.e /rdn/. Þannig hafi orðið til nafnmyndin

Birtna. Ég sel það ekki dýrara en ég keypti. Hvort það á við báða nafnberana er óvíst. Aðeins annar þeirra kemur fram við leit í þjóðskrá.

Til birtunnar vísar einnig karlmannsnafnið *Bjartur*. Það kemur fyrir í fornbréfi á 15. öld og í bæjarnafninu *Bjartsstaðir* en síðan ekki fyrr en á þriðja áratug 20. aldar að einum dreng var gefið nafnið. Í þjóðskrá 2016 voru 188 karlar skráðir svo að einnefni eða fyrra nafni og 85 að síðara nafni af tveimur. Sennilega hefur sögupersónan Bjartur í Sumarhúsum úr Sjálfstæðu fólki Halldórs Laxness haft einhver áhrif á vinsældir nafnsins, en sú bók kom upphaflega út í fjórum bindum á árunum 1934–1935.

3.2 Sólin

Þá snýr ég mér að sólinni. Ekki eru nema fáeinir áratugir frá því farið var að gefa nafnið *Sól* ósamsett og þá einkum sem síðara nafn. Samkvæmt þjóðskrá 1989 voru aðeins þrjár konur skráðar með þessu nafni en 2016 voru 22 konur skráðar svo að einnefni eða fyrra nafni af tveimur en 745 konur hétu *Sól* að síðara nafni.

Sól- sem fyrri liður samsetts nafns er mun eldra. Nöfnin *Sólbjört* og *Sólrún* koma fyrir þegar í fornu máli. Kona Ríkharðs konungs á Englandi var í Ála flekks sögu, einni af fornaldarsögum Norðurlanda, sögð heita *Sólbjört* og *Sólrún* er nefnd í Bárðar sögu Snæfellsáss. Fram að fyrsta manntali á Íslandi 1703 höfðu bæst við nöfnin *Sólbjörg, Sólborg, Sólmundur* og *Sólvör*. Í þjóðskrá 2016 voru alls 28 samsett nöfn sem hafa *Sól-* í fyrri lið. Nöfn með *-sól* að síðari lið eru mun færri og flest öll nýlegar samsetningar. Þar má nefna *Maísól* sem samþykkt var 2011 og var borið af þremur stúlkum að einnefni eða fyrra nafni og fjórum að síðara nafni 2016. *Morgunsól*, sem samþykkt var 2015 og ein stúlka bar að fyrra nafni, og *Náttsól* sem samþykkt var fyrir 2001 og sjö báru konur að síðara nafni 2016. Í einu nafni sameinast hafið og sólin, þ.e. í nafninu *Sæsól*, sem samþykkt var 2002, en ein stúlka bar það að fyrra nafni samkvæmt þjóðskrá 2016.

Önnur nöfn á sólinni eru *sunna* og *röðull* sem bæði eru einnig notuð sem eiginnöfn. *Sunna* var fyrst gefið sem nafn á einni stúlku á áratugnum 1931–1940. Fljótlega jukust vinsældir þess og í þjóðskrá 2016 voru 527 konur skráðar með þessu nafni að einnefni eða fyrra nafni af tveimur og 136 hétu svo að síðara nafni. Ef til vill hefur ritverkið *Ísfólkið* eftir Margit Sandemo haft einhver áhrif á nafngiftirnar eins og reyndar fleiri nöfn úr því verki. Það kom út í fyrstu útgáfu í íslenskri þýðingu á árunum 1982–1989. Karlmannsnafnið *Röðull* er aftur á móti sjaldgæfara. Það er ungt eiginnafn í íslensku sem virðist fyrst notað á sjötta áratug 20. aldar. Í þjóðskrá voru þrír karlar skráðir með þessu nafni að einnefni eða fyrra nafni af tveimur. Nafnorðið *röðull* í merkingunni ‘sól’ er fyrst og fremst notað í skáldskap.

3.3 Myrkrið

Andstætt sólarljósinu er myrkrið. Færri nafnberar tengjast myrkrinu en sólinni en þó finnast sjö ósamsett nöfn í þjóðskrá 2016, öll fremur ung, en þau eru *Dimma, Myrk, Myrkvi, Rökkva, Rökkvi, Skugga* og *Skuggi*.

Nafnið *Dimma* var samþykkt á mannanafnaskrá 2014 og er aðeins borið af tveimur stúlkum sem síðara nafn. *Myrk* var samþykkt 2013 og það bera nú fjórar stúlkur að síðara nafni. Það er líklega myndað með karlmannsnafnið *Myrkvi* að fyrirmynd en það báru sjö karlar að einnefni eða fyrra nafni í þjóðskrá 2016 og 30 að síðara nafni. Að baki liggur nafnorðið *myrkvi* ‘sorti, myrkur, dimma’. Á sama hátt er kvenmannsnafnið *Rökkva* myndað með karlmannsnafnið *Rökkvi* að fyrirmynd. Óskað var eftir nafninu *Rökkva* á mannanafnaskrá 2014 og ein kona bar það sem fyrra nafn samkvæmt þjóðskrá 2016. Nafnið *Rökkvi* virðist fyrst notað á áttunda áratug 20. aldar en öðlaðist fljótt vinsældir. Í þjóðskrá voru 52 karlar skráðir svo að einnefni eða fyrra nafni og 43 að síðara nafni og fer nafnberum

fjölgandi. *Rökkvi* var sækonungsheiti í skáldamáli að fornu. Uppruni er óviss en það er ef til vill skylt nafnorðinu *rökkur* ‘húm, ljósaskipti, tíminn frá sólsetri til myrkurs’, nafnorðinu *rökkvi* ‘hálfbirta’ og sögninni *rökkva* ‘húma’ og ætti þá að merkja ‘hinn dökkleiti’. Nafnið *Skugga* er myndað eftir karlmannsnafninu *Skuggi*. Bæði eru þau ung í málinu, *Skuggi* var samþykkt sem karlmannsnafn 2004 og *Skugga* 2008. Tvær stúlkur heita nú *Skugga* að síðara nafni en *Skuggi* heita tveir að einnefni eða fyrra nafni en átta að síðara nafni. Bæði nöfnin eru dregin af nafnorðinu *skuggi* ‘húm, dimma, dimmurák’.

Dimma er hið eina af þessum sjö nöfnum sem notað hefur verið til að mynda af samsett nafn. Til eru í þjóðskrá tvö nöfn með *Dimm-* að forlið, *Dimmblá* og *Dimmey*. Fyrra nafnið er óvenjuleg myndun á eiginnafni þar sem um lýsingarorð er að ræða í merkingunni ‘dökkblár, svarblár’. Tvær konur báru það að síðara nafni í þjóðskrá 2016. Síðara nafnið er myndað með afar algengum viðlið *-ey*, en að baki getur legið þrenns konar merking: Í fyrsta lagi merkingin ‘heill, hamingja’ sem sjálfsagt er algengust. Í öðru lagi merkingin ‘umflotið land, hólmi’ og í þriðja lagi merkingin ‘ávallt, alltaf’ (Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson frá Arnarvatni 2011:198). Það er heldur fátítt. Alls sjö konur báru nafnið samkvæmt þjóðskrá, tvær að einnefni eða fyrra nafni og fimm að síðara nafni af tveimur. Ekkert karlmannsnafn hefur verið myndað af *dimmu*, hvorki ósamsett né samsett.

3.4 Vindurinn

Þótt hér sé oft svalt og vindasamt vísa aðeins fá eiginnöfn til slíks veðurs og enn færri til veðurblíðu með hægum vindi. Enginn hafði t.d. óskað eftir nafninu *Gola* á stúlkubarn þegar ráðstefnan var haldin. Ef fyrst er litið á vindinn og kuldann, sem honum fylgir oft, einkum haust og vetur, finnast nöfnin *Garri, Kaldi, Stormur* og *Svali*.

Nafnið *Garri* er fremur ungt hérlendis og komst á mannanafnaskrá 2005. Einn karl var skráður svo að einnefni í þjóðskrá 2016 og fimm karlar að síðara nafni. Að baki liggur að líkindum nafnorðið *garri* ‘rosti, kaldur vindur’. Nafnið *Kaldi* er lítið eitt eldra á mannanafnaskrá en *Garri* en lítið notað enn sem komið er. Þrír karlar voru skráðir með þessu nafni í þjóðskrá og allir að síðara nafni. Það er leitt af lýsingarorðinu *kaldur* ‘svalur, kulsamur’. Nafnið *Stormur* er eldra en hin bæði og virðist fyrst hafa verið notað á fimmta áratug 20. aldar. Samkvæmt þjóðskrá voru 22 karlar skráðir svo að einnefni, fyrra eða fyrsta nafni og 11 að síðara nafni. Hugsanlega hefur nafnið verið tekið upp fyrir erlend áhrif en *Storm* þekkist á Norðurlöndum og í enskumælandi löndum sem karlmannsnafn. *Stormur* er sama orð og nafnorðið *stormur* ‘hvass vindur, rok’.

Ekki er veðrið eins afgerandi þegar úti er *svali* en þá er kul eða kæla. Karlmannsnafnið *Svali* virðist fyrst notað á sjöunda áratug 20. aldar og hefur lítið verið notað. Samkvæmt þjóðskrá bar það aðeins einn karl sem fyrra nafn af tveimur. Það vekur athygli að ekkert kvenmannsnafn finnst í þessum flokki. Nefna mætti að vísu nafnið *Svalrún* sem aðeins ein kona hefur borið svo kunnugt sé. Hún kom fram í þjóðskrá 1989 en nafnið er ekki lengur á skrá. Þar er fyrri liður líklega hinn sami og í *svali* og *-rún* er afar algengur viðliður kvenmannsnafna (Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson frá Arnarvatni 2011:499). Kvenmannsnafnið *Svala* er af öðrum toga. Það er sótt til fuglsheitisins *svala*.

Kári er vissulega gamalt norrænt nafn á vindinum en mun eldra og að minnsta kosti frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar er karlmannsnafnið *Kári* sem yfirleitt er talið myndað af lýsingarorðinu *kárr* ‘hrokkinhærður’ sem þekktist í fornu máli en er ekki notað lengur. Það telst því ekki til þessa flokks eiginnafna.

Eitt nafn enn telst til þessa flokks vindnafna. Það hefur þá sérstöðu að það má nú nota bæði á karla og konur eftir dómsúrskurð þótt nafnalögin frá 1996 heimili það ekki. Það er nafnið *Blær* sem leitt er af nafnorðinu *blær* ‘andvari, gola’. Saga

þess er sú að einum dreng í Þingeyjarsýslu á Norðurlandi var gefið nafnið sem síðara af tveimur á fjórða áratug 20. aldar. Skýringin er sú að bókin *Uppreisnin á Bounty*, sem út kom í íslenskri þýðingu 1939 (Nordhoff og Hall 1939), var keypt í lestrarfélagið í Aðaldal, Þingeyjarsýslu, og var lesin á hverjum bæ og nánast upp til agna. Nafn skipstjórans var *Bligh* sem í Aðaldalnum varð *Blær*. Nafnið hefur orðið vinsælt síðara nafn karla. Í þjóðskrá voru aðeins sjö karlar skráðir svo að einnefni eða fyrra nafni en 122 að síðara nafni. Sagan um Bligh skipstjóra fylgir nafninu ekki lengur og það er trúlega tengt karlkynsorðinu *blær*.

Árið 2013 vannst dómsmál þar sem stúlka með aðstoð móður sinnar fór í mál og krafðist þess að fá að heita *Blær*. Málið vannst og fannst mörgum undarlegt þar sem í lögum um mannanöfn stendur: „Stúlku skal gefa kvenmannsnafn og dreng skal gefa karlmannsnafn“ eins og ég nefndi fyrr í greininni (sjá (1d)), og *Blær* var fyrir löngu viðurkennt karlmannsnafn. Tvær konur voru skráðar með þessu nafni í þjóðskrá 2016. Stúlkan *Blær* kemur fyrir í *Brekkukotsannál* eftir Halldór Laxness (Halldór Laxness 1957) og er fyrirmyndin líklega sótt þangað. Nafnið er væntanlega hugsað sem sama og karlkynsorðið *blær* ‘andvari, gola’.

Aðeins eitt samsett kvenmannsnafn hefur verið gefið með *Blæ-* að forlið. Það er nafnið *Blædís* sem átta konur báru 2016 að einnefni eða fyrra nafni. Hin elsta fékk nafnið 1962.

3.5 Hafið

Þá er komið að síðasta flokknum, nöfnum sem tengjast hafinu. Um nöfn af því tagi fjallaði ég á ráðstefnu í Færeyjum 2011 og birtist fyrirlesturinn í ráðstefnuritinu *Nøvn í strandamentanini* (Guðrún Kvaran 2013). Þeim verður því að mestu sleppt hér en vísað í greinina. Ég ætla þó að ræða um ósamsettu karlmannsnöfnin *Hlér*, *Mar* og *Sær*, sem öll eru fremur ung, en sleppa að ræða nöfnin *Ægir* og *Rán* og nöfn dætra þeirra sem eru *Alda*, *Bára*, *Bylgja*, *Hrönn* og *Unnur* þar sem þau hafa öll verið notuð talsvert lengi, en á síðari hluta 19. aldar jókst mjög að leita í fornar íslenskar bókmenntir, eins og t.d. Snorra-Eddu, að eiginnöfnum. Hefur sú tilhneiging verið tengd sjálfstæðisbaráttunni.

Nafnið *Hlér* var annað heiti Ægis samkvæmt Snorra-Eddu. Það virðist þó ekki hafa verið notað sem eiginnafn hér á landi fyrr en á sjöunda áratug 20. aldar. Tveir karlar báru nafnið sem einnefni eða fyrra nafn 2010. Samkvæmt þjóðskrá 2016 voru átta karlar skráðir svo að síðara nafni en enginn að fyrra nafni. Engin samsett nöfn hafa verið gefin þar sem *Hlér* er forliður. Nafnið er sama orð og *hlér* í merkingunni ‘sjór’. Uppruni nafnsins er umdeildur.

Nafnið *Mar* virðist eingöngu hafa verið notað sem síðara eiginnafn. Á áratugunum 1921–1950 fengu átta drengir þetta nafn, allir sem síðara af tveimur. Samkvæmt þjóðskrá var enginn karl skráður svo að einnefni eða fyrra nafni en 176 hétu svo að síðara nafni. Sumir nafnberanna eru konur og er nafnið því greinilega einnig notað sem ættarnafn. Ekki er unnt að greina að karla og konur í tölulegri yfirlitsskrá þjóðskrár ef sama nafnið er notað um bæði kynin eins og á við um ættarnöfn og millinöfn. *Mar* var samþykkt á lista yfir millinöfn í febrúar 2017 og er því á báðum skránum. Að baki nafninu *Mar* liggur nafnorðið *mar* ‘haf, sjór’ fremur en *mar* ‘hestur’. Nokkur samsett eða viðskeytt nöfn eru með *Mar-* að forlið, átta kvenmannsnöfn og fimm karlmannsnöfn (sjá island.is).

Nafnið *Sær* er fremur ungt í íslensku og virðist fyrst notað á sjöunda áratug 20. aldar. Í þjóðskrá var einn karl skráður svo að einnefni en 37 karlar hétu svo að síðara nafni. Það er sama orð og *sær* ‘sjór, haf’.

Allmörg samsett nöfn hafa verið gefin með *Sæ-* að forlið, 15 kvennanöfn og 14 karlanöfn (island.is). Af þeim ætla ég aðeins að nefna þrjú sem falla vel að viðfangsefni ráðstefnunnar, *Sæbjartur*, *Sæbjört* og *Sæsól* þar sem tengd eru saman hafið og birtan. Öll eru nöfnin ung og borin af fáum einstaklingum.

Nafnið *Sæbjartur* var samþykkt á mannanafnaskrá 2014. Aðeins einn maður bar það að fyrra nafni 1. janúar 2016. Kvenmannsnafnið *Sæbjört* er nokkuð eldra og var fyrst gefið 1997. 2016 hétu tvær konur svo að fyrra nafni af tveimur. Um *Sæsól* var rætt í 3.2.

4. Millinöfn

Í kafla 2.2 var gerð grein fyrir því hvað átt væri við með hugtakinu millinafn. Frá því að millinöfn voru fyrst heimiluð 1996 hefur talsverð ásókn verið í nöfn af því tagi. Þau sem nú eru á mannanafnaskrá eru flest samsett og með síðari liðina *-berg, -dal, -feld, -fell, -fjörð, -hlíð, -holt, -hólm, -kvist, -land, -mann, -nes, -teig* og *-vík* sem allir vísa til landslags og þá hugsanlega til þess staðar á landinu sem nafnberinn rekur ættir til. Þau eru eins og áður sagði bæði borin af körlum og konum.

Fjögur ósamsett millinöfn falla að efni greinarinnar, *Brim, Ljós* og *Storm*, sem öll voru samþykkt 2005, og *Logn* sem samþykkt var 2013. Um *Mar* var rætt í 3.5. Ein stúlka bar millinafnið *Brim* samkvæmt þjóðskrá 2016 og önnur bar millinafnið *Ljós*. Svo virðist sem einn drengur, búsettur á Íslandi, beri millinafnið *Storm* en alls eru ellefu skráðir búsettir erlendis sem hafa *Storm* að eiginnafni. Tveir einstaklingar báru nafnið *Logn* samkvæmt skránni „Leit að nafni“ hjá Hagstofu Íslands en enginn kom fram við leit í þjóðskrá þar sem kynið hefði átt að koma fram.

5. Lokaorð

Með greininni var ætlunin að varpa ljósi á þau íslensk nöfn og millinöfn sem falla að yfirskrift ráðstefnunnar „Lönd ljóss og myrkurs, hafs og vinda“. Áður en að því kom að ræða einstök nöfn var í öðrum kafla gerð grein fyrir mannanafnanefnd, mannanafnalögum, mannanafna- og millinafnaskrám og vinnulagsreglum nefndarinnar sem höfundi þótti mikilvægt vegna almennrar vanþekkingar á störfum nefndarinnar. Í þriðja kafla var síðan gerð grein fyrir nöfnum sem falla í flokkana *birta, sól, myrkur, vindur* og *haf*. Vegna takmarkaðs rýmis urðu fyrst og fremst ung, ósamsett nöfn fyrir valinu með örfáum undantekningum þó.

Í flokknum *Birtan* var aðeins eitt kvenmannsnafn en þrjú karlmannsnöfn. Annað var uppi á teningnum þegar kom að flokknum *Sólin* en allt frá elstu heimildum hefur *Sól-* verið vinsæll forliður, einkum í kvenmannsnöfnum. Nýlegt er aftur á móti að *-sól* sé notað sem viðliður en þrjú slík eru nefnd, *Maísól, Náttsól* og *Sæsól*. Aðeins eitt ósamsett karlmannsnafn, *Röðull*, fellur undir merkingarliðinn ‘sól’.

Sjö nöfn falla í flokkinn *Myrkrið*, fjögur kvenmannsnöfn og þrjú karlmannsnöfn. Þar er um að ræða þrjú pör, *Myrk – Myrkvi, Rökkva – Rökkvi* og *Skugga – Skuggi*. Aðeins *Dimma* á sér ekki samsvörun sem karlmannsnafn.

Í flokkinn *Vindurinn* falla fimm ósamsett karlmannsnöfn og eitt kvenmannsnafn með viðliðnum *-rún, Svalrún*.[1] *Kári* er gamalt nafn í merkingunni ‘hrokkinhærður’ en eftirgrennslan mín benti til að fáir hugsuðu um merkinguna.

Síðasti flokkurinn er *Hafið*. Þar eru einungis þrjú ósamsett karlannsnöfn sem eru nýleg í nafngiftum Íslendinga. Samsett nöfn hafa tíðkast lengi.

Millinöfn, sem falla undir efni ráðstefnunnar, reyndust fá, aðeins fjögur. Sama millinafnið má gefa bæði dreng og stúlku og verður tíminn að skera úr um hvernig þau verða notuð.

Færeysk nöfn í flokkunum fimm hefðu verið áhugavert samanburðarefni en leyfilegt umfang greinar gaf ekki kost á því. Lausleg athugun virðist benda til nöfnin séu talsvert færri en þau íslensku. Í bók Hjalmars P. Petersens *Hin føroyska navnabókin* eru nöfnin *Birta* og *Birti* t.d. sögð dregin af *Birgit* (2011:51). *Sól* er

[1] Eftir að ráðstefnan var haldin fékk ein stúlka nafnið *Gola*.

ekki nefnt sem ósamsett nafn en aftur á móti 26 samsett nöfn sem sum hver eiga samsvaranir í íslenskum nafnaforða (2011:289–291). Skýringin við *Kári* vísar einungis til hárgerðar, þ.e. 'hrokkinhærður' (2011:190). Nokkur nöfn hafa forliðinn *Sæ-*, mun færri en í íslensku (2011:301–302). Verðugt viðfangsefni í aðra grein.

HEIMILDIR

Guðrún Kvaran. 2013. Islandske person- og gadenavne tilknyttet havet. *Nøvn i strandmentanini. Navne i kystkulture*n. Forelæsninger fra det 41. NORNE-symposium i Tórshavn 2.–4. juni 2011, bls. 98–111. NORNA-förlaget, Uppsala.

Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson frá Arnarvatni. 1991. *Nöfn Íslendinga.* Heimskringla, Háskólaforlag Máls og menningar, Reykjavík.

Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson frá Arnarvatni. 2011. *Nöfn Íslendinga*. Ný útgáfa. Endurskoðun, leiðréttingar og viðbætur annaðist Guðrún Kvaran. Forlagið, Reykjavík.

Halldór Laxness. 1957. *Brekkukotsannáll*. Helgafell, Reykjavík.

Nordhoff, Charles, og James Norman Hall. 1939. *Uppreisnin á Bounty*. [Þýðanda ekki getið í Gegni.] Alþýðuprentsmiðjan, Reykjavík.

Petersen, Hjalmar P. 2011. *Hin føroyska navnabókin. Nøvn í Føroyum*. Forlagið Málseta, Sandavági.

Sandemo, Margit. 1982–1989. *Ísfólkið*. Prenthúsið, Reykjavík.

Voltaire. 1945. *Birtíngur*. Þýðandi Halldór Kiljan Laxness. Helgafell, Reykjavík.

Vefslóðir:

Leit að nafni:	hagstofan.is
Lög um mannanöfn:	althingi.is
Mannanafnanefnd:	island.is (upplýsingar um mannanöfn)
Mannanafnaskrá:	island.is (leit að nafni)
Millinafnaskrá:	island.is (leit að nafni)
Manntalsvefur Þjóðskjalasafns:	manntal.is

SUMMARY

'Names related to light and darkness, weather and sea'

Key words: Icelandic names, legislation about names, committee on personal names, directory of personal names, given name, middle name, meaning of names

The first section of this paper discusses first names and middle names in Icelandic. It describes the Icelandic legislation about names and lists the requirements that Icelandic personal names have to meet. Then the role of the Icelandic committe on personal names is described, together with the conventions that it has established in its work. The following sections describe Icealandic personal names and middle names that are related to the main theme of „Frændafundur 9", namely brightness, the sun, darkness, the weather and the ocean. All of these elements have been very important to life in Iceland (and the Faroes). The main emphasis is on simplex names, such as *Birta* 'brightness', *Sól* 'sun', *Skuggi* 'shadow', *Blær* 'breeze', *Alda* 'wave' and *Ægir* (an old name for the ocean as a force of nature), although compound names like *Náttsól* (lit. 'night-sun') and *Sólbjört* (lit. 'sun-bright') are

also mentioned. As separate section discusses middle names, which are relatively new in Icelandic naming conventions, and the final section is a summary, pointing out the fact that a comparative study of Faroese names would be very interesting.

ÚTDRÁTTUR

Fyrir utan inngang skiptist greinin í fjóra meginkafla. Í þeim fyrsta er rætt um eiginnöfn og millinöfn. Sagt er frá lögum um mannanöfn og hvaða skilyrði nafn þarf að uppfylla til þess að teljast falla undir ákvæði laga nr. 45 frá 1996 ((1) a–e). Þá er sagt frá mannanafnanefnd og viðmiðunarreglum hennar ((2) a–e) til að ákvarða hvort nafn hefur öðlast hefð og sé þannig hæft á lista mannanafnanefndar yfir þau nöfn sem heimiluð eru. Á sama hátt er gerð grein fyrir millinöfnum.

Þriðji kafli skiptist í fimm undirkafla. Í þeim fyrsta er rætt um nöfn sem tengjast birtunni, í öðrum um sólina í mannanöfnum, í næsta eru nöfn sem tengsl hafa við myrkrið, í þeim fjórða er það veðrið sem býr að baki en í þeim fimmta hafið sem ávallt hefur haft mikil áhrif á lífið í landinu. Lögð er áhersla á ósamsett nöfn en valin samsett nöfn voru einnig til umfjöllunar þar sem þurfa þótti.

Í fjórða kafla er fjallað um fjögur nýleg millinöfn sem merkingarlega falla að yfirskrift ráðstefnunnar en í fimmta kafla er efni greinarinnar dregið saman og bent á færeysk mannanöfn sem áhugavert samanburðarefni.

Guðrún Kvaran
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
gkvaran@hi.is

SOFFÍA AUÐUR BIRGISDÓTTIR

Undrun, ótti og æði

Náttúruskynjun Þórbergs Þórðarsonar

Inngangur

Þórbergur Þórðarson (1888–1974) fæddist og ólst upp á Hala í Suðursveit í Austur-Skaftafellssýslu sem á þeim tíma var með afskekktustu byggðum Íslands. Hali var einn af þremur torfbæjum, Breiðabólstaðabæjunum, sem stóðu saman á grösugu láglendi við sjó með stórbrotna náttúru allt í kring. Þar bjuggu saman fjölskyldur sem voru nátengdar í gegnum skyldleika og fjölskylduvensl og lifðu einangruðu lífi vegna náttúrulegra tálmana sem settu ferðalögum miklar skorður. Þórbergur hefur sjálfur lýst aðstæðum þannig (1929:167):

> Skaftafellssýsla hafði öldum saman verið mjög einangruð frá hugmyndaviðskiftum umheimsins. Að vestan er hún skorin frá Suðurlandsláglendinu af mörgum höfuðsöndum. Yfir sandana velta kolmórauð vatnsföll, er tálma mjög umferðum. Að austan er sýslan skilin frá meginlandinu af hárri og langri heiði. Á sjávarsíðuna eru brimsandar og hafnleysur. Fram undir síðustu aldamót kom ekki nein önnur fleyta til Skaftafellssýslu en kaupskip frá Danmörku einu sinni til tvisvar á ári. Að baki bygðarinnar er risavaxinn fjallgarður og víðar jökulbreiður. Skaftfellingar lifðu því og hrærðust í gömlum hugmyndaheimi alla leið fram undir síðustu aldamót.

En þótt heimasveit Þórbergs væri einangruð frá „hugmyndaviðskiftum umheimsins“ ólst hann upp í faðmi óvenju stórbrotinnar náttúru. Hann hafði sífellt fyrir augunum jökla, fjöll og tignarlega fjallstinda sem gnæfðu yfir byggðinni í vestri og norðri. Til suðurs blasti veraldarhafið við í öllu sínu veldi og beint fyrir ofan bæinn reis tilkomumikið klettabelti. Þetta umhverfi hafði afgerandi áhrif á Þórberg eins og sjá má í bernskuminningum hans, fjórum bókum sem saman bera titilinn *Í Suðursveit* (1975).[1]

Þórbergur flutti alfarinn að heiman til Reykjavíkur árið 1906, átján ára gamall. Réttri hálfri öld síðar sendi hann frá sér fyrsta bindi bernskuminninganna, *Steinarnir tala* (1956), en síðar komu *Um lönd og lýði* (1957), *Rökkuróperan* (1958) og hin ófullgerða *Fjórða bók* sem fyrst birtist 1975 í safnritinu *Í Suðursveit*. Í þessum bókum er að finna óviðjafnanlega sviðsetningu náttúrunnar, umhverfisins og mannlífsins í heimasveit Þórbergs á síðasta hluta nítjándu aldar og upphafsárum þeirrar tuttugustu. Kjarni bókanna er þó ekki einvörðungu fólginn í sjálfri staðarlýsingunni heldur öðru fremur í þroskasögu Þórbergs; frásögninni af því hvernig sjálfið verður til í samspili við náttúru, umhverfi og mannlíf. Um Suðursveitarbækurnar fjalla ég nokkuð ítarlega í bókinni *Ég skapa – þess vegna er ég. Um skrif Þórbergs Þórðarsonar* (2015). Þar beini ég athyglinni sérstaklega að síðarnefnda atriðinu, því hvernig sjálf Þórbergs verður til í samspil við náttúru, umhverfi og mannlíf, auk þess sem ég sýni fram á hvernig hann notar myndmál ættað úr rómantískri bókmenntahefð í náttúrulýsingum sínum.

Hér ætla ég hins vegar að þrengja efnið og beina sjónum sérstaklega að lýsingum Þórbergs á tilteknum náttúrufyrirbærum og ræða hversu djúpt hann kafar í viðleitni sinni til að átta sig á merkingu þessara fyrirbæra. Markmið mitt er að

[1] Hér á eftir verður vísað í safnritið *Í Suðursveit*, 1. útg. 1975, þegar vitnað er í bernskuminningabækurnar fjórar.

draga fram hvernig Þórbergur lýsir **tilfinningasambandi** sínu við náttúruna og greina þær tilfinningar sem náttúran vekur með honum. Á þeim tíma sem Þórbergur var að alast upp í Suðursveit var slíkt samband við náttúruna fátítt, enda reyndi hann að leyna því fyrir öðrum úr fjölskyldunni. Tilfinningar eru grundvallaratriði í allri náttúruskynjun Þórbergs; um leið og hann lýsir náttúrufyrirbærum á nákvæman, ljóðrænan og oft mjög frumlegan hátt er auðsæilegt að reynsla hans er á einhverju sviði **óumræðileg** og hugsuninni ofviða. Hún heyrir til sviði tilfinninga og líkamlegra skynjana, hún snýst um möguleika okkar á **tjáskiptum** við náttúruna, eins og Þorvarður Árnason orðar það í greininni „Náttúrufegurð“, en þar spyr hann „hvort eða á hvaða hátt náttúran geti verið uppspretta merkingar og hvernig við getum skilið þá merkingu“ (1994:264). Í þessu er að sjálfsögðu fólgin ákveðin þversögn; reynt er að lýsa náttúru sem er hugsuninni ofviða í texta sem er það tæki sem við notum til að tjá hugsun. Í gegnum tungumálið reynum við að tengjast því sem náttúran hefur að „segja“ og fanga merkingu þess:

> Náttúran talar vissulega ekki sömu tungu og við en þar með er ekki sagt að hún bjóði ekki upp á „lestur“ eða jafnvel „hlustun“ í einhverju formi. Margvísleg reynsla sem menn verða fyrir – mikil hrifning til dæmis – verður ekki með góðu móti fönguð í búning orðanna. Slík reynsla er þó engu minna raunveruleg eða merkingarbær en sú sem hægt er að „texta“ (Þorvarður Árnason 1994:278).

Þetta er það viðfangsefni sem Þórbergur er sífellt að glíma við í náttúrulýsingum sínum; að reyna að miðla þeirri merkingu sem náttúran hefur fyrir hann í gegnum tungumál þar sem áhersla er á tilfinningaleg viðbrögð. Hér á eftir verður fjallað nánar um tilfinningasamband Þórbergs við náttúruna og það skoðað með því að rýna sérstaklega í lýsingar hans á tilteknum náttúrufyrirbærum sem hann hafði fyrir augum daglega, hafinu, klettum og jöklum.

Tjáskipti sjálfs og náttúru, eða að komast í samband við djúp allífsins

Lýsingarorðið *djúpt* er mjög viðeigandi þegar rætt er um náttúrulýsingar Þórbergs enda grípur hann mjög oft til þess í lýsingum sínum á náttúrunni. Í Suðursveit er „lífið djúpt, en í borgum er það grunnt, yfirborðslegt og í fjandskap við hið eilífa og óforgengilega“ sagði Þórbergur í samtali sínu við Matthías Johannessen (1959:242–243). Á sama stað lýsir hann því yfir að hann hafi verið „á skökkum stað“ í 52 ár; Suðursveitin væri hans rétti staður en hann hefði ekki uppgötvað það fyrr en hann var kominn hátt á fertugsaldur. Viðmælandinn bendir þá réttilega á að hefði Þórbergur ekki farið að heiman hefði hann væntanlega aldrei orðið rithöfundur (1959:243).

Þórbergur skrifar víða um tilfinningalega dýpt sem hann upplifir tengslum við náttúruna í Suðursveit og hann tengir þá upplifun við líf sem leynist undir yfirborði hlutanna og þeim óumræðileika sem náttúruskynjunin vekur með honum. Þá nefnir hann kyrrðina, þögnina og lausnina frá klukkunni sem mikilvægan hlut af náttúruskynjun sinni (Matthías Johannessen 1959:242). Hugleiðingar Þórbergs um náttúruna tengjast oftar en ekki hugleiðingum um **eilífðina**; fyrirbæri í náttúrunni – eins og til að mynda steinar – eru eilífir, þeir voru til áður en maðurinn fæðist og verða til eftir að hann hefur horfið á braut og með því að hlýða á tal þeirra má skynja samslátt allra tíma:

> Mikið djúp gerði það í mér, ef ég gæti séð Hrollaug landnámsmann og papana vera að horfa fyrir þúsund árum á sama steininn, sem ég er að horfa á núna, sona einkennilegan stein. Þó gerði það ennþá meira djúp í mér, ef ég sæi þá vera

> að stara á þetta sama og ég hef starað á forundrandi, þetta einstaka, sem kannski hefur aldrei gerzt á neinum öðrum stað í öllum heiminum (1975:159).

Í steininum sameinast því fortíðin og nútíðina og framtíðina á hann einnig vísa. „Hvílík eilífð er líf steinsins“, skrifar Þórbergur.

Í náttúrulýsingum Suðursveitarbókanna hnitast frásögnin um samspil minninga og tilfinninga sem vakna hjá Þórbergi eftir því sem frásögninni vindur fram. Framarlega í *Steinarnir tala* ræðir hann um fyrstu minningar sínar. Þetta eru stakar minningar, án samhengis og Þórbergur skrifar: „Þær standa einar og sér eins og fjallahnúkar upp úr þokuhafi. Það er eins og ég hafi ekki verið til á undan þeim og hætt að lifa um leið og þær þrýtur“ (1975:29).

Hafið

Meðal þessara minninga er lýsingin á því þegar hann sér hafið í fyrsta sinn. Þessari minningu lýsir Þórbergur í mun lengra máli en öðrum minningum sínum enda staðhæfir hann að ekkert sem hann hafi síðan upplifað hafi haft jafn mikil áhrif á sig:

> Það fyrsta, sem ég man eftir úr ferðinni, var það, að við gengum vestur fjöruna, og sjórinn var nokkra faðma frá okkur til vinstri handar. Ég horfði mikið á hann. Það var stillt veður, en mikið brim. Ég sá voðalega stórar öldur koma hverja á eftir annarri langt utan úr hafi og hækka sig meira og meira, þegar þær nálguðust landið, hvolfa sér niður á sjóinn með sogandi hljóðum og verða að hvítri, freyðandi og eins og dauðri breiðu, rísa aftur og hlaupa upp að landinu, lyfta sér hærra og hærra og velta sér með þungum, malandi nið á fjörusandinn, stróka sig hátt upp í loftið, detta niður og stökkva hvínandi lagt upp á fjöruna, eins og þær ætluðu að taka mig. Ég varð hræddur við þessi skelfilegu ólæti og passaði mig að ganga þeim megin við föður minn, sem snöri frá sjónum. Við héldum áfram eitthvað vestur fjöruna. Lengra nær þetta stórkostlega ævintýri ekki.
>
> Enga sýn hef ég síðan séð og ekkert hljóð heyrt, sem hafa haft jafn feiknleg og jafn dulmögnuð áhrif á mig og þessi fyrstu kynni mín af veraldarhafinu. Mér fannst það líkara lifandi ófreskju með óskiljanlega lögun, ægilegri, grimmri og ofsaþrunginni, heldur en andvana náttúruundri (1975:24).

Hafið vekur margs konar tilfinningar hjá Þórbergi og er það náttúrufyrirbæri sem veldur honum hvað mestum heilabrotum. En sú tilfinning sem hann lýsir oftast þegar hann stendur frammi fyrir veraldarhafinu er **ótti**. Hann „varð hræddur við þessi skelfilegu ólæti“ og hafið minnir hann á grimma og ofsaþrungna „lifandi ófreskju“. Þessi ófreskja skiptir skapi eftir veðri og vindum og „ekkert í náttúrunni [er] eins lifandi. Ekkert í ríki hennar breytti eins mikið um útlit eftir veðri og lofti. Margbreytni þess virtist ekki eiga sér nein takmörk. Það var komið nýtt haf á hverjum morgni á Breiðabólstaðarbæjunum“ (1975:110). Hafið heillar Þórberg um leið og það hræðir hann: „Í miklu brimi var hafið stórkostlegast og hræðilegast af öllu í heiminum. En í logni og ládeyðum var yfirborð þess unaðslega heillandi“ (1975:110). Sjávarniðurinn heyrðist heim að bænum nema „í dauðum sjó eða norðanátt“ og Þórbergur kallar hann *söng hafsins*:

> ég mundi nú segja kórsöngur, því að það hafði margar raddir og margvísleg tilbrigði í sinni sönglist. Dýpst smaug söngur þess inn í mig í hóflega miklu brimi og kyrru veðri á kvöldin. Þá var gaman að standa á stéttinni á Hala og hlusta. Maður heyrði skæra og létta rödd kannski einhvers staðar í suðri. Svo tók önnur undir einhvers staðar í suðvestri, svo sú þriðja einhvers staðar í

> suðaustri. Svo varð máski dauðaþögn dálitla stund, og eftir hana kvað við rödd í öðrum tón einhvers staðar lengst í austri. Það var þetta „einhvers staðar“, sem gaf þessari hljómlist dularfulla dýpt.
>
> Það var skemmtilegt að hlusta á þennan söng öldulífsins í logni og tunglsljósi á kvöldin (1975:111).

Það eru skynfærin augu og eyru sem nema hin margradda söng hafsins og skemmtun og ótti leikast á í skynjun Þórbergs. En hann lýsir einnig dulmögnuðum áhrifum sem hafið hefur á hann og það á líka við reynslu hans af því að ganga á fjöruna því „hún var alltaf eins og hún væri nýsköpuð“ (1975:108). Í fjörunni „ríkti djúpur mikilleiki, sem hafði næstum lamandi áhrif á mann og þó seiðandi langt inn í eitthvað upphafið“ skrifar hann einnig (1975:108). Þá segist hann hafa spurt „sjálfan sig í algerðri einlægni: „Hvaða tilverustig er þetta?““ (1975:108).

Ekkert í náttúrinni er eins „lifandi“ og hafið, skrifar Þórbergur, og „andvana náttúruundur“ er hugtak sem hann sættir sig illa við því fyrir honum er allt í náttúrunni lifandi:

> Ég vissi aldrei, hvort það var nokkuð skrýtið, að mér fannst allir hlutir vera með lífi og einhverju viti. Ég vissi ekki, hvernig á því stóð, að mér fannst þetta. En það var svo náttúrulegt í mér, að mér kom aldrei til hugar að brjóta neitt heilann um það. Það kom aldrei annað í þanka minn en þetta fyndist öllum. Ég heyrði samt engan segja það. Alveg öfugt. Ég heyrði allt kallað dauða náttúru, sem ekki þyrfti að éta (1975:150).

Það er þetta líf sem hann leitast í sífellu við að skoða og skilja og glæða merkingu. Suðursveitarbækurnar hvíla á þeirri grundvallarlífsskoðun að náttúran sé lifandi og tilvera mannsins sé í órjúfanlegu sambandi við hana. Þórbergur (1975:150) lýsir því sem kalla má lífræna heildarhyggju og hann segir að sé sér „meðfædd þekking, alveg ómótmælanleg eins og andardrátturinn“. Pétur Gunnarsson (2002:5) telur að þessi aðferð Þórbergs, „að persónugera alla skapaða hluti“, sé „lífið og sálin í Suðursveitarbókunum“ og má taka undir það.

Klettar

Þórbergur lýsir einnig í löngu máli klettunum fyrir ofan bæinn sem hann ólst upp á og því samspili sem sól og skuggar leika í birtingarmynd klettabeltisins. Löngum stundum horfði hann upp til klettabeltisins og „áður en minnst varði, sá [hann] að klettarnir moruðu af þessu hljóða, yfirlætislausa lífi. Þeir höfðu alveg breytt um útlit. Þeir voru ekki lengur klettar. Þeir voru risavaxið listasafn“ (1975:128). Myndir og form birtast honum í klettunum og hann hafði mikið yndi af að skoða þau og túlka. Þegar Þórbergur lýsir lífi klettana og ægifegurð þeirra vaknar aftur hjá honum ótti og honum finnst hann vera magnvana gegn mikilleika þeirra og lífi:

> […] þá var eins og [klettarnir] lifnuðu við og þeirri vissu þyrmdi yfir mig með ómótstæðilegum krafti, að þeir væru fullir af ægilega stórbrotnu lífi. Ég skildi ekki, hvers konar líf það var, en ég fann, að það var líf, og þetta líf var svo magni þrungið, að það dró úr mér mátt, þegar ég horfi upp til þeirra. Þá reyndi ég að hjarga mig við með því að snúa baki að þeim og fara að horfa út á sjóinn. En hann var mér líka ofviða úr þessum hæðum. Mig sundlaði, þegar ég horfði niður á hann, og breidd hans var orðin hræðileg og skipin á honum lítilmótleg og einmana og tilgangslaus. Það var eins og ég væri staddur milli tveggja elda (1975:126).

Slík tilfinning ótta og magnleysis gagnvart stærð og mætti náttúrufyrirbæra hefur oft verið túlkuð útfrá hugtakinu **hið háleita** (e. *sublime*) sem einnig hefur verið þýtt sem **ægifegurð**. Þótt hugtakið hafi upphaflega verið notað fyrir háleita hugsun og stíl hefur það, frá lokum átjándu aldar, verið tengt við hugarástand fyrst og fremst. Þýski heimspekingurinn Immanuel Kant skrifaði að „hið háleita ætti ekki við um hlutveruleikann heldur um hugarástand sem menn kæmust í þegar þeir stæðu frammi fyrir einhverju mikilfenglegu (náttúrufyrirbæri)“ og færði þar með merkingarsviðið „yfir á hugveruna sjálfa og reynslu hennar af heiminum“ (sjá Sveinn Yngvi Egilsson 2014:67–69).

Guðbjörg R. Jóhannesdóttir heimspekingur hefur fjallað um þá endurskilgreiningu á hugtakinu ægifegurð sem hefur átt sér stað á síðustu áratugum. Þar er hinni **gildishlöðnu upphafningu** sem hugtakið hefur lengst af byggst á hafnað og þess í stað er lögð áhersla á **auðmjúkan ótta**. Þessar tvær ólíku nálgunarleiðir hafa verið kenndar við **hið karllega** (e. *the masculine sublime*) annars vegar og **hið kvenlega** hins vegar (Guðbjörg R. Jóhannesdóttir 2016:152–153, sjá einnig Guðbjörg R. Jóhannesdóttir 2010). Hin karllega upphafning á náttúrufyrirbærum er oft samfara einhvers konar samanburði þar sem maðurinn mátar sjálfan sig við hið ægifagra náttúrufyrirbæri og finnur hvernig það blæs honum kraft og mátt í brjóst. Gott dæmi um þetta er kvæði Einars Benediktssonar um Dettifoss þar sem skáldið byrjar á því að lýsa fegurð fossins og krafti, lýsir síðan hvernig sá kraftur færist yfir á manninn og knýr huga hans, sem leiðir að lokum út í hugleiðingar um hvernig maðurinn getur beislað kraft fossins og virkjað (sjá Þorvarður Árnason, 2005). Hin leiðin, sem kennd er við hið kvenlega, felst í að viðurkenna að maðurinn er ekki yfir náttúruna hafinn:

> Í stað þess að skynsemin og rökhugsunin leiði okkur fyrir sjónir hvernig við erum hafin yfir náttúruna, leiðir skynjun okkar á náttúrunni – á hinu ægifagra augnbliki – frekar í ljós vanmátt okkar gagnvart henni og hversu háð við erum öflum hennar (Guðbjörg R. Jóhannesdóttir. 2016:153).

Ljóst má vera að lýsingar Þórbergs á hafinu og á klettabeltinu fyrir ofan bæinn lýsa fremur auðmjúkum ótta en upphafningu og má því segja að í náttúrusýn hans sjáum við enn á ný afbyggingu þess karllæga sem er ríkur þáttur í öllum hans skrifum um sjálfan sig, en um slíka afbyggingu ræði ég í bókinni *Ég skapa – þess vegna er ég. Um skrif Þórbergs Þórðarsonar* (2015:215–219).

Jöklar

Við þær upplifanir af hrifingu og ótta sem eru gildustu þættirnir í lýsingu Þórbergs á veraldarhafinu og klettabeltinu má bæta **undruninni**. Stórkostleg náttúrufyrirbæri eins og Öræfajökull hleypa hugsunum Þórbergs og tilfinningum í uppnám og hann er í raun furðu lostinn: „„Hvað er hann eiginlega?“ spurði ég oft sjálfan mig. Hann var svo mikill fyrirferðar, svo margvíslegur, svo óviðráðanlegur í hugsuninni, svo ólíkur öllum öðrum jöklum, að ég botnaði lengi vel ekkert í honum“ (1975:167). Jökullinn birtist honum sem skjallahvítur líkami sem birtan sindrast af í sólskini. Og af „honum skein þvílíkur mikilleiki og heiðrík ró, þvílíkur hreinleiki og hátign, að maður fór að hugsa alveg ósjálfrátt háleitar hugsanir, þegar maður horfði á hann“ (1975:168). Og enn og aftur leggur Þórbergur áherslu á hið tilbreytingaríka eðli náttúrufyrirbærisins, þótt jökullinn virðist bera eilífðina í sér er hann síbreytilegur og alltaf nýr:

> Þó að Öræfajökull virtist eilífur og óumbreytanlegur að lögun, var hann svo tilbreytingaríkur að blæ og blæbrigðum, að hann varð aldrei þreytandi. Hann endurspeglaði með síungum næmleik hverja tilbreytingu í lofti og á láði. Hann

> skipti um blæ og tón með hverri árstíð, hverjum mánuði, hverri eykt, hverjum kvartélaskiptum, hverri tunglfyllingu. Hann var öðruvísi, þegar maður fór inn að éta morgunmatinn, en þegar maður krossaði sig á móti Rustanöfinni á miðjum morgni, og svo var hann orðinn allt öðruvísi, þegar maður sagði við sjálfan sig á miðaftni: „Nú eru ekki nema fimm klukkutímar, þangað til hætt verður að slá.“ Og þegar maður var að pissa uppi við smiðjuvegginn á vökunni og horfði á Stjörnuna í miðmundastað, þá var hann orðinn mikið breyttur frá því hún var í dagmálastað. Og hin mikla stærð hans, skírleiki hans í litum og tilbreytingar í formi gerðu þessi hamskipti augsýnilegri, margvíslegri og meira tælandi en blæbrigði annarra fjalla. Öræfajökull var alltaf nýr (1975:168).

Þótt Öræfajökull sé „óviðráðanlegur í hugsuninni“ gerir Þórbergur sitt besta til að færa hugsanir sínar um hann í orð og það sem stendur upp úr hér er hversu tilbreytingaríkur jökullinn er, eins og áður er nefnt. Jökullinn er „alltaf nýr“, skrifar Þórbergur, og kallast á við orð hans um að á hverjum morgni „var komið nýtt haf“ úti fyrir ströndinni suður af Breiðabólstaðabæjunum. Sömuleiðist kallast þetta á við orð hans um að fjaran „var alltaf eins og hún væri nýsköpuð“. Slíka sýn má tengja hugtakinu undrun og því sem í heimspeki hefur verið kallað „hrein“ skynjun:

> undrunin felst ekki bara í því að beina athyglinni að skynrænum eiginleikum, heldur líka í því að sjá hlutina „eins og í fyrsta sinn“ eða að ímynda sér að maður muni aldrei sjá þá aftur […] Að sjá hlutina eins og í fyrsta sinn felur í sér að leggja allar fyrirframgefnar hugmyndir og þekkingu til hliðar og einbeita sér að því að skoða þá eins og þeir eru en ekki í ljósi einhvers annars; að „leyfa-þeim-að vera“ eins og Heidegger komast að orði (Guðbjörg R. Jóhannesdóttir 2016:148).

Vel má halda því fram að nálgun Þórbergs á náttúrufyrirbærin sem hann stendur frammi fyrir í Suðursveit sé einmitt fólgin í því að „leyfa-þeim-að-vera“. Hann skoðar þau með opnum huga og reynir að tjá skynjun sína eins og hann sé að sjá hafið, klettana og jöklana í fyrsta sinn. Hann kemur ekki að þeim með fyrirframgefnar hugmyndir en reynir að miðla því sem hann skynjar með tilfinningum á borð við hrifningu, undrun og ótta. Hann hefur sig ekki yfir náttúruna heldur sýnir hann henni óttablandna virðingu því oft er reynslan ofvaxin skilningi hans, hún er óumræðileg.

Christopher Hitt (1999) er einn þeirra fræðimanna sem hefur gagnrýnt hina karllægu sýn á ægifegurð og talar fyrir því að við endurskilgreinum hugtakið með hliðsjón af auðmýkt gagnvart náttúrunni.[2] Hann greinir upplifun af ægifagurri náttúru í þrjú stig:

> Hún hefst með skynjun hlutar eða fyrirbæris sem ímyndunaraflið nær ekki utan um. Annað stig hennar er afleiðing af þessum takmörkum ímyndunaraflsins en í því felst ákveðið gap á milli skynjunar og hluttekningar – hugurinn reynist ófær um að ná utan um það sem skynjað er. Þriðja stigið felst svo í því þegar þessu gapi er lokað með tilkomu skynseminnar sem, samkvæmt algengri túlkun á Kant, gerir okkur ljóst að við séum náttúrunni æðri og getum stjórnað henni innra með okkur og í veruleikanum, og að þar með séum við sem hugsandi viljaverur aðskilin frá þeirri náttúru sem við stjórnum (Guðbjörg R. Jóhannesdóttir 2016:155).

[2] Hér er stuðst við skrif Guðbjargar R. Jóhannesdóttur 2016.

Hitt vill tengja hinn „auðmjúka ótta“ við annað stigið í náttúruupplifuninni. Það er „augnablikið þar sem þyrmir yfir okkur andspænis náttúruöflunum“ (Guðbjörg R. Jóhannesdóttir 2016:156). Í stað hinnar hefðbundnu leiðar á þriðja stiginu, þar sem gapinu á milli skynjunar og hluttekningar er lokað með skynseminni og þeirri ályktun að maðurinn sé náttúrunni æðri, vill Christopher Hitt:

> endurtúlka þriðja stigið með því að viðurkenna að hinn róttæki framandleiki náttúrunnar skipti miklu máli í upplifuninni, en kynna um leið algerlega nýja hugmynd um hver upplifunin af framandleika er – og leggja þannig áherslu á samtvinnun vitundar og viðfangs frekar en aðskilnað þeirra (Guðbjörg R. Jóhannesdóttir 2016:156)

Þessu mætti einnig lýsa á þann hátt að í stað hugmyndar Kants um að í reynslu af ægifegurð megi sjá aðskilnað manns og náttúru (á þriðja stiginu) býður Hitt upp á túlkun þar sem við verðum meðvitaðri um að við séum hluti af náttúrunni. Þótt hann leggi „engu að síður áherslu á hversu erfitt er að yfirstíga þessa framandleikakennd sem einkennir ægifegurð“ þá er upplifunin af ægifögrum framandleika „þannig grundvallarþáttur í því að vera mannlegur hluti af náttúrunni“ (Guðbjörg R. Jóhannesdóttir 2016:157).

Vitfirring og æði: Mannleg skynsemi verður að engu

Christopher Hitt hvetur til þess að við endurskoðum skilning okkar á merkingu þess sem við upplifum þegar við stöndum frammi fyrir ægifagurri náttúru.

> Aðferð Hitts við það er að reyna að sýna fram á að í stað þess að líta svo á að þriðja stig ægifegurðar feli í sér að uppgötva drottnandi mátt mannlegrar skynsemi, sem nær með krafti sínum að gera náttúruna að engu, snúist það frekar um að skoða hvernig náttúran getur með krafti sínum gert mannlega skynsemi að engu (Guðbjörg R. Jóhannesdóttir 2016:158)

Í náttúrulýsingum Þórbergs Þórðarsonar er hvergi ýjað að því að maðurinn sé náttúrunni æðri eða að hann eigi að reyna að beisla kraft hennar og mátt. Hin lífræna heildarhyggja Þórbergs gerir ráð fyrir að maðurinn sé hluti af náttúrunni en ekki hafinn yfir hana (Soffía Auður Birgisdóttir 2015:135–139. Tilraunir Þórbergs til að lýsa náttúruskynjun sinni taka mjög gjarnan á sig ástríðufullar myndir, hann notar sterkt orðalag þegar hann reynir að miðla tilfinningum sínum og kennir þær jafnvel við æði og vitfirringu. Í uppkasti að bréfi frá árinu 1923 skrifar Þórbergur að æskulíf sitt austur í Suðursveit hafi verið „ein rómantísk vitfirring frá upphafi til enda“. Slík vitfirring, sem hann kallar einnig „rómantískt æði“, greip hann „einkum í fögru veðri“ og stökk hann þá „burtu frá bænum, stundum í hraunin framan við Reynivelli, stundum hátt upp í fjall og sat þar eins og hundur og spekúleraði í dýrð náttúrunnar“ (1987:128–129). „Mitt rómantíska æði lýsti sér stundum í stjórnlausri löngun í klettaferðir“ skrifar Þórbergur einnig á sama stað (1987:130). Náttúran gerir Þórberg óðan, stjórnlausan og hefur tælingarmátt, reynslan er í raun í ætt við það að vera ástfanginn; jafnvel skip á hafsfleti „gerðu mann vitlausan af einhverri fegurðartilfinningu“, skrifar hann í annarri bók bernskuminninga sinna, *Um lönd og lýði* (1975:169).

Það er fegurð náttúrunnar, dýrð hennar, sem orkar svo sterkt á Þórberg að hann grípur til myndmáls sturlunar til lýsa tilfinningum sínum. Það má því segja að lýsingar hans rími vel við hugmyndir Christophers Hitt um að upplifunin af ægifagurri náttúru hafi „mannlega skynsemi að engu“. En um leið og hin mannlega skynsemi víkur „sjáum [við] náttúruna eins og hún er, óháða öllum hugtökum og flokkunum“ og um er að ræða upplifun „af framandleika [sem] er allt önnur en af

þeim framandleika sem skynsemin nær stjórn á“ (Guðbjörg R. Jóhannesdóttir 2016:159).

Fagurfræði framandleika og mótfagurfræði

Til að skilja betur muninn á þessum tveimur gerðum framandleika – þess sem lýtur skynseminni annars vegar og þess sem er handan skynseminnar hins vegar – er gagnlegt að skoða það sem bandaríski bókmenntafræðingurinn Rochelle L. Johnson (2009:17) kallar *fagurfræði framandleikans* (e. *aesthetics of alienation*). Johnson hefur rannsakað birtingarmyndir náttúrunnar í bandarískum nítjándu aldar bókmenntum og í bandarískri myndlist frá sama tíma. Hún greinir tvær andstæðar tilhneigingar í náttúrulýsingum – skrifuðum sem og máluðum og teiknuðum. Annars vegar sé um að ræða lýsingar sem byggi á myndhverfingum (e. *metaphors*); að náttúrunni sé ávallt lýst sem tákn fyrir eitthvað annað; fyrir mannlega eiginleika (e. *humanity*), framfarir (e. *progress*) og fágun og siðprýði (e. *refinement*) (Johnson 2009:17). Slíka framsetningu sér hún í landslagsmálverkum, landlagshönnun og sem og í heimspeki Ralphs Waldos Emerson. Hins vegar eru náttúrulýsingar sem hún sér sem andstæðu við þetta og kallar *mótfagurfræði* (e. *counteraesthetics*), þar sem reynt sé að forðast myndhverfingar og reynt að nálgast gildi náttúrunnar í efnisleika hennar sjálfrar og í raun reynd einhvers konar milliliðalaus tjáskipti. Sem fulltrúa fyrir þessa síðarnefndu aðferð leiðir hún fram rithöfundinn Susan Fenimore Cooper, sem einnig var sjálfmenntaður náttúrufræðingur, og náttúruheimspekinginn Henry David Thoreau (Johnson 2009).

Þegar við lýsum náttúrunni með því að nota myndhverfingar fjarlægjumst við hana óhjákvæmilega og slíkt leiðir til framandleika og ýtir undir aðskilnað manns og náttúru, að mati Johnson. Hér á hún greinilega við þann framandleika sem lýtur skynseminni, myndhverfingar verða aðeins til á sviði skynseminnar, í þeim felst vitræn, meðvituð táknleg notkun á tungumálinu. Sá sem lýsir náttúrunni með myndhverfingar að vopni hlýtur um leið að skilja á milli þess sem upplifir og þess sem er upplifað. Johnson er vitaskuld ljóst að það er ómögulegt að **ræða um** náttúruna án þess að nota tungumálið, en með því að forðast myndhverfingar eigum við ef til vill möguleika á að nálgast hið **óumræðilega** í tjáskiptum manns og náttúru. Slíkar tilraunir sér Johnson sérstaklega í dagbókarfærslum Thoreau, sem samanstanda mestmegnis af hugleiðingum hans um náttúruna. Thoreau er sannfærður um að náttúran búi yfir merkingu sem manneskjur eigi yfirleitt erfitt með að nálgast eða kunni ekki að nema vegna þess að hún er óumræðileg, ólýsanleg og verður aðeins **skynjuð** af þeim sem eru opnir fyrir slíkri skynjun.

Greinilega má sjá samsvörun á milli þess sem Rochelle L. Johnson kallar mótfagurfræði og þess sem Christopher Hitt skilgreinir sem framandleika handan mannlegrar skynsemi. Snertifleti við hvort tveggja finn ég í náttúrulýsingum Þórbergs Þórðarsonar, eins og gert hefur verið grein fyrir hér að ofan. **Náttúruskyn** Þórbergs, eins og hann kallar það á einum stað í Suðursveitarbókunum (1975:173), nemur merkingu sem hann gerir stöðugt tilraun til að miðla í skrifum sínum, en hann gerir sér jafnframt grein fyrir að henni verður ekki miðlað til fulls í gegnum tungumálið. Þess vegna vísar hann til æðis og vitfirringar, sem og til leiðslukennds andlegs ástands sem hann kemst í þegar hann dvelur í náttúrunni. Göngutúr úti í náttúrunni í ljósaskiptunum gefur Þórbergi kost á „að ná sambandi við djúp allífsins“ (1975:175), eins og hann skrifar í öðru bindi Suðursveitarbókanna en því sambandi verður ekki miðlað á röklegan hátt því það tilheyrir sviði skynjana og tilfinninga. Til að nema þetta samband og taka þátt í því þarf lesandinn að vera opinn og virkja tilfinningar sínar um leið og hann meðtekur textann á vitrænu sviði.

HEIMILDIR

Guðbjörg R. Jóhannesdóttir. 2010. „Háleit fegurð. Fegurðarhugtakið í femínískum og fyrirbærafræðilegum skilningi.“ *Hugur* 22(1):71–84.

Guðbjörg R. Jóhannesdóttir. 2016. „Vá! – Undrun, fegurð og ægifegurð í upplifun af íslenskri náttúru.“ Björn Þorsteinsson (ritstj.): *Náttúran í ljósaskiptum*, bls. 143–168. Heimspekistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Hitt, Christopher. 1999. „Toward an Ecological Sublime.“ *New Literary History* 30(3):603−630. [Sérhefti um *Ecocriticism*, finnanlegt á slóðinni http://www.jstor.org/stable/20057557.]

Johnson, Rochelle L. 2009. *Passions for Nature. Nineteenth-Century America's Aesthetics of Alienation.* University of Georgia Press, Athens.

Matthías Johannessen. 1959. *Í kompaníi við allífið*. Helgafell, Reykjavík.

Pétur Gunnarsson. 2002. „Í Suðursveit.“ *Lesbók Morgunblaðsins*, 5. janúar, bls. 4–5.

Soffía Auður Birgisdóttir. 2015. *Ég skapa – þess vegna er ég. Um skrif Þórbergs Þórðarsonar*. Opna, Reykjavík.

Sveinn Yngvi Eglisson. 2014. *Náttúra ljóðsins. Umhverfi íslenskra skálda*. Bókmennta- og listfræðastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Þorvarður Árnason. 1994. „Náttúrufegurð“. Róbert Haraldsson og Þorvarður Árnason (ritstj.): *Náttúrusýn*, bls. 263−283. Rannsóknarstofnun í siðfræði, Reykjavík.

Þorvarður Árnason. 2005. „„Kný minn huga, gnýr.“ Dettifoss með augum Einars Benediktssonar.“ Ástráður Eysteinsson, Dagný Kristjánsdóttir og Sveinn Yngvi Egilsson (ritstj.): *Heimur ljóðsins*, bls. 317−324. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Þórbergur Þórðarson. 1929. „Lifandi kristindómur og ég.“ Fyrri hluti. *Iðunn, nýr flokkur*, 13(2):162–177.

Þórbergur Þórðarson. 1956. *Steinarnir tala*. Helgafell, Reykjavík.

Þórbergur Þórðarson. 1957. *Um lönd og lýði.* Helgafell, Reykjavík.

Þórbergur Þórðarson. 1958. *Rökkuróperan*. Helgafell, Reykjavík.

Þórbergur Þórðarson. 1975. *Í Suðursveit*. Mál og menning, Reykjavík.

Þórbergur Þórðarson. 1987. *Mitt rómantíska æði. Úr dagbókum, bréfum og öðrum óprentuðum ritsmíðum frá árunum 1918–1929*. Ritstj. Helgi M. Sigurðsson. Mál og menning, Reykjavík.

SUMMARY

‘Wonder, fear and madness’

Keywords: nature, emotions, aesthetics, the sublime

Þórbergur Þórðarson was raised on a isolated farm, surrounded by magnificient nature: the ocean, glaciers, high cliffs and crags. This article discusses how Þórðarson decribes his relationship with nature through emotions like wonder, fear and madness. Þórðarson tries to **communicate** with nature on a physical, spiritual plan. His view of nature is colored by awe and respect as his experiences are difficult to explain; in some sense they are on a level beyond language. The article relates such view of nature to the re-evaluation of the notion of the sublime within philosophy and aesthetics.

ÚTDRÁTTUR

Heimasveit Þórbergs Þórðarsonar er umvafin stórbrotnum náttúrufyrirbærum; hafinu, jöklum og klettum. Í greininni er rýnt í hvernig Þórbergur lýsir sambandi sínu við náttúruna út frá tilfinningum á borð við undrun, ótta og æði. Náttúrskynjun Þórbergs heyrir til sviði tilfinninga og líkamlegra skynjana og snýst um möguleika á **tjáskiptum** við náttúruna. Þórbergur sýnir náttúrunni óttablandna virðingu því oft er reynsla hans af henni ofvaxin skilningi hans, hún er að einhverju leyti óumræðileg. Slíka náttúrusýn má tengja endurmati á hugtakinu ægifegurð (e. *sublime*) þar sem maðurinn sýnir náttúrunni auðmýkt í stað þess að hefja sig yfir hana.

Soffía Auður Birgisdóttir
Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Hornafirði
soffiab@hi.is

KRISTJÁN JÓHANN JÓNSSON

Skúli fógeti og Elvis Presley

> Hugmyndafræði er mynd af ímynduðum tengslum einstaklinga við raunveruleg tilvistarskilyrði þeirra (Althusser 2009:206).

Inngangur

Íslenska skáldið og bókmenntafræðingurinn Grímur Thomsen (1820–1896) orti nokkur kvæði um hetjuskap sjómanna. Eitt þeirra er kvæðið um Skúla fógeta sem mun vera ort 1865 en fyrst prentað í tímaritinu *Þjóðólfi* 1871 (Grímur Thomsen 1934:28, *Ljóðmæli I*). Í kvæðinu er lýst göfugu karlmenni sem tekst á við hafið og sigrar vegna þess að hann þekkir sjálfan sig og þá náttúru sem hann er sprottinn úr. Náttúruöflin geta verið grimm en það getur hann líka, ögrar þeim og berst við þau, skip hans hryggbrýtur bylgjurnar en þær hendast aftur á móti um skipið eins og lifandi skepnur, sleikja með lafandi tungum, rífa voðir og slíta stög og Ægir, konungur hafsins, löðrungar skipið og skolar nokkrum skipverjum fyrir borð. Barátta manns og hafs er miskunnarlaus.

Hetjur hafsins

Í kvæðinu fær Skúli fógeti hetjuhlutverk, hann er hinn óttalausi eða kjarkmikli sjófarandi sem lætur síbreytilegt hafið ekki hræða sig heldur fer sinna ferða, leggur allt undir og kemst leiðar sinnar. Í honum sameinast hetjulundin og þjóðernið, hann er sannur Íslendingur og verðugur andstæðingur hafsins sem er nánast guðlegt afl; getur orðið lífsbjörg eyjarskeggja eða valdið bráðum bana, allt eftir því hvernig vindurinn blæs. Hafið umlykur eyjar og meinar eyjarskeggjum að komast brott eða skiptir um ham, verður samgönguleið og veitir þeim ferðafrelsi. Sjómennska, hetjuskapur og þjóðerni verða „strengur einn af þremur þáttum“ (Grímur Thomsen 1934:133, *Ljóðmæli I*) svo að vitnað sé í annað kvæði eftir Grím Thomsen. Það er tilgáta þessarar greinar að á nítjándu öld og fram eftir þeirri tuttugustu hafi mörgum virst hetjuskapur og sjómennska óaðskiljanlegir þættir í íslensku þjóðerni og menningu. Sennilega eigum við þetta sameiginlegt með Færeyingum. Í kvæði sem heitir „Heilsa til Føroyar“ segir ljóðskáldið Hjalmar Hammershaimb (1856–1923): 2011):

> Men Føroyggja menn
> tó berjast móti havi og stormi í senn,
> og hetta teir styrkir og gevur teimum mót,
> og harðførir teir verða sum blágrýtisgrót;
> tó trúfast í bróstinum hjarta teirra slær
> og elskar Føroyjar.
> (Hjalmar Hammershaimb 2011)

Sjórinn er flestu öðru mikilvægari í lífi eyjarskeggja og ræður lífi og dauða á fleiri en einn veg. Viðhorf sjómanna til hans tengjast oft ýmiss konar trú og hjátrú bæði beint og óbeint og eðlilegt að viðureignin við hafið ýti undir hugmyndir um hetjur.

Við dáum hetjur vegna þess að við teljum að þær búi yfir því sem við dáumst mest að sjálf í fari okkar segir bandaríski bókmenntafræðingurinn Williams.[1] Sé það rétt sem áður var að vikið að sjómennska, hetjuskapur og þjóðerni séu, eða hafi verið, einn og sami þráðurinn, þá höfum við Íslendingar dáðst að því í fari þjóðarinnar að sýna kjark á sjó, og það gerir Skúli fógeti öðrum betur. Hann mætir hinu illvíga hafi af reigingslegum ofstopa, fer í litklæði að fornum sið og ætlar að halda virðingu sinni jafnvel þó að hann verði undir. Hetjuskapur Skúla birtist í því að þora að horfast í augu við náttúruöflin og gugna ekki gagnvart hafinu þegar aðrir gera það. Það er hetjulegt að sigla yfir úfið haf og hann er kjarkmestur þeirra sem það gera. Ég er handviss um að í færeyskum bókmenntum og kveðskap eru mörg dæmi af þessum toga. Báðar þessar þjóðir hafa löngum þurft á því að halda að standa sig vel í viðureigninni við hafið og góð frammistaða í þeirri baráttu líkleg til þessað skapa þjóðarhetjur. Á íslensku hefur það tíðkast um langa hríð að kalla sjómenn „hetjur hafsins“ í hátíðaræðum.

Þjóðerni og hetjuskapur

Þjóðerni og þjóðernishyggja eru vandrædd hugtök sem afar margir fræðimenn hafa sagt mjög margt um á síðustu árum. Hér verður ekki reynt að dýpka þá umræðu. Jafnvel höfundar sem hafa gerbreytt vestrænum þjóðernishugmyndum, eins og bandaríski fræðimaðurinn Benedict Anderson með bók sinni *Imagined Communities*, hafa orðið að sníða sér stakk eftir vexti í þeirri umræðu (Anderson 1983:xii). Hugmyndir Andersons hafa verið þróaðar og mótast í umræðum seinni ára, m.a. hefur skoski fræðimaðurinn McLeod dregið saman ágæta mynd af þeim. (McLeod 2000:74–75). Þar segir meðal annars að þjóðir séu ímynduð samfélög margra einstaklinga sem telja sér trú um líkindi sín í milli. Þjóðir sameinast um sögur, tilfinningu um rætur, tungumál og landamæri. Eyjarskeggjar eins og Íslendingar og Færeyingar hafa sjóinn sem sín landamæri og ekki ósennilegt að líta megi á viðhorfið til hafsins sem hluta af þjóðarímyndinni.

Hugmyndir okkar um þjóðerni og þjóðríki má að mörgu leyti rekja til rómantísku stefnunnar í bókmenntum. Hún var víðast nokkuð samhliða nýlendustefnunni og þeirri baráttu fyrir þjóðfrelsi sem henni fylgdi á 19. öld. Þegar kvæðið um Skúla fógeta var ort voru hugmyndir rómantísku stefnunnar enn í hávegum hafðar á Íslandi. Ljóðmælandi vill halda því til haga að þjóðerni Skúla sé íslenskt eða með öðrum hætti norrænt; það birtist meðal annars í því að vísað er til norrænnar goðafræði. Minnt er á Góu og Miðgarðsorm og nefndir til sögunnar sjávarguðirnir Ægir og Rán. Þegar Skúli tekur forystu og leggur til atlögu við hafið breytist orðfæri kvæðisins og tillíkist Íslendingasögum enn frekar:

Brá eigi Skúla þó gnötraði gnoð,
á grönina mundi hann bíta;
í litklæði fór hann og studdist við stoð
stórhöfðinglegur að líta.

Gildur á velli og gildur í lund
gulls var hann skrýddur baugum,
Fróða skein honum mjöl á mund
og móðurinn út úr augum.

(Grímur Thomsen 1934:29, *Ljóðmæli I*)

[1] „We admire heroes because they embody all that we consider most admirable in ourselves“ (Williams 2004:I)

Skúli fer í „litklæði“, þegar „gnoðin gnötrar“, bítur á grön, verður „gildur á velli og gildur í lund“ og honum skín „Fróða mjöl á mund“, sem þýðir að hann hefur gullhring á hendi eins og höfðingi í fornri sögu og kallar „snjalt“ til skipverja. „Móðurinn“ í augunum er enn eitt dæmi og Íslendingasagnastíllinn er ótvíræður.

Í kvæðinu tekst Skúli fógeti á við hafið af fullri einurð og vinnur sigur. Hann er mótaður af óblíðri náttúru og lætur hart mæta hörðu. Skipverjarnir læra af honum í kvæðinu, þeir fylgja fordæmi hans og skilja að þeir einir lifa af sem aldrei gefast upp. Náttúrufar heimalandsins mótar skapgerð þeirra og þjóðarímyndin verður hluti af þeim. Enginn getur sigrast á hafinu nema það sé hluti af honum sjálfum.

Hér er reyndar á ferðinni ein af grunnhugmyndum rómantíkurinnar. Náttúra landsins sem við fæðumst í mótar skapgerð okkar, við erum sprottin úr henni og getum því ekki tilheyrt annarri þjóð. Þessi skilningur hefur verið kallaður lífræn heildarhyggja og gerir ráð fyrir samhengi anda og efnis, náttúru og þjóðernis (Kristján Jóhann Jónsson 2014:130).

Frá fyrri hluta 20. aldar eru til mörg dæmi um hetjur hafsins í bókmenntum okkar Íslendinga. Eitt þeirra er ljóðið „Hrafnistumenn“ eftir Örn Arnarson (Magnús Stefánsson) frá 1924 (sjá Örn Arnarson 1942). Það ljóð þótti svo mikið sannmæli um sjómanninn og hlutverk hans að það varð kveikjan að nafninu á Hrafnistu, dvalarheimili aldraðra sjómanna. Efni kvæðisins er í stuttu máli að eðli og ætlunarverk sjómannsins breytist aldrei, hvort sem skipið er seglskip eða knúið vélarafli. Þetta eru að mínu viti áhugaverð öfugmæli. Breytingar í tækni hafa gjörbreytt öllu sem að sjómönnum snýr og sýnt að það var aldrei um neitt „sjómannseðli“ að ræða. Ennfremur segir Örn í kvæði sínu að þegar á brattann sé að sækja sýni sjómaðurinn íslenski hvað í honum býr. Þá „verpur karlmennskan íslenzka bjarma á hans för“. Ekki verður hér skilið á milli karlmennsku og sjómennsku. Í þessu kvæði virðist ljóðmælandi telja sjómanninn nokkurs konar hálfguð sem flytur fjöll, eða færir í það minnsta björg úr stað. Það lýsir af honum þegar hann leggur til atlögu við hafið til þess að „flytja þjóðinni auð/sækja barninu brauð,/færa björgin í grunn undir framtíðarhöll“ (Örn Arnarson 1942:27). Þessi hugmyndafræði um hlutverk sjómanna hefur orðið lífseig þó að veruleikinn hafi breyst mikið. „Hugmyndafræði er mynd af ímynduðum tengslum einstaklinga við raunveruleg tilvistarskilyrði þeirra“ (Althusser 2009:206), eins og fram kemur í tilvitnun við upphaf þessarar greinar.

Annað kvæði Arnar sem kalla má skýrt dæmi um upphafningu sjómanna og sjómennsku er kvæðið um Stjána bláa (Örn Arnarson 1942:90). Þar er lýst sjómanni af gamla skólanum, hann drakk og slóst þegar þess gerðist þörf, hló að lífshættunum og skemmti sér aldrei betur en í átökum við hafið: „þá var Stjána dillað dátt/dansaði skeið um hafið blátt.“ *Skeið* merkir hér að sjálfsögðu skip. Kvæðinu um Stjána bláa lýkur þannig að hann ferst í hafi og þá siglir hann beint á Drottins fund. Guð tekur sjálfur á móti honum í lendingunni og býður honum að koma til sín, stunda sjó og fá sér í staupinu þegar honum býður svo við að horfa. Í lokavísu kvæðisins sér ljóðmælandi það fyrir sér hvar Stjáni siglir yfir hinn bláa himin í staðinn fyrir hið bláa haf. Sjómaðurinn er kannski ekki beinlínis í guðatölu en í það minnsta í félagskap almættis sem hefur á honum mikla velþóknun. Sjómaðurinn er í þessari heimsmynd og hugmyndafræði feðraveldisins einn af hornsteinum samfélagsins, verndandi faðir sem ver dyggðir þjóðernisins með framkomu sem er flekklaus vegna þess að hún er hans framkoma. Í þessum ljóðum eru rómantískar forsendur, maðurinn mótast af náttúrunni, hún er í honum og hann í henni. Sjómenn verða hetjur vegna þess að þeir draga björg í bú, sækja lífsbjörgina í greipar hafsins.

Skyld kvæði
Í kvæðinu „Landslag“ (frá 1875) eftir Grím Thomsen eru þessar línur: „Og í sjálfs þín brjósti bundnar/blunda raddir náttúrunnar/Íslands eigið lag“. Ein þessara radda er einmitt brim sem „svarrar“ á björgum. Til er mjög svipað færeyskt kvæði eftir Fríðrik Petersen, „Móðurmálið“ (1997, kvæðið er frá 1878). Þar eru hljóð náttúrunnar ekki söngur Íslands heldur tungumál Færeyja en í báðum kvæðunum renna hljóð náttúrunnar saman við tungumál mannanna.

Hoyrið brim um strendur brúsa!
Hoyrið storm í fjøllum súsa!
:/: Tað er Føroya mál. :/:
Hoyrið foss á klettum spæla!
Hoyrið dverg í hömrum tala!
:/: Tað er Føroya mál. :/:
(Fríðrikur Petersen 1997:65–66)

Turið Sigurðardóttir hefur ritað um kvæði Fríðriks og segir meðal annars (2004:135):

> Fríðrikur Petersen gekk í latínskúla í Reykjavík frá 1869–1875, sum vóru ár við munandi politiskum og andaligum rembingum í Íslandi. Hann gjørdist væl kunnugur við íslendska yrking, sum hevur haft týdning fyri tað hann sjálvur yrkti, og hann fylgdi hugtikin við íslendska sjálvstýristríðinum.

Við þetta mætti bæta að kvæði Gríms, „Landslag“, birtist fyrst árið 1875 eins og áður segir, síðasta árið sem Fríðrikur var í námi á Íslandi. Í báðum kvæðunum er manngerð náttúra og þau eru lík. Ekki er þó létt að staðhæfa neitt um áhrif eða eftirlíkingar. Kvæðin tvö fjalla um alþekkt rómantískt þema og svipar til dæmis báðum til finnska ljóðsins „Suomis sång“ eftir Emil von Qvanten (birt 1851). Nánari greining á kvæði Fríðriks er í *Bókmenntasøgum* Turiðar Sigurðardóttur. Þetta tiltekna kvæði Fríðriks fjallar meira um sjálft tungumálið en kvæði Gríms þar sem hljóð náttúrunnar eru túlkuð sem sönglag Íslands. Að baki báðum þessum kvæðum eru rómantískar hugmyndir um tengsl skapgerðar, tilfinninga og náttúru. Maður og náttúra renna saman, karlmennska, sjómennska, þjóðerni og hetjuskapur eyjarskeggja, ekki bara á Íslandi og Færeyjum heldur víðar

Hetjur og siglingar
Tengsl hetjuskapar og siglinga eiga reyndar skírskotanir miklu víðar en á Íslandi og í Færeyjum, bæði í tíma og rúmi. Í iðnbyltingunni komst skriður á siglingatækni, gufuskipin urðu tákn frelsis og framfara. Nýjar leiðir opnuðust og heimurinn stækkaði. Á sama tíma hefja rómantískir hugmyndafræðingar siglingar víkinga til skýjanna og nýjar túlkanir á fortíðinni vísa til framtíðarinnar. Í myndlist 19. aldar má víða sjá hvernig siglingin og hafið tengjast hetjuskap. Til dæmis mætti hér nefna fræga mynd sem heitir *Washington crossing the Delaware* (frá 1851) eftir Emanuel Gottlieb Leutze. Þar stendur hetjan Georg Washington skrautklæddur en styðst að vísu ekki við stoð eins og Skúli í kvæði Gríms, enda öldugangur minni, og á eftir honum brýst röð af bátum gegnum ísinn. Af þessu atviki hafa reyndar verið málaðar fleiri myndir og ort um það að minnsta kosti ein sonnetta. Hana orti David Shulman (1912–2004). Eitthvað hefur verið kvartað yfir því á seinni árum að á hinu fræga málverki Leutze sé haldið uppi fána sem ekki hafði verið tekinn í gagnið þegar Washington fór sína frægu ferð, sagt er að á myndinni sé hann ekki að sigla í rétta átt (!) og fleira hafa menn sett fyrir sig en það hefur ekki hróflað við frægð myndarinnar. „Hetjan á siglingu“ er alþjóðlegt minni.

Mynd 1: Washington crossing the Delaware.
(Mynd eftir Emanuel Leutze í eigu *The Metropolitan Museum of Art* í New York.)

Nýir tímar, ný viðhorf

Verkefnið er rannsóknarverkefni í Rafmagns- og tölvuverkfræðideild Háskóla Íslands. Iðnðarverkfræði- vélaverkfræði og tölvunarfræðideild er einnig aðili að verkefninu og jafnframt Vegagerðin. Verkefnið er styrkt af Samgöngustofu og Tækniþróunarsjóði Rannís.

2. Staðsetningartækni með gervitunglum

Staðsetningartækni á sjó hefur verið mikið hagsmunamál fyrir eyþjóðir eins og Íslendinga og Færeyinga frá upphafi vega. Um aldir nýttu menn sól, stjörnur og jafnvel tunglið til að átta sig á staðsetningu sinni. Einnig var hægt að mæla dýpi þar sem ekki var mjög djúpt og ferðir fugla og sjávardýra sögðu sína sögu (Seaver 2010). Sumir telja að norrænir menn hafi getað siglt með aðstoð svonefndra sólarsteina en þeir geta verið úr íslensku silfurbergi (J. H. A. 1956:3). Með slíkum steini er sagt vera hægt að átta sig á hæð sólar þótt skýjað sé. Kristján Eldjárn var þó ekki sammála þeirri skoðun (Kristján Eldjárn 1956). Með vélvæðingu fiskveiða, neta- og togveiðum varð sjávarútvegur mjög háður því að hafa góð staðsetningarkerfi. Loran-C-kerfið var sett upp við N-Atlantshaf um 1960 og voru Loran-C stöðvar víða, þ.á m. á Gufuskálum á Snæfellsnesi og á Eiði á Austurey í Færeyjum (fær. *Eysturoy*). Staðsetningarnákvæmni Loran-C var víða fullnægjandi til nota við fiskveiðar en á sumum stöðum skárust Loranlínurnar undir litlu horni og þar gat skekkjan orðið mjög mikil. Skekkjan var víða nokkrir tugir metra en gat orðið hundruð eða þúsundir metra á sumum stöðum. Við fiskveiðar vilja menn mikla nákvæmni til þess að finna net sín á ný og forðast festur á hafsbotni.

2.1 GPS-kerfið

Tilkoma GPS-kerfisins (e. *Global Positioning System*) var bylting í staðsetningartækni. Kerfið kom á sjónarsviðið á 9. áratugnum en almenn notkun hófst í byrjun þess 10. Skekkja í GPS er breytileg eftir stað en ekki verulega. Skekkjan gat hæglega orðið minni en 10 m. GPS er bandarískt hernaðarkerfi og þótti eigendum nóg um að láta hverjum sem var í té svo nákvæmar staðsetningar. Því var gripið til þess ráðs að „trufla“ GPS merkin þannig að skekkjan yrði um 100 m. Fyrir notkun í sjávarútvegi var þetta of mikil skekkja og tóku menn það til bragðs að senda út leiðréttingar fyrir GPS, fyrst frá sendum á jörðu niðri en síðar frá gervitunglum. Slík notkun er kölluð DGPS (e. *Differential GPS*). Með DGPS fór skekkjan niður fyrir 5 m. Hætt var að trufla GPS árið 2000. Eftir það njóta notendur þess mun meiri nákvæmni og skekkjan er um 8 m í 95% mælinga skv. rekstrarloforði GPS netrekandans frá 2008 (Navstar GPS 2008:1). Kröfur Alþjóða siglingastofnunarinnar (IMO) til staðsetningarnákvæmni á sjó við innsiglingar til hafna eru að skekkjan þurfi að vera innan 10 m í 95% mælinga og 100 metrar við siglingar á opnu hafi í 95% mælinga (International Maritime Organization 2003). Þetta er að

mestu fullnægjandi fyrir notkun í sjávarútvegi. DGPS-kerfin sem voru sett upp eru þó rekin áfram og ekki á döfinni að hætta rekstri þeirra nema þess íslenska. Engin áform virðast vera um að halda þeim rekstri áfram.

2.2 Staðarákvörðun

Staðsetningar með gervitunglum byggjast á því að tunglin senda frá sér radíómerki af tiltekinni gerð. Þessi merki er hægt að nota til að mæla mjög nákvæmlega fjarlægðina frá gervitungli til notanda. Þó að tunglin séu í u.þ.b. 20 þús. km hæð yfir jörðu er hægt að mæla þessa fjarlægð með fárra metra skekkju. Með því að mæla slíka fjarlægð til fjögurra gervitungla fæst fjórvítt jöfnuhneppi með fjórum óþekktum stærðum, sem eru lengd, breidd og hæð notandans auk tímans. Tímamæling með GPS er nákvæm upp á minna en 0,1 míkrósekúndu. Nú skal vakin athygli á því að gervitunglin eru á fleygiferð uppi í himingeimnum – þau fara tvo hringi umhverfis jörðina á sólarhring og hraði þeirra er nærri 4 km/sek. Þetta kemur ekki að sök við fjarlægðarmælinguna vegna þess að þau senda brautarstika sína til notendanna sem vita þannig nákvæmlega hvar tunglin eru á hverjum tíma.

2.3 Fleiri staðsetningarkerfi

Undanfarin ár hafa komið til sögunnar fleiri staðsetningarkerfi byggð á gervitunglum. Samheitið sem notað er um slík kerfi er ekki lengur GPS heldur GNSS (e. *Global Navigation Satellite System*). Þau kerfi sem falla undir GNSS skilgreininguna heita GPS, Glonass, Beidou og Galileo. Glonass-kerfið er rússneskt, Beidou er kínverskt og Galileo er evrópskt. GPS- og Glonass-kerfin eru í fullum rekstri en hin eru í tilraunarekstri. Til viðbótar eru Indverjar og Japanir að setja upp staðbundin kerfi, Indian Regional Navigation Satellite System (IRNSS), núna endurnefnt NAVIC, og Quasi-Zenith Satellite System (QZSS). Þessi kerfi eru hugsuð fyrir staðbundin not en merki frá þeim nást stundum á Íslandi vegna þess hve tunglin eru hátt á lofti.

2.4 Skekkjur og heilindi

Helstu skekkjuvaldar í GNSS staðsetningum eru vegna áhrifa jónahvolfs á útbreiðsluhraða radíóbylgnanna sem berast frá gervitunglunum til jarðar. Í almennum notendatækjum eru þessar skekkjur leiðréttar með líkönum sem skila oftast, en ekki alltaf, góðum árangri. Annar skekkjuvaldur eru margleiðahrif (e. *multipath effect*) sem stafa af endurkasti radíóbylgnanna frá t.d. húsum eða fjöllum. GNSS-merki eru almennt hægri handar hringpóluð en endurkast hægri handar hringpólaðs merkis verður vinstri handar hringpólað merki. Flest GNSS-tæki hafa loftnet sem eru næmari fyrir hægri handar en vinstri handar hringpólun og geta því hafnað endurköstuðum merkjum. GNSS loftnet farsíma hafa þó ekki þessa eiginleika og því verða staðsetningar með farsíma stundum ónákvæmar í endurkastandi umhverfi.

Þó að GPS gefi nærri alltaf góðar og nákvæmar staðsetningar geta nokkrir þættir valdið því að skekkja vaxi mjög. Þess vegna nota flug- og sjómenn aðra staðsetningartækni samhliða GPS og treysta GPS sjaldnast í blindni. Hér er m.a. vísað til þess sem nefnt hefur verið *heilindi* (e. *integrity*) kerfisins. Heilindi gervitunglakerfa vaxa mjög með fjölda tungla sem standa að baki hverrar staðsetningar. Um þessar mundir koma á sjónarsviðið staðsetningartæki sem geta nýtt gervitungl nokkurra staðsetningarkerfa til þess að finna staðsetningu. Þetta eykur heilindi gervitunglastaðsetninga og eykur líkur á því að staðsetning náist þrátt fyrir að aðstæður byrgi sýn til margra gervitungla.

2.5 Notkun EGNOS til sjós

Eftir að rekstri DPGS-kerfisins við Ísland var hætt fóru sjómenn sumir að nota, vitandi eða óafvitandi kerfi sem ætlað er flugi og er ekki enn viðurkennt af IMO, en það er nefnt EGNOS (e. *European Geostationary Navigation Overlay Service*). Leiðréttingarmerki EGNOS eru send út frá sístöðutunglum (e. *geostationary satellite*) sem sum eru lágt á himninum frá Íslandi séð og nást ekki inni í fjörðum þar sem fjöll geta skyggt á. Aðstæður í Færeyjum til notkunar EGNOS eru mun betri enda gervitunglin hærra á lofti þar.

2.6 Galileo-kerfið

Evrópska Galileo-kerfið er hannað til að veita meiri nákvæmni en GPS, einkum vegna minni skekkju í atómklukkum um borð í tunglunum. Einnig verður Galileo með endurvarpa sem gefur kost á því að senda upplýsingar upp í tunglin og endurvarpa þeim til notenda. Þetta er t.d. hugsað til þess að koma upplýsingum til fólks sem er í neyð. Galileo hefur nú verið opnað almenningi til prófunar. Galileo hefur ýmislegt fram yfir hin kerfin sem nothæf eru eða munu verða nothæf við Ísland og Færeyjar en þau eru BeiDou, GLONASS og GPS. Þetta geta verið áhugaverðir kostir fyrir Íslendinga og Færeyinga. Gervitunglaþyrping Galileo-kerfisins er sýnd á *mynd 2* (European Space Agency 2017).



Mynd 2. Gervitunglaþyrping Galileo-kerfisins.

2.7 Staðsetningar með með mörgum gervitunglakerfum

Nú stendur yfir hröð þróun á því sviði að nýta sendingar gervitungla margra staðsetningarkerfa til þess að reikna út staðsetningu sem byggist á öllum þeim tunglum sem tiltæk eru hverju sinni, óháð því hvaða kerfi þau tilheyra. Með þessu móti vaxa líkur verulega fyrir því að hægt sé að reikna staðsetningu á stöðum þar sem varla sést til himins. Það verður því unnt að staðsetja sig í þröngum afkimum og jafnvel innanhúss í sumum tilvikum. Á opnari svæðum veldur þessi möguleiki því að heilindi hverrar staðsetningar vaxa verulega. Aðstæður eru oft þannig að það sjást 6–12 GPS tungl en 20–30 tungl alls á himni. Staðsetningartækið getur þá valið þau tungl sem hafa besta afstöðu og/eða reiknað staðsetningu út frá mörgum sam-

setningum. Það er spennandi rannsóknarspurning hver nákvæmni slíkrar staðsetningar getur verið. Einnig er spennandi að sjá hvort heilindi samþættra staðsetninga verða nægileg svo treysta megi þeim algerlega á sjó. Mikil heilindi GNSS-staðsetninga eru forsenda fyrir mörgu í framtíðinni, t.d. sjálfvirkum siglingum skipa. Nú á sér stað mikil umræða um sjálfvirka bílaumferð en sjálfvirk skipaumferð er margfalt auðveldara úrlausnarefni og væntanlega mun styttra þar til sjálfvirk skip sigla um heimsins höf en þar til sjálfvirkir bílar aka um götur.

3. Kerfislýsing Mfb

Í þessu verkefni er virkni kerfisins skipt í tvö tæki, móðurstöð sem er komið fyrir um borð í smábátnum og útstöð sem sjómaðurinn ber á sér á meðan hann er á sjó. Reiknað er með að útstöðin verði hluti af björgunarvesti sem sjómaðurinn er ávallt klæddur í. Móðurstöðin þjónar því hlutverki að vera varðstöð fyrir sjómanninn, útstöðin verður rafræn líflína ef sjómaðurinn fellur fyrir borð. Útstöðin á að skynja ef sjómaðurinn fellur fyrir borð, hún sendir boð um það til móðurstöðvar um borð í bátnum sem sendir út neyðarkall. Neyðarkallið berst til nálægra skipa og báta og einnig vaktstöðvar siglinga.

3.1 Útstöðin sem sjómaður ber á sér

Útstöðin þarf að vera afar fyrirferðarlítil og markmiðið er að hægt verði að sauma hana í létt björgunarvesti sem maðurinn getur borið öllum stundum meðan hann er á sjó (*mynd 3*). Einnig væri hægt að sauma búnaðinn í svonefndan flotgalla sem íslenskir sjómenn hafa notað. Búnaðurinn þarf að vera mjög léttur og fara lítið fyrir honum. Þess vegna þarf að leggja alla áherslu á að hann verði sparneytinn á orku sem hann fær frá rafhlöðum. Markmiðið er að rafhlöður geti enst í eitt til þrjú ár ef búnaðurinn fellur ekki í hafið. Einnig þurfa þær að endast í tvær til þrjár klukkustundir ef búnaðurinn fellur í hafið. Fjarskipti notendabúnaðarins við móðurstöð og/eða björgunaraðila þurfa því að fara fram með mjög litlu afli og þess vegna er nokkuð horft til nýrrar tegundar fjarskiptatækni sem kennd er við LPWA (e. *Low Power Wide Area*).

Mynd 3. Útstöðin saumuð inn í björgunarvesti.

Í útstöðinni þarf að vera innbyggt staðsetningartæki svo hægt sé að senda út nákvæma staðsetningu mannsins sem fallið hefur fyrir borð. Hér er horft til hnattrænna gervitunglastaðsetningarkerfa á borð við GPS, Glonass, Beidou og ekki síst Galileo. Þegar eru komin fram staðsetningartæki sem nýtt geta tungl frá GPS, Glonass og Beidou til þess að reikna staðsetningu. Ástæða þess að hér er einnig horft til Galileo er sú að innan fárra ára verður Galileo opnað til fullrar notkunar. Galileo hefur jafnframt innbyggðan möguleika til þess að koma boðum til fólks í neyð. Í því verkefni sem hér er sagt frá er því gert ráð fyrir sérstökum verkþætti til þess að skoða Galileo nánar og þá kosti sem það kerfi býður. Mikilvægt er að notendabúnaðurinn geti byrjað að senda út staðsetningarupplýsingar sem allra fyrst. Gert er ráð fyrir því að hann fái nauðsynlegar upplýsingar frá móðurstöð á fyrstu sekúndum eftir að hann er ræstur. Þessar upplýsingar eru nefndar *almanac* og *ephemeris* og innihalda áætlun gervitunglanna og nákvæma brautarstika þeirra. Jafnframt þarf notendabúnaðurinn að vita dagsetningu og tíma. Kerfismynd útstöðvarinnar er sýnd á *mynd 4*.

Stefnt að því að búnaðurinn ræsist sjálfkrafa ef hann fer í sjó en einnig verður hægt að handræsa hann. Talið er nauðsynlegt að búnaðurinn hafi sjálfræsigetu þar sem menn geta orðið fyrir höggi og kastast útbyrðis, t.d. ef hnútur kemur á bátinn. Einnig geta menn orðið fyrir áfalli við það að kastast útbyrðis og gleymt að ræsa búnaðinn. Við það tapast dýrmætur tími. Eins og fram hefur komið á notenda-búnaðurinn að verða mjög smágert tæki sem er auðveldlega komið fyrir í vinnu-galla sjómanna eða björgunarvesti.



Mynd 4. Kerfismynd útstöðvar.

3.2 Móðurstöðin um borð í bátnum

Móðurstöðin í bátnum sér um fjarskipti við notendabúnaðinn og langdrægar skeytasendingar til lands. Hún mun notfæra sér fjarskiptabúnað sem þegar er til staðar í bátnum fyrir skeytasendingar til lands. Þegar móðurstöðin tekur við neyðarskeyti frá eigin tæki er gert ráð fyrir því að hægt verði að virkja neyðarham fyrir stjórntæki bátsins sem virkjaður væri sjálfvirkt eða frá stjórnstöð í landi. Gripið væri til þess ef ekki næst samband við stjórnanda bátsins. Þar með væri hægt að stöðva mannlausan bát og jafnvel sigla honum áleiðis að staðsetningar-hnitum þess sem fallið hefur fyrir borð. Kerfismynd móðurstöðvarinnar er sýnd á *mynd 5*.



Mynd 5. Kerfismynd móðurstöðvarinnar um borð í bátnum.

Flestir bátar við Ísland eru búnir svonefndum AIS-tækjum. Það eru tæki sem senda tilkynningar um stað bátanna til lands með reglulegu millibili. Hugsanlegt er að nýta AIS til að senda neyðarboð frá Mfb-búnaðinum til lands. Farsímaþjónusta er mjög víða í boði á miðunum kringum Ísland. Það er annar kostur sem mætti nýta til þess að koma neyðarboðum Mfb-kerfisins til lands. Neyðarboðin geta verið mjög stutt og gagnahraði þarf ekki að vera mikill til að koma þeim áleiðis. Þess vegna dugir annarrar kynslóðar farsímakerfi vel fyrir þessi not þó að ekkert komi í veg fyrir að nýta þriðju og fjórðu kynslóðar kerfin einnig. Útbreiðslukort GSM-þjónustunnar er sýnt á *mynd 6* (Póst- og fjarskiptastofnun 2017).



Mynd 6: Útbreiðsla GSM-þjónustu við Ísland.

Útbreiðslukort fyrir þriðju kynslóðar farsímakerfi er svipað því sem sýnt er á *mynd 6* en úrbreiðsla fjórðu kynslóðar kerfanna nær ekki enn yfir jafn mikið svæði. Sú útbreiðsla vex þó ár frá ári.

3.3 Úrlausnarefni

Í þessu verkefni eru nokkur úrlausnarefni sem krefjast athugana og jafnvel rannsókna. Þar ber fyrst að nefna hvernig best er að skynja þegar maður fellur fyrir borð. Þar koma nokkrar aðferðir til greina:

1. að nota rofa sem byrjar að leiða þegar hann blotnar
2. að nota styrk radíóbylgju sem útstöðin sendir frá sér
3. að nota svonefnt RFID (e. *Radio Frequency Identification*)
4. að sjómaðurinn setji búnaðinn sjálfur í gang

Eðlilegt er að fjórða lausnin sé ávallt til staðar, þ.e. að sjómaðurinn geti sjálfur sett búnaðinn í gang. Þetta nægir þó ekki ef hann vankast, t.d. við það að falla frá borði, eins og áður var nefnt, eða man ekki eftir að að virkja búnaðinn. Fyrsta lausnin er einföld en hefur þann galla að búnaðurinn getur blotnað þótt ekkert ami að, t.d. í rigningu. Þá færi búnaðurinn í gang og til yrðu falsskilaboð. Kostur 2 hefur þann galla að styrkur radíóbylgju frá útstöðinni er breytilegur og mikil hætta er á því að falsskilaboð verði til. Þriðji kosturinn lítur vel út en hann þarf að prófa í þaula. RFID er sama tækni og margir þekkja þegar þeir taka eldsneyti á bíl. Þá geta menn borið merki upp að lesara á dælunni sem leyfir þar með dælingu. Þessi RFID eru mjög skammdræg en til eru svonefnd virk RFID sem hafa meiri langdrægni og gætu hentað þessu verkefni vel. Gallinn er þó sá að þau þurfa smávægilega orku frá rafhlöðu.

Annað úrlausnarefni felst í því að hanna búnaðinn þannig að hann taki mjög lítið afl og geti helst nýtt sömu rafhlöðuna í meira en ár. Búnaðurinn þarf einnig að haldast virkur í nokkrar klukkustundir eftir að hann fellur í sjóinn og er þá stöðugt að mæla stað sjómannsins og senda upplýsingarnar út.

Þriðja úrlausnarefnið eru fjarskiptin frá sjómanni, sem fallið hefur fyrir borð, við bátinn, sem hugsanlega brunar burt frá honum, og vonandi við nærstadda báta. Ef sjómaðurinn fellur fyrir borð meðan báturinn er á ferð er ljóst að báturinn fjarlægist sjómanninn. Ef gert er ráð fyrir að báturinn sé á 10 hnúta hraða kemst hann 18,5 km á klst. Á 10 mínútum kemst hann 3 km frá sjómanninum. Því væri mjög æskilegur kostur við kerfið að það gæti stöðvað bátinn um leið og sjómaðurinn fellur fyrir borð. Einnig er ljóst að langdrægni fjarskiptanna milli sjómannsins og bátsins þarf að vera nokkur hundruð metrar, helst fáeinir km. Smæð útstöðvarinnar krefst þess að loftnet hennar sé smátt í sniðum sem þýðir að fjarskiptatíðnin þarf að vera há. Hingað til hefur verið horft til tíðnisviðs þar sem ekki er krafist leyfis á 868 MHz. Gott loftnet á þeirri tíðni getur rúmast í útstöðinni. Gallinn er þó sá að sjónlínu er þörf milli báts og útstöðvar til að tryggja að fjarskipti náist. Ef sjór er úfinn getur ölduhæð orðið nokkrir metrar og þá er hætt við því að sjónlína náist aðeins þegar bæði sjómaður og bátur eru staddir hátt í öldu. Fjarskiptin þurfa ekki að taka langan tíma og því getur nægt að báðir séu hátt í öldu í skamma stund. Hanna þarf fjarskiptahlekkinn með tilliti til þessa vandamáls. Unnið er að líkansgerð fyrir þetta úrlausnarefni og vonast er til að það skili nýtanlegum niðurstöðum.

4. Framtíðarhorfur og lokaorð

Það kerfi sem hér hefur verið lýst er hægt að smíða vegna framfara sem orðið hafa í rafeinda- og fjarskiptatækni á undanförnum árum og áratugum. Þeim framförum er hvergi nærri lokið og unnt verður að byggja sífellt flóknari og „greindari“ kerfi.

Einn af þeim kostum sem frekari tækniþróun hefur í för með sér felst í því að taka yfir stjórn á bátnum sem sjómaðurinn fellur frá. Þegar hefur verið nefndur sá kostur að stöðva bátinn þegar maðurinn fellur fyrir borð. Ef fjarskipti næðust við manninn í sjónum væri ekki aðeins hægt að stöðva bátinn heldur einnig að taka yfir stjórn hans og stýra honum til baka til mannsins. Þá væri meira að segja hægt að virkja búnað sem myndi kasta björgunarbáti til hans. Þó að hægt sé að lýsa hlutum á borð við þennan í fáum orðum og ljóst virðist til hvaða tæknilausna þurfi að grípa er endanleg útfærsla mjög flókin. Veruleikinn býður gjarnan upp á mikla flóru aðstæðna sem upp geta komið og þarf slíkt kerfi að bregðast rétt við þeim öllum. Eitt lítið dæmi er að sjómaður gæti haft bátinn í gangi í höfn og þurft að bregða sér frá honum. Óvart tekur hann með sér björgunarvestið og setur þar með allt kerfið í gang.

Hér hefur hugmyndum að kerfi verið lýst sem getur aukið öryggi smábáta-sjómanna, einkum þeirra sem einir eru á báti. Kerfið byggir á staðsetningar- og fjarskiptatækni. Staðsetningartækni nútímans er orðin afar fullkomin og allar líkur eru á því að örugg staðsetning fáist á sjómanni sem fallið hefur fyrir borð þrátt fyrir það að hann kunni að vera í miklu öldurót. Meiri óvissa er um fjarskiptin frá sjómanninum til nærstaddra báta og eru þau það viðfangsefni sem nú er glímt við í verkefninu. Hugsanlegt er að nota kerfi sem þetta við fleiri aðstæður. Til dæmis gætu jökla- og fjallaferðamenn haft búnað af þessu tagi með í för. Hann kæmi að góðum notum í neyðartilvikum.

HEIMILDIR

European Space Agency. 2017. GIOVE (Galileo In-Orbit Validation Element). Hægt að sækja á https://directory.eoportal.org/web/eoportal/satellite-missions/content/-/article/giove.

International Maritime Organization. 2003. World-Wide Radionavigation System, Resolution A.953(23). Hægt að sækja á http://www.imo.org/blast/blastDataHelper.asp?data_id=27130&filename=A1046(27).pdf.

International Telecommunications Union. 2010. Technical characteristics for an automatic identification system using time-division multiple access in the VHF maritime mobile band. *Recommendation ITU-R M.1371-4* (04/2010). Hægt að sækja á https://www.itu.int/dms_pubrec/itu-r/rec/m/R-REC-M.1371-4-201004-S!!PDF-E.pdf.

Jón Gunnarsson. 2002. Sjálfvirk tilkynningaskylda. *Morgunblaðið* 22. mars 2002, bls. 35.

J. H. A. 1955. Sólarsteinn, hinn eini sinnar tegundar fannst á Grænlandi. Víkingar kunnu siglingarfræði. *Morgunblaðið*, 26. júlí 1956, bls. 3. [J. H. A. væntanlega = Jón Hnefill Aðalsteinsson.]

Kristján Eldjárn. 1956. Sólarsteinn. *Tíminn* 8. apríl 1956, bls. 6.

Navstar GPS. 2008. Global Positioning System Standard, positioning service performance standard. Hægt að sækja á http://www.gps.gov/technical/ps/2008-SPS-performance-standard.pdf.

Póst- og fjarskiptastofnun. 2017. GSM útbreiðslukort. Fengið af vef https://www.pfs.is/fjarskipti/utbreidslukort-og-tidnitoflur/gsm-utbreidslukort.

Seaver, Kirsten A. 2010. *The Last Vikings: The Epic Story of the Great Norse Voyagers*. I. B Tauris, London.

SUMMARY

'Man over board'

Keywords: man over board, Radio communications, Satellite Navigation, GNSS, GPS, Galileo

The beginning of this paper is about ideas about navigational technologies in previous centuries and speculations are put forward as to how the Vikings navigated the oceans. This is followed by a treatment of a project called „Man over board". The project aims at designing a system that detects if a person falls from a small boat into the ocean. Then an alarm is immediately sent to a land-based control centre and to nearby ships and boats. The system is based on the utilisation of positioning-, communications- and electronics technologies that have progressed very fast in recent years. The utilisation of the Global Navigation Satellite Systems (GNSS) GPS, GLONASS, BeiDou and Galileo is discussed briefly, along with EGNOS, which is a GPS overlay system. In addition, various issues that need to be overcome in the design of the system are discussed, including communications in rough seas and the minimisation of the power usage of the equipment.

ÚTDRÁTTUR

Í þessari grein er fyrst fjallað um staðsetningartækni sem nýtt var til sjóferða á fyrri öldum og spáð í það hvernig víkingar fundu rétta leið um víddir hafsins. Þá er fjallað um verkefni sem nefnt er Maður fyrir borð. Markmið þess er að hanna kerfi sem skynjar ef sjómaður á smábáti fellur í hafið og senda þá umsvifalaust neyðarboð til stjórnstöðvar í landi og til nálægra skipa og báta. Kerfið byggist á staðsetningar-, fjarskipta- og rafeindatækni sem hefur tekið stórstígum framförum á undanförnum árum. Fjallað er um notkun hnattrænu staðsetningarkerfanna GPS, GLONASS, BeiDou og Galileo, ásamt EGNOS sem er leiðréttingarkerfi fyrir GPS. Einnig er sagt frá þeim vanda sem þarf að yfirstíga við hönnun kerfisins, t.d. fjarskipti í öldurróti og lágmörkun á aflnotkun notandaeiningarinnar.

Sæmundur E. Þorsteinsson
Háskóla Íslands
saemi@hi.is

Karl S. Guðmundsson
Háskóla Íslands
karlsg@hi.is

AMALÍA BJÖRNSDÓTTIR
INGVAR SIGURGEIRSSON

Viðhorf færeyskra og íslenskra unglinga til heimanáms

1. Inngangur

Árið 2008 hóf hópur íslenskra fræðimanna vinnu við rannsókn sem fékk heitið *Starfshættir í grunnskólum*. Meginmarkmið hennar var að gefa yfirsýn yfir starfshætti í grunnskólum með áherslu á þróun í átt til náms við hæfi hvers og eins. Höfundar þessarar greinar voru meðal rannsakenda og beindu sjónum meðal annars að heimanámi (Ingvar Sigurgeirsson og Amalía Björnsdóttir 2016). Gagna var aflað í 20 skólum með einstaklings- og rýnihópaviðtölum, vettvangsathugunum og spurningakönnunum og má lesa um niðurstöðurnar í bók sem gefin hefur verið út um rannsóknina (Gerður G. Óskarsdóttir (ritstj.) 2014). Árið 2012 hófst samstarf við fræðimenn í kennaradeild Fróðskaparsetursins í Færeyjum og var íslenski spurningalistinn fyrir nemendur, sem notaður hafði verið í *Starfsháttarannsókninni*, þýddur á færeysku. Var listinn lagður fyrir alla nemendur í 8. og 9. bekk í Færeyjum.

Meðal þess sem nemendur voru spurðir um var umfang heimanámsins og viðhorf til þess. Markmið þessarar greinar er að gera grein fyrir niðurstöðum um þessi atriði í Færeyjum og bera þær saman við íslensku gögnin. Fræðimenn greinir á um gildi heimanáms og lítið er vitað með óyggjandi hætti um umfang þess á Íslandi og í Færeyjum. Heimanám hefur verið fastur hluti af skólastarfi í áratugi og virðist enn nokkuð fast í sessi þó gildi þess þyki álitamál (Cooper, Robinson og Patall 2006; Trautwein og Köller 2003; Vatterott 2009). Í þessu ljósi hljóta rannsóknir á heimanámi að vera mjög mikilvægar, einnig með hliðsjón af því að rannsóknir sýna að þó heimanám sé við lýði í flestum skólakerfum er margháttaður munur á þýðingu þess og fyrirkomulagi. Þessi rannsókn veitir nokkra innsýn í viðhorf nemenda í löndunum tveimur til heimanáms og þann tíma sem þeir verja í heimanámið.

2. Rannsóknir á heimanámi

Heimanám er gjarnan skilgreint sem þau verkefni sem kennarar setja nemendum fyrir og þeir eiga að leysa utan skólatíma (Cooper 1989; Marzano og Pickering 2007). Rétt er að taka fram að ekki er víst að allir skilji þetta hugtak sama skilningi. Nefna má að á Íslandi þekkist að kennarar veiti nemendum tækifæri til að sinna því sem þeir kalla heimanám í skólanum (Ingvar Sigurgeirsson, Amalía Björnsdóttir, Gunnhildur Óskarsdóttir og Kristín Jónsdóttir 2014).

Í þessari grein verður lýst niðurstöðum varðandi umfang heimanáms, eins og það horfir við nemendum á Íslandi og í Færeyjum, og viðhorfum nemenda til þess. Rannsóknir á heimanámi í þessum tveimur löndum eru af skornum skammti, en það hefur á hinn bóginn verið rannsakað mikið og lengi víða annars staðar. Rannsakendur hafa meðal annars beint sjónum að tengslum heimanáms við námsárangur. Niðurstöður eru ekki á einn veg en fleiri rannsóknir benda þó til þess að hóflegt heimanám hafi jákvæð áhrif á námsárangur (Carr 2013; Trautwein, Köller, Schmitz og Baumert 2002), einkum á unglingastigi (Cooper o.fl. 2006).

Þó rannsóknir víða um lönd sýni að heimanám sé fastur þáttur í skólastarfi og að svo hafi lengi verið (Cooper o.fl. 2006; Trautwein og Köller 2003; Vatterott 2009) er þýðing þess umdeild (Canadian Council of Learning 2009; Dannesboe, Kryger, Palludan og Ravn 2010; Kohn 2006; Marzano og Pickering 2007), meðal

annars vegna þess að það tengist ólíkum aðstæðum nemenda, til dæmis til að fá aðstoð foreldra eða forráðamanna. Þá reynist heimanám oft strembið fyrir nemendur sem eiga við námsvandamál að stríða (Carr 2013).

Rannsókn höfunda þessarar greinar á viðhorfum til heimanáms á Íslandi leiddu í ljós að 47% nemenda í 7.–10. bekk þótti heimanám hæfilegt og að algengast var að nemendur á unglingastigi lærðu heima 20–39 mínútur á dag. Í ljós kom að nemendur sem lýstu sér sem slökum námsmönnum vörðu margir miklum tíma í heimanám og af svörum foreldra mátti ráða að heimanámið væri oft afar krefjandi fyrir þá. Nemendur vildu gjarnan að foreldrar aðstoðuðu þá við heimanám, en höfðu almennt fremur neikvæð viðhorf til þess.

Viðhorf nemenda til heimanáms hafa verið rannsökuð víða um heim, eins og fyrr segir, og ná þessar rannsóknir til flestra aldurshópa og margra námsgreina. Í niðurstöðum margra þessara rannsókna kemur fram að nemendur viðurkenna að heimanám hafi þýðingu og sé nauðsynlegur og jafnvel óhjákvæmilegur fylgifiskur skólagöngunnar (Dannesboe o.fl. 2010; Farrell og Danby 2013; Wilson og Rhodes 2010; Xu og Yuan 2003).

Rannsóknir sýna að ungir nemendur, t.d. þeir sem eru að hefja nám í grunnskóla, eru oft áhugasamir um heimanám, en þegar á líður minnkar áhuginn (Cameron og Bartel 2008; Dannesboe o.fl. 2010). Á unglingastigi er viðhorf til heimanáms oftar en ekki neikvætt (Leone og Richards 1989; Wilson og Rhodes 2010) og er það í samræmi við niðurstöður fyrrnefndrar rannsóknar höfunda (Ingvar Sigurgeirsson og Amalía Björnsdóttir 2016), en þar töldu einungis 19% nemenda að heimanámsverkefni væru áhugaverð.

Oft hefur komið fram kynjamunur í heimanámsrannsóknum. Í því sambandi má nefna niðurstöður rannsóknar Ingvars Sigurgeirssonar og Amalíu Björnsdóttur (2016) sem sýndu að stúlkur vörðu meiri tíma til heimanáms en drengir og viðhorf þeirra til þess var einnig jákvæðara. Hliðstæðan kynjamun má finna annars staðar; í flestum löndum verja stúlkur meiri tíma til heimanáms og eru sáttari við það en piltarnir (Deveci og Önder 2015; Harris, Nixon og Rudduck 1993; Hong, Wan og Peng 2011; İflazoğlu og Hong 2012; Rengma, Saikia og Sunny 2015; Trautwein, Lüdtke, Schnyder og Niggli 2006; Xu 2007). Þetta er þó ekki án undantekninga. Umfangsmikil rannsókn á viðhorfum 1467 unglinga í Jórdaníu sýndi engan kynjamun á afstöðu til heimanáms (El-Shar'a og Abed 2008). Skýring á þessu kann að vera að víða í þessum heimshluta er mikil áhersla á að drengir standi sig vel í námi.

Vart þarf að koma á óvart að nemendur sem standa sig vel í námi hafa jákvæðari viðhorf til heimanáms en þeir sem verr standa (Chang, Wall, Tare, Golonka og Vatz 2014; El-Shar'a og Abed 2008) og nemendur sem sinna vel heimanámi ná almennt betri námsárangri en hinir (Cooper, Lindsay, Nye og Greathouse 1998). Ýmsir fræðimenn hafa bent á tengsl sjálfstjórnar (e. *self-regulation*) og dugnaðar við heimanám við betri námsárangur (Bembenutty 2011; Carr 2013; Ramdass og Zimmerman 2011). Sem dæmi má nefna að Ramdass og Zimmerman (2011) benda í þessu sambandi á að þegar nemendur takist á við heimanám reyni mjög á sjálfstjórn þeirra. Þeir þurfi meðal annars að efla með sér áhuga, einbeita sér, beita réttum aðferðum, stjórna tíma sínum, setja sér markmið og ígrunda frammistöðu sína, svo fáein atriði séu nefnd. Þannig tengist sjálfstjórn og heimanám og rannsóknir sýni að hæfni í þessu einkenni góða námsmenn, hvort heldur er unga grunnskólanemendur eða nemendur í framhaldsskóla.

Einn vandinn við heimanám er vitaskuld sá að þó það sé sett fyrir er ekki þar með sagt að allir nemendur ljúki því. Wilson og Rhodes (2010) gerðu rannsókn í unglingaskóla í Bandaríkjunum (e. *high school*) og komust að því að aðeins 39% nemenda sögðust ljúka heimanámi sínu oft, en 8% sögðust sjaldan eða aldrei ljúka því en hinir féllu þarna á milli. Í bandarískum rannsóknum hefur komið fram að

nemendur ljúka heimanámi sínu yfirleitt á klukkustund eða skemmri tíma (Gill og Schlossman 2003). Meðallengd heimanáms 15 ára unglinga í OECD-löndunum árið 2012 reyndist vera 5 klst. á viku að jafnaði, en mikill munur var á þessu eftir löndum (OECD 2014). Athyglisvert er að heimanám var hvað minnst hjá finnsku unglingunum, eða um þrjár klst. á viku (sama heimild), en finnskir nemendur hafa iðulega náð mjög góðum árangri í alþjóðlegum könnunum eins og PISA. Ekki þykir ljóst að heimanám ungra nemenda skili sér í betri námsárangri; það er eins og fram kom hér að framan öðru fremur á unglingastigi að sýnt hefur verið fram á tengsl heimanáms við námsárangur, einkum ef það fer ekki mikið yfir eina til tvær klukkustundir á dag (Cooper 2001; Cooper, Robinson og Patall 2006; Cooper og Valentine 2001). Þá má nefna niðurstöður sem benda til þess að of mikið heimanám hafi margháttuð neikvæð áhrif (Galloway, Conner og Pope 2013; Pressman o.fl. 2015; OECD 2014). Nefna má að í PISA-rannsóknunum hefur komið fram að nokkuð virðist hafa dregið úr heimanámi 15 ára nemenda á þeim árum sem fylgst hefur verið með þessu, eða frá 2003 (OECD 2014).

Rannsóknir sýna að miklu skiptir fyrir viðhorf nemenda til heimanáms hvers eðlis verkefnin eru og hvernig þau eru lögð fyrir (Darling-Hammond og Ifill-Lynch 2006; Dettmers o.fl. 2011; Gilliland 2002; Holliday 2001; Patall, Cooper og Wynn 2010) og á þetta ekki síst við þegar um nemendur með námserfiðleika er að ræða (Bryan og Nelson 1994; Carr 2013). Hér má til dæmis nefna mikilvægi þess að nemendur skilji tilgang heimanámsins, hafi eitthvað um það að segja, ráði við það og að það sé að einhverju marki einstaklingsmiðað (Carr 2013). Þá hefur kennurum til dæmis verið ráðlagt að gefa nemendum tækifæri til að hefja vinnu við heimaverkefni í skólanum, m.a. í því skyni að kennarinn geti glöggvað sig betur á því hversu vel nemendur ráða við það (Cooper og Nye 1994; Patton 1994). Þá skiptir miklu máli að nemendur fái endurgjöf á úrlausnir sínar (Cooper 1989; Núñez, Suárez, Rosário, Vallejo, Cerezo og Valle 2015; Xu 2017).

Þrátt fyrir umtalsverða leit hefur höfundum ekki tekst að finna rannsóknir á heimanámi sem ná yfir landamæri, aðrar en þær sem gerðar hafa verið í tengslum við PISA (OECD 2014). Þess vegna má halda því fram að þegar kostur gafst á að leggja sambærilega spurningalista fyrir nemendur á Íslandi og í Færeyjum hafi skapast áhugaverð skilyrði til að bera saman viðhorf nemenda til heimanáms og umfang þess í löndunum tveimur. Í ljósi þeirrar áherslu sem lögð er á heimanám hlýtur að vera þýðingarmikið að leita leiða til að greina þýðingu þess.

Spurningarnar sem ákveðið var að leggja til grundvallar í þessari rannsókn voru:

- Hvert er umfang heimanáms hjá nemendum á Íslandi og í Færeyjum?
- Hvað finnst nemendum um umfang heimanámsins?
- Er munur á þeim tíma sem nýttur er til heimanáms eftir kyni og hvort nemendur telja sig sterka eða slaka námsmenn?
- Er munur á mati nemenda á umfangi heimanámsins eftir kyni og hvort nemendur telja sig sterka eða slaka nemendur?
- Finnst nemendum heimanám áhugavert?

3. Aðferð

Í þessari grein verður byggt á gögnum úr spurningalistum til nemenda í 14 af 20 íslensku þátttökuskólunum í rannsókninni *Starfshættir í grunnskólum*, en það voru þeir skólar sem voru með unglingastig, og svörum þátttakenda í öllum færeyskum skólum sem hafa nemendur í þessum bekkjum.

Þátttakendur

Yfirlit um þátttakendur má sjá í *töflu 1*. Þátttakendur voru nemendur í tveimur efstu bekkjum grunnskólans á Íslandi, það er 9. og 10. bekk, og nemendur fólkaskólans í

Færeyjum á sama aldri, en þeir teljast vera í 8. og 9. bekk. Eins og sést í töflunni voru heldur fleiri stúlkur en drengir þátttakendur og á það við í báðum löndunum. Á Íslandi tóku fleiri þátt í eldri bekknum en því er öfugt farið í Færeyjum.

	Ísland		Færeyjar		Allir	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Kyn						
Drengir	485	48,7	639	48,1	1124	48,4
Stúlkur	467	51,3	583	51,9	1050	51,6
Samtals	952		1222		2174	
Bekkur						
9. bekkur (Í) / 8. bekkur (F)	438	46,0	614	50,2	1052	48,4
10. bekkur (Í) / 9. bekkur (F)	514	54,0	608	49,8	1122	51,6
Samtals	952		1222		2174	

Tafla 1: Fjöldi þátttakenda eftir kyni, aldri og landi.

Framkvæmd

Vorið 2009 var íslensku skólunum tuttugu boðin þátttaka í rannsókninni og stóð gagnaöflun yfir þar til 2011. Spurningalisti fyrir nemendur var lagður fyrir úrtak nemenda í 7.–10. bekk haustið 2010, en í þessari grein eru einungis notuð svör nemenda í 9. og 10. bekk. Ef bekkjardeildir í árgangi í skólanum voru þrjár eða fleiri voru tvær valdar af handahófi til þátttöku, en í fámennari skólum tóku allir nemendur þátt í rannsókninni. Í Færeyjum var spurningalistinn lagður fyrir nemendur árið 2012 og var farið í alla skóla sem voru með nemendur í bekkjardeildum 8 og 9 sem er sambærilegt við 9. og 10. bekk á Íslandi. Spurt var um tíma sem notaður væri í heimanám, viðhorf til þess og hvort nemendur teldu sig góða eða slaka námsmenn.

Unnið var úr gögnum í SPSS 22.0. Reiknað var kí-kvaðrat og borin saman hlutföll ef önnur eða báðar breytur voru á nafnkvarða. Notuð var Bonferroni-leiðrétting. Miðað var við p-gildi minna en 0,05.

4. Niðurstöður

Þátttakendur svöruðu nokkrum spurningum um heimanám, meðal annars um það hvort umfang þess væri hæfilegt, hversu langan tíma þeir notuðu í heimanámið og hvort heimanámsverkefnin væru áhugaverð. Á *mynd 1* sést umfang heimanáms á dag samkvæmt svörum nemenda í Færeyjum og á Íslandi.



Mynd 1: Mat nemenda á þeim tíma sem þeir nota í heimanám á dag.

Munur var á svörum þátttakenda í löndunum tveimur (χ^2 (4, N = 1846) = 28,3, p < 0,001). Algengara var að nemendur á Íslandi notuðu meira en 60 mínútur til heimanáms en nemendur í Færeyjum og hlutfallslega fleiri nemendur notuð 10–19 mínútur á dag í Færeyjum en á Íslandi. Einnig var kynjamunur á svörum, en stúlkur notuðu meira tíma í heimanám en drengir (χ^2 (4, N = 1846) = 26,8, p < 0,001); til að mynda notuðu 15% drengja og 10% stúlkna minna en 10 mínútur í heimanám á dag.

Ákveðið var að skoða þetta frekar eftir kyni, það er hvort sami munur kæmi fram ef bornir væru saman drengir í Færeyjum og á Íslandi og stúlkur í Færeyjum og á Íslandi (sjá nánar *mynd 2*).



Mynd 2: Mat þátttakenda eftir kyni á tíma sem þeir nota í heimanám á dag.

Munur var á svörum drengja í Færeyjum og á Íslandi þegar spurt var um þann tíma sem notaður væri í heimanám (χ^2 (4, N = 949) = 17,4, p = 0,002), en algengara var að íslenskir drengir en þeir færeysku notuðu 60 mínútur eða meira í heimavinnu á dag. Meiri munur kom fram þegar borin voru saman svör stúlkna á Íslandi og í Færeyjum, sjá *mynd 2* (χ^2 (4, N = 897) = 27,0, p < 0,001).

Á *mynd 2* sést að miklu algengara var að íslenskar stúlkur notuðu 40 mínútur eða meira í heimanám á dag en þær færeysku. Alls falla 43% íslensku stúlknanna í þennan flokk en 29% þeirra færeysku. Sá kynjamunur sem fannst á tíma sem þátttakendur notuðu í heimanám er því til kominn vegna kynjamunar hjá íslensku þátttakendunum, en kynjamunur fannst ekki í Færeyjum.



Mynd 3: Mat þátttakenda í Færeyjum og á Íslandi á sér sem námsmanni.

Munur var á mati þátttakenda í Færeyjum og á Íslandi þegar þeir voru spurðir hversu góðir námsmenn þeir væru (χ^2 (4, N = 2028) = 47,6, p < 0,001). Íslensku nemendurnir voru líklegri en þeir færeysku til að telja sig mjög góða námsmenn, en þeir voru einnig líklegri en þeir færeysku til að segjast vera slakir námsmenn. Þeir færeysku völdu hlutfallslega oftar en þeir íslensku miðju valmöguleikanna, það er að þeir væru hvorki góðir né slakir námsmenn (sjá *mynd 3*). Ákveðið var að sameina í einn hóp þá sem töldu sig vera slaka eða mjög slaka námsmenn annars vegar og hins vegar þá sem töldu sig góða eða mjög góða námsmenn þar sem þessir hópar voru fámennir. Á *mynd 4* má svo sjá samanburð á tíma sem þátttakendur notuðu í heimanám eftir mati þeirra á sér sem námsmanni.



Mynd 4: Tími í heimanám á dag eftir mati þátttakenda á sér sem námsmanni.

Munur var á þeim tíma sem nemendur notuðu í heimanám eftir því hvernig þeir mátu sig sem námsmenn (χ^2 (8, N = 1761) = 47,1, p < 0,001). Þegar *mynd 4* er skoðuð er áberandi að nemendur sem sögðust vera slakir eða mjög slakir námsmenn notuðu oftar meira en 60 mínútur í heimanám en nemendur sem höfðu meiri trú á sér sem námsmönnum. Hið sama átti við um að nota minna en 10 mínútur, en hlutfallslega fleiri af þeim sem töldu sig vera slaka námsmenn notuðu þetta lítinn tíma. Ekki var mikill munur á þessu mynstri í Færeyjum og á Íslandi, en

á *mynd 5* má sjá svör þátttakenda eftir löndum og aðeins skoðaðir tveir hópar; þeir sem nýttu minnstan tíma í heimanám og þeir sem nýttu mestan tíma.



Mynd 5: Tími í heimanám á dag eftir mati þátttakenda á sér sem námsmanni. Samanburður á Færeyjum og Íslandi.

Á *mynd 5* sést að um þriðjungur nemenda í Færeyjum sem töldu sig vera slaka eða mjög slaka námsmenn notaði minna en 10 mínútur á dag í heimanám. Það sama á við um fjórðung nemenda á Íslandi sem falla í þennan hóp. Einnig sést á myndinni að hlutfallslega fleiri íslenskir nemendur en færeyskir sem töldu sig vera námsmenn í meðallagi eða góða eða mjög góða námsmenn nýttu meira en 60 mínútur á dag í heimanám.



Mynd 6: Mat þátttakenda á umfangi heimanáms eftir löndum.

Eins og sjá má á *mynd 6* var algengara að nemendum á Íslandi en í Færeyjum þætti heimanám of mikið (χ^2 (4, N = 2101) = 33,53, p < 0,001). Þannig fannst 9% nemenda í Færeyjum en aðeins 4% nemenda á Íslandi að heimanám væri of lítið.

Drengjum þótti heimanám frekar vera of mikið en stúlkum, en tæpum 17% drengja og 12% stúlkna þótti það alltof mikið (χ^2 (4, N = 2101) = 18,80, p = 0,001). Ef niðurstöður eru skoðaðar eftir löndum kemur fram marktækur munur á stúlkum á Íslandi og í Færeyjum (χ^2 (4, N = 1023) = 23,36, p < 0,001) og einnig var marktækur munur á drengjum í Færeyjum og á Íslandi (χ^2 (4, N = 1078) = 17,00, p = 0,002). Íslensku nemendunum fannst heimanámið frekar vera of mikið í samanburði við þá færeysku og átti það bæði við um drengi og stúlkur.



Mynd 7: Mat þátttakenda eftir kyni á umfangi heimanáms.

Af *mynd 7* má ráða að algengara var að færeyskum stúlkum en þeim íslensku þætti heimanámið of lítið og sama mynstur sást hjá drengjunum. Um 21% íslenskra drengja þykir heimanámið alltof mikið en 13% drengja í Færeyjum.

Nemendur sem sögðust vera slakir eða mjög slakir námsmenn voru líklegri en aðrir til að telja að umfang heimanámsins væri alltof mikið (χ^2 (8, N = 1984) = 90,7, p < 0,001). Eins og sjá má á *mynd 8* telur 41% þátttakenda í þessum hópi heimanám vera alltof mikið, en 14% eða færri af þeim sem höfðu meiri trú á sér sem námsmanni.



Mynd 8: Mat þátttakenda á umfangi heimanáms eftir mati á sér sem námsmanni.

Nánari skoðun á svörum þátttakenda sýndi lítinn mun á svörum í Færeyjum og á Íslandi. Til að mynda fannst 43% þeirra í Færeyjum sem töldu sig vera slakan eða mjög slakan námsmann að heimanám væri alltof mikið og sambærileg tala á Íslandi var 40%. Tæp 14% nemenda á Íslandi og rúmlega 9% nemenda í Færeyjum sem töldu sig vera mjög góða eða góða námsmenn fannst heimanám vera alltof mikið.

Áhugavert er einnig að nemendur á Íslandi telja frekar en nemendur í Færeyjum að heimanám sé notað til að klára það sem nemendur komast ekki yfir í skólanum (χ^2 (4, N = 1978) = 64,93, p < 0,001). Þannig voru 27% nemenda á Íslandi mjög sammála staðhæfingu um að slíkt væri gert en 15% í Færeyjum.

Þau skilaboð eru skýr, sem koma fram bæði í Færeyjum og á Íslandi, að heimanám sé ekki áhugavert, sjá *mynd 9*.



Mynd 9: Mat þátttakenda á því hvort heimaverkefni séu áhugaverð.

Reyndar voru færeysku nemendurnir enn neikvæðari en þeir íslensku (sjá *mynd 9*) (χ^2 (4, N = 2100) = 56,94, p < 0,001) og átti það bæði við um drengi og stúlkur, sjá *mynd 10*.



Mynd 10: Mat þátttakenda eftir kyni á því hvort heimaverkefni séu áhugaverð.

Um 38% færeysku stúknanna og 24% þeirra íslensku voru mjög ósammála því að heimaverkefni væru áhugaverð (χ^2 (4, N = 1027) = 45,26, p < 0,001) en um 4% voru mjög sammála þessari staðhæfingu. Munur var einnig marktækur í svörum hjá drengjunum (χ^2 (4, N = 1073) = 16,20, p = 0,003), en af færeysku drengjunum var um helmingur mjög ósammála því að heimaverkefni væru áhugaverð og sama átti við um 40% íslensku drengjanna.

5. Samantekt og umræða

Eins og vænta mátti er afar mikill munur á þeim tíma sem unglingarnir verja til heimanáms og tengist það væntanlega hvort tveggja mismunandi kröfum kennara og ólíkri ástundun nemenda. Ekki er hægt að segja að umfang heimanáms á Íslandi og í Færeyjum sé mikið í alþjóðlegum samanburði – lágt hlutfall nemenda í löndunum tveimur nær meðaltali heimanáms sé miðað við OECD-löndin (OECD

2014). Færeysku og íslensku unglingarnir nota oftast 20–39 mínútur á dag í heimanám, en meðaltal OECD-landanna er um klukkustund á dag. Klukkustundarmarkinu ná 10% færeysku barnanna en 17% þeirra íslensku. Rétt er að nefna að rannsóknir höfunda benda til þess að nokkuð vel megi treysta lýsingum nemenda á umfangi heimanáms, a.m.k. er ágætt samræmi í svörum þeirra og foreldra þeirra um þetta (Ingvar Sigurgeirsson og Amalía Björnsdóttir 2016).

Sá munur sem fram kemur á löndunum tveimur er áhugaverður. Fleiri íslenskir unglingar nota meira en 60 mínútur til heimanáms á dag en þeir færeysku og þar vekur athygli að þetta gildir um bæði kynin. Íslensku stúlkurnar eru sá hópur sem gefur heimanáminu mestan tíma. Kynjamunurinn er nánast enginn í Færeyjum – en á því kunna höfundar engar skýringar og áhugavert væri að skoða það betur.

Um bæði löndin gildir að þeir sem meta sig slaka námsmenn eru fjölmennastir bæði í þeim hópi sem ver minnstum og mestum tíma til heimanáms. Með öðrum orðum: Þeir sem líta á sig sem slaka námsmenn virðast annaðhvort kjósa að slá slöku við eða hafa einfaldlega gefist upp á náminu – eða leggja sig enn meira fram og keppast við að halda í við jafnaldrana. Í þessu samhengi má vísa til rannsókna sem gefa vísbendingar um tengsl milli sjálfstjórnar, þrautseigju og árangurs við heimanám (Bembenutty 2011; Carr 2013) og þá sérstaklega til rannsókna sem benda til þess að þessa hæfni megi þjálfa með nemendum (Ramdass og Zimmerman 2011).

Tæpur helmingur nemenda í löndunum tveimur telur heimanám hæfilegt en þriðjungi finnst það aðeins of mikið. Hlutfall nemenda sem finnst það alltof mikið getur vart talist hátt, eða 12% í Færeyjum og 17% á Íslandi, en hér er áhugaverður en óútskýrður kynjamunur. Íslensku drengirnir kvarta oftast yfir of miklu heimanámi (21%) en færeysku stúlkurnar nefna oftast að það sé of lítið (9% þeirra segja það aðeins of lítið og 2% alltof lítið).

Vart kemur á óvart að þeir sem telja sig slaka námsmenn eru óánægðastir með of mikið heimanám, en 41% nemenda í þeim hópi telur það alltof mikið. Höfundar þessarar greinar hafa áður bent á að heimanám vefjist mjög fyrir nokkrum hópi nemenda sem stendur höllum fæti í námi, jafnvel svo að líkja megi við áþján (Ingvar Sigurgeirsson og Amalía Björnsdóttir 2016). Þetta beinir sjónum að ábendingum um að vanda þurfi sérstaklega til verka þegar heimanám er skipulagt fyrir nemendur með námserfiðleika (Bryan og Nelson 1994; Carr 2013) og gæta þá sérstaklega að samstarfi við foreldra (Domina 2005; O'Sullivan, Chen og Fish 2014).

Skýrustu niðurstöður þessarar samanburðarrannsóknar má sjá þegar athygli er beint að áhuga, eða öllu heldur áhugaleysi, nemenda á heimaverkefnum. Einungis 12% færeysku unglinganna og 14% þeirra íslensku eru sammála því að þau séu áhugaverð. Færeysku drengirnir eru óánægðastir en íslensku stúlkurnar jákvæðastar. Færeysku stúlkurnar eru mun neikvæðari en þær íslensku; 65% þeirra eru ósammála því að heimanámsverkefni séu áhugaverð en 49% þeirra íslensku. Færeysku unglingarnir eru neikvæðari en þeir íslensku. Freistandi er að horfa til þess að heimanámið hjá íslensku nemendunum virðist oftar en hjá þeim færeysku vera til að ljúka því heima sem ekki tekst að klára í skólanum.

Heimanám er umdeilt, en það virðist enn standa nokkuð traustum fótum. Í báðum löndum hlýtur að þurfa að íhuga betur hvernig heimanámsverkefni eru undirbúin og hvernig þeim er fylgt eftir (Darling-Hammond og Ifill-Lynch 2006; Dettmers o.fl. 2011; Gilliland 2002; Holliday 2001; Patall, Cooper og Wynn 2010). Það getur vart talist viðunandi að svo stórum hópi nemenda þyki heimanámið beinlínis leiðinlegt. Enginn skortur er á leiðsögn um hvernig úr þessu megi bæta, gjarnan í samvinnu við foreldra (Bempechat, Li, Neier, Gillis og Holloway 2011; Carr 2013; Patall o.fl. 2010).

Sá margvíslegi munur sem fram hefur komið í þessum samanburði á umfangi heimanáms og viðhorfum til þess í löndunum tveimur er verður umhugsunar, hvort tveggja um mikilvægi samanburðarrannsókna og um mikilvægi þess að fyllstu varfærni sé gætt þegar rannsóknarniðurstöður sem fást í einu skólasamfélagi eru heimfærðar yfir á önnur. Margháttaður menningarmunur getur haft áhrif og hann undirstrikar mikilvægi þess að efla jafnt alþjóðlegar menntarannsóknir sem staðbundnar. Vonandi verður þess ekki langt að bíða að við fáum fleiri rannsóknir á heimanámi í Færeyjum og á Íslandi.

HEIMILDIR

Bembenutty, Héfer. 2011. Meaningful and maladaptive homework practices: The role of self-efficacy and self-regulation. *Journal of Advanced Academics* 22(3):448–473.

Bempechat, Janine, Jin Li, Shelby M. Neier, Caroline A. Gillis og Sudan D. Holloway. 2011. The homework experience: Perceptions of low-income youth. *Journal of Advanced Academics* 22(2):250–278.

Bryan, Tanis, og Carol Nelson. 1994. Doing homework: Perspectives of elementary and junior high school students. *Journal of Learning Disabilities* 27(8):488–499.

Cameron, Linda, og Lee Bartel. 2008. *Homework Realities: A Canadian Study of Parental Opinions and Attitudes*. Bartel, Cameron & Associates, Toronto.

Canadian Council of Learning. 2009. *A Systematic Review of Literature Examining the Impact of Homework on Academic Achievement*. Sótt af http://edu.au.dk/fileadmin/edu/Udgivelser/SystematicReview_HomeworkApril27-2009.pdf.

Carr, Nicole Schrat. 2013. Increasing the effectiveness of homework for all learners in the inclusive classroom. *School Community Journal* 23(1):169–182.

Chang, Charles B., Daniel Wall, Medha Tare, Ewa Golonka og Karen Vatz. 2014. Relationships of attitudes toward homework and time spent on homework to course outcomes: The case of foreign language learning. *Journal of Educational Psychology* 106(4):1049–1065.

Cooper, Harris. 1989. Synthesis of research on homework. *Educational Leadership* 47(3):85–91. Sótt af http://www.ascd.org/ASCD/pdf/journals/ed_lead/el198911_cooper.pdf

Cooper, Harris. 2001. Homework for all – in moderation. *Educational Leadership* 58(7):34–38.

Cooper, Harris, James J. Lindsay, Barbara Nye og Scott Greathouse. 1998. Relationships among attitudes about homework, amount of homework assigned and completed, and student achievement. *Journal of Educational Psychology 90*(1):70–83.

Cooper, Harris, og Barbara Nye. 1994. Homework for students with learning disabilities: The implications of research for policy and practice. *The Journal of Learning Disabilities* 27(8):470–479.

Informanternes motivation for at lære et sprog er i stærk relation til deres erfaring af sproget i deres omgivelser, lærerens motivation og kompetence til at undervise i sproget og relevante opgaver der udvikler informanternes autonomi.

Informanternes mening om sprogets nytteværdi kommer an på deres relation til sprog og kultur og hvorvidt de formår at danne sig et realistisk fremtidsbillede forankret i deres kognitive udvikling og identitet.

Især i de islandske og færøske læreplaner bruges adgangen til det nordiske sprogfællesskab som et argument for danskundervisningen. Dog kommer nabosprogsforståelse ikke af sig selv og beror i høj grad på lærernes faglige fundament i mindst ét af de nordiske sprog, lærerens tro på at dansk/ norsk/ svensk til en vis grad er transparente sprog for islandske og færøske informanter i de sammenhænge, der har deres interesse, og er relevante for dem. Derfor er det af stor betydning at informanterne har adgang til undervisningsmaterialer, der åbner op for de grundlæggende forskelle og ligheder mellem disse sprog.

Det er en paradoks gemt i de vestnordiske informanters ønske om mere mundtlighed i danskundervisningen og lærernes ønske om at informanterne kan og vil gøre brug af det talte dansk. Lærerne alle tre steder mener at den største udfordring er at få informanterne til at udtrykke sig mundtligt og kommunikere på dansk. Hverken informanter eller lærere ser ud til at have de redskaber der kan føre dem frem til det ønskede mål.

Lærernes motivation hænger sammen med hvorvidt de mestrer målsproget, og hvor godt de er hjemme i sprogpædagogik og fremmedsprogsdidaktik – og hvor godt de kender til og identificerer sig med i målsprogssamfundet. Lærernes tro på

målsprogets nytteværdi er kohærent med deres motivation til at undervise i sproget og tro på det nordiske samfund har at give informanterne.

I virkelighedens klasseværelse skal alle lærere leve op til de samme offentlige målsætninger og skolemiljøets forventninger, uanset deres faglige fundament. Den kompetenceudvikling de får tilbudt er den samme for alle og tager sjældent højde for deres faglige status eller den lokale situation. De har behov for tilbud om kompetenceudvikling der forøger deres selvtillid og sprogfærdigheder, og giver dem redskaber til formidling af målsproget, bl.a. aktiviteter der handler om at anvende modersmålets beslægtethed med dansk, og dermed åbne informanternes øjne for hvor meget de kan forstå ud fra deres modersmål – og at de andre skandinaviske sprog bliver en levende og formålsrettet del af undervisningen.

Det er vel på tide at byde på fælles kompetenceudvikling for sproglærere i Vestnorden.

LITTERATUR

Aðalnámskrá grunnskóla. 2013. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavík.

Brink, Eva Theilgaard. 2016. *Man skal bare kaste sig ud i det …* En interviewundersøgelse af unge i Nordens nabosprogsforståelse i praksis. København. Tilgængelig på http://sprog.dynamikfabrikken.com/media/1337/ man-skal-bare-kaste-sig-ud-i-det.pdf [28. juni 2017]

Brynhildur Anna Ragnarsdóttir. 2002. *Netnám og nemendasjálfstæði*. MA-speciale, Islands Universitet, Reykjavík. Upubliceret.

Brynhildur Anna Ragnarsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir. 2007. Vel forstår man dansk. *Málfríður* 2007(2):18–23.

Brynhildur Anna Ragnarsdóttir og Þórhildur Oddsdóttir. 2016. Dansk som 1., 2. eller 3. sprog i Vestnordens grundskoler: Et studie af elevernes holdning til dansk/nordiske sprog som obligatoriske skolefag og deres brugsværdi, samt lærernes vurdering af egne oplevelser og udfordringer i undervisningen. Rapport om en undersøgelse. Tilgængelig på http://dansk-1-2-3.hi.is/wp-content/uploads/2014/12/Rapport-Dansk-1-2-3-NPLA-2013-10040-copy-1-1.pdf

Debess, Solveig. 2014. Forelæsning på Nám, Thorshavn. [Seminar: Dansk som 1., 2. eller 3. sprog. August 2014.]

Deci, Edward, og Richard M. Ryan. 1985. What is the Self in Self-Directed Learning? Findings from Recent Motivational Research. Geral A. Straka (red.): *Conceptions of Self-directed Learning*, 75–92. Waxmann Verlag GmbH, Münster.

Delsing, Lars-Olof, og Katarina Lundin Åkesson. 2005. *Håller språket ihop i Norden? En forskningsrapport om ungdomars förståelse av danska, svenska och norska.* Tilgængelig på www.norden.org/publikationer [28. juni 2017]

Guðrún Tinna Ólafsdóttir. 2010. *Kan du lide dansk? En undersøgelse af unge islændinges holdning til danskfaget i folkeskolen.* BA-opgave. Islands Universitet, Reykjavík. Tilgængelig på http://hdl.handle.net/1946/5059

Guilloteaux, Marie J., og Zoltán Dörnyei. 2008. Motivating Language Learners: A Classroom-Oriented Investigation of the Effects of Motivational Strategies on Student Motivation. *Tesol Quarterly* 42(1):55–77.

Inatsisartutlov nr. 15 af 3. december 2012 om folkeskolen. Kapitel 4, §9. Grønlands Selvstyre, 3. december 2012. Kuupik Kleist. file:///C:/Users/thorhild/ Downloads/Inatsisartutlov% 20nr%2015%20af%203%20december%202012%20om%20folkeskolen.pdf

Námsætlan fyri danskt 3–10. 2017. Tilgængelig på http://www.namsaetlanir.net/ danskt [28. juni 2017]

Norton, Bonny. 2000. *Identity and Language Learning: Gender, Ethnicity and Educational Change*. Longman/Pearson Education, Harlow.

Poulsen, Olly Óladóttir. 2015. *Dansk som fremmedsprog i Færøerne*. MA-speciale, Aarhus Universitet. Upubliceret.

Tuomi-Gröhn, Terttu, og Yrjö Engeström. 2003. Conceptualizing Transfer: From Standard Notions to Developmental Perspectives. Terttu Tuomi-Gröhn og Yrjö Engeström (red.): *Between School and Work: New Perspectives on Transfer and Boundary-crossing*, 19–38. Pergamon, Amsterdam.

SUMMARY

'How do students and teachers express their attitude towards Scandinavian languages in the West Nordic classroom?'

Keywords: Danish, motivation, self-assessment, attitude, transfer, language awareness, challenge, foreign/secondary language acquisition, linguistic competence

The main purpose of this article is to report on research of Danish teaching in the West Nordic area, the Faroe Islands, Greenland and Iceland. The emphasis is on the students and teachers and their language environment during the last year of compulsory education. There is a considerable difference in the amount of weekly hours and years which students spend learning Danish; Greenland has the most weekly hours and years and Iceland has the fewest. There is a substantial amount of Danish present in the everyday surroundings of Greenlandic and Faroese students and therefore the use for the language in the future is more obvious to them than to the Icelandic students. The greatest challenge the teachers in all the countries face is to get the students to express themselves orally in Danish. The attitude towards Danish is the most positive in Greenland and the most negative in Iceland. Faroese students have the most optimistic view of the future possibilities of Danish, but Icelandic students have the most pessimistic view. Self-assessments of competency in Danish produce the highest score amongst Greenlandic students, then Faroese students and finally Icelandic students. It is worthy of note that Faroese students assess their oral abilities on par with Icelandic students. Self-assessments of competency in English produce the highest score amongst Icelandic students and the lowest amongst Greenlandic students.

Brynhildur Anna Ragnarsdóttir
Reykjavíkurborg
brynhildurannar@gmail.com

Þórhildur Oddsdóttir
Háskóla Íslands
thorhild@hi.is

DAGNÝ KRISTJÁNSDÓTTIR

Melankólía eða svartagall á Norðurlöndum, einkum Íslandi og Færeyjum

Inngangur

Þann 16.–17. nóvember 2016 var haldin alþjóðleg ráðstefna í Reykjavík. Hún bar yfirskriftina *Noir in the North* (http://memory.hi.is/noir-in-the-north-2016) og þar var meðal annars spurt um skilgreiningar á hugtökunum „Nordic noir“ og „Nordic melancholy“ sem oft eru notuð samtímis þegar talað er um glæpasögur og kvikmyndir af ákveðinni tegund. Spurt var um skilgreiningu þessara hugtaka og hvort hægt sé að nota þau í víðari merkingu um aðrar bókmenntir en glæpasögur, til dæmis bókmenntir eldri tíma, æviskrif, ljóð og hreinlega allar bókmenntagreinar. Í þessari grein verður fjallað um rökkursögur í kvikmyndum, sjónvarpi og bókmenntum með dæmum af tveimur vestnorrænum höfundum, Gyrði Elíassyni og Hanusi Kamban. Báðir eru þeir smásagnahöfundar og báðir voru þeir tilnefndir til Norrænu bókmenntaverðlaunanna fyrir smásagnasöfn (2011, 2012). Þeir eiga ýmislegt fleira sameiginlegt og spurt verður hvort „norrænt þunglyndi“ einkenni verk þeirra.

Myrku kvikmyndirnar

„Film noir“, eða rökkurmyndir, er hugtak sem margir þekkja og tengist amerískum kvikmyndum frá fjórða og fimmta áratug tuttugustu aldar. Kvikmyndaframleiðendur á þeim tíma hefðu alls ekki kannast við hugtakið eða vitað hvað það þýddi. Það er nefnilega mun yngra, kom fyrst fram í franskri kvikmyndaumræðu og varð þekkt upp úr 1970 (Ballinger og Graydon 2007:viii). Hugtakinu var ætlað að ná utan um innbyrðis ólíkar bíómyndir frá þessu tímabili, myndir sem voru oft svart-hvítar og „undirlýstar“ – og því kallaðar „dökku myndirnir“ eða rökkurmyndir. Oft voru frásagnarkaflar talaðir yfir mynd, endurlit voru tíð, framvinda fremur hæg en háskakvendi og varasamir náungar léku söguhetjur grátt. Fagurfræði kvikmyndagreinarinnar einkenndist gjarna af tökum á vettvangi, skáskotum, hljóðtilraunum og hljóð-myndum sem mögnuðu tilfinninglegt og sálfræðilegt áreiti myndarinnar (Pettey 2014:11).

Mynd 1: Helstu fagurfræðileg einkenni myrku myndanna er markviss notkun ljóss og skugga (chiaroscuro).

Þessar kvikmyndir höfðu líka myrka og dularfulla drætti í efnistökum, fjölluðu um baráttu góðs og ills, byggðu á andstæðum, voru melódramatískar og erótískar. Um leið grófu þær oft undan hinum melódramatísku og siðferðilegu andstæðum því að kynjahlutverkin, sem oft eru uppstaðan í siðferðilegum átökum og erótík,

voru gerð óræð. Konurnar voru sterk, dularfull tálkvendi sem höfðu vald yfir grunlausum körlunum í krafti kynþokka sem þær notuðu til að illra verka. Film noir“ eða rökkurmyndirnar sýndu þannig óskýr félagsleg og sálfræðileg mörk á meginsviðum. Mörk milli fantasíu og veruleika, hins eðlilega og afbrigðilega, urðu líka óljós. Myndirnar virkuðu því stundum annarlegar og tvíræðar og urðu til að vekja með áhorfendum óöryggi og efasemdir eða benda á þversagnir sem voru til staðar í umhverfi þeirra. Margir heilluðust af aðferðinni en öðrum þóttu þessar myndir ruddalegar og grimmar (Schrader 1972:8).

Homer B. Pettey rekur rætur fagurfræði og hugmyndafræði stríðsáramyndanna, allar götur aftur til Parísar fyrir miðja nítjándu öld, til tveggja listamanna eða Honoré Daumier og Honoré de Balzac. Sá fyrri var skopmyndateiknari og raunsæismálari og myndskreytti meðal annars nokkur verka þess síðari. Ein frægasta mynd Daumier, *Rue Transnonain, 15 April 1834*, sýnir aðkomuna eftir að herflokkur hafði drepið alla íbúa byggingar við Rue Transnonain vegna gruns um að einhver þaðan hefði skotið að foringja í hernum í götuóeirðum. Tvær skálínur skera myndina og skipta í tvö skuggasvæði til hliðanna. Í því efra sést neðri hluti kvenlíkama, í því neðra sést höfuð af gömlum manni. Ljósið frá dyrunum fellur á miðsvæði myndarinnar. Þar er ljósinu varpað á miðaldra mann sem hefur verið drepinn sofandi, runnið úr rúminu yfir ungbarn sem hefur legið í örmum hans og dregið sængurfötin með sér í fallinu. Charles Baudelaire kallaði myndina „grófan og hryllilegan veruleika“. Við gætum kallað hana rökkurmynd (Pettey 2014:3).

Miskunnarlaust róttækt raunsæi Balzac og meðferð Daumier á ljósi og skuggum hafði bein áhrif á fagurfræðilega mótun eins af frumkvöðlum myrku myndanna í Hollywood stríðs- og kaldastríðsáranna, Edward Dmytryk. Dmytryk segist hafa sýnt myndatökumanni sínum myndir Daumier og sagt að hann vildi fá svona áhrif; mjög djúpa skugga og mjög heita lýsingu – þannig byrjaði það (Pettey 2014:1–2).

Mynd 2: Daumier kom á vettvang fjöldamorðanna, fór heim og málaði myndina Rue Transnonain, 15 April 1834 *sem fór yfir Frakkland eins og logi yfir akur í alls kyns endurgerðum og hafði mikil pólitísk áhrif.*

Rökkurmyndirnar amerísku eru ólíkar innbyrðis og flokkunarhugtakið sjálft umdeilt. Pettey segir:

> Þegar talað er um „film noir“ sem grein, upphefjast strax deilur um hvort hún sé grein, stíll, hreyfing, svar við tíðaranda, frásagnaraðferð, félags-sálfræðileg

> viðbrögð við nútímanum eða allt þessara grundvallareiginleika. Vandamálið er þá ekki „film noir“ heldur greinar-hugtakið. Eðlislíkindi, staðfræði, flokkunarfræði – allt beinist þetta að því að troða listinni kerfisbundið inn í formdeildir sem eru iðulega alltof þröngar. Nálgun Dmytryk dregur í efa mjög margar af tilraununum til að skilgreina „film noir“ (Pettey 2014:9, þýðing DK).

Notkun hugtaksins „noir“ verður síst nákvæmari ef það er ekki aðeins látið ná yfir kvikmyndir heldur yfir sumar eða jafnvel allar bókmenntagreinarnar á hinum innbyrðis ólíku Norðurlöndum. Maður spyr sig hvort það sé frjótt? Eru einhver staðfræðileg eða landfræðileg einkenni, einhver afstaða til nútímans eða tíðarandans sem afmarkar listræna tjáningu norðursins og hver eru þá þau einkenni og hvernig? Er „norræn þjóðarsál“ til eða ákveðið geðslag sem hægt er að kalla „nordic melancholia“ eða „nordic noir“? Eða á að ganga út frá því eins og gert var á ráðstefnuni *Noir in the North* að gömlu, rökkurmyndirnar hefðu eignast afkomendur, yngri kynslóðir, sem ögruðu hinum sígildu einkennum og útfærðu þau á nýjan hátt. Og er annað mögulegt þegar minnst hálfrar aldar gömul, amerísk rökkurmyndahefð er staðsett í nýjum heimsálfum og löndum, nýjum menningarheimum og nýjum átökum milli kynja og stétta?

Norrænar sjónvarpsseríur

Síðustu tvo áratugina eða svo hafa norrænar sakamálasögur eftir fræga skandinavíska höfunda og norrænar sjónvarpsseríur farið sigurför um heiminn, ýmist í frumgerð sinni eða á margfalt öflugri hátt í kvikmyndaaðlögunum. Nægir að nefna sænsku Wallander-myndirnar eftir skáldsögum Henning Mankell eða sænska „aldamótaþríleikinn“ *Män som hatar kvinnor* (2005), *Flickan som lekte med elden* (2006) og *Luftslottet som sprängdes* (2007) eftir skáldsögum Stieg Larsson. Danska serían *Forbrydelsen* og dansk/sænsku serían *Broen* voru hins vegar skrifaðar sérstaklega sem seríur. Einnig íslensku myndirnar með *Ófærð* (2015) fremsta í flokki. Allar eru þessar seríur dökkar og drungalegar. Þær hafa verið kallaðar „Nýbylgju-rökkurmyndir“ (e. *Neo-noir*) með vísun til stíls fremur en tímabils (Haastrup 1999:108–124).

Aðalpersónurnar endurspegla norræn nútímasamfélög; félagslegt tengslaleysi, þunglyndi, sjálfsmyndarkreppur og vesen – oft vegna erfiðra bernskuminninga og óstyrkrar sjálfsmyndar. Kafað er djúpt ofan í sálarlíf óvenjulegra aðalpersóna sem eru á einhverfurófi eins og Saga í *Brúnni*, einmana and-hetjur eins og Sara Lund í *Forbrydelsen*, drykkfelldar eins og Wallander í myndum byggðum á sögum eftir Henning Mankell, yfirgefnar af maka og börnum eins og Andri í *Ófærð* eða með öðrum orðum gjörsamlega óhæfar um venjulegt fjölskyldulíf. Þessar and-hetjur fá drætti af tragískum hetjum nýrómantíkurinnar í því að sérstaða þeirra og náðargáfur skilja þær frá venjulegu fólki, þeir þurfa fyrst og fremst að berjast við innri ótta og trámu, persóna þeirra og saga er harmræn og endar gjarnan illa (Waade og Jensen 2013:191–192).

Annað einkenni þessara sería er að þær eru skýrt staðsettar landfræðilega. Þær gerast í bænum Ystad á Skáni, Kaupmannahöfn, Gotlandi, Eyrarsundsbrúnni, Grænlandi eða Seyðisfirði (með ívafi af Siglufirði). Norðrið er utan um og yfir og allt um kring með kulda, myrkri, snjó og einangrun. Það er niðurstaða Waade og Jensen (2013:197–198) að velgengni norrænu seríanna og endurgerða þeirra sé að þakka mjög faglegu og alþjóðlegu starfi framleiðsludeildar Danmarks Radio sem hafi, með útgangspunkt í dogma kvikmyndatækninni, búið til stig af stigi það rökkuryfirbragð sem nú sé kallað „Nordic noir“ í kvikmyndunum. Það er áreiðanlega sitthvað til í þessu en málið er flóknara og ekki minna áhugavert að spyrja eftir hverju heimsbyggðin sé að sækjast í þessum myndum og hvernig hún skilur þær.

„Eiginlega kann ég tungumálið“

Sakamálasagan er afskaplega sveigjanleg og aðlögunarfær bókmenntagrein og klassískir krimmahöfundar á Norðurlöndum á sjöunda og áttunda áratugnum voru duglegir að taka upp alþjóðlegar fyrirmyndir en sýna jafnframt staðbundinn veruleika og hefðir. Yngri höfundar hafa tekið við því kefli. Þónokkrir þeirra hafa verið þýddir og bækur þeirra seljast í milljónum eintaka í Evrópu og Ameríku. Samt bendir Stougaard-Nielsen á það í greininni Nordic noir in the UK að þessi „alþjóðlega glæpabylgja“ í skáldsögunum sé ekki nema brot af engilsaxneska markaðnum, þýddar skáldsögur séu aðeins 4% af öllum útgefnum bókum í Englandi (Stougaard-Nielsen 2016:2). Að hans sögn skilja Englendingar yfirleitt ekki á milli norrænu landanna og gera ekki mun á þeim eða eins og tímaritið *Vanity Fair* skrifaði:

> Skandinavía er […] samsafn af löndum sem við þekkjum ekki sundur, fánar þeirra eru í mismunandi litum en sama mynstri. Þeir eru með víxlanlegar Legó-konungsfjölskyldur, og öll nöfn enda á „-son“. Skandinavía hefur lengi verið fyrirmynd sómakærra og þróaðra samfélaga […] í öllum mælingum á öfundsverðri sjálfumgleði, kemur Skandinavía best út (Stougaard-Nielsen 2016:5, þýðing DK).

Að undangenginni ítarlegri greiningu á því hvers vegna Englendingar elska norrænar sjónvarpsseríur er það niðurstaða Stougaard-Nielsens að sá áhorfenda-hópur sem slokar þessa þætti í sig sé millistéttafólk sem finnst því ógnað af eirðarleysi, upplausn, spennu og vantrú á gömlum gildum, að ekki sé minnst á vaxandi þrýsting alþjóðahyggju, innflytjenda og fjölbreytileika. Í þeirra augum verði stöðugleiki og heiðarleiki hinna tegundarhreinu hvítu Skandinava eins konar flóttaleið, framandi en þó svo heimilisleg, gamaldags og krúttuð. Þannig er hægt að skilja sjónvarpsseríurnar sem um ræðir ef hin þjóðfélagslega gagnrýni og spenna sem sjá má í þeim er misskilin eða túlkuð sem staðfesting á jarðtengdu þjóðarstolti og aðdáunarverðum eiginleikum. Og þegar hlustað er á útlendu leikarana klukkutímum saman og lesnir skjátextarnir á meðan virkar tungumálið meira að segja skiljanlegt og Stougaard-Nielsen vitnar í viðtal við sjónvarpsáhorfenda sem aldrei hefur lært dönsku en horft á allar seríurnar með textum og segir: „Eiginlega kann ég tungumálið“. Hið framandlega verður þannig aðgengilegt og heimilislegt.

Þó að hið þekkjanlega sé það sem fær lesanda glæpasagna og áhorfanda glæpaþátta til að samþykkja söguþráð og persónusköpun er það hið staðbundna og sérstaka við landslagið og menninguna þrátt fyrir allt það sem vekur áhuga og virkjar breska áhorfandann. Það verður að vera eitthvað „öðruvísi“ og því staðbundnari sem frásögnin er, því líklegra er að hún verði alþjóðlega samþykkt. Slavoj Zizeck segir að til að freistandi sé að þýða glæpasögu verði hún að vera óþýðanleg að einhverju leyti, öðruvísi og exótísk – en þó ekki um of. (Stougaard-Nielsen 2016:5). Við þetta má bæta að tónlistin við hinar norrænu rökkurmyndir skilur sig verulega frá hefðum og venjum alþjóðlegu rökkurmyndanna; tónlistin undirstrikar þunglynda stemningu, nostalgíu, ófullnægðar þrár og sára sorg. Tónlistin er innhverf og það birtist til dæmis í hinum þunglyndislegu inngangsstefjum margra seríanna sem nefndar hafa verið hér að framan. Textarnir við tónlistina eru ljóðrænir og tregafullir (Hansen og Waade 2017:178–183).

Norrænu sjónvarpsseríunar sem hér hefur verið talað um hafa náð út til milljóna áhorfenda. Þeir sjá út úr þeim sérstaka, norræna tjáningu sem einkennist af þunglyndi og sterkum andstæðum. Spurningin er hvort við Norðurlandabúar getum verið sammála þessu?

Hið sérstaka – Gyrðir

Þó Englendingar sjái ekki mun á Norðurlöndunum sjáum við sem þar búum fátt annað. Því kann það að vera áhugavert að athuga hvort hugmyndin um norrænar rökkursögur og norrænt þunglyndi sé nothæft tæki til að tala um eitthvað sameiginlegt í bókmenntum, kvikmyndum og listum á Norðurlöndum? Eru einhver staðfræðileg, landfræðileg eða félags-sálfræðileg einkenni sem afmarka og einkenna listræna tjáningu okkar Norðurlandabúanna – handan við markaðssetningu og sölubása og væntingar erlendra kaupenda til vörunnar?

Við skulum þrengja hringinn og skoða verk tveggja vestnorrænna rithöfunda sem hafa verið tilnefndir til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs fyrir smásagnasöfn sín. Þetta eru Íslendingurinn Gyrðir Elíasson fyrir bókina *Milli trjánna* (2009, á dönsku *Mellem træerne* 2011) og Færeyingurinn Hanus Kamban fyrir bókina *Gullgentan* (2010, á dönsku *Guldpigen* 2012).



Mynd 3: Áttunda smásagnasafn Gyrðis Elíassonar, Milli trjánna, *hlaut einróma lof gagnrýnenda og hefur verið þýtt á sex tungumál*

Í viðtali við vefritið *Kulturkontakt Nord* í kjölfar bókmenntaverðlaunanna var Gyrðir spurður að því hvort norrænar bókmenntir og hið norræna hefði skipt máli fyrir hann sem rithöfund. Hann nefndi marga norræna höfunda sem hann stæði í þakkarskuld við, höfunda bernskunnar eins og Astrid Lindgren og höfunda fullorðinsáranna eins og William Heinesen, Knut Hamsum, Tarjei Vesaas og fleiri. En hann nefndi líka japanska, ameríska og austurevrópska höfunda. Hann sagði að áhrifin kæmu til rithöfunda úr öllum áttum. Myndlist skipti sig miklu máli, enda hluti af uppvexti sínum. Draumar sömuleiðis, eins og afi hans og amma hefðu kennt, löngu fyrir Freud. Einn eftirlætishöfundur sinn hafi verið mexíkóska skáldið Juan Rulfo sem skrifaði magnaðar fantasíur, en nýlega hafi hann lesið í viðtali við Rulfo að Íslendingasögurnar væru áhrifavaldur á verk hans og þá værum við komin hringinn (Viðtal við Gyrði Elíasson 2011)!

Smásagnasafnið *Milli trjánna* rúmar 47 stutta texta sem einkennast mest af því ósagða. Margir þeirra hefjast í sólríku, hverdagslegu umhverfi en óhugnaður og dimmir undirtónar heyrast – eitthvað illt er yfirvofandi. Fyrsta saga bókarinnar heitir „Infernó“ og gerist í IKEA. Sögumaðurinn er með konu sinni að leita að stól sem þau þarfnast ekki að hans mati. Fylgdarmaður/afgreiðslumaður sýnir sig en lætur sig hverfa og hjónin neyðast til að ganga hring eftir hring eftir örvum í gólfinu þar til þau koma inn i kaffiteríuna þar sem Ágúst Strindberg situr, rauðhærður, svartklæddur og fúll.



Mynd 4: Strindberg spilar hér borðspil við Siri von Essen árið 1887 og drekkur absinth úr glasi með skeið í því hinn görótti drykkur var sykraður og vatnsblandaður.

Saga Gyrðis er mjög fyndin en hún er líka full af bókmenntalegum vísunum. Í IKEA-húsinu er forgarður/forsalur og leið sögumanns fylgjandi örvum eftir hringlaga stígum minnir á hina níu hringi Infernós Dantes. Allir sem farið hafa í IKEA vita að neytandinn á eftir að fara aðra hringferð í Purgatorio uns hann kemur örmagna að kössunum, borgar, skrúfar saman vöruna og sest að í sínu sænska neysluhimnaríki, Paradiso. En Strindberg kemst aldrei lengra en í það helvíti sem hann óttaðist svo mjög – í mötuneytið.

Eins og sjá má er smásagan full af textatengslum og svo er og um mjög margar sögur bókarinnar *Milli trjánna*. Gyrðir segist aldrei skipuleggja sögur sínar fyrirfram heldur spinni hann þær eins og jazzleikari, hefji söguna á mynd eða textabroti eða tónlist/stemningu og leyfi henni síðan að fléttast áfram á sinni innri rökvísi (Viðtal við Gyrði Elíasson 2011). Til þess að geta þetta þarf höfundur að vera í traustu sambandi við eigin dulvitund og geta unnið úr þeim kjarnlægu tilfinningum sem hún geymir. Stundum fljóta saman draumur og veruleiki, sögumaður vaknar og sofnar á víxl í sögu sem rofnar ekki.

Léttleiki Gyrðis Elíassonar er óbærilegur eins og hjá Milan Kundera – allt virðist geta snúist í andstæðu sína fyrirvaralaust og það skapar andrúmsloft annarleika og upplausnar. Danski gagnrýnandinn Jørgen Johansen hjá *Berlinske Tidende* kallar aðferð Gyrðis „töfra-naumhyggju“ eða „magisk minimalisme“ (Johansen 2011) og nokkuð er til í því. Verði umbreyting er hún oftast til ills. Þess vegna beinist orka textans oft að því að halda óbreyttu ástandi, þegja, spyrja ekki um ástæður.

Mjög margir textar *Milli trjánna* fjalla um ferðir eða ferðalög en ferðalangurinn ber með sér fortíð sína – hinn svarti hundur þunglyndisins fylgir sögumanninum. Sagan „Kyrrt vatn“ fjallar um bílstjóra sem keyrir á vöruflutningabíl norður í land, eitthvað er laust í gáminum en hann er að flýta sér, það dimmir og skiptast á snjóskaflar og og svartir klettar, ljós og skuggar. Þegar bílstjórinn sér farþegabíl

hinum megin við einbreiða brú ætlar hann að bremsa, missir stjórn á bílnum og keyrir útaf brúnni ofan í ísilagðan hyl. Farþegar í bílnum á móti hlaupa út á brúna og horfast í augu við hann sökkvandi í bílnum – myndin er svart-hvít, þetta er svo sannarlega rökkurmynd!

Ótti og uggur eru meginþema í verkum Gyrðis samkvæmt Mörtu Bartošková sem segir: Vanmáttarkennd og gremja nútímamannsins, angistin og óöryggið sem stafa af því að geta ekki stjórnað eigin lífi birtast hér ekki bara sem endurunnin stef módernískra listaverka, heldur líka í hrollvekju sem er afar áberandi í mörgum smásögunum. Myndmálið er nýstárlegt og mjög íslenskt (Bartošková 2012:123).

Í áðurnefndu viðtali segir Gyrðir að honum sé það lífsnauðsyn að komast burt úr borginni öðru hvoru og út í náttúruna, upp á fjöll, niður í fjöru, yfir heiðar. Íslensk náttúra leikur þar af leiðandi gríðarstórt hlutverk í öllum textum hans. Hann er enginn óvinur borgarinnar en segir að hann voni að menn gleymi því aldrei að undir malbikinu sé moldin og þaðan komi frjómagn alls sem vex og umbreytist.

Hið sérstaka – Hanus

Í sams konar viðtali við færeyska smásagnahöfundinn Hanus Kamban vegna tilnefningar til Norrænu bókmenntaverðlaunanna kemur fram að norrænar bókmenntir hafi skipt hann miklu máli alla tíð (Viðtal við Hanus Kamban 2012). Hann nefnir Hermann Bang, Johannes V Jensen, Hjalmar Søderberg, Sigurd Hoel og Halldór Laxness. Hann nefnir líka mikilvægi þjóðvísna, sagnadansa og þjóðkvæða. En eins og Gyrðir undirstrikar hann að engilsaxneskir höfundar hafi skipt sköpum sem innblástur í höfundarverki sínu: Bradbury, J.C. Ballard, Lovecraft og hann nefnir líka Thomas Mann og Kafka. Sá sem lesið hefur sögur hans gæti bætt við nokkuð mörgum öðrum höfundum sem hann vísar til í textatengslum. Hann segir líka að hann hafi byrjað að skrifa raunsæilega en færst æ meira yfir á hlið fantasía og vísindasagna (Viðtal við Hanus Kamban 2012).

Danskir gagnrýnendur hafa látið textatengsl í verkum Hanusar fara í taugarnar á sér og talað um að bókmenntatextar megi ekki verða að krossgátum – sem er merkileg gagnrýni á okkar póststrúktúralísku tímum (Wivel 2012).



Mynd 5: Gullgentan *er fimmta smásagnasafn Hanusar, en eins og Gyrðir er hann vandaður þýðandi og fjölhæfur höfundur ritgerða auk ævisagna.*

Hanus Kamban segir að smásagnasafnið *Gullgentan* hafi verið skrifað í Freiburg, sagnasafnið er alþjóðlegt, mögulega gerist fyrsta sagan í Færeyjum. Viðfangsefni bókarinnar er að skoða „sprungurnar í yfirborði nútímasamfélagins“ eins og Kamban orðar það, skoða fólk og samskipti þess eins og það reynist ef

skyggnst er undir yfirborðið. Það leiðir hugann að djúpum sálarlífinu og ekki þarf lesandi að vera vel lesinn í sálgreiningu Freuds til að sjá það.

Í smásögunni „Den rene by“ erum við komin inn í fjarlæga framtíð, í borgríkið *Den rene by* sem er skipt í þrjú svæði, tandurhreini og ilmandi bæjarhluti eitt, hreini bæjarhluti númer tvö og óhreini bæjarhlutinn númer þrjú. Aðalpersónan Lopez býr í fyrsta bæjarhlutanum þó að hann verðskuldi það ekki því að hann er illa klæddur, særður, það er ólykt af honum og hann er hræddur við hreinlætislögguna. Alls staðar eru stór skilti sem sýna fegurðardís í froðubaði og þrátt fyrir fegurðina er ljóst að hún er á verði, þefandi eins og gazella segir í sögunni. Undir mynd hennar stendur *Den rene lukter dig!* Þetta minnir lesanda náttúrlega á hina klassísku dystópíu George Orwell *1984*. Eins og hjá Orwell er Hreini bærinn alræðisríki og þeir sem valdið hafa stjórna sálum þegnanna gegnum líkama þeirra.

Í *Gullgentan* eru tvær vísindasögur auk ‘Hreina bæjarins’, þrjú ævintýri og fjórar fantasíur á mörkum hrollvekja. Fyrsta saga bókarinnar heitir „Saxifraga nivalis“. *Saxifraga nivalis* heitir *snæsteinbrjótur* á íslensku en þessi harðgerða planta vex á öllu norðurhveli jarðar. Aðalpersóna sögunnar, Edward, er unglingspiltur sem er í sumarvist hjá Maltusi frænda sínum í elskulegu þorpi. Drengurinn fær sína manndómsvígslu í hvílu sjómannskonunnar fögru, Yvonne, og allir eru góðir og glaðir en það er Skuggi í þorpinu. Gömul kona, Díana, á sérkennilegt gæludýr – það er alhvítur lundi, albínói, sem hefur verið tekinn ungi og gamla konan hefur gert þennan „ónáttúrulega“ fugl að gæludýri sínu. Meðan gamla konan fer á pósthúsið og drengurinn er í sæng Yvonne laumast Skugginn í hús Díönu, tekur lundann, fer með hann upp á Efra bjarg, reytir hann lifandi, allt nema vængina og sleppir honum svo. En í stað þess að stíga til himins flögrar hinn hvíti fugl „nakinn“ og ráðvilltur um, missir flugið og hverfur í hafið. Sumrinu er lokið.

Hvað vakir fyrir þeim sem kvelur fuglinn svo hroðalega – er hann að reyna að umbreyta hinum sérkennilega fugli í engil? Ætlast hann til að fuglinn stígi upp eins og fuglinn Fönix sem tákn endurfæðingar og nýs lífs? Er albínóinn í sérstöðu sinni tákn hins afbrigðilega sem bærinn skal hreinsast af? Hvers skuggi er Skugginn? Er hann hin hliðin á Maltusi sem virðist vaka allar nætur og neitar að ræða fyrirbærið Skuggann við drenginn? Eitt er víst og það er að þessi saga, með öllum sínum gátum og undirtextum. er mjög vel skrifuð og miðlar til lesanda verulegri óvissu, um hvað sé veruleiki og hvað draumur en það einkennir bestu texta Hanusar Kamban.

Sú saga í *Gullgentan* sem er kannski óhugnanlegust af þeim öllum er sagan af gullstúlkunni og hefðarfrúnni Evelyn. Í upphafi sögunnar yfirgefur hún stórt hús sitt og gengur niður í bæ eins og hún er vön, á krá þar sem hún svífur inn í svartri kápu með dökka blæju fyrir andlitinu. Hún er fagursköpuð og fáguð. Stuttu seinna fáum við að sjá framan í hana á snyrtingunni:

> Andlitið sem horfir á hana í speglinum þegar hún lyftir blæjunni er hvorki grannleitt né fíngert heldur þrútið, formlaust, glansandi og eldrautt án afmarkandi drátta eins og stórt, blæðandi kjötstykki. Víst voru munnur, nef og augu mitt í andlitinu, ögn fölari, en þessi blóðhlaupnu, sködduðu meginlönd tróðu sér laus við alla fagurfræði inn í áttina að svæðum lyktar, bragðs og sjónar, þar koma Asía, þar Norður-Ameríka, þarna Afríka, útflött, formlaust safn af eldrauðum, þrútnum örum (Hanus Kamban 2012:55–56, þýðing DK).

Margur með svona útlit hefði nú þegið að drekkja sorgum sínum og það gerir Miss Evelyn. Hún drekkur þrjú stór glös af Guinnes bjór og þrjá sjússa af Glenlivet – eftir hvern áfengisskammt fer hún á snyrtinguna og útlitið hefur ummyndast í hvert sinn og eftir þriðja ölglasið og tvöfaldan whiský horfir fagurmótað andlit á hana úr

speglinum, með stórum gráum augum og löngum dökkum augnhárum, sjálfstraustið geislar af henni „eins og konu sem kennir við Háskólann, í heimspeki kannski eða táknfræði“, og allt hennar yfirbragð geislar, er gullið, aðlaðandi og heillandi“ (Hanus Kamban 2012:59).



Mynd 6: Mynd Herborg Silja Ström af Evelyn úr bókinni Gullgentan.

Miss Evelyn fer á veiðar og fer heim til sín með unga doktorinn, byrlar honum svefnlyf og þá kynnumst við leyndarmálinu sem hún geymir í kjallara hússins en þar eru búr eða klefar þar sem hún hefur minnst sex illa haldna karlmenn lokaða inni. Yfir klefadyrum þeirra eru nöfn þeirra: Edmond Dantés, Robinson, Kaspar Hauser og nýi maðurinn í safni Evelyn fær nafnið Quasimodo. Morguninn eftir er andlit hennar aftur andlit ófreskjunnar.

Þessi smásaga er ógeðsleg og torskilin – augljóslega er þó Evelyn að búa til sitt eigið bókmenntaverk í kjallara sínum þar sem allar persónurnar lúta hennar vilja og snúast um það sem hún úthlutar þeim. Að fangar hennar eru frægir bókmenntafræðingar sem hún gefur nafn enn frægari bókmenntapersóna gefur henni samtímis vald yfir túlkun og sköpun textans og má það teljast að slá tvær flugur í einu höggi. Eða er Miss Evelyn kannski táknmynd engilsaxneskrar heimsvaldastefnu með menninguna á efri hæðum hússins en glæpina í kjallaranum? Óhugnaðurinn og hinir gotnesku drættir sögunnar styrkja enn frekar tilfinningu lesandans að þetta smásagnasafn sé völundarhús sem hann megi þakka fyrir að komast út úr.

Eyjamenn

Hanus Kamban og Gyrðir Elíasson eru bæði líkir og ólíkir höfundar. Báðir skrifa þeir á mörkum draums og veruleika, hamskipti og furður eru daglegt brauð í sögum þeirra. Hjá báðum er furðan hluti af hversdeginum, hið óraunverulega er í því raunverulega. Hjá báðum er óhugnaðurinn aldrei langt undan ef þú gægist ofan í sprungurnar á hinu slétta yfirborði sem reynt er að sýna okkur.

Textar Gyrðis einkennast af naumhyggju og melankólíu og þrátt fyrir húmorinn, sem einkennir margar sögurnar í *Milli trjánna*, er grunntónninn tregablandinn og grunnstemningin er sorg þó hrollurinn sé áleitinn líka. Textar Hanusar eru íburðarmeiri og honum er meira niðri fyrir en Gyrði og grunntónninn er ómstríður og grunnstemningin er sekt eða reiði. Það er skorin upp herör gegn grimmd og stríðsrekstri eins og í sögunni ‘Hin reiða skrift’.

Sýna þessir textar Gyrðis og Hanusar eitthvað sem kalla mætti norræna melankólíu? Eru einhver staðfræðileg eða landfræðileg einkenni sem afmarka

listræna tjáningu þeirra? Hvorugur þeirra er beinlínis að fjalla um hinn pólitíska veruleika færeyska og íslenska samfélagsins eftir áratugi nýfrjálshyggju, neysluhyggju, einstaklingshyggju og upplausnar lýðræðis og samfélagsgilda. Báðir fjalla þó um vöruvæðingu og neysluhyggju sem leiðir af sér vaxandi einangrun, einmanaleika og sorg eða reiði fólks sem er dofið og skortir samlíðan með öðrum.

Í upphafi þessarar greinar var talað um hve óstöðugar skilgreiningar liggja til grundvallar hugtakinu „Nordic noir“ sem hefur hér á víxl verið þýtt með norrænt þunglyndi eða rökkurmyndir/rökkurbókmenntir. Skoðum fyrst „hið norræna“ og svo „hið myrka og þunglynda“. „Hið norræna“ tengist að sjálfsögðu tungumáli og menningu en líka náttúru norrænu landanna sem öðrum löndum kann að finnast köld, gróðurlaus og þunglyndisleg. Hin norræna náttúra einkennir skáldskap Gyrðis sem stendur fastari fótum í íslenskri menningu og melankólíu en skáldskapur Hanusar Kambans í þeirri færeysku, a.m.k. á yfirborðinu. Meiri hluti smásagna Hanusar Kamban gerist erlendis, bæði í *Gullgentan* og smásagnasafninu *Pílagrímar* (2001, á dönsku *Pilgrimme* 2003) og honum er í mun að tengja Færeyjar við evrópska borgarmenningu. Besta saga smásagnasafnsins *Pílagrímar*, „Tann hvíti maðurinn“, gerist þó í Færeyjum. Náttúra eyjanna fyrir opnu hafi og magnaður hliðarveruleiki þjóðsagna með yfirskilvitlegum fyrirbærum í hefndarhug leika þar stórt hlutverk.

Sögur beggja höfundanna gerast meira í djúpum sálarinnar, því ósagða en í flóknum söguþráðum, en það er líka einkenni smásagnaformsins. Báðir fjalla þeir um bælda reiði, einmanaleika og tilvistarlegan ótta. Húmor beggja er menntaður og liggur í vísunum og misræmi. Þeir eru báðir gagnrýnir á norrænt velferðar- og neyslusamfélag. Mér finnst eins og þeir eigi fleira sameiginlegt en það sem er ekki sameiginlegt, kannski tengist það þunglyndislegri „hljóðmynd“ sagnanna og stemningu – en ég er ekki viss. Niðurstaðan er því sú að hægt sé að leiða nokkurn veginn jafnsterk rök að því að báðir höfundar sýni einkenni sama norræna þunglyndisins og að þeir geri það ekki. Skilgreining eða viðmið, sem eru nógu opin og óljós til að leiða af sér svo tvíræða útkomu, eru mögulega nógu góð fyrir markaðssetningu listar en varla fyrir fræðilega umræðu.

HEIMILDIR

Ballinger, Alexander, og Danny Graydon. 2007. *The Rough Guide to Film Noir*. Penguin Books, London.

Bartošková, Martha. 2012. Undrun og uggur. Um smásagnasafnið Milli trjánna eftir Gyrði Elíasson. *Acta Universitatis Carolinae Philologica* 2012(1):119–125. 1.

Gyrðir Elíasson. 2009. *Milli trjánna*. Smásögur. Uppheimar, Akranesi.

Gyrðir Elíasson. 2011. *Mellem træerne*. Noveller. Oversat fra den islandske original *Milli trjánna* til dansk af Erik Skyum Nielsen. Torgaard forlag, Hedehusene.

Haastrup, Helle Kannik. 1999. Fanget af fortiden – igen! Hyper noir i 90’erne. *Kosmorama* 223:106–123.

Hansen, Kim Toft, og Anne Marit Waade. 2017. *Locating Nordic Noir. From Beck to the Bridge*. Springer International Publishing, Cham.

Hanus Kamban. 2001. *Pílagrímar*. Stuttsøgur. Mentunargrunnur Studentafelagsins, Kaupmannahöfn.

Hanus Kamban. 2003. *Pilgrimme*. Noveller. På dansk ved Kirsten Brix. Fiskers forlag, Frederiksberg.

Hanus Kamban. 2010. *Gullgentan*. Stuttsøgur. Mentunargrunnur Studentafelagsins, Kaupmannahöfn.
Hanus Kamban. 2012. *Guldpigen*. Noveller. Oversat fra den færøske original *Gullgentan* til dansk af Kirsten Brix. Torgaard forlag, Hedehusene.
Johansen, Jørgen. 2011. Magisk minimalisme. Kultur. *Berlingske tidende*, 23. august.
Pettey, Homer B. 2014. Introduction. The Noir Turn. Homer B. Pettey og R.Barton Palmer (ritstj.): *Film Noir*, bls. 1–15. Edinburgh University Press, Edinborg. [Vefútgáfa hjá Edinburgh Scholarship Online.]
Schrader, Paul 1972. Notes on film noir. *Film Comment* 8(1):8–13.
Stougaard-Nielsen, Jakob. 2016. Nordic noir in the UK. The Allure of Accessible Difference. *Journal of Aesthetics & Culture* 8:1–11.
Viðtal við Gyrði Elíasson 2011. Kulturkontakt Nord. Aðgengilegt á slóðinni https://player.vimeo.com/video/33520690.
Viðtal við Hanus Kamban 2012. Kulturkontakt Nord. Aðgengilegt á slóðinni: https://vimeo.com/38623328
Waade, Anne Marit, og Pia Majbritt Jensen. 2013. Nordic Noir Production Values. The Killing and The Bridge. *Akademisk kvarter/Academic quarter* 7:189–201. [Aðgengilegt á Netinu: http://www.akademiskkvarter.hum.aau.dk/pdf/vol7/13a_AWaadePMJensen_NordicNoir.pdf.]
Wivel, Henrik. 2012. Magiske forvandlinger. *Weekendavisen* 8. júní.

SUMMARY

‘Melancholy and the Nordic noir, especially in Icland and the Faroes’

Keywords: film noir, Nordic noir, melancholy, Nordic crime fiction, Nordic literature, Gyrðir Elíasson, Hanus Kamban

The concept of film noir refers originally to a group of american crime films from the forties and fifties. Film noir is characterized by its radical use of underexposure and chiaroscuro. The concept Nordic noir has lately been used to describe nordic television series, which also make use of twilight and deep shadows, slow deveopment and difficult and melancholic but genial protagonist. The concept Nordic noir has eventually been broadened to Nordic crime fiction in general or even to all new Nordic literature, read into the template of noir: melancholy, complicated personalities, notstalgy and longing. This article discusses the legitimacy of classifying modern Nordic literature as melancholic and noir and takes two West-Nordic writers as case studies, the Icelandic Gyrðir Elíasson and the Faroese Hanus Kamban. Both were nominated to the prestigious Nordic Council’s Literary Prize for collections of short stories (2011, 2012). Both write in a minimalistic style and they have very much in commmon as writers but they prove to have many differences in style and approach as well. The conclusion is that there are similarities and differences that give the reader both positive and negative arguments for considering these works as a representative of Nordic melancholy. But it is also possisble that concepts as imprecise and open as Nordic noir and Nordic melancholy might be “good enough” for marketing cultural products but hardly sufficient to form the basis of serious literary discussion.

ÚTDRÁTTUR

Hugtakið Film noir vísar upphaflega til hóps af amerískum sakamálamyndum frá 4.og 5. áratuginum sem einkenndust af rökkri og listrænni notkun ljóss og skugga. Hugtakið hefur síðan verið fært yfir á nýjar norrænar sjónvarpsseríur sem líka einkennast af myrkri áferð, hægri framvindu og erfiðum, einrænum og þunglyndum en mjög snjöllum aðalpersónum. Hugtakið Nordic noir hefur síðasta áratug eða svo farið að vísa til sakamálasagna og jafnvel allra bókmennta frá Norðurlöndum sem sagðar eru einkennast af sömu rökkurheimsmyndinni og amerísku myndirnar: þunglyndi, flóknum persónum, nostalgíu og þrá. Í greininni er spurt hvort það sé rétt að einhvers konar norræn melankólía einkenni norrænar bókmenntir samtímans og greini þær frá öðrum og dæmi eru tekin af tveimur vest-norrænum höfundum sem virðast í fljótu bragði falla vel undir þessa skilgreiningu, þ.e. Íslendingnum Gyrði Elíassyni og Færeyingnum Hanus Kamban. Báðir voru tilnefndir til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs fyrir smásagnasöfn. Stíll beggja einkennist af naumhyggju og þeir eiga mjög margt sameiginlegt en þegar sögur þeirra eru bornar saman kemur líka fram töluverður munur í stíl og efnistökum. Niðurstaðan er að það sem er líkt og ólíkt með verkunum gefur lesanda jafn góð rök til að svara spurningunni um norrænt þunglyndi á jákvæðan og neikvæðan hátt. Skilgreining eða viðmið sem eru nógu opin og óljós til að leiða af sér svo tvíræða útkomu eru mögulega nógu góð fyrir markaðssetningu listar en varla fyrir fræðilega umræðu.

Dagný Kristjánsdóttir
Háskóla Íslands
dagny@hi.is

SIGRI M. GAÏNI

Tur/Retur DK

Introduksjon

Det finnes neppe en familie på Færøyene som ikke har familiemedlemmer boende i Danmark. Færinger lever i og for seg over hele jorden, og man antar, at teller man alle færinger i verden tilsammen, er de omkring 100.000 i alt. På Færøyene bor det over 50.000 mennesker i øyeblikket, hvilket er høyeste antall målt noensinne. De fleste færinger som reiser til Danmark nå til dags, reiser i studieærender. Det finnes utdanningsmuligheter på Færøyene, men de er av begrenset omfang – og mange av de unge som reiser, ser det som en selvfølge å dra bort i noen år. Man kan vel kalle det for en slags moderne dannelsesreise.

Det finnes selvsagt andre grunner til å reise til Danmark enn for å studere. Noen reiser for å søke jobb, andre fordi de er lei av å leve i et småskalasamfunn med utbredt sosial kontroll og ikke-eksisterende muligheter for å være anonym. Atter andre er „tvunget" til Danmark av sosioøkonomiske årsaker, bl.a. fordi det er vanskelig å finne billige (leie-) boliger på Færøyene. Det finnes, som følge av dette, mange færøyske barn som opplever å flytte mellom de to landene, og man kan anta at det i hver eneste skoleklasse i hovedstaden, Tórshavn, går barn som har bodd i Danmark i deler av sine liv.

Da det er så mange barn som opplever dette å flytte hjem etter en rekke barndomsår i Danmark, må det tenkes å være verdt å dykke dypere i, hvordan de opplever denne situasjonen.

Det er gjort undersøkelser om livene til færinger, som er bosatt i Danmark, der man har sett på grunnene til at de velger å flytte til Danmark. Disse undersøkelsene omhandler dog de 20–45 år gamle (Norðuratlantsbólkurin 2011). Det er således ikke gransket i færøyske barns opplevelse av å vokse opp i Danmark, for siden å flytte hjem. Det interessante spørsmålet i denne henseende er:

> Hvordan påvirker det barna og deres identitet å flytte hjem til Færøyene etter en årrekke i Danmark?

Jeg har i forbindelse med å forsøke å finne ut av dette, på grunnlag av antropologisk metode og teori, utført 3 kvalitative, semistrukturerte interview med 3 informanter, som alle bor i Tórshavn. Analysen bygger i hovedtrekk på antropologen og sosiologen Pierre Bourdieus velkjente begreper „kapital" og „habitus" (se f.eks. Bourdieu 1995, Jensen 2006–2007), samt sosiologen Zygmunt Baumans ditto „turisten" og „vagabonden". I tillegg til dette blir det dratt paraleller til antropologen Karen Olwigs årelange forskning om lignende omstendigheter i karibiske familier.

Undersøkelsen ble iverksatt som en slags pilotprosjekt for et evt. senere forskningsarbeid, som naturligvis vil kreve flere informanter, samt flere, evt. gjentagende interview over en lengere periode.

Informantene

Informantene består av Durita, som er 11 år og som bodde i Danmark fra hun var 4–8 år gammel, Maria, som er 12 år og som bodde i Danmark fra hun var 3–11 år

gammel samt Heidi, som er 32 år og som bodde i Danmark fra hun var 4–15 år gammel.[1]

En av jentene, Durita, flyttet med sin mor og far, fordi faren skulle ta en utdanning i Danmark. De bodde i en forstad utenfor København, hvor moren fikk jobb på et sykehus og faren gikk i gang med studiene sine. Han ble dog ikke ferdig med dem, fordi han ble alvorlig syk og familien valgte å reise hjem igjen, etter at han var ferdigbehandlet.

Maria reiste til Danmark med moren sin og flere søsken. Hun forteller at de reiste, fordi foreldrene gikk fra hverandre. Det har sannsynligvis vært for dyrt for moren å skulle leve på Færøyene som alenemor med flere barn, uten noen formell utdanning. Moren valgte å flytte hjem igjen til Færøyene med barna, da hun etter en årrekke som rengjøringshjelp ble arbeidsløs i Danmark.

Heidi reiste til Danmark med foreldrene sine av flere årsaker. Begge foreldrene hadde utdanning fra Færøyene, men faren ville videreutdanne seg, og det var praktisk for moren å være nærmere Rikshospitalet i København, ettersom hun gikk igjennom et lengerevarende sykdomsforløp. De ble i Danmark i 11 år, og da de reiste hjem, var moren ferdigbehandlet og faren hadde tatt sin høyere utdanning. Moren hadde dessuten bygget videre på utdanningen sin.

Vi ser her, gjennom disse tre „tilfeldig“ utvalgteinformantene,[2] flere av de vanligste grunnene til at færinger flytter til Danmark: Utdanning, som er den vanligste årsaken (Norðuratlantsbólkurin 2011), sosioøkonomiske utfordringer, samt behandlingskrevende sykdom.

Språket

To av informantene fortalte, at de snakket færøysk hjemme, også når de bodde i Danmark. Disse er Durita og Heidi, som begge har færøysk mor og far. Maria har færøysk far og en mor som er halvt grønlandsk, halvt færøysk. Det er sannsynlig at Marias mormor (som er fra Grønland) snakker dansk med sin datter og sine barnebarn.[3] Maria forteller, at da de flyttet til Danmark, snakket de færøysk hjemme, inntil hun og søsknene hennes hadde lært dansk, og at de deretter bare snakket dansk. Maria er også den, som har hatt de største utfordringene, når det kommer til språket, etter at hun flyttet hjem. Hun snakker et utpreget gebrokkent færøysk, bruker en del danske ord og skifter desidert over til å snakke dansk innimellom.

Skjønt Maria er den som tydeligvis har størst utfordring når det kommer til å snakke færøysk, så forteller alle tre om utfordringer med språket, da de flyttet hjem igjen.

Durita forteller:

> Noen ord forstod jeg ikke … når hun [læreren] f.eks. sa et ord … f.eks „kýr“ (‘kyr’) … når hun f.eks. snakket om entall og flertall … så sa hun „ein kúgv, fleiri kýr“ (‘en ku, flere kyr’), da skjønte jeg ikke, hva hun snakket om.[4]

Durita bodde i Danmark fra hun var 4–8 år gammel og begynner i 1. klasse på nytt, da hun flytter tilbake til Færøyene. Dette for å gjøre overgangen lettere. Hun forstår stort sett alt, men påpeker at det var enkelte ord, hun ikke kjente.

---

[1] De tre informantenes navn, samt enkelte andre detaljer, er anonymisert.

[2] Informantene er funnet gjennom bekjente av undertegnede. En mere detaljert beskrivelse ville kunne gått ut over anonymiteten.

[3] Grønlendere bosittende på Færøyene snakker som oftest dansk (hvis de ikke er vokst opp på Færøyene).

[4] Alle sitater er oversatt av undertegnede.

Heidi forteller, at hun, da hun flyttet tilbake til Færøyene og begynte i 9. klasse, ble tilbudt ekstraundervisning i færøysk, og at det hjalp henne i stor grad og har hjulpet henne siden. Hjelpen innebar mest den skriftlige delen av språket. Om det munntlige språket, sier hun bl.a.:

Kirshenblatt-Gimblett, Barbara 1998a. *Destination Culture. Tourism, Museums, and Heritage*. [Greinasavn.] University of California Press, Berkeley.

Kirshenblatt-Gimblett, Barbara 1998b. Folklore's Crisis. *The Journal of American Folklore* 111(441):281–327.

Kjelnæs, Marjun Syderbø. 2001. Kópakona. Í stuttsøgusavninum *Mjørki í heilum*. Bókadeild Føroya Lærarafelags, Tórshavn.

Kjelnæs, Marjun Syderbø 2016. *Opna*. Sprotin, Vestmanna.

Korff, Gottfried 2005). Change of Name as a Change of Paradigm. Alan Dundes (red.): *Folklore. Critical Concepts in Literary and Cultural Studies*, s. 238–260. Routledge, London.

Kópakonan skal passa inn í landslagið. 2014. *Norðlýsið* 21. mars, s. 7–9.

Lat' okkum uppliva Føroyalands sagn. 2014. *Norðlýsið* 3. júli, s. 3.

Löfgren, Orvar. 1989. The Nationalization of Culture. *Ethnologia Europaea* 19:5–23.

Poulsen, Tóroddur. 2016. *Skriftstøð*. Mentunargrunnur Studentafelagsins, Tórshavn.

Samrøða við Karin Jóhonnu L. Knudsen. 2017. Tøkt á https://www.kvinna.fo/um-kvinnu/nyggjasta-bladid/kvinnurnar-flyta-til-danmarkar-at-klara-seg-sjalvar/.

Smith, Sonne. 2013. Hentur faldari. Tøkt á http://www.lararafelag.fo/ t%C3%AD%C3%B0indasavn/eldri-t%C3%AD%C3%B0indi?M=News&PID= 30&NewsID=6786 (vitjað 30.06.2017).

Útvarp

Mentanarkaféin 26.11.2015 https://www.kvf.fo/mentanarkafein?sid=51476& page=8 (vitjað 30.06.2017).

Mentanarkaféin 28.01.2016 http://kvf.fo/mentanarkafein?sid=51477 (vitjað 30.06.2017).

Bloggar

Blogginnlegg hjá Marnu Jacobsen 02.08.2014: Kópakonan aftur niðurbundin https://marnakj.wordpress.com/2014/08/02/kopakonan-aftur-nidurbundin/ (vitjað 30.06.2017).

Blogginnlegg hjá Kinnu Poulsen 01.08.2014: Av øllum teim snekkjum, ið Norðhavið bar http://www.listaportal.com/tidindi/2014/8/1/av-llum-teim-snekkjum- i-norhavi-bar?rq=snekkjum (vitjað 30.06.2017).

Blogginnlegg eftir Carl Jóhan Jensen 20.08.2014: Harrarnir vitandi og alvitandi skoða eina kópakonu http://www.listaportal.com/tidindi/2014/8/20/harrarnir-vitandi-og-alvitandi-skoa-eina-kpakonu (vitjað 30.06.2017).

SUMMARY

'The seal wife in recent Faroese art and literature'

Keywords: the "seal wife" motif, interpreting cultural heritage, cultural heritage and tourism

Kópakonan í nýggjari føroyskari myndlist og bókmentum

The legend of the seal wife in the village Mikladalur has inspired poets and artists since it was first published in 1852. When a statue of the seal wife was placed by the shore of Mikladalur in 2014 it sparked a heated public discussion on whether the depiction was too old-fashioned and misogynistic. The article compares the statue with the way the seal wife motif is being used by author and poet Marjun Syderbø Kjelnæs and reflects on how the statue depicts perceptions of men and women in modern Faroese society, and on how cultural heritage is affected by being staged as tourist destination and brand.

ÚRTAK

Søgnin um kópakonuna hevur givið íblástur til skøld og listafólk síðani hon fyrstu ferð varð prentað í 1852. Tá ið nýggj standmynd varð reist í Mikladali í 2014, tók kjak seg upp um, hvørt tulkingin bar brá av ótíðarhóskandi kvinnufatan. Í greinini verður standmyndin sett í samband við mátan, kópakonan verður viðgjørd í skaldskapinum hjá Marjuni Syderbø Kjelnæs, og hugleitt verður um, hvussu standmyndin lýsir fatanir av kvinnum og monnum í nútímans føroyska samfelagnum. Eisini verður komið inn á, hvussu siðaarvur ávirkast av at verða pallsettur í ferðavinnuhøpi.

Tóta Árnadóttir
Fróðskaparsetur Føroya
totaA@setur.fo

MARÍA ANNA GARÐARSDÓTTIR

Ég finnst það
Um tilurð og þróun skynjendafrumlaga í íslensku sem öðru máli

Inngangur

Í greininni eru kynntar niðurstöður langsniðsrannsóknar á frumlagsfalli aukafallssagna í íslensku sem öðru máli. Markmið rannsóknarinnar var tvíþætt, annars vegar að fylgjast með tilurð og þróun aukafallsfrumlaga í máltileinkun íslensku[1] og hins vegar að prófa hvort bein kennsla í aukafallsfrumlögum geti haft áhrif á þróunina.

Rannsóknin náði til sex sagna og sagnasambanda: *finnast, ganga vel/illa, líða vel/illa, líka vel/illa, vera heitt/kalt/illt* og *langa*. Dæmi um setningar með þessum sögnum má finna í (1).

(1) a. **Mér** finnst gaman að læra íslensku.
b. **Mér** gengur vel að læra íslensku.
c. **Mér** líður vel á Íslandi.
d. **Mér** líkar vel á Íslandi.
e. **Mér** er oft kalt á Íslandi.
f. **Mig** langar heim til Danmerkur.

Sagnirnar í setningunum í (1a–e) taka allar frumlög í þágufalli en sögnin í (1f) tekur frumlag í þolfalli. Eins og greint verður frá í fyrsta aðalkaflanum (**Orðasafnsföll**) hafa þáguföll frumlaganna í (1a–e) og þolfallið á frumlaginu í (1f) verið kölluð orðasafnsföll. Sett verður fram sú tilgáta að byrjandi í íslensku sem öðru máli alhæfi nefnifall í þessum frumlögum og noti aðeins nefnifall í frumlögum aukafallssagna áður en hann nær tökum á orðasafnsfallinu. Ef tilgátan reynist rétt má búast við því að kennsla, bein eða óbein, hefði engin áhrif á þessa röð fremur en leiðréttingar hafa í máltöku barna (sjá Sigríði Sigurjónsdóttur 2005:636–637). Til að prófa tilgátuna fékk byrjandi í íslensku sem öðru máli reglulega kennslu í aukafallsfrumlögum og fylgst var náið með uppkomu og þróun þessara frumlaga hjá honum í upptökum á 27 einkatímum yfir 10 mánaða tímabil. Yfirleitt er a.m.k. eitt samtal í hverri upptöku þar sem byrjandinn notar fyrrnefndar aukafallssagnir. Frá rannsókninni verður sagt í öðrum aðalkafla greinarinnar (**Rannsóknin**) í tveimur undirköflum, fyrst verður greint frá málnemanum og síðan gögnunum.

Niðurstöður rannsóknarinnar, sem birtar verða í þriðja aðalkafla (**Niðurstöður**), styðja tilgátuna um að frumlög aukafallssagna komi fyrst fram í nefnifalli og síðar í orðasafnsfalli. Ennfremur benda niðurstöðurnar á að kennsla (bein og óbein) á frumlögum í orðasafnsfalli hafi ekki áhrif á tileinkunina og gagnist málnemanum því ekki fyrr en síðar, þegar hann er tilbúinn til að fást við slíkar formgerðir. Að síðustu verða nokkur lokaorð (**Niðurlag**).

[1] Hér er gerður skýr greinarmunur á hugtökunum *máltöku* og *máltileinkun* og verða hugtökin yfirleitt notuð sem slík án frekari skýringar á hver eigi í hlut, þ.e. hvort talað er um *máltöku barna* á móðurmáli sínu eða *máltileinkun fullorðinna* á öðru máli.

Orðasafnsföll

Í íslensku hefur skapast sú hefð að skipta falli í **formgerðarfall** (e. *structural case*) annars vegar og **orðasafnsfall** (e. *lexical case*, sjá t.d. Jóhannes Gísla Jónsson 1997–1998:20 o.áfr.) hins vegar. Formgerðarfallið er hið sjálfgefna fall og „ræðst af því hvaða hlutverki liðurinn gegnir í formgerðinni, t.d. hvort hann er frumlag eða andlag“ (Höskuldur Þráinsson 2005:317). Í setningunni í (2a) má sjá frumlag í formgerðarfalli og í setningunni í (2b) í orðasafnsfalli.

(2) a. **Ég** tala íslensku. Frumlagið *ég* er í formgerðarfalli.
b. **Mér** finnst gaman að læra. Frumlagið *mér* er í orðasafnsfalli.

Nafnliðurinn *ég* í setningunni í (2a) er frumlag og það er í nefnifalli. Þar sem nefnifall er reglulegasta og algengasta frumlagsfall í íslensku er talið að nefnifall sé sjálfgefið fall frumlaga. Nefnifallið kallast því formgerðarfall samkvæmt fyrrnefndri skiptingu í formgerðarfall og orðasafnsfall. Orðasafnsfallið ræðst hins vegar „af því hver fallvaldurinn er t.d. hvaða sögn […] er um að ræða“ (Höskuldur Þráinsson 2005:318). Nafnliðurinn *mér* í setningunni í (2b) er frumlag og er í aukafalli, eða nánar tiltekið í þágufalli. Talið er að reglan um sjálfgefið formgerðarfall verki ekki á frumlög sagna á borð við *finnast* af því að sögnin kemur sérstaklega merkt úr orðasafni hugans, þ.e.a.s. með sögninni koma upplýsingar um sérstakar kröfur hennar til frumlagsins, sem eru í þessu tilfelli þær að frumlagið eigi að verða í þágufalli. Nafn orðasafnsfallsins er því tengt þeirri hugmynd að upplýsingar um sérstakar kröfur sagnarinnar um fall frumlagsins (sem víkja frá hinu reglulega og sjálfgefna formgerðarfalli) séu geymdar í orðasafninu.

Ein tegund orðasafnsfalla eru **regluföll** (e. *thematic case*), en þau eru kölluð svo þar sem tengslin milli frumlagsfallsins og merkingar sagnarinnar eru regluleg, þ.e. stýrast „af almennri reglu um fallmörkun tiltekins merkingarhlutverks“ (Jóhannes Gísli Jónsson 1997–1998:21). Í setningunum í (3) má sjá dæmi um slík regluföll.

(3) a. **Mér** (þgf.) finnst gaman að læra íslensku.
b. **Mér** (þgf.) líður vel.
c. **Mér** (þgf.) líkar vel á Íslandi.
d. **Mér** (þgf.) er kalt.

Merking umsagnanna í setningunum í (3a–d) er að því leyti sambærileg að frumlag þeirra eru skynjendur. Regluleikinn felst í því að mörg skynjendafrumlög eru í þágufalli. Skynjendafrumlög í þágufalli er því regluföll.

Önnur tegund orðasafnsfalla eru **furðuföll** (e. *idiosyncratic case*, *quirky case*), en þau eru kölluð svo þar sem tengslin á milli merkingar og frumlagsfallsins eru ófyrirsegjanleg. Dæmi um slík frumlög má sjá í (4).

(4) a. **Sólarinnar** (ef.) gætir ekki lengur.
b. **Mig** (þf.) langar heim.
c. **Mig** (þf.) vantar pening.

Eins og sjá má í (4a) tekur sögnin *gæta* með sér frumlag í eignarfalli í þessari merkingu. Eignarfallsfrumlög eru mjög sjaldgæf og virðast ekki gegna tilteknu merkingarhlutverki á reglulegan hátt. Eignarfallsfrumlag er þannig gott dæmi um furðufall. Frumlag sagnanna *langa* og *vanta* (í þessari merkingu) er greinilega skynjandi. Það er hins vegar mun algengara að skynjandafrumlag sé í þágufalli en í

þolfalli (sjá t.d. Jóhannes Gísla Jónsson 1997–1998:35–39).[2] Þess vegna hafa verið færð rök að því að þolfall á skynjandafrumlagi sé furðufall (sjá t.d. Jóhannes Gísla Jónsson 1997–1998:21).[3] Hér verður í fyrstu atrennu miðað við þá greiningu þótt einnig séu vísbendingar um að skynjandaþolfall sé ekki alveg óreglulegt.[4] Sú spurning kemur upp í lok greinarinnar.

Komið hefur í ljós í rannsóknum á íslensku barnamáli (sjá t.d. Herdísi Þ. Sigurðardóttur 2002; Ragnheiði Björgvinsdóttur 2003) að frumlagsföll lærast í eftirfarandi röð: nefnifall > þágufall > þolfall. Þetta má túlka þannig að formgerðarfall á frumlagi lærist á undan orðasafnsfalli og meðal orðasafnsfallanna lærist reglufall (þágufall í þessu tilviki) á undan furðufalli (ef þolfallið er furðufall á frumlagi). Í rannsóknum á íslensku sem öðru máli (María Anna Garðarsdóttir og Sigríður Dagný Þorvaldsdóttir 2012; Sigríður Þorvaldsdóttir og María Garðarsdóttir 2013 og 2015; Gísli Hvanndal Ólafsson 2015) hefur á sama hátt komið í ljós að byrjendur læri frumlagsföll í röðinni nefnifall[5] > reglufall > furðufall. Alhæfing nefnifalls með aukafallssögnum, sem sjá má í setningunum í (5), má sjá víða í millimáli málnema (María Anna Garðarsdóttir og Sigríður Dagný Þorvaldsdóttir 2012; Gísli Hvanndal Ólafsson 2015) og er reyndar algeng á öllum stigum tileinkunarinnar og kemur oft fram sem tilbrigði við rétta notkun aukafalls á frumlögunum.

(5) a. **Ég** finnst gaman að læra íslensku.
b. **Ég** langa heim.

Nokkrar sagnir sem taka með sér frumlög í orðasafnsfalli eru hluti af eðlilegum orðaforða byrjenda í íslensku, m.a. sagnir eins og *finnast, ganga vel/illa, líða vel/illa, líka vel/illa* og *langa*. Það er hins vegar með öllu óvíst hvort málnemar ráði yfirleitt við að setja aukafall á frumlögin í upphafi máltileinkunarinnar þótt þeir skilji merkingu sagnanna. Ef gert er ráð fyrir því að málnemar í íslensku öðlist smám saman vald á málbúnaðinum á sama hátt og barnamálsfræðingar hafa sagt um máltöku barna (Sigríður Sigurjónsdóttir 2005) mætti ímynda sér að áður en byrjendur öðlast getu til þess að „lesa“ upplýsingar um sérstakar reglur aukafallsfrumlaga í orðasafninu geti þeir aðeins beitt þeirri almennu reglu að hafa nafnlið sem stendur fyrir framan sögn í nefnifalli og alhæfi regluna á öll frumlög.[6]

---

[2] Jóhannes telur 17 skynjandasagnir (og sagnasambönd) sem taka þolfallsfrumlag en yfir 200 sem taka þágufallsfrumlag.

[3] Eins og ýmsir málfræðingar hafa bent á gæti þessi munur þágufallsfrumlaga og þolfallsfrumlaga með skynjandasögnum skýrt svokallaða þágufallssýki eða þágufallshneigð: reglufall (þágufall) er sett í stað furðufalls (þolfalls) og sagt t.d. ***Mér*** *langar* í stað ***Mig*** *langar* (sjá t.d. Jóhannes Gísla Jónsson 1997–1998:28, 39).

[4] Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhallur Eyþórsson kalla það *semi-productive* eða ‘hálffrjótt’ (2011:214).

[5] Athugið í þessum rannsóknum, sem unnar eru í anda úrvinnslukenningarinnar (e. *Processability Theory;* Pienemann 1998 og Pienemann (ritstj.) 2005), er nefnifallið ekki talið formgerðarfall á byrjunarstigi máltileinkunar heldur orðabókarmynd nafnliðarins, þ.e. þangað til málnemar geta vikið frá hlutlausri orðaröð (sjá um tengsl orðaraðar og falls hjá Baten 2011 og 2013).

[6] Hér skal tekið fram að orðalagið „nafnliður sem stendur fyrir framan sögn“ er hér notað til að komast hjá því að nota hugtakið „frumlag“ Í úrvinnslukenningunni, sem minnst er á í neðanmálsgreininni hér á undan, er talað um að í huga byrjenda séu aðeins tengsl á milli nafnliðanna sem eru á sínum hlutlausa stað í setningunni (nafnliður fyrir framan sögn og fyrir aftan sögn) og merkingar (t.d. geranda setningarinnar eða skynjanda) en engin tengsl séu við málfræðihlutverkin frumlag og andlag (sjá nánar hjá Maríu Garðarsdóttur o.fl. 2017).

Miðað við það sem hér var rakið um frumlagsfall, máltöku barna og máltileinkun fullorðinna mætti setja fram þá tilgátu að frumlagsfall í íslensku sem öðru máli lærðist í þremur stigum eins og sett er upp í (6).[7]

(6) 1. stig – Nefnifall er alhæft á öll frumlög:
Ég læri íslensku.
Ég finnst gaman að læra íslensku. nefnifall í stað þágufalls
Ég vantar pening. nefnifall í stað þolfalls
2. stig – Aukafallssagnir taka ýmist með sér nefnifall eða rétt aukafall:
Ég/Mér finnst gaman að læra íslensku.
Ég/Mig vantar pening.
3. stig – Aukafallssagnir taka alltaf/oftast með sér rétt aukafall:
Mér finnst gaman að læra íslensku.
Mig vantar pening.

Ef tilgátan í (6) er rétt má búast við því að kennsla, bein eða óbein, hefði engin áhrif á þessa röð[8] en eins og sagt var í upphafi var markmið rannsóknarinnar meðal annars að prófa hvort formleg kennsla hafi áhrif á tileinkun frumlaganna.

Rannsóknin

Eins og minnst var á í inngangi var markmið rannsóknarinnar tvíþætt. Annars vegar að fylgjast með tilurð og þróun aukafallsfrumlaga í tileinkun íslensku og hins vegar að prófa hvort formleg kennsla hafi áhrif á tileinkunina.

Gögnin í rannsókninni eru upptökur úr einkatímum í íslensku sem öðru máli og verður greint frá þeim í seinni hluta kaflans og málnemanum í fyrri hlutanum.

Málneminn

Jónatan sem er málneminn í rannsókninni er danskur háskólamaður sem var um þrítugt þegar hann flutti til Íslands í febrúar 2015. Þegar Jónatan hafði búið á Íslandi í u.þ.b. þrjá mánuði hóf hann íslenskunám í einkakennslu hjá mér og hittumst við 27 sinnum yfir tíu mánaða tímabil, frá 15. maí 2015 til 10. mars 2016. Í febrúar 2016 bað ég hann um að skrifa um reynslu sína af tungumálinu. Jónatan segir þekkingu sína á tungumálinu hafi verið litla þegar hann byrjaði að læra íslensku hjá mér og hann hafi aðeins þekkt fáeina frasa á borð við *góðan daginn*. Hann segir dönskuna hafa hjálpað sér töluvert í byrjun með orðaforðann og framburðarkennslan hjálpað honum við að bera kennsl á samsett orð. Með því að lesa samsett orð upphátt náði hann að sundurgreina þau og skilja.

Heimilismál Jónatans er enska en hann getur hins vegar spurt um merkingu einstakra orða og jafnvel rætt fræðilega um íslenska málfræði heima fyrir. Íslenska ílagið er varla nokkurt fyrir utan kennslustofuna. Í tímunum talaði ég íslensku við hann alveg frá byrjun en einstöku sinnum, þegar ég þurfti að tala um flókna hluti í málfræði, talaði ég dönsku. Jónatan er mjög upptekinn í vinnunni og hefur því engan tíma fyrir heimanám.

Jónatan er samviskusamur, einbeittur og seigur nemandi. Frá upphafi talaði hann íslensku og gafst aldrei upp á því. Hann var ennfremur sjálfstæður í námi og leiddi kennsluna með spurningum sínum.

---

[7] Þessa tilgátu mætti útfæra nánar þannig að gerður væri greinarmunur á reglufalli (t.d. þágufalli með skynjandasögnum) og furðufalli (t.d. þolfalli með skynjandasögnum). Það bíður betri tíma, enda var bara ein þolfallssögn (*langa*) í gagnasafninu sem hér er sagt frá.

[8] Á sama hátt og talað er um að leiðréttingar hafi ekki áhrif á máltöku (Sigríður Sigurjónsdóttir 2005:636–637) er talað um að kennsla hafi takmörkuð áhrif á máltileinkun (sjá Pienemann 1989).

Gögn

Gögnin samanstanda af 27 upptökum af einkakennslu í íslensku sem öðru máli yfir 10 mánaða tímabil, frá 15. maí 2015 til 10. mars 2016. Upptökurnar, sem voru skrásettar, eru að meðaltali um ein klukkustund. Í flestum upptökunum kemur a.m.k. eitt samtal fyrir þar sem málneminn Jónatan var fenginn til þess að segja setningar með aukafallsfrumlögum. Þetta var ekki erfitt þar sem nokkrar aukafallssagnir, s.s *finnast* og *langa*, eru eðlilegur hluti af byrjendaorðaforða í íslensku. Á þessu 10 mánaða tímabili fékk Jónatan reglulega beina og formlega kennslu í aukafallsfrumlögum og munnlegar æfingar með þessari formgerð.

Leitað var að öllum aukafallsfrumlögum sem komu fram í máli mínu, Maríu, og málnemans, Jónatans, og þau talin. Aukafallssagnirnar sex sem fundust í gögnunum eru teknar saman í (7). Á eftir hverri sögn er dæmasetning með skáletruðu frumlagi til að sýna orðasafnsfallið.

(7) a. finnast: **Mér** finnst gaman að læra íslensku.
b. ganga vel/illa: **Mér** gengur vel að læra íslensku.
c. líða vel/illa: **Mér** líður vel á Íslandi.
d. líka vel/illa: **Mér** líkar vel á Íslandi.
e. vera heitt/kalt/illt: **Mér** er kalt á Íslandi.
f. langa: **Mig** langar heim til Danmerkur.

Frumlög sagnanna í (7a–e) eru í þágufalli, *mér* finnst, *mér* gengur o.s.frv. Frumlag sagnarinnar *langa* í (7f) er hins vegar í þolfalli, *mig* langar.

Frumlög aukafallssagna í máli Jónatans voru sérstaklega merkt og flokkuð eftir því hvort þau stóðu í nefnifalli eða réttu falli. Jónatan býr ósjálfrátt til reglu (eða tilgátu) í millimáli sínu sem segir að frumlög allra sagna eigi að vera í nefnifalli. Af þeim sökum notar hann frumlög aukafallssagnanna oftast í nefnifalli. Eftirfarandi dæmi er úr 6. kennslustund, 25. júní 2015.

(8) M: Já. Frábært. Og hvað finnst [Ólafi] gaman að gera?
J: **Hann** finnst gaman að læra tungumál.
M: En þér? Hvað finnst þér gaman?
J: **Ég** finnst gaman að læra tungumál líka.

Eins og sjá má er nefnifallsreglan „Öll frumlög eru í nefnifalli“ mjög virk hjá Jónatani í 6. kennslustund. Hann setur persónufornafnið *hann* í nefnifall (*hann* er væntanlega ekki þolfall hér ef marka má önnur dæmi) þrátt fyrir að ég hafi notað sérnafn rétt áður í réttu falli. Strax á eftir nota ég annarrar persónu fornafn í þágufalli, *þér*, og hann svarar með persónufornafni í fyrstu persónu nefnifalli, *ég*.

Þau frumlög sem stóðu í réttu falli, sem Jónatan notaði í kennslustundunum, voru greind í eftirfarandi flokka eftir því við hvaða aðstæður þau komu fyrir.

(9) a. hlunkar (e. *chunks*)
b. hluti af upplestri
c. endurtekningar, þ.e. þegar nemandinn endurtekur eftir kennaranum
d. eftirtekt (e. *noticing*) eða leiðrétting, þ.e. þegar nemandinn veitir formgerðinni eftirtekt eða hann leiðréttir sig
e. óræð föll, þ.e. ekki er hægt að sjá hvert fallið er vegna þess að aukafall er eins og nefnifall
f. eðlilegt og sjálfsprottið tal
g. alhæfing, þ.e. málneminn notar annað aukafall í stað hins rétta

Í flokki (9a) eru svokallaðir hlunkar (e. *chunks*) eða segðir sem lærast í einu lagi. Hlunkarnir geta verið einn nafnliður eins og kveðjan *Góðan daginn*. Þeir geta líka verið heil setning eins og *Verði þér að góðu*. Á fyrstu stigum máltileinkunarinnar lærir málneminn hlunkana í einu lagi eins og orð. Hlunkarnir hafa eina ósundurgreinanlega merkingu fyrir honum og hann getur ekki greint þá niður í einingar eða skipt út einu orði í hlunknum fyrir annað, t.d. sagt *Verði ykkur að góðu*. Frumlag og sögn eins og *mér finnst* eða *mig langar* eru gott dæmi um hlunka. Þá eru orðin tvö ein heild. Málneminn er þá ekki fær um að nota annað frumlag en *mér* í hlunknum *mér finnst* og *mig* í hlunknum *mig langar*.

Í flokki (9b) eru aukafallsfrumlög sem koma fyrir í textum sem málneminn þarf að lesa upphátt í tímunum. Þessi upplestur er að sjálfsögðu ekki hluti af eðlilegu og sjálfsprottnu tali. Dæmi um þetta má sjá í (10) sem er úr samtali okkar Jónatans í annarri kennslustund þann 26. maí 2015 þegar ég kenni Jónatani formgerðina *Mér finnst gaman/gott að …* og ég skrifa niður formgerðina um leið og ég segi hana upphátt. Við Jónatan endurtökum hana saman.

(10) M: finnst þér gott að borða? Sjáðu, nýr frasi, ókei
J: uhh
M: ertu þreyttur?
J: nei
M: ertu allt í lagi? Öö. Hvað # finnst # þér # gaman? (skrifar niður frasann)
J: Hvað finnst **þér** gaman /M: þér gaman að gera/?
M: Hvað finnst þér gott … sjáðu (skrifar niður frasann)

Í flokki (9c) eru frumlög sem málneminn endurtekur eftir mér. Dæmi um slíkar endurtekningar má sjá í (11) sem er úr 7. kennslustundinni þann 30. júní 2015. Fyrst segi ég *mig langar* og þá endurtekur Jónatan bara sögnina. Ég segi aftur *mig langar* og þá endurtekur Jónatan líka frumlagið í réttu falli.

(11) M: Næstu helgi, einmitt. Þá segirðu mig langar.
J: Langar.
M: Mig langar …
J: **Mig** langar. Já.
M: … að fara í sund. Flott hjá þér.

Í flokki (9d) eru þau aukafallsfrumlög sem koma fram í tali Jónatans og hann sýnir að hann er meðvitaður um fallið og leiðréttir jafnvel fallið eða tekur eftir því að eitthvað er bogið við það sem hann segir. Dæmi um þetta má sjá í (12) sem tekið er úr 8. kennslustund, þann 14. júlí 2015.

(12) J: Hann heita Peter
M: mhm
J: Hann finna jarðarber …
M: já
J: … gaman að borða
M: Já, honum finnst gott að borða jarðarber
J: Er það **honum**?
M: Já, honum finnst gott að borða,
J: **honum**
M: honum finnst gott að borða
J: **honum**
M: og svo síðasti með pípuna, hvað heitir hann?
J: Hann heita Svavar

M: já
J: og hann finn gaman að borða ost
M: já, það finnst mér líka …

Í (12) má sjá að Jónatan byrjar á því að setja frumlagið í nefnifall en tekur eftir því að ég nota það í þágufalli og hann spyr því hvort það sé rétt og endurtekur eftir mér þrisvar sinnum. En nokkru seinna beitir hann nefnifallsreglunni og meðvitundin er horfin.

Í flokki (9e) eru frumlög sem standa í óræðu falli, þ.e.a.s. ekki er hægt að greina í hvaða falli þau standa. Lítum á persónufornafnið *hann* í (13) sem er úr sjöttu kennslustund 25. júní 2015.

(13) M: En hvað langar hann að gera í sumar?
J: Í sumar?
M: Já, í sumar. Í júní, júlí, ágúst, sumar.
J: **Hann** langar að fara í sund.
M: Já. En þig?

Í línu fjögur í (13) segir Jónatan *Hann langar að fara í sund*. Form þriðja persónufornafnsins er eins í nefnifalli, *hann*, og þolfalli, *hann*, og því er ekki hægt að skera úr um hvert fallið er á frumlaginu. Þessi óræðu föll eru því flokkuð saman og ekki tekin afstaða til þess hvort um nefnifall eða þolfall sé að ræða.

Í flokki (9f) flokki eru aukafallsfrumlög sem Jónatan notar í eðlilegu og sjálfsprottnu tali eins og innfæddir nota þau í markmálinu. Til að frumlögin teljist sjálfsprottin verður Jónatan að sýna að hann noti þau ekki bara í hlunkum. Það nægir ekki að Jónatan segi tvisvar sinnum *mér finnst* ef hann notar aldrei önnur frumlög með sögninni, t.d. *honum finnst* eða *þér finnst* eða sérnöfn, t.d. *Ólafi finnst*.

Í síðasta flokknum, (9g) alhæfingar, eru frumlög sem málneminn hefur í öðru aukafalli en þau eiga að vera. Hann gæti t.d. alhæft þágufall í stað þolfalls með sögninni *langa* og sagt ***mér*** *langar* í stað ***mig*** *langar* eða alhæft þolfallið á frumlag sagnarinnar *líða vel* og sagt ***mig*** *líður vel* í stað ***mér*** *líður vel*. Ef þágufall er reglufall á skynjandafrumlögum en þolfall furðufall þá mætti frekar búast við ***mér*** *langar* (sbr. þágufallshneigð) en ***mig*** *líður vel*. Þó kemur fyrir að Jónatan setur þolfall í stað þágufalls með skynjandasögn, t.d. í kennslustund 27, 10. mars 2016 eins og sjá má í síðustu línu samtalsins í (14).

(14) J: Hún finnst jarðarber
M: jarðarber
J: já góð. Þú, þú finnst melóna góð
M: mhm
J: Já, ég **mig** finnst epla góð

Alhæfingar af þessu tagi eru taldar með sjálfsprottnu tali og þær geta sýnt að virk regla sé að verki í huga málnemans. En auðvitað þarf meira en eitt dæmi til þess að hægt sé að draga slíka ályktun.

Í *töflum 1–3* í niðurstöðukaflanum hér á eftir verða frumlög með aukafallssögnum flokkuð í þá sjö flokka sem hér var lýst og síðan ályktað um það í niðurlagskaflanum hvort Jónatan hafi tileinkað sér aukafallsfrumlög á þessu tíu mánaða tímabili.

Niðurstöður

Jónatan notar fimm af þeim sex aukafallssögnum (og sagnasamböndum) sem fundust í gögnunum, og taldar eru upp í (7) hér að framan. Hann notar aldrei

sagnasambandið *að ganga vel/illa*, en það geri ég hins vegar og þess vegna er það talið með. Aukafallssögnin *finnast* kemur fyrst fyrir hjá Jónatani í annarri kennslustund, *líka vel/illa* í þeirri þriðju og *langa* í fimmtu. *Líða vel/illa* kemur fyrst fyrir hjá honum í áttundu kennslustund og *vera kalt/heitt* ekki fyrr en í 24. kennslustund. Niðurstöðurnar eru teknar saman í heild sinni í *töflu 1*. Í töflunni eru aukafallsfrumlögin sex flokkuð eftir notkunartegundunum sjö sem lýst var í (9) hér að framan og lagður saman fjöldi hverrar tegundar sem komu fyrir í öllum kennslustundum 27.

sagnir með aukafallsfrumlagi í réttu falli hjá Jónatan							notkun	Jónatan		María
a. finnast	b. ganga vel/illa	c. líða vel/illa	d. líka vel/illa	f. vera heitt/kalt/illt	e. langa	Samanlagður fjöldi frumlaga í aukafalli	notkun	Samanlagður fjöldi aukafallsfrumlaga í nf.	Samanlagður fjöldi aukafallsfrumlaga	Samanlagður fjöldi aukafallsfrumlaga
1			1			2	i) hlunkur			
8			1		5	14	ii) upplestur			
23		5		1	6	35	iii) endurtekning			
3		9			1	13	iv) eftirtekt			
					4	4	v) órætt fall			
						0	vi) eðlilegt og sjálfsprottið tal			
2		1				3	vii) alhæfing			
37		15	2	1	16	71	Samanlagt	208	279	428

Tafla 1: Samantekt niðurstaðna.

Hægra megin í *töflu 1*, kemur fram að ég hef notað aukafallsfrumlög 428 sinnum. Jónatan hefur notað frumlög með aukafallssögnum 279 sinnum á öllu tímabilinu en sett þau 208 sinnum í nefnifall. Vinstra megin í töflunni má sjá hvernig Jónatan hefur notað frumlög með þessum sögnum í aukafalli. Alls hefur hann notað frumlögin 71 sinni í aukafalli. Notkun Jónatans á aukafallsfrumlögunum í réttu falli er skipt í sjö flokka eins og skýrt var hér að framan þegar rætt var um gögnin. Endurtekningarnar eru flestar, eða 35, og koma þær fram í sögnunum *finnast* (23 sinnum), *líða vel/illa* (fimm sinnum), *vera heitt/kalt/illt* (einu sinni) og *langa* (sex sinnum). Næstoftast, eða 14 sinnum, koma aukafallsfrumlögin fram í upplestri, með sögnunum *finnast* (átta sinnum), *líka vel/illa* (einu sinni) og *langa* (fimm sinnum). Fallið er órætt fjórum sinnum samanlagt í sögninni *langa* og tvisvar hefur aukafallið verið greint sem hlunkur, einu sinni í sögninni *finnast* og einu sinni í *líka vel/illa*.

Hlunkar, upplestur og endurtekningar segja ekkert um hvort Jónatan hafi tileinkað sér aukafallsfrumlög eður ei og sömuleiðis er ekki hægt að nota óræðu föllin til að túlka hvort aukafallsfrumlögin séu sjálfsprottin. Það eru því 55 frumlög af þeim 71 sem Jónatan notar í aukafalli sem ekki eru af þeirri gerð sem kalla má eðlilegt og sjálfsprottið tal eða að eftirtekt sé á fallinu. Þar með verður ekki rætt frekar um þessa notkun aukafallsfrumlaga hjá Jónatan. Þrettán sinnum hefur Jónatan veitt fallinu eftirtekt og þrisvar hefur hann alhæft fallið: tvisvar alhæfir hann þolfall á kostnað þágufalls með sögninni *finnast* og einu sinni notar hann þolfall með þágufallsögninni *líða vel/illa*. Þótt þetta séu aðeins þrjú dæmi eru þau athyglisverð vegna þess að í þessum tilvikum notar Jónatan (meint) furðufall

(þolfall með skynjandasögn) í stað þágufalls, öfugt við það sem gerist t.d. í þágufallshneigð eins og áður var nefnt. Við komum nánar að þessu síðar.

Hér á eftir verður athyglinni aðeins beint að þeim sextán frumlögum sem hér var lýst (þrettán dæmi um að Jónatan veiti fallinu eftirtekt og þrjú um alhæfingu tiltekins aukafalls), þar sem þau geta hugsanlega veitt innsýn í huga málnemans, þ.e hvenær geta Jónatans til að beita aukafallsfrumlögum á skapandi hátt mótast í huga hans. En áður en að því kemur er vert að líta á hvort einhver tengsl séu milli þess að Jónatan taki frekar eftir aukafallinu, eða m.ö.o. sé meðvitaður um það, þegar hann fær beina (eða óbeina) kennslu í aukafallssögnum og -frumlögum. Í *töflu 2* má sjá númer kennslustundanna 1–27, dagsetningu þeirra, hvort kennsla á aukafallsfrumlögum hafi farið fram og hvort Jónatan hafi veitt aukafalli frumlagsins eftirtekt.

nr.	1	2	3	4	5	6	7	8	9
dags.	15.5	26.5.	28.5	2.6.	4.6.	25.6	30.6	14.7.	16. 7.
kennsla		já			já	já		nei/já	
eftirtekt					já (1)	já (2)		já (10)	
nr.	10	11	12	13	14	15	16	17	18
dags.	21.7.	28.7.	30.7.	11.8.	7.9.	11.9.	21.9.	28.9.	5.10.
kennsla									
eftirtekt									
nr.	19	20	21	22	23	24	25	26	27
dags.	26.10.	2.11.	16.11.	2.12.	19.1	28.1	4.2.	25.2	10.3
kennsla						já		já	já
eftirtekt		já (1)							já (2)

Tafla 2: Yfirlit yfir kennslu frumlagsfalls og notkun aukafalls á frumlögum með eftirtekt.

Eins og sjá má í *töflu 2* er Jónatan meðvitaður um 16 aukafallsfrumlög í fimm kennslustundum, eða í kennslustundum nr. 5, 6, 8, 20 og 27. Í fjórum þeirra hefur kennsla á aukafallsfrumlögum farið fram, eða í kennslustundum nr. 5, 6, 8 og 27). Í kennslustund 8 (14. júlí) kemur eitt aukafallið þó fram áður en beina kennslan hefst. Í kennslustund 20 veitir Jónatan einu aukafallsfrumlagi athygli án þess að nokkur kennsla í aukafallsögnum eða -frumlagi hafi farið fram.

Í *töflu 3* koma fram frumlögin sextán sem annað hvort eru af gerðinni (9d) eftirtekt eða (9g) alhæfing. Í fyrstu þremur dálkunum er númer upptöku, dagsetning kennslustundarinnar og merkt hvort bein kennsla á aukafallsfrumlögum hafi farið fram. Í fjórða dálki er listi yfir aukafallssagnirnar þrjár, sem Jónatan notaði í þessum tilvikum, og fjöldi þeirra í dálki fimm. Í dálki sex eru upplýsingar um persónu og tölu frumlagsins. Að lokum er gerð grein fyrir því hvort um gerð (9d) eftirtekt eða (9g) alhæfingu er að ræða í dálki 7. Frumlögin sem eru flokkuð sem iv) eftirtekt koma fyrir í 5., 6. og 8. kennslustund en þau sem eru flokkuð sem vii) alhæfing koma fyrir í 20. og 27. kennslustund. Þessi frumlög má líta á sem vísi að tileinkun aukafallsfrumlaganna og þegar rýnt er nánar í dæmin má geta sér til um hvað er að gerast í huga Jónatans. Í öllum kennslustundunum nema einni fór fram bein kennsla í aukafallsfrumlögum og ýtir það líklega undir meðvitund hans um aukaföllin.

1	2	3	4			5	6	7
nr.	dags.	kennsla	a. finnast	c. líða vel/illa	e. langa	fjöldi	persóna	notkun
5	4.6.	já			x	1	1.p.	iv) eftirtekt
6	25.6	já	x			2	1.p	iv) eftirtekt
8	14.7	já	x			1	3.p.	iv) eftirtekt
				x		9	1.,2.,3.p.	iv) eftirtekt
20	2.11			x		1	3.ft.	vii) alhæfing
27	10.3	já	x			2	1.p.	vii) alhæfing

Tafla 3: Aukafallsfrumlög sem Jónatan veitir eftirtekt.

Í samtalinu í (15), sem er úr kennslustund fimm, þann 4. júní 2015, er sýnt dæmi um að Jónatan leiðrétti fallið.

(15) M: Ég ætla að kenna þér eitt svona hérna. Mig langar að fara í sund eftir skóla. Sjáðu, mig langar.
J: Aha.
M: {Jeg har lyst til.}
J: Langar.
M: Já, mig langar að fara í sund. Hvað langar þig að gera? Hvað langar þig að gera í kvöld?
J: **Ég … Mig** langar að fara í sund.
M: Þig langar að fara í sund.

Í næstneðstu línu samtalsins í (15) byrjar Jónatan á því að nota nefnifall fyrsta persónufornafnsins, *ég*, en leiðréttir sig strax á eftir og segir *mig langar að fara í sund*. Rétt áður hef ég sagt *mig langar að fara í sund* svo hugsanlega er hér um að ræða endurtekningu fremur en sjálfsprottið tal, en með meðvitund þó. Í (16), sem er samtal úr kennslustund sex, þann 25. júní 2015, er líka dæmi um eftirtekt.

(16) M: Mér finnst pylsan …
J: Pylsan góð.
M: Mér finnst ísinn …
J: Ísinn
M: … góður
J: Ég finnst mjólkin góð.
M: Mér finnst epli vont.
J: Vont. Ekki.
M: Ekki gott.
J: Vont?
M: Aham. Aham.
J: Vont, ókei. **Ég … mér** finnst … xxx **mér** finnst perurnar, perurnar von … vondar.

Í samtalinu í (16) erum við Jónatan að fást við samræmi lýsingarorðsins við nafnorðið í nefnifallsandlögum í formgerðinni *mér finnst eitthvað gott/vont*. Hann ræður ágætlega við samræmið og hefur m.a. rétt samræmi í andlaginu *mjólkin góð*. En hann þarf líka að hugsa um aukafallsfrumlagið í formgerðinni. Fyrst notar hann

frumlagið í nefnifalli í setningunni *Ég finnst mjólkin góð*. Ég segi þrisvar *mér finnst* í samtalinu, í setningunum *Mér finnst pylsan, Mér finnst ísinn,* og *Mér finnst epli vont*. Ekki er ólíklegt að þessi endurtekning mín á aukafallsfrumlaginu geri Jónatan meðvitaðan um að hann eigi að nota þágufallsform fornafnsins *mér*. En lítum á meðvitund Jónatans í samtalinu í (17) úr sömu kennslustund.

(17) M: Sjáðu, eins og við sjáum, eins og mér finnst, mér finnst gulrætur. Sjáðu, hérna sérðu gulræturnar, gulræturnar.
J: Gulræturnar, góðar.
M: Mér finnst þær góðar.
J: Já.
M: Mér finnst gulrætur góðar, hvað finnst þér gott?
J: Ég finnas pylsan … {**Men det var fejl desværre**.}

Hér má sjá að Jónatan áttar sig á því að eitthvað er bogið við formgerðina í setningunni *Ég finnas pylsan* svo hann segir á dönsku að hann hafi því miður ekki haft setninguna rétta en er ekki fær um að leiðrétta sig.

Í kennslustund átta, þann 14. júlí, byrjar kennslustundin á samtalinu í (12) hér að framan. Jónatan veitir því eftirtekt að ég segi *honum finnst* og þegar því samtali er lokið fær Jónatan beina kennslu í aukafallsfrumlögum. Seinna í kennslustundinni veitir hann tveimur frumlögum eftirtekt á meðan við erum að fást við formgerðina *líða vel/illa* í eins og sjá má í samtalinu í (18).

(18) M: Já, hann er með svona magaverk, já magaverk
J: **Hann … honum** líður illa á
M: af því að … kannski sama
J: ha ha ha kannski sama, höfuðverk
M: en hún
J: **hún hen** … /M: já/ **henni** líða illa á eyra

Rétt áður en að samtalinu í (18) kemur höfum við Jónatan rætt mikið um aukafallsfrumlög og Jónatan er að læra sagnasambandið *líða vel/illa* í fyrsta sinn. Fyrst endurtekur hann tvisvar eftir mér en svo notar hann með eftirtekt alls níu sinnum þágufallsfrumlag í þessu samtali, í 1., 2. og 3. persónu.

Alhæfingar, eins og eftirtektin, gætu verið vísir að tileinkun. Alhæfingarnar þrjár í máli Jónatans koma allar fyrir í lok tímabilsins, í kennslustundum 20 og 27. Í (19) er dæmi úr kennslustund 20, þann 2. nóvember 2015.

(19) M: Mér líður vel núna í dag /J: mh/og ég er ekki veik /J: mh/
M: Mér finnst gaman að búa á Íslandi, mér líður vel
J: ha ha ha
M: ég er glöð, /já já/ skilurðu?
J: já, já
M: Að líða vel
J: Já, **Fjölskylduna mína**, foreldrar
M: Foreldrum
J: Foreldrum mína líða vel á Íslandi

Frumlagsfallið í *fjölskylduna mína* er greinilega þolfall, en fallið í *foreldrar*, sem er hluti af sama frumlagi, er hins vegar nefnifall. Ég leiðrétti fallið á foreldrum, og Jónatan endurtekur það en notar eignarfornafnið á eftir því samt sem áður í þolfalli, *mína*.

Í samtalinu í (14) hér að framan mátti sjá dæmi um alhæfingu á þolfalli á kostnað þágufalls með sögninni *finnast* úr kennslustund 27, frá 10. mars 2016. Í sömu kennslustund alhæfir Jónatan aftur þolfall á sömu sögn eins og sjá má í (20).

(20) M: mér, þú veist hvað mér finnst og hvað /J: mhm/ fólkinu finnst. Segðu fyrst
J: **mig** finnst banani góður, þú finnst sítróna góð
M: mhm
J: hann finnst dósar góðar
M og J: ha ha ha ha

Í þessum kafla hefur verið farið yfir niðurstöðurnar og kastljósinu aðallega beint að þeim 16 aukafallsfrumlögum sem virðast vera hluti af sjálfsprottnu tali. Í næsta kafla verða niðurstöðurnar dregnar saman og ályktað nokkuð um þær.

Niðurlag

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að málneminn Jónatan tileinkar sér nefnifall á frumlögum áður en hann sýnir burði til þess að nota aukaföll á frumlög með sögnum sem úthluta frumlögum sínum aukafalli. Þessar niðurstöður styðja tilgátuna sem sett var fram hér í upphafi að frumlög sem ættu að vera í orðasafnsfalli komi fyrst fram í nefnifalli hjá byrjanda í íslensku áður en hann nær tökum á réttu falli með aukafallssögnum og bein kennsla virðist engin áhrif hafa á það ferli nema um stundarsakir.

Niðurstöðurnar lýsa tilurð og þróun frumlagsfalla hjá Jónatan í upphafi tileinkunar hans á íslensku. Frá uppphafi alhæfir Jónatan nefnifallið með aukafallssögnunum og í fyrstu fjórum kennslustundunum notar hann aðeins aukafall þegar hann les upp eða endurtekur frumlögin eftir mér. Jónatan veitir aukafallinu eftirtekt í kennslustundum 5 (einu sinni), 6 (tvisvar) og 8 (tíu sinnum), alls 13 sinnum, en í þeim kennslustundum fékk hann einmitt beina kennslu um aukafallsfrumlög. Í sömu kennslustundum notaði hann nefniföll á sömu frumlög fjórum sinnum í kennslustund 5 og sex sinnum í kennslustundum 6 og 8, þannig að nefnifallsreglan er lifandi þó hann reyni að einbeita sér að því að nota þolfall og þágufall þegar athyglinni er beint að þeim föllum með beinni kennslu. Í þessum þremur kennslustundum veitir hann aukafallinu vakandi athygli en um leið og hugurinn er upptekin við annað notar hann strax nefnifall á frumlagið. Þá nota ég einnig mikið af aukafallsfrumlögum í samtölunum til að gefa Jónatani gott ílag.

Það má velta því fyrir sér að hve miklu leyti þessi 13 aukaföll séu sjálfsprottin eða hvort Jónatan geti beitt huganum til að æfa ákveðnar formgerðir og notað þær eins og hlunka eða endurtekningu ef ekki er langt um liðið síðan ég notaði sams konar formgerð. Það skal tekið fram að Jónatan notaði aldrei aukafallsfrumlög í réttu falli af sjálfsprottinni gerð þegar sjónum var ekki beint að þessum formgerðum í kennslunni. Ef dæmi um frumlög í aukafalli hefðu fundist í gögnunum þar sem Jónatan notaði formgerðir með skynjendasögnum sem úthluta frumlögum sínum nefnifalli (eins og *ég hlakka til*) hefði það verið eindregin vísbending um sjálfsprottna og skapandi notkun á aukafallsfrumlögum.[9] En sú var

[9] Hér skal tekið fram að þágufallsalhæfingar á skynjendafrumlögum í nefnifalli, eins og *ég hlakka*, eru algengar í milliláli málnema sem hafa þágufallsfrumlög á valdi sínu. Þessar alhæfingar sjást alls ekki hjá Jónatani, sem segir að hann hafi ekki reglufallið mjög virkt í huga sínum. Það passar við þá staðreynd að hann notar stundum furðufallið þolfall með *finnast* í stað reglufallsins (þágufalls). Þágufallshæfingar á gerandafrumlögum hef ég aldrei séð í annars máls gögnum.

ekki raunin. Jónatan notaði hins vegar oft þessar formgerðir í sjálfsprottnu tali með nefnifallsfrumlögum.

Eins og sjá má í *töflu 2* fær Jónatan enga kennslu í aukafallsfrumlögum á tímabilinu frá 16. júlí 2015 til 19. janúar 2016. Á þessu tímabili koma fram nokkur frumlög í aukafalli (alls 14) en þau eru öll af gerðinni endurtekning eða upplestur, nema eitt, sem er úr 20. kennslustund, 2. nóvember 2015, og það er dæmi um alhæfingu á þolfalli í formgerðinni *líða vel/illa*. Kennsla á aukafallsfrumlögum hefst aftur í 24. kennslustund, 28. janúar, og henni er haldið áfram í tveimur síðustu kennslustundum númer 26 og 27. Í þeirri síðustu bætast við tvær alhæfingar á þolfalli eins og sjá mátti í dæmum (8) og (14).

Á þessu tímabili, frá kennslustund 9, 16. júlí 2015, til 27. kennslustundar, 10. mars 2016, koma sem sagt aðeins fyrir þrjú aukafallsfrumlög sem flokkuð eru sem sjálfsprottið tal og þau eru öll alhæfingar á þolfalli í stað þágufalls. Alhæfingar hafa löngum verið taldar sýna merki um virkar reglur (sjá t.d. hjá Richards og Schmidt 2002:379–380) í huga málnema og því gæti þetta bent til þess að Jónatan væri farinn að tileinka sér frumlög í aukafalli. Með hliðsjón af þeim hugmyndum um reglufall og furðufall sem áður var lýst er gallinn hins vegar sá að hér er Jónatan að nota furðufall í stað reglufalls og það kemur á óvart. En þá vaknar auðvitað sú spurning hvort þolfall á skynjandafrumlögum sé kannski einhvers konar reglufall eftir allt saman, sbr. það sem var haft eftir Jóhannesi Gísla Jónssyni og Þórhalli Eyþórssyni (2011:214) hér framar.

Eins og áður sagði hófst kennslan á aukafallsfrumlögum aftur í byrjun árs 2016 en gögnin náðu ekki yfir nógu langt tímabil til að sýna hver áhrif kennslunnar lágu að þessu sinni. Til eru upptökur af áframhaldandi kennslustundum hjá okkur Jónatani sem ekki hafa verið færðar í ritaðan texta. Það verður því spennandi að sjá hvort í þeim gögnum megi greina aukna notkun á aukafalli í frumlögum af sjálfsprottinni gerð og hvort sú notkun er í samræmi við áðurnefndar hugmyndir málfræðinga um reglufall og furðufall eða hvort þær kalla á einhverja endurskoðun á þeim, en niðurstöður þeirrar rannsóknar bíða síns tíma.

Niðurstöðurnar sýna ennfremur að á meðan Jónatan var að fást við formgerðirnar í kennslustundunum hafði bein og formleg kennsla í aukafallsfrumlögum, sem fór fram á sumarmánuðum 2015, stundaráhrif á tileinkun Jónatans en engin áhrif til lengri tíma. Ekki er því hægt að segja að kennslan hafi ýtt undir tileinkun þessara formgerða.

HEIMILDIR

Baten, Kristof. 2011. Processability Theory and the Acquisition of the German Case System. *Language Learning* 61(2):455–505.

Baten, Kristof. 2013. *The Acquisition of the German Case System by Foreign Language Learners*. John Benjamins, Amsterdam.

Gísli Hvanndal Ólafsson. 2015. *Í besta falli. Úrvinnslukenningin og frumlög í íslensku millimáli.* BA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.

Herdís Þ Sigurðardóttir. 2002. *Fallmörkun í barnamáli. Hvernig læra íslensk börn að nota föll?* MA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.

Höskuldur Þráinsson. 2005. *Setningar*. Handbók um setningafræði. Ritstjóri og aðalhöfundur Höskuldur Þráinsson. Meðhöfundar Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Magnúsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. Íslensk tunga III. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

Jóhannes Gísli Jónsson. 1997–1998. Sagnir með aukafallsfrumlagi. *Íslenskt mál* 19–20:11–43.

Jóhannes Gísli Jónsson. 2005. Merkingarhlutverk, rökliðir og fallmörkun. Höskuldur Þráinsson (ritstj.): *Setningar*, bls. 350–408. Íslensk tunga III. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhallur Eyþórsson. 2011. Structured Exceptions and Case Selection in Insular Scandinavian. Horst Simon and Heike Wiese (ritstj.): *Expecting the Unexpected. Exceptions in the Grammar*, bls. 213–241. Mouton de Gruyter, Berlín.

María Anna Garðarsdóttir, Kristof Baten og Matthew Whelpton. 2017. Tileinkun frumlagsfalls í íslensku sem öðru máli. *Milli mála* 7:123–148.

María Anna Garðarsdóttir og Sigríður Dagný Þorvaldsdóttir. 2012. *Í öllu falli. Úrvinnslukenningin og fallatileinkun í íslensku*. MA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.

Pienemann, Manfred. 1989. Is language Teachable? Pcysholingusitc Experiments and Hypotheses. *Applied Linguistics* 10(1):52–79.

Pienemann, Manfred. 1998. *Language Processing and Second Language Development. Processability Theory*. John Benjamins, Amsterdam.

Pienemann, Manfred (ritstj.). 2005. *Cross-linguistic Aspects of Processability Theory*. John Benjamins, Amsterdam.

Ragnheiður Björgvinsdóttir. 2003. *Frumlagsfall í máli barna*. BA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.

Richards, Jack C., og Richard Schmidt. 2002. *Longman Dictionary of Language Teaching & Applied Linguistics*. Perarson Education, London.

Sigríður Sigurjónsdóttir. 2005. Máltaka og setningafræði. Höskuldur Þráinsson (ritstj.): *Setningar*, bls. 636–655. Íslensk tunga III. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

Sigríður Þorvaldsdóttir og María Garðarsdóttir. 2013. Fallatileinkun í íslensku sem öðru máli. *Milli mála* 5:45–72.

Sigríður Þorvaldsdóttir og María Garðarsdóttir. 2015. Fall eða setningarstaða? Þróun falla í máltileinkun. Turið Sigurðardóttir og María Garðarsdóttir (ritstj.): *Frændafundur* 8:135–158. Fróðskapur, Þórshöfn.

ABSTRACT

‘I think so. On the acquisition and development of experiencer subjects in Icelandic as a second language’

Keywords: second language acquisition, structural case, lexical case, oblique case subjects, experiencer subjects, development of experiencer subjects

This paper presents the findings of a case study which investigated the development of subject case in Icelandic as a second language. The purpose is twofold; first, to follow the upcoming and development of subject case in a beginner’s speech and second to look for effects of formal instruction.

Most verbs in Icelandic take nominative case subjects and nominative is thus obviously the default subject case. Several common verbs assign oblique case to their subjects, however, and a common analysis is to say that nominative is the structural subject case and whereas oblique subject cases are lexical since they are selected by particular verbs. A few verbs taking oblique subject case are common and frequent and a part of a beginner’s vocabulary but the structure is not so easy and presumably beginners do not have the prerequisite needed for producing it. The dative case subjects investigated here are arguably thematic, i.e. the dative case is linked to the experiencer role, whereas the accusative subjects on experiencer subjects have been analyzed as idiosyncratic.

It is hypothezised that the development of subject case among second language learners case follows the order nominative case > lexical case, as it apparently does in first language

acquisition. We test this hypothesis with a longitudinal study of the developmental trajectory of subject case in Icelandic.

27 recordings were made of private lessons given to one learner of Icelandic over a period of 10 months. Almost all the recordings contain at least one conversation where the learner was required to produce a clause whose verb takes a subject with lexical case. Over the ten-month period, the learner received regular formal instruction in the use of oblique case subjects.

Preliminary results show that nominative case of subjects is acquired much sooner than lexical case. On the basis of common analyses of lexical case, one would also expect that thematic lexical case would be acquired earlier than idiosyncratic lexical case but the preliminary results do not provide any evidence for this – in fact, the data contain some examples of idiosyncratic accusative being substituted for thematic dative. The results suggest, however, that formal instruction has limited effect on the acquisition of lexical case until the learner is ready to acquire the structure.

ÚTDRÁTTUR

Í greininni er sagt frá niðurstöðum tilfellarannsóknar (e. *case study*) á frumlagsfalli í íslensku sem öðru máli. Markmið rannsóknarinnar var tvíþætt; annars vegar að fylgjast með fyrstu skrefum í þróun frumlagsfalls í máli byrjanda í íslensku sem öðru máli og hins vegar að prófa hvort formleg kennsla á aukafallsfrumlögum hefði áhrif á tileinkunina.

Flestar sagnir í íslensku taka frumlag í nefnifalli en þó eru allnokkrar sem taka aukafallsfrumlag. Nefnifall er því sjálfgefið (e. *default*) frumlagsfall. Það er oft kallað formgerðarfall en aukafall á frumlagi er þá kallað orðasafnsfall af því að það tengist aðeins ákveðnum sögnum í orðasafninu. Sumar þeirra sagna sem taka aukafallsfrumlag eru þó algengar og tíðar og hluti af orðaforða byrjenda í íslensku. Málfræðin er þó ekki endilega að sama skapi einföld og af þeim toga sem byrjandi ræður við. Þágufallsfrumlög skynjendasagnanna sem skoðuð voru eru svokölluð regluföll, þ.e. tengsl eru á milli skynjendahlutverksins og fallsins, en þolfall er sjaldgæfara sem frumlag skynjendasagna og því gjarna greint sem furðufall (óreglulegt fall). Sett er fram tilgáta um að skynjendafrumlög aukafallssagna þróist í þessari röð: nefnifall > orðasafnsfall.

Teknir voru upp 27 einkatímar í íslensku yfir 10 mánaða tímabil. Málneminn fékk reglulega kennslu í aukafallsfrumlögum og í nær öllum kennslustundunum er að minnsta kosti eitt samtal þar sem málneminn þarf að takast á við aukafallsfrumlag. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að nefnifallsfrumlög komi fyrst upp í máltileinkuninni og mun fyrr en frumlög í orðasafnsfalli. Með hliðsjón af flokkun aukafallsfrumlaga í reglufall og furðufall hefði mátt búast við því að reglufall (þágufall með skynjandasögnum) lærðist fyrr en furðufall (þolfall með skynjandasögnum) en sú hugmynd fær ekki stuðning af gögnunum enn sem komið er og reyndar eru þar dæmi um að furðufall (þolfall) sé alhæft á kostnað reglufalls (þágufalls). Það væri áhugavert að skoða þetta nánar. En niðurstöðurnar benda til þess að formleg kennsla hafi takmörkuð áhrif á tileinkunina, málneminn veitir aukafallinu eftirtekt um stundarstakir en reglan virkjast ekki og gleymist.

María Anna Garðarsdóttir
Háskóla Íslands
maeja@hi.is

MARGRÉT JÓNSDÓTTIR

Líkt og ólíkt
Sögnin *kvíða* í íslensku og færeysku

1. Inngangur

Sögnina *kvíða* er að finna í færeysku og íslensku.[1] Henni er lýst svo í orðabókum:

(1) a. *kvíða* (nt. *kvíði), kveið, kviðum, kviðið* … óttast e-ð, hefur beyg af e-u, hefur áhyggjur af e-u … *kvíða + fyrir* (*Íslensk orðabók* 2002:841)

b. *kvíða* kvíddi el. -aði hava ampa el. ekka á sær (av e-m ið e-m tykist trupult og torført at inna), vera bangin fyri, stúra fyri, óttast, ræðast, firnast, *kvíða fyri (e-m)*: *hann torir ikki, tí at hann kvíðir fyri at fáa skaða*; *Símun næstan kvíðaði sær at fara inn; hann kvíddi fyri tí* (*Føroysk orðabók* 1998)

Gömul íslensk dæmi um *kvíða* er að finna í *Ordbog over det norrøne prosasprog*, ONP; í færeysku er hún líka án efa gömul.[2] Þrátt fyrir að merkingin sé ekki alltaf sú hin sama í norrænum málum snýst hún nánast alltaf um tilfinningalega reynslu sem beinist að frumlaginu sem er skynjandi og því aldrei gerandi.

Í þessari grein verður sjónum beint að *kvíða* í íslensku og færeysku; viðhorfið er sögulegt en einkum samtímalegt Greinin skiptist í átta undirkafla, hefst á inngangsorðum en lokaorð í þeim og áttunda og síðasta. Í öðrum kafla verður rætt um beygingu, í þriðja um andlag en frumlag í fjórða. Í fimmta kafla er rætt um þolmynd, í sjötta um afturbeygingu en í sjöunda um forsetningar með sögninni. Birtingarform og hegðun sagnarinnar er um ýmislegt líkt; það helgast m.a. af líkri eða sömu merkingu. Annað er þó ólíkt. Í færeysku er sögnin veik, hún er aldrei ópersónuleg og notkun afturbeygingar er nokkuð áberandi. Segja má að sterk beyging sagnarinnar, þó yfirleitt ekki í nútíð, og ópersónuleg notkun, hvorttveggja nýjungar, einkenni notkun *kvíða* íslensku.

2. Beyging

Sögnin *kvíða* á sér ættingja í skyldum málum. Ásgeir Blöndal Magnússon (1989:527) nefnir samstofna sagnir í dönsku, norsku og sænsku auk færeysku. Veika sögnin *kvie* er í *Nudansk Ordbog* (1982:538). Vísað er til *kvide* (en það er „eldri“ danska (sbr. Kalkar 1976:672) og sagt að í nútímamáli hafi merkingin komið úr norsku í lok 19. aldar: *han kviede sig ved* (ɔ: havde ikke megen lyst til) *at sige sandheden*. Í *Norsk ordbok* (2007:1450) er *kvida, kvi* með fylgiorðum en líka afturbeygðu fornafni. Í *Riksmålsordboken* (1977:395) eru *kvie seg for* og *kvie seg ved*. Enda þótt sögnin sé veik eru dæmi um sterka beygingu í mállýskum (sbr. Venås 1967:31). Í orðsifjabók Hellquists (1948:535) er sögnin veik í þátíð en í *Svensk ordbok* (2009:1684) er sögnin sterk, *kvida – kved*; merkingin er ʻkveina,

---

[1] Þakkir fá Bjarki Karlsson og Hjalmar P. Petersen fyrir aðstoð við ýmislegt sem varðar færeysku; einnig fá óþekktur yfirlesari og ritstjóri þakkir fyrir mjög gagnlegar ábendingar. Höfundur naut liðsinnis Ásdísar Egilsdóttur og Guðvarðar Más Gunnlaugssonar, sjá neðanmálsgrein 20 og þeim ber að þakka.

[2] Helstu heimildir höfundar um sögnina *kvíða* eru úr *Føroysk orðabók* 1998. Flest dæmin eru úr færeyska orðasafninu (Orðaseðlasavnið). Af þeim dæmum má ýmislegt ráða um aldur og það hefur höfundur reynt eftir bestu getu; flest eru dæmin gömul. Dæmi eru líka úr blöðum. Þess má geta að sögnin er ekki mikið notuð í færeysku. Dæmin í greininni voru síðast skoðuð í júnílok 2017.

emja'; fram kemur að sögnin taki með sér forsetningarnar *av* og *över*. Í *Svensk-isländsk ordbok* (1982:370) er veika þátíðarbeygingin innan sviga.[3] Eins og nánar verður rætt í hér á eftir þá hefur sögnin ávallt verið veikbeygð í færeysku.

Hin hefðbundna og viðurkennda beyging sagnarinnar *kvíða* í íslensku er *kvíða – kveið – kviðum – kviðið*. En beygingarsagan er um mjög margt forvitnileg.[4] Öll dæmi um sögnina *kvíða* í ONP sýna veika (ija-) beygingu, *kvíða – kvíddi – kvítt*.[5] Í ritmálssafni Orðabókar Háskólans, ROH, eru elstu dæmin frá 16. öld. Sögnin er þá alltaf veik: heimildir um veika beygingu í þátíð ná allt fram á 19. öld.[6] Þær eru við hlið hinnar sterku sem þá hefur fjölgað. Elstu heimildir um sterku þátíðarbeyginguna eru frá miðri 17. öld. Það sýnir t.d. málfræði Runólfs Jónssonar (1651:115); þar er sögnin sterkbeygð og án athugasemda.[7]

Beyging *kvíða* hefur alla tíð haldist veik í nútíð, ég *kvíði*, þú/hann *kvíðir*. En frá og með síðasta hluta 20. aldar eru þó dæmi um sterka nútíðarbeygingu. Dæmum um það fer fjölgandi eftir því sem líður á öldina. Hér eru tvö.

(2) a. Og þú **kvíður** ekkert **fyrir** að skipta? (*Morgunblaðið* 1967, 297 tbl., bls. 3)
b. Nú þarf mikið að undirbúa fyrir stórt mót eins og þetta, **kvíður** þú allri vinnunni? „Ég **kvíð** nú ekki beint fyrir henni … (*Skinfaxi* 1996, 3. tbl., bls. 8)

Í færeyskum heimildum er sögnin *kvíða* ávallt veik. Færeysku dæmin sýna tvenns konar veika beygingu, *kvíðir – kvíddi*, sem er sú algenga, en líka *kvíðar – kvíðaði* (sjá líka *Føroysk orðabók* 1998). Hér koma þrjú dæmi um sögnina.

(3) a. Eg **kvíði fyri** *teimum fylgjum*, ið kunnu standast av oljuframleiðsluni í Norðsjónum. (*Fjarðbúgvin*, 3. árg. 1973, 7. tbl., bls. 4)
b. Hann **kvíddi** fyri, at hann for at gera okkurt bragdið. (FO[8])
c. Símun næstan **kvíðaði** sær at fara inn; hann **kvíddi** fyri tí. (*Føroysk orðabók*)

Það að sögnin skyldi fá sterka beygingu í íslensku er athyglisvert en telst þó ekki til eindæma (sbr. t.d. Margréti Jónsdóttur 2016a:51–54). En við það lagaði sögnin sig að sterkum sögnum sömu gerðar, t.d. *líða*. Nútíðin hefur þó sérstöðu eins og áður var rakið.

---

[3] Í umfjöllun um *kvíða* nefnir Ásgeir Blöndal Magnússon (1989:527) sterku sagnirnar *qvīðan* (fornenska) og *quīthean* (fornsaxneska). Ekki er þó allt sem sýnist. *Kvíða* er t.d. ekki að finna í bók Mailhammers (2007) um sterkar sagnir í germönskum málum. Seebold (1970:313) er nánast viss um að germanska sagnrótin sé ekki sterk. Flest bendir til þess að sterka beygingin í norrænu málunum sé seinni tíma þróun.

[4] Sjá grein Margrétar Jónsdóttur (2016a) um beygingarsögu sagnarinnar. Um sögu sterku beygingarinnar og setningafræðilega hegðun hennar sjá Margréti Jónsdóttur (2015).

[5] Í ONP eru tvö dæmi þess að *a*-ið sé stofnlægt í *kvíða* (Ō-beyging), bæði í 1. persónu í nútíð eintölu.

[6] Hér má geta þess að Valtýr Guðmundsson (1922:125) segir að veika beygingin sé lítið notuð og aðeins í talmáli eða, eins og stendur hjá Valtý, *temmelig sjældent og vistnok kun findes i Talesp*. Úr nútímamáli eru örfá dæmi, misjöfn að gæðum, um veika beygingu sagnarinnar. Hér kemur eitt:

i. Einnig voru þau spurð um væntingar sínar til grunnskólagöngunnar, til hvers þau hlökkuðu og hverju þau **kvíddu**. (*Uppeldi og menntun* 2006, 15. árg., 2. hefti, bls.75)

[7] Kannski er sterka beygingin tölvert eldri. Björn K. Þórólfsson (1925:57) segir t.d. í riti sínu um málið á 14. og 15. öld að beyging *kvíða* sé stundum veik. Samkvæmt því hlýtur hún oftast að hafa verið sterk.

[8] FO vísar til færeyska orðasafnsins. Skammstöfunin er notuð þegar ekki er hægt að vísa til heimildar nema sem seðildæmis (sjá Orðaseðlasavnið) án frekari upplýsinga.

Engin merki eru um sterka beygingu sagnarinnar í færeysku. Breyti sterkar færeyskar sagnir um beygingu verða þær veikar, t.d. *bjóða – bjóðaði*. Eins og lesa má t.d. hjá Andreasen og Dahl (1997:131) og Höskuldi Þráinssyni o.fl. (2012:136) þá er beyging með stofnlægu *a* sú algengasta og slíkum sögnum fjölgar. Þarna fara færeyska og íslenska saman. Í báðum málum er breytingin eðlileg vegna stærðar hópsins enda hefur sá stærsti oft slík áhrif. Að mati Haspelmaths (2002:124) er stór beygingarflokkur líklegri en minni til að eflast og styrkjast. Þannig birtist styrkur orðafjöldans innan síns kerfis.

3. Andlag: fallstjórnun, áhrifsleysi

Í íslensku er sögnin *kvíða* notuð á tvennan hátt. Annars vegar er hún tveggja rökliða sögn sem tekur með sér andlag í þágufalli, sbr. dæmin í (4).

(4) a. Hann **kvíðir** ekki *vondu veðri*.
b. Hann **kvíðir** *því* ekki að veðrið verði vont.
c. Hann **kvíðir** *því* ekki
d. Mamma **kveið** *að* pabbi yrði óþægilegur við þennan ungæðislega uppáhaldssveitunga sinn … (*Morgunblaðið* 3. desember 2000, bls. B 29)

Hins vegar er *kvíða* með forsetningarlið, *kvíða fyrir* (e-u). Þannig er hún langalgengust og ekki eins formleg og *kvíða e-u*.

Í færeysku er hegðun fylliliðarins með *kvíða* mjög lík og í íslensku. Það sýna dæmin í (5) glöggt. Í (5a) er *kvíða* með þolfalli en líka *kvíða fyri* með þágufalli, en í (5b) er dæmi með *fyri*. Í (5c,d) má sjá *kvíða* með aukasetningu; í (5e) er tengingunni sleppt.

(5) a. **kvíða** *nakað* el. **kvíða fyri** *nøkrum* (FO)
b. ikki **kvíða** *fyri* hóttum hans (form. **kvíða** ekki hóttum hans) (FO)
c. … meðan teir seinnu **kvíða** *fyri*, at Rusland verður drigið við út á bláman … (*Tíðindablaðið* 2. árg. 1975, 7. tbl., bls. 6)
d. Ég **kvíði**, at skrímslið skilst við teg … (snar.fo/foroyakvaedi/kappa/ccf-90skrimslid/ccf-90-a/)
e. eg **kvíði** tú liggur í … (FO)

Þrennt þarfnast athugunar. Engin dæmi eru þess úr íslensku nútímamáli að *kvíða* taki mér sér þolfallsandlag. Þolfallsandlag er hins vegar eðlilegt í færeysku enda hið ómarkaða (sbr. Höskuld Þráinsson o.fl. 2012:429–430).[9] Í íslensku eru til einhver dæmi þess, þó frekar í elsta máli, að sögnin taki með sér skýringarsetningu, sbr. (4d), rétt eins og í færeysku, sbr. (5d). Færeyska dæmið í (5e) er okkur framandi en það gæti verið tilbrigði við (5d). Hliðstæðu við okkar nútímamál er notkunin með *fyri* með þágufalli, sjá (5a,b), sem og þágufallsandlagið með *kvíða* í (5b).

Um forsetningarnar verður fjallað nánar í kaflanum hér á eftir en um afturbeygingu í sjötta kafla .

4. Frumlagsfall

Í færeysku er frumlagið með sögninni *kvíða* alltaf í nefnifalli sem er hið venjulega frumlagsfall í færeysku. Hér kemur eitt dæmi.

[9] Þágufallsandlag er vissulega að finna í færeysku; merking sagnarinnar vísar þá oftast til hjálpar. Í íslensku fjölgar þágufallssögnum með þemaandlögum. Sjá nánar Höskuld Þráinsson o.fl. (2012:429–430) sem vísar til Maling (2002) um íslensku; einnig Höskuld Þráinsson (2015).

(6) Eg **kvíði fyri** *teimum fylgjum*, ið kunnu standast av oljuframleiðsluni í Norðsjónum. (*Fjarðbúgvin*, 3. árg. 1973, 7. tbl., bls. 4)

Frumlagið með *kvíða* í íslensku var ávallt í nefnifalli í fornu máli og svo er oft enn. En sú breyting hefur þó orðið að um og upp úr miðri 20. öld finnast dæmi um frumlag í aukafalli, þau elstu í þolfalli en litlu yngri í þágufalli.[10] Með öðrum orðum: Í stað formgerðarfalls á frumlagi, hér nefnifalls, geta komið þágufall eða þolfall.[11]

Í (7) eru fimm dæmi um sögnina *kvíða*. Sum dæmanna segja ákveðna sögu. Þannig má í fyrstu tveimur dæmunum glöggt lesa afstöðuna til aukafallsfrumlagsins auk sterku nútíðarbeygingarinnar eins og í a.[12] Í öðru og þriðja er frumlagið í þolfalli; nútíðarform sagnarinnar er veikt í b. en sterkt í c. Í síðustu tveimur dæmunum er þágufallsfrumlag og sögnin veik í d., í e. er hún sterk.[13]

(7) a. Þá var mér sagt frá myndbandstexta sem hófst á orðunum: **Mér kvíður fyrir** (í staðinn fyrir **ég kvíði fyrir**), og var framhaldið eftir því. (*Morgunblaðið* 1985, 254 tbl., bls. 22)
b. Einnig er algengt, að unglingar hafi þolfall með sögninni að kvíða fyrir, segi **mig kvíðir** fyrir. (*Vísir* 1956, 34. tbl., bls. 4)
c. … ef þú ert á leið á erfiðan fund eða aðstæður sem **þig kvíður** fyrir. (*facebook.com/dalecarnegie/2013*)
d. **Honum kvíðir** fyrir því að vera einn í höfuðborginni, af því allir vinirnir eru hér fyrir norðan. (*DV/helgarblað* 2003, 123. tbl., bls. 18)
e. Þannig að **mér sárkvíður** fyrir verkefninu. (*fishandchips.blog.is*; 2007)

Það að sögnin *kvíða* skuli geta verið með aukafallsfrumlagi er athyglisvert. Þó svo að þolfallsfrumlag en þó miklu frekar þágufallsfrumlag séu vel þekkt meðal skynjandisagna taka slíkar sagnir yfirleitt með sér nefnifallsfrumlag.[14] Að því er *kvíða* varðar er vert að taka tvennt fram. Elstu heimildir um aukafallsfrumlögin eru frá miðri síðustu öld og eru þolfallsdæmin tæpum áratug eldri en þau um þágufallið (sbr. Margréti Jónsdóttur 2015:291–294). Enn fremur hefur merking hennar varðveist óbreytt alla tíð; ekkert kallaði því á endurtúlkun á frumlagsfallinu. En eins og fram kemur hjá Þórhalli Eyþórssyni (2015:95) varð slík endurtúlkun á

[10] Í *Íslenskri orðabók* (2002:841) segir að ópersónuleg notkun *kvíða* sé „allalgeng en ekki talin gott mál“. Gert er ráð fyrir frumlagi í þolfalli eða þágufalli.

[11] Það er ljóst að þágufallið sem frumlag er orðasafnsfall þótt það sé að einhverju leyti reglulegt. Þolfallsfrumlagið er líka orðasafnsfall og Jóhannes Gísli Jónsson (1997–1998) leit svo á að það væri furðufall. Síðar hefur hann sagt að það útbreiddara en hann hafi áður talið og komi jafnvel fram á nýjum sögnum, sbr. Jóhannes Gísla Jónsson og Þórhall Eyþórsson (2011); raunar segja þeir (bls. 214) að þolfallsfrumlag á skynjunarsögnum sé hálffrjótt (*semi-productive*). Að því er varðar *kvíða* sérstaklega þá hlýtur þolfallsfrumlagið hafa sömu stöðu og þágufallsfrumlagið.

[12] Í öðrum kafla var rætt um sterku nútíðarbeyginguna; sjá t.d. dæmi (2).

[13] Rannsókn Ástu Svavarsdóttur (2013:98, (sjá líka Höskuld Þráinsson o.fl. 2015:38–52) hefur leitt í ljós að þolfalls- og nefnifallsfrumlög væru algengust með *kvíða*, nánast jöfn, en þágufallsfrumlag sjaldgæfara. Jafnframt er athyglisvert að yngstu aldurshóparnir velja helst þágufallsfrumlag. Eldri rannsóknir eru til. Í rannsókn Ástu Svavarsdóttur (1982:31) er þágufallsfrumlagið algengara en þolfallsfrumlagið. Raunar er nefnifallið litlu algengara en þágufallið. Hjá Jóhannesi Gísla Jónssyni og Þórhalli Eyþórssyni (2003:19) er nefnifalls-frumlagið algengast en þolfallsfrumlagið litlu algengara en það með þágufalli.

[14] Dæmi eru til um breytileika í máli eins og sama málnotanda. Annars vegar eru t.d. til dæmi um að málnotandi noti ýmist frumlag í þágufalli og nefnifalli, annar í þolfalli og nefnifalli en sá þriðji í þolfalli eða þágufalli. Allt sýnir kannski að ekkert eitt fall hefur fest sig í sessi (sjá nánar hjá Margréti Jónsdóttur 2015:297–299).

sögninni *hlakka til* og hún varð að skynjunarsögn. Þannig opnaðist leið fyrir breytingu á frumlagsfallinu.[15]

Engin dæmi eru þess að sögnin *kvíða* hafi á einhverju stigi verið notuð ópersónulega í færeysku. Bæði málin, færeyska og íslenska, varðveita samt aukafallsfrumlög, þann gamla germanska arf.[16] Í íslensku hefur slíkum sögnum aðeins fjölgað. Í færeysku hefur ópersónulegum sögnum hins vegar fækkað, a.m.k. í daglegu máli, og frumlag þeirra sem eftir lifa er yfirleitt í þágufalli en miklu síður í þolfalli (sbr. Höskuld Þráinsson o.fl. 2012:252–254 og Jóhannes Gísla Jónsson og Þórhall Eyþórsson 2005:208).[17]

Þessi lýsing á frumlagsfallinu með *kvíða* endurspeglar um leið ákveðinn mun á íslensku og færeysku. Hann felst í því að í íslensku eru dæmi um að sagnir með skynjandafrumlagi hafi orðið ópersónulegar eða geti verið það; það eru þá síðari tíma breytingar. Munurinn á málunum felst þannig í kerfislegri stöðu nefnifalls. Í báðum málum er nefnifallið formgerðarfall, hið ómarkaða fall. Í færeysku fækkar þágufallsfrumlögum og nefnifall kemur í staðinn. Í íslensku gerist hins vegar tvennt. Þemafrumlög í þolfalli hafa tilhneigingu til að verða að nefnifallsfrumlögum; Hins vegar geta nefnifallsfrumlög orðið að aukafallsfrumlögum séu tiltekin skilyrði fyrir hendi. Með öðrum orðum: Nefnifallshneigð andspænis þágufallshneigð (sjá nánar Höskuld Þráinsson o.fl. 2015:33–35, 52–56).

5. Þolmynd

Eins og áður sagði þá er frumlagið með sögninni *kvíða* skynjandi. Slíkar sagnir eru nánast aldrei til í þolmynd. Ástæða er einungis af merkingarlegum toga. Einu gildir þótt frumlagið sé í nefnifalli og sögnin taki með sér andlag, hér í þágufalli.

(8) a. Hann **kvíðir** ekki lengur prófinu.
b. *Prófinu er ekki **kviðið** lengur.

Ópersónuleg þolmynd er af öðrum toga. Slíka þolmynd mynda áhrifslausar sagnir, einar sér eða með forsetningarlið. Standi *kvíða* með *fyrir* er ópersónuleg þolmynd líklega óeðlileg en kannski ekki útilokuð. Setningarnar í (8b) eru í besta falli vafasamar, merkingarinnar vegna.

(8) a. Hún **kvíðir** ekki lengur *fyrir* (prófinu).
b. ??Það er ekki lengur/??Ekki er lengur **kviðið** *fyrir* (prófinu).

---

[15] Eins og fram kemur hjá Jóhannesi Gísla Jónssyni (1997–1998) eru þolfallsfrumlög frekar þemu en skynjendur; þágufallsfrumlög eru oftast skynjendur. – Sögnin *kvíða* er ekki eina sögnin sem breyst hefur á þann hátt á síðari tímum sem lýst hefur verið. Dæmi um það eru t.d. *hlakka til* og *kenna til* sem báðar geta tekið með sér nefnifallsfrumlag eða aukafallsfrumlag sem ýmist er í þolfalli eða þágufalli, rétt eins og *kvíða*. Þessar þrjár sagnir eru dæmi um sagnir sem hafa orðið ópersónulegar fyrir tiltölulega skömmu; *hlakka til* og *kenna til* á nítjándu öld en *kvíða* um miðja síðustu öld eins og rakið var. Þetta votta t.d. dæmi í ROH.

[16] Um þetta hafa t.d. þau Jóhanna Barðdal og Þórhallur Eyþórsson ritað (2005).

[17] Hér má nefna t.d. *droyma* sem nú er yfirleitt notuð persónulega. Sé vísað til orðasafnins ÍSLEX þá er *droyma* þar einungis með nefnifallsfrumlagi. Það er í samræmi við það að hjá Höskuldi Þráinssyni o.fl. (2012:253) er þolfallsfrumlagið með *droyma* merkt sem fornmál. En svo eru aðrar sagnir, t.d. *dáma* og *tørva*, sem vekja athygli Íslendinga fyrir ópersónulega frumlagið. Samkvæmt rannsókn Þórhalls Eyþórssonar og Jóhannesar Gísla Jónssonar (2003:220) er frumlagið með *dáma* er nánast alltaf í þágufalli eða 82.2%, í þolfalli 1.0% en nefnifalli 14.3%. Fyrir *tørva* eru tölurnar 64.3%, 2.1% og 31.1%. Sögnin *þurfa* er aldrei ópersónuleg í íslensku og sögnin *dáma* er notuð, oft til að tjá undrun, í sambandinu e-m *dámar* e-ð ekki: Nú *dámar* mér ekki!

Ýmsar færeyskar áhrifssagnir með þolfalli eða þágufalli geta myndað persónulega þolmynd. Einnig er hægt að mynda ópersónulega þolmynd af áhrifslausum sögnum (m.a. þeim sem taka með sér forsetningarlið) með *tað verður/varð*. En ómögulegt er að mynda þolmynd með sögninni *kvíða*, hvort sem hún er áhrifssögn eða tekur með sér forsetningarlið eins og hún gerir oftast. Hér koma dæmi sem sýna það.[18]

(9) a. Hann **kvíddi** próvtøkuni.
b. *Próvtøkuni varð **kvítt.**
c. Hann **kvíddi** *fyri* próvtøkuni.
b. *Tað varð **kvítt** fyri próvtøkuni.

Ekki er ólíklegt að hér sé á ferðinni sama merkingarhindrun og í íslensku.

6. Afturbeyging

Í íslensku eru dæmi þess að sagnir eins og t.d. *furða* og *hrylla*, báðar með skynjandafrumlagi og tilfinningamerkingu, taki með sér afturbeygt fornafn. Í (10) sést hvernig sagnirnar eru notaðar, annars vegar með frumlagi í nefnifalli og afturbeygingu, hins vegar frumlagi í þolfalli en þá án afturbeygingar. Í báðum tilvikum hefur það sama gerst: Í stað afturbeygingar eins og í a-dæmunum kemur frumlag í þolfalli í b-dæmunum.[19]

(10) a.	Hún **furðar** *sig* á þessu.	Hún **hryllir** *sig* við þessu.
b.	*Hana* **furðar** á þessu.	*Hana* **hryllir** við þessu.

Ef litið er til sagnarinnar *kvíða* þá eru sjö dæmi þess, öll úr ONP, að hún standi með afturbeygðu fornafni. Þau ná yfir nokkuð langt tímabil. Fjögur eru langelst, Hér koma tvö.[20]

(11) a. þviat caupmaðurinn oc buandinn **kviþir ser** oc sino fe. Hann **kviþir** *firir* vind oc vatn. (*AM 327 4° [c1300]/Sverris saga* 103[18])
b. þeir þurfa æigi ath **kuida sier** *um* jolauist þuiat pukinn bydr heim huerivm er uill. (*Holm perg 7 fol [*c 1450–1475*]/Rémundar saga keisarasonar* (*Rem* (g)) 286[32])

Hér vekur afturbeygða fornafnið athygli. Hlutverk þess er þó ekki alveg ljóst. Er það í raun og veru afturbeygt fornafn? Það gæti verið svo í dæmi (11b); merkingin væri þá eiginlega 'hafa áhyggjur af e-u', hér hafa áhyggjur af sjálfum sér. Á hinn bóginn mætti lýsa merkingunni í (11a) svo að hún samsvaraði *kvíða* (*fyrir*), þ.e.

[18] Það var samdóma álit þeirra sem spurðir voru að þolmyndarsetningarnar væru ótækar.

[19] Þess má geta að af báðum sögnunum finnast gömul dæmi um *st*-myndir. Í nútímamáli eru þau ónothæf.

[20] Hin tvö, bæði frá um 1300 eða upphafi þeirrar aldar, eru úr *Thómass sögu erkibyskups* og *Trjóumanna sögu*. Þau þrjú sem þá eru eftir eru miklu yngri eða úr *Karlamagnúss sögu* (frá um 1700), *Knýtlingasögu* (frá um 1750) og óársettu handriti *Trójumanna sögu*.

Dæmin í (11) (og þau sem vísað er til hér á undan) eru íslensk. Það þýðir fyrst og fremst að viðkomandi handrit sé skrifað á Íslandi og á íslensku. Ritunarstaðurinn skiptir þó ekki höfuðmáli heldur tilurð efnisins, hvort viðkomandi rit sé þýtt eða eigi sér erlenda fyrirmynd. Hér er niðurstaðan sú að í öllum tilvikum er um erlend tengsl að ræða á einhverju stigi, oftast við Noreg. Margar riddarasagnanna eru upphaflega þýddar þar enda þótt varðveittar séu hér. Þýddu ritin gætu borið vitni um norsk tengsl og óhjákvæmilega eru þau einhver í *Sverris sögu*. Hér má líka vísa til orða Stefáns Karlssonar (2000:204) þar sem hann segir að norskra máláhrifa í ritum frá 13. og 14. öld megi m.a. skýra í ljósi þess að samtímis var verið að skrifa fyrir íslenska og norska lesendur.

'óttast e-ð, hafa beyg af e-u', eða nær því. Það verður þó að viðurkennast að munurinn er ekki mikill.

Einungis eitt dæmi er í ONP um forsetningu með afturbeygða fornafninu, þ.e. *kvíða sér um* e-ð, sbr. (11b.). Engin önnur dæmi eru um að með *kvíða* og afturbeygða fornafninu standi forsetning. Um það er hins vegar eitt staðfest ungt talmálsdæmi, *ég kvíði mig fyrir* (e-u).[21] En að því er dæmin í (11) varðar má benda að um svipað leyti og afturbeygingin hverfur fer að bera á notkuninni á *kvíða fyrir*; raunar var eitt dæmi eldra (11a) en það er einmitt við hliðina á dæmi með *kvíða sér*. Þetta dæmi er líka merkilegt fyrir þá sök að ólíkar setningagerðir þjóna hér e.t.v. merkingarlegri aðgreiningu; *kvíða sér og sínu fé* gæti jafnvel merkt 'hafa áhyggjur af e-u' en *kvíða fyrir vatn og vind* 'vera hræddur við'.

Nú er forvitnilegt að líta til færeysku. Þar eru ýmis dæmi um afturbeygingu.[22]

(12) a. Tað skal tú ikki **kvíða teg** *eftir* = „bekymra" teg um … (FO)
b. eg **kvíði** (ogsaa: eg **kvíði mær**), at hann kommer, eg **kvíði** tað el. fyrir tí; ogsaa (digt.): drage Omsorg for (k. ?um) (FO)
c. Símun næstan **kvíðaði sær** at fara inn; hann **kvíddi** *fyri* tí. (*Føroysk orðabók*)
d. Hetta, að viðurskiftini eru so ótrygg, ger, at menn og feløg **kvíða seg** *við* at seta pening í iðnaðarvirki. (FO)

Í öllum dæmunum er *kvíða* með afturbeygðu fornafni og virðist það gegna sínu hefðbundna hlutverki. Í tveimur tilvikum fylgir forsetning, *eftir* og *við*. Fyrsta dæmið er athyglisvert. Þar minnir *bekymre sig for/over noget* 'hafa áhyggjur út af e-u' (sbr. *Dönsk-íslensk orðabók*), merkingarlega á fyrra íslenska dæmið í (11). Athyglisvert er líka dæmið í (12b). Þar er ekki aðeins gerður munur á *kvíða* með þolfalli og *kvíða fyrir* heldur, og það sem mikilvægara er hér, munur á *kvíða* með og án afturbeygingar. Þessu til viðbótar er svo eitt (gamalt) kveðskapardæmi með *kvíðast við*.

(13) Súttungt skald so sára **kvíðist við** at kvøða (FO)

Samanburður á íslensku dæmunum í (11) og þeim færeysku í (12) leiðir í ljós nokkurn mun. Hann er ekki aðeins sá að í þeim færeysku er afturbeygingin skýrari heldur eru tvö þeirra a.m.k. miklu yngri en þau íslensku. Það er aðeins í íslenska talmálsdæminu (*kvíða sig fyrir*) sem forsetning fylgir afturbeygða fornafninu. Í færeysku getur forsetning fylgt fornafninu, sbr. (12a,d).

7. Um forsetningar með *kvíða*

Allt fram yfir 1900 var forsetningin *við* notuð með *kvíða*, *kvíða við* e-u. Hún var nánast einhöfð í elsta máli en frá 16. öld við hlið *fyrir*, *kvíða fyrir*.[23] Hér kemur ungt dæmi um *kvíða við*:

(14) … ég **kvíði** æfinlega *við* að lesa nokkuð prentað eftir sjálfan mig. (ROH, frá um 1900)

---

[21] Það kemur á óvart að ekki hafi fundist fleiri dæmi. En af sambærilegum toga eru t.d. *sjá eftir/sjá sig eftir* og *hlakka til/hlakka sig til* auk *furða* og *hrylla*, sbr. (10). Sjá nánar hjá Margréti Jónsdóttur (2016b).

[22] Allt bendir til þess að töluverður aldursmunur sé á færeysku dæmunum. En geta verður þess að dæmi (12c) er orðabókardæmi og d-dæmið hlýtur að vera tiltölulega nýlegt, efnisins vegna.

[23] Dæmi úr elsta máli er um *kvíða um* e-ð, sjá ONP en um *til* er(u) dæmi, sjá t.d.:
i. Mér **kvíðir** alltaf **til** að fara … *hun.is* (2013).
Á *við* með *kvíða* er ekki minnst í *Íslenskri orðabók* (2002:841).

Þetta kallar á spurningar og svör um forsetningarnar *við* og *fyrir* og hugsanleg tengsl þeirra á milli; segja má að merkingin sé ʻgagnvart', þ.e. gagnvirkandi. En þrátt fyrir merkingarlegan skyldleika skýrir hann ekki hvers vegna önnur forsetningin, hér *við*, leysi *fyrir* af hólmi eins og raunin er.[24]

Setningagerðin *kvíða fyrir* er miklu algengari en *kvíða* með þágufalli. Sú síðarnefnda er líka formlegri. Þar er hún í hóp með færeysku; það má sjá í (15):

(15) ikki **kvíða** *fyri* hóttum hans (form. **kvíða** ekki hóttum hans) (FO)

Í inngangi var á það minnst að frumlagið með *kvíða* væri skynjandafrumlag. Svo að vísað sé til greinar Barnes (2001a) um *fyri* í færeysku þá eru einmitt margar sagnir sem láta í ljós tilfinningu, hræðslu, ótta o.fl. með *fyri*; hann kallar flokkinn *reactive* eða 'gagnvirkandi'. Með *fyri* er líka *stúra* sem er samheiti við *kvíða* sem Barnes nefnir þó ekki.[25] Barnes (2001b) minnist hins vegar hvergi á *við* með *kvíða*. Um það er eitt dæmi í fyrirliggjandi heimildum.[26]

(16) Hetta, að viðurskiftini eru so ótrygg, ger, at menn og feløg **kvíða** *seg við* at seta pening í iðnaðarvirki. (FO[27])

Í báðum málunum er merking sagnanna svipuð eða hafa áhyggjur/hræðslu/ótta ʻgagnvart, vegna' og þær taka yfirleitt með sér þágufall.

Hér hefur verið fjallað um forsetningarnar *við* og *fyrir* með *kvíða* í íslensku og færeysku. Notkun þeirra leiðir hugann að norsku og dönsku. En eins og fram kom í upphafi greinarinnar eru þetta einmitt sömu forsetningarnar sem notaðar eru *kvíða* í þeim málum.

8. Lokaorð

Hér hefur verið lýst hegðun sagnarinnar *kvíða* í íslensku og færeysku. Markmiðið hefur verið að bera saman það sem sagnirnar eiga sameiginlegt en jafnframt sýna hvað ber á milli í hegðun og formi. Það er einkum þrennt sem skiptir máli.

Í fyrsta lagi er það sterka sagnbeygingin í íslensku. Sögnin var upphaflega veik eins og hún er í færeysku og hefur ávallt verið. Enda þótt sterk beyging samstofna sagna finnist í skyldum málum verður gera ráð fyrir að það séu síðari tíma breytingar. Allt var þetta rakið í öðrum kafla.

Í öðru lagi er það aukafallsfrumlagið með *kvíða* í íslensku. Það er ung breyting sem ekki kemur á óvart enda er *kvíða* þar komin í hóp með fjölmörgum sögnum af sama merkingarflokki með þolfalls- og/eða þágufallsfrumlagi. Hin upprunalega nefnifallsnotkun sagnarinnar hefur áfram nokkuð sterka stöðu. Í færeysku er sögnin með nefnifallsfrumlagi og engar vísbendingar um annað að finna.

Í þriðja lagi er það afturbeygingin sem er tengd merkingu. Þar virðist færeyska varðveita betur það sem sýnist gamalt hjá okkur.

Niðurstaðan er sú að færeyska sé hér fornlegri en íslenska.

Tilkomu sagnarinnar í málunum tveimur er þó ósvarað. Í þessu sambandi er þó forvitnilegt að líta til þess sem kemur fram hjá Campbell (2013:277) að „setningafræðilegt lán" sé algengara og mikilvægara en áður hafi verið talið. Í því

[24] Í íslensku er það ekki alveg óþekkt að *fyrir* og *við* skiptist á. Í ROH eru t.d. nokkur dæmi þess að *hræddur fyrir* (+ þgf.) hafi sömu merkingu og *hræddur við* eins og alltaf er í nútímamáli.

[25] Í færeysku er lýsingarorðið *bangin* með *fyri*. Með íslenska tökuorðinu *banginn* er hins vegar *við*.

[26] Á færeysku orðabókarseðlunum eru dæmi um *imot* og *eftir* með *kvíða*, eitt um hvort.

[27] Á seðlinum stendur „Landal AM" og auk þess talan 55. Texti seðilsins bendir til ungs aldurs.

ljósi væri vert að skoða betur sögnina *kvíða* í norrænum málum. Í því sambandi væri afturbeygingin í íslensku einkar forvitnilegt viðfangsefni.

HEIMILDIR

Andreasen, Paulivar, og Árni Dahl. 1997. *Mállæra*. Føroya Skúlabókagrunnur, Þórshöfn.

Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Orðabók Háskólans, Reykjavík.

Ásta Svavarsdóttir. 1982. „Þágufallssýki.“ Breytingar á fallnotkun í frumlagssæti ópersónulegra setninga. *Íslenskt mál* 4:19−62.

Ásta Svavarsdóttir. 2013. Þágufallshneigð í sjón og raun. Niðurstöður spurningakannana í samanburði við málnotkun. Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.): *Tilbrigði í íslenskri setninga*gerð I. Markmið, aðferðir og efniviður, bls. 83–110.Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Barnes, Michael. 2001a. The Semantics and Morphological Case Goverment of the Faroese Preposition *fyri*. Michael Barnes: *Faroese Language Studies*, bls. 11–64. Novus forlag, Osló.

Barnes, Michael. 2001b. New Thoughts on the Faroese Preposition *við*. Michael Barnes: *Faroese Language Studies*, bls. 203–225. Novus forlag, Osló.

Björn K. Þórólfsson. 1925. *Um íslenskar orðmyndir á 14. og 15. öld og breytingarþeirra úr fornmálinu*. Með viðauka um nýjungar í orðmyndum á 16. öld og síðar. Fjelagsprentsmiðjan, Reykjavík.

Campbell, Lyle. 2013. *Historical Linguistics*: *An Introduction*. 3. útg. University Press, Edinborg.

Dönsk-íslensk orðabók. Netorðabók á snara.is.

Føroysk orðabók. 1998. Ritstjórar: Jóhan Hendrik W. Poulsen, Marjun Simonsen, Jógvan í Lon Jacobsen, Anfinnur Johansen og Zakaris Svabo Hansen. Føroya Fróðskaparfelag, Tórshavn. [Hér er farið eftir netútgáfunni af *Føroysk-føroysk orðabók* sem má finna á slóðinni *sprotin.fo/dictionaries*.]

Haspelmath, Martin. 2002. *Understanding Morphology*. Arnold, London.

Hellquist, Elof. 1948. *Svensk etymologisk ordbok*. Band I:A–N. C.W.K. Gleerups förlag, Lundi.

Höskuldur Þráinsson. 2015. Tilbrigði í íslenskri og færeyskri setningagerð. Turið Sigurðardóttir og María Garðarsdóttir: *Frændafundur* 8, bls. 182–213. Fróðskapur, Tórshavn.

Höskuldur Þráinsson, Hjalmar P. Petersen, Jógvan í Lon Jacobsen og Zakaris Svabo Hansen. 2012. *Faroese. An Overwiew and Reference Grammar*. 2. útg. Fróðskapur, Faroe University Press, Tórshavn, og Linguistic Institute, University of Iceland, Reykjavík.

Höskuldur Þráinsson, Þórhallur Eyþórsson, Ásta Svavarsdóttir og Þórunn Blöndal. 2015. Fallmörkun. Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.): *Tilbrigði í íslenskri setningager II. Helstu niðurstöður. Tölfræðilegt yfirlit*, bls. 33–52. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Íslensk orðabók. 2002. Ritstjóri Mörður Árnason. Þriðja útgáfa, aukin og endurbætt. Edda, Reykjavík.

ÍSLEX orðasafnið, aðgengilegt á *islex.is*.

Jóhanna Barðdal og Þórhallur Eyþórsson. 2005. Oblique Subjects. A Common Germanic Inheritance. *Language* 81(4):824–881.

Jóhannes Gísli Jónsson. 1997–1998. Sagnir með aukafallsfrumlagi. *Íslenskt mál* 19–20:11–43.

Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhallur Eyþórsson. 2003. Breytingar á frumlagsfalli í íslensku. *Íslenskt mál* 25:7–40.

Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhallur Eyþórsson. 2005. Variation in Subject Case Marking in Insular Scandinavian. *Nordic Journal of Linguistics* 28(2):223–245.

Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhallur Eyþórsson. 2011. Structured Exceptions and Case Selection in Insular Scandinavian. Horst Simon and Heike Wiese (ritstj.): *Expecting the Unexpected. Exceptions in the Grammar*, bls. 213–241. Mouton de Gruyter, Berlín.

Kalkar, Otto. 1976. *Ordbog til det ældre danske sprog* (1200–1700). II: G–L. Akademisk Forlag, Kaupmannahöfn.

Mailhammer, Robert. 2007. *The Germanic Strong Verbs. Foundations and Development of a New System*. Mouton de Gruyter, Berlin.

Maling, Joan. 2002. Það rignir þágufalli á Íslandi. Verbs with Dative Objects in Icelandic. *Íslenskt mál* 24:31–105.

Margrét Jónsdóttir. 2015. Breytingar og breytileiki í hegðun sagnarinnar *kvíða*. Matthew Whelpton, Guðrún Björk Guðsteinsdóttir, Birna Arnbjörnsdóttir og Martin Regal (ritstj.): *An Intimacy of Words. Innileiki orðanna*, bls. 283–306. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Margrét Jónsdóttir. 2016a. Veik sögn verður sterk. Beygingarsaga sagnarinnar *kvíða*. *Orð og tunga* 18:11–31.

Margrét Jónsdóttir. 2016b. Ég hálfsé mig eftir þessu öllu. Óprentaður fyrirlestur.

Norsk ordbok. 2007. *Ordbok over det norske folkemålet og detnynorske skriftmålet*. Aðalritstjórar Oddrun Grønvik, Laurits Killingbergtrø, Lars S. Vikør. Band VI: k–kåvå. Det norske samlaget, Osló.

Nudansk Ordbog. 1982. 11. reviderede og forøgede udgave ved Erik Oxenvad. Politikens Forlag, Kaupmannahöfn.

ONP = *Ordbog over det norrøne prosasprog*, aðagengileg á slóðinni http://dataonp.hum.ku.dk/index

Orðaseðlasavnið = Færeyskt seðlasafn aðgengilegt á slóðinni https://setur.fo/ gransking/soevn/ordasedlasavn

Riksmålsordboken. 1977. Ritstj. Tor Guttu, Kåre Skadberg, Inge Wettergreen Jensen. Det Norske Akademi for Sprog og Litteratur. Kunnskapsforlaget, Osló.

ROH = Ritmálssafn Orðabókar Háskólans, aðgengilegt á slóðinni http://www.arnastofnun.is/page/gagnasofn_ritmalssafn

Runólfur Jónsson. 1651. *Recentissima antiquissimæ linguæ septentrionales incunabula, id est, grammaticæ islandicæ rudimenta*. Kaupmannahöfn.

Seebold, Elmar. 1970. *Vergleichendes und etymologisches Wörterbuch der germanischen starken Verben*. Mouton, Haag.

Stefán Karlsson. 2000. *Stafkrókar*. Ritgerðir eftir Stefán Karlsson gefnar út í tilefni af sjötugsafmæli hans 2. desember 1998. Ritstjóri Gunnlaugur Már Gunnlaugsson. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.

Svensk-isländsk ordbok. Sænsk-íslensk orðabók. 1982. Ritstjórar Gösta Holm (aðalritstj.) og Aðalsteinn Davíðsson (ísl. ritstj.). Walter Ekstrand Bokförlag, Lundi, og Almenna bókafélagið, Reykjavík.

Svensk ordbok. 2009. A–L. Svenska Akademien, Stokkhólmi.

Valtýr Guðmundsson. 1922. *Islandsk Grammatik. Islandsk Nutidssprog*. H. Hagerups Forlag, Kaupmannahöfn.

Venås, Kjell. 1967. *Sterke verb i norske målføre. Morfologiske studiar*. Universitetsforlaget, Osló.

Þórhallur Eyþórsson. 2015. Aukafallshneigð. *Ástumál kveðin Ástu Svavavarsdóttur sextugri 19. janúar 2015*, bls. 94–96. Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, Reykjavík.

Þórhallur Eyþórsson og Jóhannes Gísli Jónsson. 2003. The Case of Subject in Faroese. *Working Papers in Scandinavian Syntax* 72:207– 232.

ABSTRACT

'Similarities and differences.
The verb *kvíða* in Icelandic and Faroese'

Keywords: the verb *kvíða* in Icelandic and Faroese, morphology, syntax, subject case, object case, historical linguistics

This paper discusses the verb *kvíða* 'be anxious about' in Icelandic and Faroese, considering change and contemporary variation in inflectional class and argument structure of the verb in both languages. The discussion is diachronic and synchronic. The following issues are the most important.

- In Icelandic, the experiencer verb *kvíða* was a weak verb. In the 17th century, it became strong in all its forms, save for the present singular. However, from the latter part of the 20th century, sporadic examples of strong verbal endings have been turning up in the present singular. In Faroese, on the other hand, *kvíða* has always been a weak verb.
- In both languages *kvíða* is either a transitive verb, mostly taking dative or a verb taking a prepositional phrase. In Faroese, the prepositions are nearly always *við* and *fyri*. In Icelandic, on the other hand, the preposition *fyrir* replaced *við* at the end of the 19th century.
- The verb *kvíða* is one of the verbs showing subject case variation in Icelandic. In the earliest sources, *kvíða* only takes a nominative subject but from the middle of the 20th century very often used impersonally, taking either an accusative or a dative subject (the (in)famous "Dative Sickness" in Icelandic). In Faroese, the subject with *kvíða* is always in the nominative.
- In Old Icelandic, there are few examples of *kvíða* taking a reflexive pronoun. In Old and Modern Faroese, on the other hand, this construction is much more common. Moreover, the reflexive construction followed by a preposition can be found in Faroese, which is very rare in Icelandic, Old and Modern. In both languages there seems to be no difference in meaning between reflexive and non-reflexive uses.

ÚTDRÁTTUR

Í greininni er rætt um sögnina *kvíða* í íslensku og færeysku í sögulegu og samtímalegu ljósi. Sjónum er beint að því sem líkt er og ólíkt. Í báðum málum er sögnin með skynjandafrumlagi. Merkingarleg líkindi endurspeglast m.a. í því að í málunum er sögnin ekki eða varla notuð í þolmynd. Sömu forsetningar geta fylgt sögninni í málunum tveimur. Í færeysku er sögnin ávallt veikbeygð; það var hún í íslensku. En það breyttist; elstu heimildir um sterku þátíðarbeyginguna eru frá miðri 17. öld. Nú er hún ávallt sterkbeygð, þó aðeins stundum í nútíð. Hún er oftar en ekki ópersónuleg, með frumlagi í þolfalli eða þágufalli. Í færeysku er sögnin aldrei ópersónuleg. Notkun afturbeygingar er nokkuð áberandi í færeysku. Hún er hins vegar sjaldgæf í íslensku. Í málunum báðum hafa forsetningarnar *við* og *fyrir* verið notaðar með sögninni. Í íslensku nútímamáli er *fyrir* einhaft.

Margrét Jónsdóttir
Háskóla Íslands
mjons@hi.is

Frændafundur 9

Formáli

Fyrirlesarar á ráðstefnunni

Malan Marnersdóttir: Náttúra í føroyskum yrkingum

Poul Vestergaard: Tróndur í Gøtu sum ímynd av Óðini. Mýtisk drøg í Føroyinga søgu

Snæbjörn Pálsson: Um uppruna tegunda á Íslandi. Áhrif loftslags og jarðfræði

Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson: Íslenska á tölvuöld

Ingunn Hreinberg Indriðadóttir: Færsla þungs nafnliðar í íslensku og færeysku

Anne-Kari Skarðhamar: Naturkrefter i færøysk diktning

Þorvarður Árnason: Landslag. Þar sem náttúra og maður mætast

Guðrún Kvaran: Nöfn birtu og myrkurs, veðurs og hafs

Soffía Auður Birgisdóttir: Undrun, ótti og æði. Náttúruskynjun Þórbergs Þórðarsonar

Kristján Jóhann Jónsson: Skúli fógeti og Elvis Presley

Annika Christensen: Exploring Faroese and Icelandic relationships to nature in folktales. *Kópakonan* and *Selshamurinn*

Sæmundur E. Þorsteinsson og Karl S. Guðmundsson: Maður fyrir borð. Búnaður sem skynjar ef maður fellur fyrir borð á báti

Amalía Björnsdóttir og Ingvar Sigurgeirsson: Viðhorf færeyskra og íslenskra unglinga til heimanáms

Brynhildur Anna Ragnarsdóttir og Þórhildur Oddsdóttir: Hvordan udtrykker elever og lærere deres oplevelse af skandinaviske sprog i det vestnordiske klasseværelse?

Dagný Kristjánsdóttir: Melankólía eða svartagall á Norðurlöndum, einkum Íslandi og Færeyjum

Sigri M. Gaïni: Tur/Retur DK

Knút Háberg Eysturstein: Tónar av mannamunni. Um tað siðbundna í samtíðini

Solveig Hanusardóttir Olsen: Føroyska náttúran í list fyrr og nú

Tóta Árnadóttir: Kópakonan í nýggjari føroyskari myndlist og bókmentum

María Anna Garðarsdóttir: Ég finnst það. Um tilurð og þróun skynjendafrumlaga í íslensku sem öðru máli

Margrét Jónsdóttir: Líkt og ólíkt. Sögnin *kvíða* í íslensku og færeysku

ISBN 978-9935-9073-9-4